Heading BENEDIKT

Classmark STORE PT 7511 .B46 .Z46

Book No. 10028592 72

The University of Nottingham

University of Nottingham
Hallward Library

UNIVERSITY OF NOTTINGHAM
WITHDRAWN
FROM THE LIBRARY

PRESENTED TO
THE UNIVERSITY OF
NOTTINGHAM
BY

Eiríkur Benedikz
Icelandic Collection

UNIVERSITY OF NOTTINGHAM
10 0235927 2
WITHDRAWN
FROM THE LIBRARY
NOT TO BE TAKEN OUT OF THE LIBRARY

Digitized by the Internet Archive
in 2026

https://archive.org/details/daegradvol0000bene

DÆGRADVÖL

(ÆFISAGA MÍN)

RITUÐ AF

BENEDIKT GRÖNDAL



BÓKAVERZLUN ÁRSÆLS ÁRNASONAR RVÍK
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG MCMXXIII

Ben. Gröndal og kona hans Ingigerður, fædd Zoëga.



Ben. Gröndal á skrifstofu sinni (við teikniborðið).

Garðar á Álftanesi, teikning með litum eftir Ben. Gröndal (sama stærð og frummyndin).

Til Ingu

29. Januar 1873.

Guð þig nú blessi á gleðinnar stund,
góða og besta, með lukkunnar mund!
Þú ert mín lilja og þú ert mín rós,
þú ert mitt einasta blessaða ljós.

Ánægjan ljúfa þér búi í barm,
bölið og sorgin ei væti þinn hvarm;
veröldin öll er af auðsæfum full,
en ótal er betra en silfur og gull.

Berðu þig að una þér Bensa við hlið,
þó betra sé margt og með dýrlegra snið;
vertu mín lilja og vertu mín rós,
vertu mitt einasta blessaða ljós!

Algengasta rithönd Ben. Gröndals (sama stærð og frumritið).

ÆTT MÍN.

Föðurætt mín er að sunnan, en Jón Pjetursson háyfirdómari, sem er ættfróður mjög, hefur ekki getað rakið hana nema skamt upp eptir. En hún nær sjálfsagt eins langt fyrir það, þó milliliði vanti, og í Landnámu stendur (pag. 320): »Ásbjörn Özurarson, bróðurson Ingólfs, nam land milli Hraunsholtslækjar ok Hvassahrauns, Álptanes allt, ok bjó á Skúlastöðum; hans son var Egill, faðir Özurar, föður Þórarins, föður Ólafs, föður Sveinbjarnar, föður Ásmundar, föður Sveinbjarnar, föður Styrkárs, föður Hafr-Bjarnar, föður þeirra Þorsteins og Gizurar í Seltjarnarnesi«. Hjer eru sömu nöfn, sem hafa enn haldist í föðurætt minni og eru efalaust heitin eptir þessum mönnum: Sveinbjörn, Egill, Ásbjörn, Þorsteinn; — þeir hafa allir verið bændur og merkismenn á sinni tíð, þó ekki hafi farið sögur af þeim.

Móðurætt mín er allt kunnugri og hefur Jón háyfirdómari einnig rakið hana og gefið mjer.

Jeg vildi óska að um mig mætti segja þetta:
»Le malheur des temps a causé son erreur, mais la force de son âme l'en a fait sortir avec gloire«.

»Ich habe meiner Tugenden und Fehler
mich nie geschämt, mit jenen nie geprunkt
und meinen Sünden macht' ich nie den Hehler.
Denn dies vor Allem, dünkt mich, ist der Punkt
wo Freigeborne sich vom Pöbel scheiden,
der feig und heuchlerisch herumhallunkt.
Den nenn ich vornehm, der sich streng bescheiden
die eigne Ehre giebt, und wenig fragt
ob ihn die Nachbarn lästern oder neiden«.

Paul Heyse.

ÁLPTANES liggur á milli Hafnarfjarðar og Skerjafjarðar, og er flatt og lítt bunguvaxið sumstaðar; inn í það ganga víkur tvær, önnur að sunnanverðu og heitir Skógtjörn, en hin að norðanverðu og heitir Lambhúsatjörn; þessar víkur skipta nesinu eiginlega í tvo hluti, og er eið allbreitt á milli, þar er Selsgarður eða Selsskarð. Meginhluti Álptaness telst frá Kópavogi og að Hafnarfjarðarkaupstað og er eiginlega Álptanes óeiginlega kallað, því að þó sagt sje »Garðar á Álptanesi«, þá er aldrei sagt »Hafnarfjörður á Álptanesi«. Á meginhlutanum eru margir bæir og fremur sveitalegt og fagurt; Garðahraun er partur af hinum stórkostlegu Reykjanesshraunum og eykur það landsfegurðina eigi lítið, einkum á sumrin, þar sem silfurgrár gamburmosi klæðir hvervetna hraunklettana, sumstaðar eins og stórir flákar, en sumstaðar í dældum og djúpsignum lautum, en í gjótunum vaxa ýms grös og jurtir og verða hávaxnar og sællegar, þar sem þær eru í skjóli fyrir öllum vindum og geta notið sólarinnar í næði: stórar brekkur með fagurgrænum laufaskurði bærast uppi yfir fjólubláu lyfjagrasi og heiðgulum dvergasóleyjum, sumstaðar hallast einstaka jarðarber upp við græna kúluvaxna kodda, alvaxna lyfrauðu lambagrasi, en geldingahnapparnir lúta fram yfir gjótubarmana, þar sem kóngulóin hefur dregið

sinn smágjörva vef. Sumstaðar mæna undarlega vaxnir hraundrangar upp úr mosabýngjunum; sólskríkjur og maríuerlur fljúga hingað og þangað og tísta við og við — annars heyrist hjer ekkert hljóð, nema niðurinn úr Hraunsholtslæk, þar sem hann fellur út í Arnarnessvog.

Hið eiginlega Álptanes takmarkast af Lambhúsatjörn og Skógtjörn; á eiðinu þar á milli liggur Selsskarð, sem fyrr er nefnt; sunnanvert við Lambhúsatjörn eru »melarnir«, þar sem vegurinn liggur fram á nesið. Yfir Skógtjörn var hlaðin steinbrú, sem nefndist »stíflurnar«, allmikið verk, en illa gert, og mátti fara þar styttri leið yfir í Garðahverfið. Nú er þetta hrunið og farinn nýr vegur fyrir tjarnarendann.

Inn í Álptanes og inn úr Skerjafirði gengur Bessastaðatjörn, og liggur Bessastaðanes því á milli Lambhúsatjarnar og Bessastaðatjarnar; Bessastaðanes er stórt flæmi, og að mestu leyti ófrjósamt, þótt beita megi þar peningi á sumrum; austurhluti þess er búnguvaxinn og þar hæst á búngunni er kringlóttur grasblettur og rúst eftir gamalt byrgi, þar sem fálkarar hafa líklega legið við; það var kallað »skothús«, og er þaðan víðsýni mikið.

Hinn frjóvsamasti partur af Bessastaðanesi liggur á milli Lambhúsatjarnar og Bessastaðatjarnar, það er Bessastaðatún. Lambhúsatjörn er alvaxin marhálmi og þar fara menn oft í maðkafjöru, og þaðan er komin vísan:

„Álptnesingurinn úti liggur og aldrei sefur,
dregur meir en drottinn gefur,
dygðasnauður maðkanefur“.

Marhálmur er tekinn í tjörninni. Bessastaðatjörn verður svo grunn um fjöru, að vel má vaða hana [og lá gata eða vaðalvegur yfir á Breiðabólstaðareyri, þar rjett á móti]; í henni

miðri liggur Bessa-hólmi — af hvaða Bessa þessi nöfn eru dregin er alveg ókunnugt; ós nokkur sameinar Bessastaðatjörn við Skerjafjörð, og er þar farið í beitifjöru; við ósinn, á Bessastaðanesi, liggur »skansinn«, eitt af leifum Danaveldis [Safn II, 735—749]; var áður kallað »Seila« og var það skipalagi að nafni til, en nú heyrist þetta nafn aldrei og heldur ekki í mínu ungdæmi. »Skansinn« var þá kotrass auðvirðilegur og er enn. Hinumegin við ósinn er »eyrin«, eða Breiðabólstaðareyri, rennisljett og grösug, en nú töluvert sandi orpin.

Bessastaðastofa er sterkt múrhús með álnarþykkum veggjum; í norðurendanum voru híbýli skólabrytans, en lestrarherbergi og borðstofa skólapilta; bekkirnir voru tveir, efri bekkur og neðri bekkur, og varð að ganga í gegnum neðri bekk, til þess að komast inn í efri bekkinn; í borðstofunni voru þrjú borð, kölluð »Brúnka«, sem var stærst; »Rauðka« og »Ljóska« voru minni. Uppi á loptinu voru svefnhús pilta, kölluð »stóra lopt« og »litla lopt« eða »Amtmannssona-lopt«; í stóra loptinu voru lokrekkjur og hjetu ýmsum nöfnum. Stúlknaloptið var við stigann, og þar innar af »Bibliotekið«, svo kallað, (af því að þar voru engar bækur), eins og »lucens a non lucendo«; en þar hafa kannské verið bækur áður geymdar. — Híbýli skólabrytans voru stofa, með tveim gluggum; rúm hjónanna var í stofunni; innar af henni var herbergi, sem nefndist »mið-kamers«, þó það væri í engri miðju, heldur í enda hússins. Eldhúsið var og í þeim enda, og þar við hliðina var »pilta-kamersið«, sem kallað var, þar sváfu vinnumennirnir. — Innar af borðstofunni var »Jóns-kamers«, kallað eftir Jóni múrara, sem jeg ekkert man eftir] nje veit um [nema að hann hafði gert staf lektors allan útskorinn, sem piltar

kölluðu »hrabdos« (ῥάβδος)]. Það var haft fyrir gestakamers. Undir norðurparti stofunnar var kjallarinn, og þar var allskonar sælgæti, sem ætlað var útvöldum, og ógurlegar kjallaraflöskur. Á vesturhlið stofunnar eru aðaldyrnar, og var þeim aldrei lokið upp nema þegar við fórum í kirkju eða þegar einhverjir höfðingjar komu; forstofan er stór og rúmgóð og þar var glímt. Fyrir suðurenda hússins var skúr mikill úr timbri, það var »móhúsið«; þar skamt frá var fjósið og kamar skólans, einangraður frá öllu og merkileg bygging.

Fyrir vestan stofuna er kirkjan, bygð úr grásteini, sem er frá melunum, eða og úr hraungrjóti; það var flutt á prömmum yfir Lambhúsatjörn, og hjet sá Þorgrímur, er var fyrir kirkjubyggingunni, hann var svo seinn að hann lagði þrjá steina á dag, og er stílað til þess í erfiljóðunum, sem eg gerði eftir Jón Þorsteinsson landlækni. Hvenær þessi kirkjubygging fram fór veit eg nú ekki; en á Bessastöðum var áður kirkja, helguð Niculási. Í hirðstjóra annál (Safn til sögu Íslands II, 705) stendur: »Anno 1566 dó Páll Stígsson á Bessastöðum, var grafinn fyrir framan altarið í Bessastaðakirkju, hvar yfir hans gröf er stór líksteinn af marmara, sem ekki á sinn líka á öllu Íslandi, með þessari grafskript:

»Paulus Stygottus Danorum ex sanguine clarus
justus, castus, amans, religionis erat«.

Þá hefur kirkja verið þar. (Hversu vel þetta átti við Pál, má sjá í riti Arnljóts í Safni II, 422). Í árbókunum er kirkja nefnd 1681 og að kórinn hafi verið bygður 1683 (Safn II, 754) og að hún hafi verið með torfþaki; 1757 gerði Eggert Ólafsson vísu, sem sýnir að hún var þá úr timbri eða að minsta kosti með timburþaki. — Steinkirkjan, sem enn stendur, er stæðileg, eftir því sem hjer

gerist; turninn hefur verið bygður einhvern tíma eptir 1820 og hjet múrmeistarinn Matzon; jeg man það, að Sveinbjörn Hallgrímsson, sem þá var ungur drengur, sagði frá, að sjer hefði þókt gaman að láta draga sig upp og niður í körfunum, sem steinarnir voru halaðir upp í. Eg skal nú lýsa kirkjunni eins og hún var í mínu ungdæmi.

Turninn er ferkantaður og allhár, en digur og traustlegur; dyrnar eru framan á og burstmyndaðar ofan, með því tveir langir steinar eru þar felldir saman. Uppi í turninum var bókasafn skólans í einu herbergi eða tveim, rúmlegum og loptháum, en þar uppi yfir var klukknaportið, og hjengu þar tvær klukkur, önnur stærri. Illir og fúnir voru stigarnir og að öllu óvandaðir. Á turninum er timburþak, sem gengur í fremur lágan ferhyrningstopp og lúkur á; þar upp kom jeg aldrei svo jeg muni. Upp úr turninum er staung úr járni og stór málmkúla neðantil á henni og var gylt; þar uppi yfir var vindhani gyltur með nafni Kristjáns 7da og efst önnur gylt kúla minni. [Páll Tómasson, bróðir Þorgríms gullsmiðs, var frækleikamaður; hann hafði komist upp á stóru kúluna og staðið þar á höfði. (Páll var í skóla laungu fyrir mitt minni; hann var mesta hermikráka, ljótur og lítill; hann var prestur í Grímsey og víðar, og einu sinni þegar hann kom suður í Reykjavík á dögum Bjarna rektors, þá fjekk Bjarni hann til að herma eptir og leika, og gaf honum peninga fyrir)]. Hvernig á þessu konungsnafni stendur, veit jeg ekki, og inni í kirkjunni er það einnig; annaðhvort hefur gamalt dót verið notað hjer, eða þá að jeg hef ekki sagt rjett frá um byggingartímann, og má vera að sje misminni eða misskilningur á orðum Sveinbjarnar Hallgrímssonar, en þetta

var allt fyrir mitt minni. Þakskeggið eða útskotið fyrir neðan timburþakið var úr rauðum steinum, og hátt uppi, eða þar fyrir neðan ferhyrnt skjaldarmerki úr steini múrað á framhlið turnsins, skjaldarmerkið var þrír fuglar og fjaðrabrúskur yfir, en þetta er einmitt skjaldarmerki Moltkes ættar, en Moltke var stiptamtmaður 1820 og kemur þá nokkuð heim. Moltkes ætt er frá Mecklenborg eða Pommern, og merkir nafnið einhvern svartan fugl (líklega slafneskt að máli). Stiptamtmaðurinn hefur náttúrlega tekið sjer bessaleyfi til að setja merki sitt þarna, því þessir höfðingjar voru sem konungar og litu raunar varla við embættismönnunum, sem þá voru eins danskir og nú eru þeir, þótt á annan hátt væri, og ekki eins smjerdanskir. Jeg man eptir, að jeg heyrði sagt frá, og þá var það í manna minnum þeirra, sem þá lifðu, að sjómenn voru teknir frá róðrum í bezta veðri, til þess að róa með stiptamtmannsfólkið út um allan sjó, til skemtunar, og hafði það viljað til, að þegar þeir áttu að vaða með frúna út í bátinn, þá ljetu þeir hana detta í sjóinn og duttu sjálfir með, svo hún hætti við sjóferðina. — Kirkjan sjálf er stór og rúmgóð innan, gólfið var lagt með múrsteinum, gulum og rauðum, reistum á rönd og settum í gula og rauða tígla á víxl; beggja megin í framkirkjunni voru stólar til beggja hliða; prjedikunarstóllinn að sunnanverðu nær kórnum. Milli kórs og framkirkju voru tvær súlur málaðar eins og marmari, og bogi uppi yfir á milli; á boganum var fangamark Kristjáns 7da skorið úr trje eða úr járni og gylt, en stórar gyltar kúlur sín á hverri súlu. Á prjedikunarstólinn voru málaðar olíumyndir guðspjallamannanna, og man jeg vel eptir þeim, hvað mjer var starsýnt á Jóhannes með örninn. Gagnvart prjedikunarstólnum var »salurinn«, sem

svo var kallaður; það var einskonar lopthús með súlum undir og gluggar á allt í kring, en stólar inni; þarna sátu höfuðsmennirnir og þeirra hyski, svo það ekki ataðist út á vorum íslenzka skríl. — Kórinn með timburgólfi og bekkjum umhverfis, og sátu þar allir heldri menn og skólinn; altarið var blátt áfram og fyrir framan »gráturnar« skírnarfontur úr trje, stór skál flatvaxin, á fæti, illa gerður og tinfat í. Altaristaflan var mynd kvöldmáltíðarinnar, allstór, en lítið vönduð. Beggja megin við altarið hjengu stórar töflur með grafletri; jeg man einungis eftir því, sem var sunnanmegin: Það voru mörg latnesk hexametra eftir einhvern Pál Beyer, sem dáið hafði úngur, yfirskriptin var »in memoriam bonæ spei juvenis« eða eitthvað þesskonar, og þetta var síðast: »Olim cum veniet messis et alma dies«. — Á suðurhlið kórsins voru dyr, sem aldrei voru opnaðar; þar hefur höfuðsmannsfólkið eða stiptamtmanna gengið um. Gagnvart þessum dyrum, á norðurveggnum, var stór mynd af Páli Stígssyni, höggvin úr gulleitum marmara norskum, og var hann myndaður þar í herklæðum, og hef jeg getið þessa áður; en legsteinninn er nú ekki »yfir hans gröf«, en hefur verið tekinn upp og múraður inn í veggginn og þá hefur alt önnur kirkja verið á Bessastöðum (í Safni bls. 752 stendur að legsteinn Matthiasar Söffrinssonar fógeta sje »í Bessastaðakirkju kór«, en hann þekkist nú ekki); en þegar kirkjan var bygð upp á ný, þá hefur legsteinn Páls Stígssonar verið tekinn upp og múraður inn í vegginn, þar sem hann stendur enn (1893)[1]); en á miðju kórgólfinu var legsteinn Magnúsar

1) Í ísl. ártíðaskrám bls. 201 (1894) segir Dr. Jón Þorkelsson (yngri) að Dr. Grímur Thomsen hafi látið flytja hann og setja upp

Gíslasonar amtmanns, og hlerar yfir. Í kórnum hjekk ljósahjálmur allsnotur, og var hann gefinn kirkjunni í minni tíð af Kristínu Ögmundsdóttur ráðskonu á Bessastöðum; hans er getið í Sunnanpóstinum, að mig minnir. Ljósahjálmar úr kopar höfðu áður verið í kirkjunni, en þeim hafði verið stolið og steypt úr ýmislegt; voru um það dylgjur nokkrar, en engin rannsókn, og ekkert man jeg um það frekar. — Fremst í framkirkjunni var lopt nokkuð um þvera kirkjuna, og grindur fyrir framan, en stigi ljelegur við annan enda upp að ganga; þar var dimt, en þó fór fólk þangað upp. — Upp á kirkjuloptið var gengið inn um turninn; [voru allar sperrur studdar stórum trjám og allt mjög rambyggilegt að upphafi; enda hefur smiður einn sagt mjer, að þegar loptið í kórnum fjell niður að nokkru leyti 1892, þá hafi hann gert við það eptir föngum, og þverbitana, sem lágu þvert yfir milli veggjanna, þeir voru hálf alin á hvern veg, en raunar þó fúnir langt inn]. Á loptinu var ekkert, nema skrokkur allmikill af herskipi, sem hafði verið gefið kirkjunni einhvern tíma laungu fyrir mitt minni í þakklætisskyni fyrir heppni í sjóferð, að jeg held, því það var lengi sjómannasiður ytra. Í ungdæmi mínu var ekkert eptir nema skrokkurinn, þilfarslaus og hálfbrotinn, en vandað hafði það verið og steint. Fórum við stundum að skoða

---

í vegginn vinstra megin fyrir innan kórdyr — meiri vitleysu hef jeg ekki sjeð, legsteinninn var þar laungu fyrir mína tíð og hefur verið settur þar, þegar gömlu veggirnir hafa verið rifnir og kirkjan bygð upp að nýju. Það hefði verið skárri kostnaðurinn og tilgangslaust, að rífa steininn upp úr gólfinu og svo sterka steinveggi til að skorða hann í, eins og þá, sem eru í Bessastaðakirkju! Jeg talaði um þetta við Grím, og hann sagði, að þetta væri „mishermt“ af dr. Jóni Þorkelssyni.

þetta og vorum þá mjög andaktugir yfir þessum leifum horfinnar dýrðar, því sagt var, að það hefði verið útbúið með rá og reiða og fallbyssum, og það hefur verið satt; það var hálf önnur alin á lengd. Mjer var annars um og ó, þegar jeg var á þessum skoðunarferðum, því kirkjuloptið var allt fúið og með stórum götum á, þótt þetta sæist ekki neðan úr kirkjunni sjálfri, þar sem neðra loptið var heilt. [Enginn gluggi var á kirkjuloptinu nema á múrgaflinum eystra, þeim er vissi að stofunni; raunar var annar gluggi settur á loptið yzt við turninn að norðanverðu; það gerði Einar snikkari Helgason í Reykjavík, bróðir Árna í Görðum stiptsprófasts; þá var jeg í skóla].

Fyrir austan Bessastaðastofu voru timburhús og bygð áföst saman, var eitt fyrir miðjunni og þar var bústaður foreldra minna; öðrumegin var geymsluhús mikið, sem heyrði skólahúsinu til, en hinumegin var Skevingshús með afarlitlum og þraungum herbergjum. Geymsluhúsið var kallað »flaujan«, en í minni skólatíð var Skevingshús kallað ýmist »skrínan« (af því það var svo lítið) eða þá »bakaríið« (af því þar var svo heitt á veturna).

Bessastaðir eru eiginlega ekki bygðir á hól, en grundvöllurinn hækkar aðlíðandi frá vestri, og á þessum aðlíðanda stendur kirkjan og húsin; kirkjugarðurinn umhverfis kirkjuna er ómerkilegur mjög; ekki man jeg þar eptir neinum legsteini, einungis einn ljelegur minnisvarði úr trje eptir einhvern skólapilt var norðanvert við kirkjuna; sáluhliðið var með stórri og fallega útskorinni þverfjöl, sem gerð var í mínu ungdæmi af einhverjum þar á nesinu. — Sunnanvert við kirkjugarðinn var kálgarðurinn, eins og í brekku eða laut mikilli, og grasþrep há og fögur; hefur þar án efa notið vel sólarinnar og þar var ágætt skjól fyrir norðanvindinum. Nú er þar

kirkjugarður og ljótt. Atlíðandi bæjarstæðisins verður mest að norðanverðu og steypist þar þverbratt niður, og þar er kallaður Bessastaðahóll, sem skólapiltar höfðu til að hrinda nýsveinum ofan af og láta þá »descendera«. Austan frá hólnum lágu traðir ofan að smiðjunni og svo enn lengra fram með »sjóbúðarflöt« sem svo var kölluð, það var stór völlur, rennisljettur, líklega svo nefndur af sjóbúðum, sem til forna hafa verið niður við tjörnina þar fyrir framan; ekki man jeg hvort þar voru nokkrar rústir, en þó er eins og eitthvað sveimi fyrir mjer um það í þoku; þar var skipakostur »gullsmiðsins«. Við hliðina á sjóbúðarflötinni var Skevings-tún, og fóðraði eina kú, sem Skeving hafði. Fyrir sunnan sjóbúðarflötina tók við þýft tún; þar var hesthúsið, alllangt frá bænum, en þá tók við mýri nokkur, sem náði yfir að Lambhúsatjörn og upp í túnið fyrir neðan bæinn sunnantil; þar hjetu »akrarnir«, stórir ferhyrndir blettir, og mátti vel sjá móta fyrir »akurreinum«, eða löngum þverdældum. Túngarður náði allt á milli tjarnanna, og var mýrin fyrir innan hann, hvort sem hún hefur áður verið tún eða ekki. — Í vestur af Bessastöðum var kallað »langi-völlur«, rennsljettur og traðir stórar þar yfir að túngarðinum, sem skildi Bessastaðatún frá Lambhúsatúni; að norðanverðu var túngarður, úr torfi, en ekki úr grjóti, eins og hinir, þá tók hastarlega við aur og kviksyndis for, sem gekk yfir í tjörnina; þar í forinni fyrir neðan smiðjuna var ógrynni af brotnum rauðum þakhellum, sem þangað hafði verið fleygt og hefur eitthvað af húsunum verið þakið með því, eða kirkjan.

Ekkert er kunnugt um hvernig litið hefur út á Bessastöðum þegar Snorri Sturluson átti þá; þeir eru fyrst nefndir í Sturlungu, og er raunar undarlegt að ekki

skuli meira bera á svo stórri og fallegri jörð. Bessastaðir hafa orðið kunnugastir sem aðsetur hinna dönsku höfuðsmanna, (og fyrir það, að þaðan hafa Danir mest týranniserað land vort; þar var »Bessastaða-böðull«); Bessastaðanes (eða Álptanes?) er kallað »kóngsnes« 1563; þar voru »Bessastaða-póstar« gerðir 1685; stofan, eins og hún stendur enn, var bygð að undirlagi Magnúsar amtmanns Gíslasonar um 1764.

Lambhúsatún er ekkert annað en partur af Bessastaðatúni; Lambhús var eitt hús með torfveggjum og torfþaki, en timburgafli, og svo einhver smáhýsi að auk; það hús hefur líklega verið bygt um 1779, þegar Rasmus Licovz settist þar að sem stjörnumeistari, enda var það ærið ellilegt að sjá, en stofurnar samt ekki litlar; þar bjó Lector.

Þar norðanvið var hvannagarður mikill, með svo stórvöxnum hvönnum, að þær voru allt að mannhæð; grjótgarður náði frá Lambhúsatjörn og yfir í mýrina að norðanverðu, sem lá þar túngarðslaus saman við Lambhúsatúnið; fyrir utan túngarðinn tók við harðvelli og þar var lækur, sem rann úr mýrinni í djúpum farvegi og kallaður Lambhúsa-á; stýflur voru þar yfir, nokkuð háar, því hún varð oft bakkafull og ófær á vetrum; þetta harðvelli var hryggur milli tveggja mýra og kallaður »grandinn«, Álamýri að sunnanverðu, en Eyvindarstaðamýri að norðanverðu. Á miðjum grandanum er steinn mikill, og kallaður »Grásteinn«, þar var sagt að Jón Sveinsson, (sumir segja Jón á Leirá) hafi hefnt sín á Lector, það var snemma nokkuð á æskuárum mínum, og kom til út af því, að Lector hafði í fautaskap gefið Jóni utanundir, út af einhverju sem fyrir kom í skólanum, og átti Jón að hafa flengt Lector við Grástein í náttmyrkri um vetur; en Jón var

mikill fyrir sjer og sterkur, frægur raddmaður og gáfaður, skáld gott og kunni vel að yrkja á latínu, og um þetta var kveðið, — en ekki veit jeg hvort Jón hefur gert það:

Á grandanum heyrist grátur og raus,
grátur og raus, grátur og raus,
á grandanum heyrist grátur og raus,
getið þið hvern jeg meini.
Lector situr sálarlaus,
sálarlaus, sálarlaus
Lector situr sálarlaus,
sunnan undir steini.

Virðar segja vizkulaus,
vizkulaus, vizkulaus,
virðar segja vizkulaus
vestan undir steini.
Aðrir segja ærulaus,
ærulaus, ærulaus,
aðrir segja ærulaus
austan undir steini.
Nokkrir segja náttúrulaus,
náttúrulaus, náttúrulaus,
nokkrir segja náttúrulaus
norðan undir steini.

Sýnir þetta meðal annars, hversu litla virðingu piltar báru fyrir Lector, því þótt hann væri góðmenni, þá var hann ónýtur stjórnari og skaraði ekki fram úr í neinu, og ekki var slíkt ort um hina kennarana.

1826—1835.

Mjer er sagt að jeg hafi fæðst 6. oktober 1826, en jeg man ekkert eptir þeirri fæðingu, og ekkert veit jeg sjálfur um þetta:

Μήτηρ μέν ἐμέ φησι τοῦ ἔμμεναι αὐνταρ ἔγωγα
οὐκ οἶδ οὐ γάρ πώ τις ἑόν γόνον αὐτός ἀνέγνω.

[Jeg hef ekki verið skírður »Gröndal«, eins og sjá má af bóluattestinu, en fólkið hefur alltaf kallað mig svo eptir afa mínum, svo jeg hef orðið að láta það festast við mig.]

Lítið man jeg um æskulíf mitt, það er að mestu leyti horfinn draumur. Faðir minn hafði komið að Bessastöðum 1819 og hefur þó verið þar ógiptur fyrst, því hann kvæntist fyrst 1822. Þá var Björn Gunnlaugsson einnig orðinn kennari, og einhvern tíma á þeim árum mun það hafa orðið, að Björn kom á gluggann hjá föður mínum um sumarnótt og kallaði, að ræningjaskip kæmi og sagðist ráða föður mínum til að grafa peninga sína, »jeg er búinn að grafa mína«. Ekkert man jeg eptir Þuríði systur minni framan af, og ekki eptir Egli bróður mínum, og ekki veit jeg hvað satt er í því, að Hallr »mundi sjálfur þat er hann var skírður, at Þangbrandr skírði hann þrevetran«. Við áttum heima í miðparti timburhúsa-byggingarinnar, sem jeg hef getið um áður, og voru þar tvær stórar stofur, kallaðar »bláa stofan« og »gula stofan«, en jeg man ekkert eptir öðrum herbergjum í húsinu, þó mig rámi í að jeg einhverntíma svæfi þar uppi á lopti hjá Sveinbirni Hallgrímssyni. Ekkert man jeg heldur eptir húsbúnaðinum. Í bláu stofunni var móðir mín og við börnin, en faðir minn sat og skrifaði í gulu stofunni; þar lagði hann út Fornmannasögur á latínu (að minsta kosti fyrstu bindin, Scripta historica Islandorum), og man jeg eptir því; jeg man og eptir þegar hann var að semja Lexicon poëticum, hann hafði það á ótalmörgum ofur smáum seðlum, sem hann klipti niður og raðaði síðan og hreinskrifaði, en það gerði hann á

Eyvindarstöðum. Í bláu stofunni var stórt rúm með sparlökum og þar sváfum við hjá foreldrum okkar meðan við vorum lítil; í stofunni hengu tvær stórar olíumyndir, önnur af Finni biskupi, en hin af Brynjólfi biskupi Sveinssyni og man jeg vel eptir þeim; annar var hvítleitur en hinn rauðleitur, og var faðir minn vanur að segja við okkur, þegar við vorum að skoða myndirnar: »Þessi er rauður af brennivíni, en þessi er hvítur af lestri«. Þessar myndir hafa sjálfsagt verið komnar frá Benedikt afa mínum, en jeg veit ekkert um hvað af þeim varð, og er það skaði mikill með Brynjólf, því nú er engin mynd til af honum; en í þá daga var ekkert hirt um slíkt. [Í »Sunnanfara« (1896) er mynd sem á að vera af Brynjólfi, en hún er ekkert lík því sem jeg man eptir. Dr. Jón Þorkelsson (yngri) fjekk þessa mynd hjá frú Katrínu Þorvaldsdóttur, og sýndi mjer hana, og vildi endilega að þetta væri mynd af Brynjólfi, en jeg sagði lítið um það til þess að styggja ekki Jón. Myndin er eins og af einhverjum Idiot; maðurinn les ekki á bókina, en það er eins og hann hlusti eftir hvort hún segi ekki eitthvað. Fremur held jeg þetta sje kopí af mynd Jóns bisk. Vidalíns, því hann er myndaður eins, með bók í hendi sem hann bendir á, en sú mynd er líka illa gerð (af Helga Sigurðssyni). Það sem dr. J. Þ. segir um okkur systkinin og myndina er alt rangfært. Faðir minn hefur víst vitað vel af hverjum myndin var. Jeg teiknaði mynd fyrir Torfhildi Holm, af því hún lagði svo fast að mjer, en jeg vissi vel að hún var ekkert lík því sem vera átti, og jeg var líka illa fyrirkallaður]. Við höfðum hæns á Bessastöðum og man jeg eptir, að einusinni var hani drepinn með því að höfuðið var snögglega höggvið af honum, og flaug hann höfuðlaus nokkurn

spotta á eptir. Skömmu eptir það sagði Björn Gunnlaugsson frá að enskur maður hefði spáð stórflóði, sem ætti að eyða lönd öll, og þar með, að ef það ekki rættist, þá mætti höggva af sjer höfuðið. En við börnin hjeldum alltaf, að það ætti að höggva af honum höfuðið »eins og hana«, og ráðgerðum að flytja dótið okkar upp í kirkjuturninn.

Skólahúsið var ávalt kallað »gullsmiðsstofan«, því þar bjó Þorgrímur Tómasson gullsmiður, kallaður »Thomsen«, sonur Tómasar gullsmiðs í Ráðagerði, sem afi minn orti til vísurnar um tóbakspípuhöfuð. Þorgrímur var lítill vexti og grannur, gamallegur snemma, en snarplegur og fjörugur, íbygginn og búmaður; hann hafði lært smíðar ytra og gerði mjög við úr; hann var bryti skólans og oeconomus; hann riðaði með höfuðið og gekk með gleraugu heima við; sat löngum við smíðaborð sitt, sem var í öðrum glugganum í stofunni. Ingibjörg hjet kona hans, systir Gríms amtmanns. Bæði voru við aldur, þegar jeg man fyrst til. Rúmið þeirra stóð í stofunni, og þar lágu kettir jafnan í. Þorgrímur var ætíð kallaður »gullsmiðurinn«, »gullsi« og »gullsmiðurinn á Bessastöðum«; hann var höfðingi og gestrisinn, og sóktu hann margir fyrirmenn heim; var þá veitt vel og stundum drykkjur allmiklar, en lítið vissi jeg um það eða hverir það voru. Einu sinni man jeg til að þar var einhver samdrykkja; við vorum háttuð, en faðir minn held jeg hafi verið með í gullsmiðsstofunni; þá kom Bjarni Thorarensen á gluggann og kallaði: »Ljúkið upp maddam' Egilsen! Djöflarnir eru hjerna úti og ætla að taka mig« — en í því var komið að Bjarna og farið með hann inn aptur.

Gullsmiðurinn átti þrjú börn: Grím og tvær dætur og voru þau öll nokkuð eldri en við. Við börnin sáum þau

sjaldan, og fengum nærri því aldrei að koma út á hlaðið gullsmiðsstofu megin, og vorum við því ókunnug; það var eins og þessi börn væru álitin meiriháttar en við. Við ljekum aldrei saman; um Grím vissi jeg ekkert, en jeg fann þá þegar að hann átti að verða eitthvað extra. [Hann nam skólalærdóm hjá Árna Helgasyni og var útskrifaður af honum; talað var um, að hann þætti of góður til að vera í skólanum, en fluggáfaður var Grímur].

Hallgrímur Skeving bjó í litla húsinu við hliðina á okkur. Synir hans voru Gísli, Hans, Hannes, Lárus og Arnkell og urðu allir undarlegir af undarlegu uppeldi; Gísli varð snemma vitskertur, en var þó vel gefinn af náttúrunni, söngmaður mikill, en hinir komu ekki upp nokkru hljóði; var sagt hann hafi átt að sofa og vaka eftir vissum reglum og hafi hann því sturlast, hann varð nokkuð gamall, var fluttur til Reykjavíkur með foreldrum sínum 1846 og dó þar. Faðir minn og Skeving voru vinir og voru þeir Hans og Lárus, »Skevingsdrengir« leikbræður okkar barnanna; en þeir voru eldri en við og sterkari, svo við höfðum ekki við þeim, þeir voru og hrekkjóttir og sáust lítt fyrir. Þá var mjög títt með börnum að byggja sjer kofa eða hús einhversstaðar úti, úr grjóti og spýtum, oftast nær upp við einhvern túngarð; ekki man jeg hvar við áttum hús, en Skevingsdrengir bygðu sjer svo stórt hús við túngarðinn hjá Lambhúsatjörn, að þeir gátu verið inni í því. Einu sinni var maður að gera við túngarð fyrir Skeving, og þá um daginn fórum við öll, og mig minnir Skevingsdrengir með, og fundum upp á því að stríða manninum með svo miklu moldkasti að hann hafði engan frið, svo hann fór loksins heim og klagaði okkur, en við vorum flengd fyrir tiltækið — jeg efast um að við mundum sjálf hafa fundið upp á þessu, því við vorum hrekkjalaus.

Snemma var byrjað að láta mig lesa latínu og grísku [faðir minn kendi mjer þetta sjálfur]; skrift og landafræði lærðum við börnin saman; við lærðum Riises geografiu, sem er miklu stærri bók en seinna hefur verið í skólanum; þó hún ekki væri góð, þá lærðum við af henni fjölda af nöfnum t. a. m. öll fylkin í Rússlandi (45), öll Departementin í Frakklandi (86), alla staði — bjuggum til vísur eða rhythmus til að muna betur, t. a. m. fljótin í Ítalíu:

Po, Etsch, Tiber, Brenta, Piave,
Tagliamento, Ofanto,
Garigliano, Volturno.

og kann jeg flest af þessu enn reiprennandi. Topografíuna lærðum við af kortunum og kunni jeg þau svo utanað, að jeg gat teiknað upp úr mjer hvert land. Við lásum Nepos, Cæsar (bell. gall.) Tacitus (Germania) og Gedikes lat. lestrarbók; jeg man eptir því, að einu sinni, þegar jeg var barn, kom Ólafur Finsen með Vilhjálm son sinn til foreldra minna, en jeg man ekkert hvernig þeir litu út, nema að Vilhjálmur var svo fínn og »civiliseraður« og þótti mjer hann fallegur, hann var þegar fyrirtaks-piltur og þá var sagt hvað hann væri búinn að lesa: fimm bækur í Cæsar, eina bók í Anabasis og fleira, og þótti hann taka mjer fram, en hann var nokkuð eldri en jeg; ekkert man jeg eptir honum í skóla, og þá hefur ekkert borið á honum, en hann var farinn þaðan áður en jeg kom. Einu sinni var jeg flengdur fyrir frammistöðu mína í verba sentienti; jeg hafði þá verið að sauma með Þuríði, og var mjer þó annað betur lagið en saumaskapur. Grammatíkina lærði jeg eins og þá var títt, ágrip lítið sem sjera Árni Helgason hafði saman tekið, og kunnu menn þá latínu miklu betur en nú. Grísku

lærði jeg á Langes grammatik, og lærðu menn miklu betur á hana en bækur Madvigs og Tregders. Hafa þessar bækur gjörspilt öllum lærdómi hinna gömlu mála í skólunum. Ýmsir menn kendu mjer að skrifa: faðir minn, Sveinbjörn Hallgrímsson, Þorsteinn Jónsson (frá Auðkúlu, kaupmaður seinna) o. fl. og skrifaði jeg fremur illa og fjekk ekkert visst handarlag; eitthvað mun jeg hafa leitast við að teikna, og svo var jeg að smíða. Við börnin vorum látin þjera foreldra okkar, eins og þá var títt með heldra fólki, en jeg held að það hafi fjarlægt okkur frá þeim, við þorðum eiginlega aldrei að nálgast þá eða vera nátturleg, og má vera þetta hafi haft einhver áhrif á anda minn. Af náttúru var jeg fúll og einrænn, hneygður til hroðyrða og grófyrða, en ekki til að bölva, því það heyrðum við aldrei fyrir okkur haft; það lærði jeg ekki fyrr en í skólanum og mest í Reykjavík af kvennfólki; þó að foreldrum mínum þætti vænt um mig, þá voru mjer ekki blíðleg atlot sýnd, nje vinlegt viðmót, jeg varð snemma eins og einstæðingur, og hefur það ráðið allri stefnu minni seinna og verið orsök til þeirrar alvöru sem mjer er tamt að geyma neðst á botninum í mínu andlega gáfna-keri. Jeg fjekk optast nær að heyra hvað jeg væri ljótur, klaufalegur og latur, en hrós man jeg ekki eptir að jeg fengi nokkurn tíma; sjálfsagt hef jeg átt þetta álas skilið; en uppörvun hafði jeg enga. Allt hvað jeg gerði og hef síðan gjört, það hef jeg gjört alveg uppörfunarlaust. [Jeg fjekkst við að smíða, eins og börn gera; þá kom lektor einu sinni að og spurði: »hvað ertu að smíða, drengur minn?« »Jeg er að smíða hlandfor« sagði jeg með innilegri fýlu, en lektor þótti víst svarið ónotalegt og fór burtu.]

Af þeim skólapiltum, sem voru í skólanum á þessum

árum, man jeg ekki eptir neinum nema *Ólafi Pálssyni, Sigurði Melsted, Jens Sigurðssyni, Páli Melsted* og *Guðmundi Sivertsen;* hann var þá ungur. Allir urðu merkilegir menn, nema af Guðmundi er það að segja, að hann var sonur Bjarna Sivertsens riddara. Nú þegar Gaimard kom hingað nokkru seinna, þá bauð Frakkastjórn að kosta menntun tveggja gáfaðra Íslendinga, og var Guðmundur kosinn[] annar, líklega af einhverjum dönskum innblástri, en hinn var enginn kosinn. Fór Guðmundur til Frakklands. [Jeg hef heyrt hann hafi orðið hneigður til ofdrykkju í Absinth, en hvað satt er í því, veit jeg ekki].

Eptir Jens Sigurðssyni man jeg það, að hann og einhverjir fleiri piltar fengu kaffi á morgnana hjá okkur, og kom Jens þá einu sinni svo jeg var ekki kominn á fætur og var jeg blekugur á höndunum; þá sagði Jens, að jeg mundi hafa verið að skrifa. Um Sigurð man jeg það, að hann var bjarthærður og þótti fallegri en aðrir menn ýmsir; það man jeg um Pál, að við lágum einu sinni um vor í garðbrekku á sjóbúðarflöt; en móðir mín hafði verið veik, og spurði Páll mig þá að, hvort hún væri »komin á flakk«, jeg skildi þetta þá ekki öðruvísi en svo, að jeg hef aldrei gleymt því síðan. Jeg man ekki hvort jeg varð fokvondur eða ekki.

1835—1842.

Faðir minn hafði keypt Eyvindarstaði og ljet byggja þar allt upp af nýju. Hann var vel efnaður og átti ýmsar jarðir, þar á meðal Höfn í Borgarfirði og Bjólu fyrir austan Birtingaholt, en þetta varð hann smátt og smátt að selja, því að laun hans hrukku hvergi nærri til, með barnafjöldanum og þar af leiðandi búskap. Í rauninni

var faðir minn ekkert lakari búmaður en aðrir; en hjer á Íslandi er það alvenja, að frádæma mönnum búskaparvit, ef þeir fást við bækur; fólk hjer er svo miklir skrælingjar, að það hefur ekki vit á neinu, nema búverkunum einum, eins og nú þetta vit er, því í raun og veru er það harla lítið, en sjálfbyrgingsskapinn vantar ekki. En eins og enginn kann tveimur herrum að þjóna, eins hafði faðir minn ekki tækifæri til að sjá jafnt um búskapinn sem um bókmenntirnar, og varð hann því að trúa öðrum fyrir búinu að miklu leyti. Voru þeir helzt eins og ráðsmenn, Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Jónsson, sem var í Grímsey og síðar prestur á Stóruvöllum. Þeir voru báðir dugandi menn og engan veginn ótrúir, en þeir þurftu einnig að skipta sjer, með því að þeir voru látnir kenna okkur börnunum og ýmsum piltum undir skóla. Ekkert man jeg hvernig gekk til með bygginguna á Eyvindarstöðum, nema að veggirnir voru hlaðnir af Kristjáni í Hrafnhólum, sem kallaður var kjaptur; hann var hraðmæltur og orti vísur, faðir Kristjáns krumma. [Hann kvað þetta um móður mína:

„Verði þjer til yndis allt,
eldur, sjór og vindur,
á himni og jörðu heitt og kalt
hjá þjer blessist þúsundfalt“.

Kristján komst seinna í klandur (líklega af ógætni) og var haldinn í »svartholinu« eða fangaklefanum í Reykjavík, og þoldi hungur og kulda og illan aðbúnað, svo ábyrgð sætti; um það kvað Kristján:

„Jeg var talinn kraptaknár,
kendi þrek í beinum,
nú er jeg orðinn nístur nár
af níðinganna fleinum“.

Þetta hefur verið gert um annanhvorn þeirra feðganna, jeg man ekki hvorn:

„Kristján Hólum krumma frá
á kjaptastóli hraður,
er að róla ýtum hjá
illa póleraður"].

En trjeverkið framdi Bjarni snikkari úr Reykjavík, kallaður Bligh, af því að hann hafði lesið ferðasögu Blighs í Suðurhöfum, og vissi líklega ekkert annað. Jóhannes Zoëga var og fenginn úr Reykjavík til að setja rúður í gluggana, og var kunningsskapur milli þess fólks og foreldra minna meðan þau lifðu. Allir þessir menn voru hafðir í hávegum og vel metnir hjá okkur, og var allt öðruvísi viðmót en nú tíðkast.

Eins og jeg hef lýst Bessastöðum, þar sem jeg ólst fyrst upp, eins skal jeg nú lýsa Eyvindarstöðum eftir því sem þeir voru frá því við fluttum þangað.

Eyvindarstaðir liggja á miðju Álptanesi, á alla vegu umkringdir af mýrum, nema að norðanverðu, þar gengur harðvelli út frá túninu og var þar kallað »aurvöllur«. Útsýnið frá Eyvindarstöðum er þannig, að til vesturs og norðurs blasir sjórinn við og Snæfellsjökull í fjarska; til austurs sjest Seltjarnarnes, Valhúsið og ofan á Reykjavík, Fagraskógarfjall, Akrafjall, Skarðsheiði og Esja; í landsuður eru Bessastaðir og bera við hinar mógrænu hæðir, sem fela Digranes, Breiðholt og fleiri bæi þar; þar uppi yfir sjest Hengillinn, þannig heyrði jeg altaf í ungdæmi mínu, en síðan hef jeg heyrt þetta fjall nefnt »Lyklafell«; í suðri má sjá Lambhúsatjörn, melana, Garðaholt og Garðahraun, og þar uppi yfir Vífilfell og þaðan suður úr Lönguhlíðarfjöllin, Hádegishnúk og Keili; í útsuður og vestur er Brekka, Sviðholt og Bjarnastaðir;

lengra til útnorðurs er Bakkakot; þar yfir sjest Hafnarfjörður og Reykjanesfjöllin aptur til suðurs.

Eyvindarstaðabær voru fjórir gaflar eða samföst hús: 1. stofan, 2. bæjardyrahúsið, 3. vesturhúsið og 4. skemman; þar fyrir vestan var hjallur. Bærinn sjálfur lá á atlíðanda upp frá mýrinni að sunnanverðu, og er hæstur að vestanverðu og brattur. Á stofunni eða aðalhúsinu voru þrjú gluggafög á suðurgaflinum; þeim megin var stofan, þar sem faðir minn sat inni, og barnakamersið þar við hliðina; þar sváfum við börnin fyrstu árin á Eyvindarstöðum. Í norðurendanum var borðstofan, og þar við hliðina »mömmukamers«; þar sváfu foreldrar mínir. Lítið eldhús var í miðjunni. Vegna atlíðandans var norðurendi hússins í jörð upp að gluggum. Uppi á loptinu sunnanverðu sátu og sváfu vinnukonurnar og föðuramma mín, eptir að hún var komin til okkar, því hún vildi helzt vera þar. Bæjardyrnar voru á móti suðri; fyrir miðjunni var þverveggur og dyr á, sem lágu inn í aðaleldhúsið; það var stórt og mór hafður þar inni mikill. Við þverveggjnn stóð kassi, sem korn var geymt í, margar tunnur; en göng lágu til beggja handa út úr bæjardyrahúsinu, annarsvegar inn í stofuna, en hinsvegar í vesturhúsið. Þar var ein stofa niðri, og þar sat og svaf Þorsteinn Jónsson, og síðan Jón Árnason, sem seinna varð ráðsmaður. Þessi stofa var í suðurendanum, en þar gagnvart í norðurendanum var »kethúsið«, það var geymsluhús fyrir matvæli, en annað geymsluhús var í norðurloptinu, uppi yfir borðstofunni. Á suðurloptinu, uppi yfir vesturhúsinu, var »piltaloptið«. Þar vorum við drengirnir, eptir að við vorum orðnir stálpaðir, og þar voru ýmsir piltar, og þar kendi Guðmundur Jónsson okkur. Gagnvart því var norðurloptið; þar sváfu vinnumennirnir.

Við piltarnir sváfum í lokrekkjum á piltaloptinu. Skemman var vestasta húsið, og var ekki innangengt í hana, en dyrnar voru á suðurgaflinum. Úr aðaleldhúsinu lágu dyr út að öskuhaugnum, og var þar hlandfor mikil og hleri yfir. Fyrir öllum húsunum að sunnanverðu var stór kálgarður með nokkrum hvannalundum, lauk, pjetursselju, salati og karse; trjegrind með hliði var bæjarmegin. Nokkuð frá bænum til landsuðurs var heyhlaða mikil, smiðja og fjós; þaðan lágu traðir ofan að mýrinni. Í kringum allt túnið var garður, nema að sunnanverðu, þar sem mýrin var; varð því að sitja yfir túninu á sumrum. Norðan- og vestantil á túninu voru kot, og var kýrfóður leigt hverju þeirra eða flestum; þau hjetu eptir kotkörlunum eða konum þeirra: Marinarkot, Stefánskot og Ásbjarnarkot samföst; Eyvindarkot, Pjeturskot eða Norðurkot, og Gíslakot. Gata lá í norður frá bænum og út á aurvöll; þar við hliðina á götunni var »Ívarskofi«; þar var Ívar nokkur í einhýsi og malaði fyrir fólk og lifði á því; hann var ekta tötrakarl og ógeðslegur mjög.

Aðalhluti Eyvindarstaðajarðar, sem faðir minn hafði og fóðraði fjórar kýr, tók mjög miklum framförum meðan hann sat þar, því að hann hjelt ávalt menn til að sljetta túnið, og voru flatirnar kallaðar eptir þeim: Sigurðarflöt, að austanverðu frá bænum, dagslátta að stærð; álíka stór var Jónsflöt; í landsuður að norðanverðu Valdaflöt, lítil. Sljettir túnpartar voru og Heyhlöðuvöllurinn, að norðanverðu við heyhlöðuna; Stórivöllur hjet vesturhlutinn, þar var dæld mikil að túngarðinum og kom tjörn á vorin, alldjúp; þar fyrir utan túngarðinn áttum við »hús« úr torfi og grjóti. Fyrir norðan bæinn var hóll einn lítill og haus á endanum; hann kölluðum við »Kirkjuhól«; annar hóll var niður við mýrina og kallaður »Huldufólkshóll«, í útnorður; þar var

rúst af gömlu fjárhúsi. Nær bænum í sömu átt voru tveir langir haugar eða hryggir, grasivaxnir, og var kallað »Eyvindarleiði«, og sagt, að þar lægi Eyvindur og kona hans heygð. Eyvindur var kallaður landnámsmaður. Í Landnámu er nefndur Eyvindur (bls. 319, stendur ekki í registrinu, hvorki í útg. O. S. nje V. Á.), — en Eyvindarstaðir voru einu sinni nefndir í Sturlungu — frændi Ingólfs og Steinunnar gömlu; hann fjekk hjá henni land milli Kópavogabjarga og Hvassahrauns; hans son var Egill faðir Þórarins. Þessi Eyvindur gat vel hafa fluzt á Álptanes og búið á Eyvindarstöðum, því fornmenn fóru svo víða um landið og þótti ekki mikið fyrir að fara töluverða vegalengd.

Huldufólkshólinn mátti aldrei slá að ofan, og þegar faðir minn kom að Eyvindarstöðum, þá var megn drauga- og álfatrú í öllu hverfinu, en fólkið sagði að allt hefði horfið, þegar faðir minn kom þangað. Samt hjelzt þessi trú við um allt nesið, og jeg man vel eptir að sagt var, að þeir Tómas í Bakkakoti og sjóliðar hans drukknaðir gengi allir skinnklæddir um Bakkakotsbakka í kafaldsbyljum. Þá trúðu menn ekki síður á Þorgarð, Sviðholtsdrauginn og Móra, og lifir þessi trú enn í dag hjá mörgum manni. Þá þóttust menn og ósjaldan heyra útburðargól í »skurðunum«, sem kallaðir voru; það voru kviksyndisálar, sem lágu úr Bessastaðatjörn og yfir í Akurgerðismýri eða Báruhaugseyrartjörn, illir og enda ófærir yfirferðar.

Fyrstu sjö árin mín á Eyvindarstöðum voru mjög tilbreytingarlítil. Á sumrin vorum við drengirnir látnir slá, og jeg fór á fætur með vinnumönnunum kl. 4. Þegar við vorum minni, þá reiddum við mó og sátum yfir kúnum eða vöktum stundum yfir túninu. Annars tókum við töluverðan þátt í verkum með fólkinu. Kennarar okkar gengu einnig að allri vinnu á sumrin. Kaupamenn

voru optast haldnir, og voru sumir skrítnar fígúrur og ekki miklir dugnaðarmenn, [svo sem Guðmundur í Sjávargötu; hann þóttist hafa verið í boði hjá Steingrími biskupi, og hafði um það þessa vitleysu: »Biskoppan hon sagðe lo!«] Þar var og um tíma Þorbjörn frá Öxnalæk, járnsmiður og haldinn sterkur, og þar var þá Jón sonur hans, sem var silfursmiður og dó í Reykjavík; hann var nokkru eldri en jeg og knárri, svo að jeg varð stundum undir í viðskiptum okkar.

Ekki hafði jeg mikið að segja af Reykjavík fyrstu árin, enda kvað ekki mikið að henni þá. Jeg hafði verið hjá móðurömmu minni um tíma, en man ekkert eptir þeirri veru. Jeg man eptir móðurömmu minni; hún var stór kona og fríð, og mjög stillileg, rjóð í kinnum og vel á sig komin. Svo var móðir mín einnig, en grannvaxnari, vel meðalhá og einna fríðust kvenna. Móðuramma mín var systir Ólafs gamla Ólafssonar, sem varð teiknimeistari á Kóngsbergi í Noregi og síðan stórþingismaður og Vasaorðuriddari; má lesa um hann í gömlu fjelagsritunum, Árbókum Espólíns og æfisögu Jóns Eiríkssonar. Ólafur gerði minningar-málverk eptir Jón Eiríksson, sem var stungið í kopar, og var það sumstaðar til hjer á landi allt til skamms, en nú hef jeg lengi ekki sjeð það. Það var og til hjá foreldrum mínum. [Í XI. bindi Lærdómslistafjel. (1790) bls. 309 stendur: »Á aðra síðu stólpans, skamt frá, birtist Ísland í mynd fátækrar kvennpersónu í rifnum klæðum« o. s. frv. Í riti sínu um mannfækkun af hallærinu á Íslandi (L. F. Rit XIV. b. bls. 223) segir Hannes biskup Finnsson: . . . »Þegar jeg eitt sinn sá Ísland málað í manns- eða konulíki, í svo götóttri heklu, að virðast mætti pardusfeldur, niður úr hverjum voru umhverfis rifnir hangandi

skikar. Slík sjón drepur alla meðaumkun, en kemur af stað viðbjóð og forakt« o. s. frv. — Þessi orð biskupsins, sem jeg fellst alveg á, líta líklega til þess málverks, sem getið er um í kvæðum Eggerts Ólafssonar bls. 107 (Ofsjónir) (því Eggert og Hannes voru engir vinir); en nú var málverk Ólafs »Transparent«, og jeg veit ekki hversu lengi það hefur varað, eða hvort copia hefur verið gerð af því. En fáir menn voru jafn fylgjandi tímanum og á undan honum um leið, eins og Hannes Finnsson, og hefur lengst af verið siður að ímynda Ísland sem aumast og afkáralegast, þótti jafnvel ekki annað hugsandi nje bjóðandi. En annars er óvíst hvort orð Hannesar eiga að líta til Ólafs myndar eða annarar, sem hann hefur sjeð. Hafi Ólafur annars málað Ísland þannig, þá gat það vel átt við. Því hvenær hefur Ísland verið öðruvísi til reika eptir aðferð Dana? Fyrir þessa mynd gerði Jón Þorlákssón þakkarljóð (Kvæði II, bls. 352) mjög ljelegt. — Um Ólaf talar Magnús Stephensen í æfisögu sinni (í Tímar. bkmf. IX. ári) mjög illa, og held jeg persónulegt hatur hafi stílað það og ýkt og rangfært víða, þó að eitthvað kunni að vera satt í því. Líklega hefur M. St. ekki fundizt hann nógu mjúkur við sig; en að hann komst svo til metorða í Noregi, sannar ekki vitnisburð Magnúsar um hann. Ólafur var alkunnur gáfumaður og latínuskáld; latinskt kvæði eptir hann um Jón Eiríksson er prentað aptan við æfisöguna, sem Bókmentafjelagið gaf út]. Um afa minn heyrði jeg lítið talað. Benedikt dó árið áður en jeg fæddist; en það sem sagt er um hann í Árbókum Espólíns, er óáreiðanlegt og bygt á miður góðgjarnlegnum sögusögnum, t. a. m. að getið hafi verið til, að hann hafi veikst af áhyggjum út af atferli Jörgensens. Jeg trúi betur föður mínum,

sem segir frá þessu allt öðruvísi í æfisögu hans fyrir framan kvæðin, eptir ömmu minni, því hún mátti þekkja það. Þá er og í æfisögu B. Th. geipað um að hann hafi verið í »Jörgensens-máli«, en slíkt mál var aldrei til, eins og sjá má af Árbókunum, og er þetta því illvilja þvaður. Enn fremur stendur í sögu Jörundar hundadagakóngs (sem aldrei var almennt nefndur svo), að afi minn hafi »ekki verið mikilmenni um skapsmuni«; það er satt, að hann gaf sig ekki mikið fram með stórbokkaskap, en engin ástæða er til að stíla þannig; enn fremur stendur þar, að afi minn og Guðm. Scheving hafi einna mest látið Jörund snúa sjer í kringum sig. Um afa minn eru þetta hrein ósannindi; hann ljet ekki meir snúa sjer en aðrir, og ekki meir en Magnús Stephensen sjálfur, sem ritaði undir með Jörundi, kallaði hann »Excellense« o. s. frv. (en »Landsforræder« þegar hann var kominn á höfuðið). Ekki lá hann heldur allra veikur, því hann sat í brúðkaupi foreldra minna í Viðey 1822. — Egill afi minn var lítill maður, og auðugastur allra á Suðurlandi að sögn; M. St. fóstraði föður minn og fjekk oft fje hjá Egli, og hafði þar að auki lánað hjá honum margar þúsundir ríkisdala; en þegar bankahrunið kom, þá frjettist það fyrst til Reykjavíkur, og þá sendi M. St. þegar mann suður með bankaseðla (sem þá voru einskis virði) til Egils og borgaði skuldina, en ljet taka skuldabrjefin, svo Egill missti þetta alt, og til þessa lítur það, sem Espólín segir: »Margir neyttu ríkismenn þá bragða, til að nýta sjer tíðina«, og svo getur hann um »ágreining« um »skuldaskipti etazráðs (M. St.) við Ara í Njarðvík (sem átti föðurömmu mína eptir Egil) ok allt af bankaseðlunum, er voru fallandi, þá hann svaraði þeim af hendi til þeirra, en þeir vildu ei kalla gilda«. — Þessi

ágreiningur hefur verið út af því fje, sem M. St. borgaði þannig með ónýtum seðlum. [Espólín segir um Egil: »Uggði hann mjök um fje sitt, ok fjekk af því áhyggjur svo stórar at dró hann til dauða«. Jeg sel þessa sögu ekki dýrra en jeg keypti hana. En það er víst, að jafnvel þó að faðir minn ávallt bæri mestu virðingu fyrir Magnúsi konferenzráði, þá var eins og einhver kuldi væri yfir því öllu; en um þetta peningavastur heyrði jeg hann aldrei tala].

Fyrstu árin mín á Eyvindarstöðum var okkur börnunum, Þuríði og mjer, lofað inn í Reykjavík, og vorum við um daginn hjá ömmu okkar. Þar kom Ólafur Hjaltested, og þá sagði amma mín við hann: »Þetta eru fallegir gestir«, — annað man jeg ekki, hvorki hvernig húsin litu út, nje Ólafur — nema mig minnir hann væri á kaffibrúnum kjól. Þegar fram liðu stundir, þá fórum við optar inn í Reykjavík, og jeg man eptir hversu merkilegt mjer þótti að sjá þennan dýrðarstað með rauðum húsaþökum, eins og þá var títt; víða voru grænir garðar og grindur, og hjelt jeg að þar væri sannkölluð paradís. Á fyrstu árum okkar á Eyvindarstöðum flutti amma mín til okkar og andaðist þar; liggur hún í Bessastaða-kirkjugarði. Föðuramma mín dó og hjá okkur, en ekki man jeg hvenær þetta var.

Faðir minn átti allmikið bókasafn, og las jeg allt sem jeg gat, fornsögur íslenzkar, latneska og gríska rithöfunda óvalið og óskipað, rit Magnúsar Stephensens o. s. frv.; Klausturpósturinn, Vinagleði og Minnisverð tíðindi, ásamt Gaman og alvara, voru með mínum fyrstu bókum; enn fremur Kvöldvökurnar, Gústafssaga og svo Fornaldarsögur og Noregskonungasögur. Einnig las jeg á dönsku það sem jeg náði í, en það var fyrst helst

Rahbeks lestrarbók og Þiðrikssaga af Bern, — hana höfðum við ekki á íslenzku; jeg var alveg hrifinn af þessari rómantisku dýrð, herklæðunum og drekunum. — Fornaldarsögur lásum við og hvað eptir annað, og okkur fannst eins og við kæmum inn í dýrðlegar töfrahallir, þegar við fengum að ljúka þeim upp. — Við Þuríður systir mín lásum allt, sem unt var; allar Elmquists Læsefrugter frá Stiptsbókasafninu, þaðan einnig Maanedsroser og ótal annað úr ýmsum áttum, ekki að gleyma »Hermóði«, stóru norsku tímariti í mörgum kvartbindum, sem Þórður Bjarnason í Sviðholti lánaði okkur. Þetta var allt þaullesið, og miklu meira; en þá hafði jeg engan smekk fyrir skáldskap, jeg hafði þvert á móti óbeit á öllum kvæðum eins og Byron (»when a boy, I could never bear to read any poetry whatever without disguest and reluctance«); samt held jeg að jeg hafi ort eitthvað, því að einu sinni fundum við Egill upp á því á fæðingardag föður míns, að færa honum minningarblað og kvæði; þar var máluð lukkugyðjan á hjóli og einhverjar vísur ritaðar á, sem jeg nú ekkert man. Náttúrlega var jeg höfuðmaðurinn í þessu, og var hlegið að okkur fyrir »demonstrationina«, sem raunar var von, því þetta átti að verða svo hátignarlegt, en varð komiskt. Í Sviðholti var *Björn Gunnlaugsson* og *Ragnheiður* kona hans, *Þórður Bjarnason* og hans kona *Guðlaug Aradóttir*, sem seinna giftist Birni. Þar þótti okkur gaman að koma, því að þar var mannmargt og fjörugt og ýmislegt að sjá; þar var einnig *Guðmundur Pjetursson* og kona hans *Ingigerður;* þeir Þórður og Guðmundur voru veikir og lágu alltaf í rúminu. Gunnlaugsen lá og alltaf í rúminu, þegar hann var heima. Einu sinni orti jeg kvæði til að fá að fara að Sviðholti; en úr

þessu eða öðru man jeg ekkert; einungis man jeg það, að mjer var mjög hægt um mál og stíl, sem ekki er furða, þegar maður fer að lesa undir eins og maður fer að sjá — en þó, hversu margir eru ekki til, sem lesið hafa eins mikið, og eru þó klaufar í málinu, hvort heldur er í bundnum stíl eða óbundnum? Er það þá meðfætt eða arfur?

Að Brekku kom jeg varla, þar var ekkert úngt fólk. *Ísleifur* etazráð kom stundum til okkar að Bessastöðum, en hann lifði skamma stund, eptir að við fluttum; hann var lítill vexti og snarplegur, snjóhvítur fyrir hærum og kallaði okkur »mola«; jeg man vel eptir honum. Þá var og »frúin á Brekku«, »junkerinn« (Gísli Einars) og »frökenin« (*Jórunn*, sem átti *Pál Melsted)* — allt þetta fólk var skoðað sem æðri verur eða einskonar aðall, og nálguðumst við það lítið. — *Skeving* kom að Eyvindarstöðum einu sinni á sumri; *Lector* í Lambhúsum nokkuð optar, því hann var ljettur á sjer; Gunnlaugsen aldrei á sumrin, því hann var að mæla. Einu sinni kom Lector og var sett fyrir hann brennivínsflaska, en hann hætti ekki fyr en hún var búin; þetta var um sumar og vatn mikið í mýrinni; við Egill vorum látnir fylgja Lector og óðum með hann fram og aptur um alla mýrina þvert og endilangt og duttum allir kylliflatir í tjarnirnar hvað eptir annað, þóttumst aldrei finna Lambhús, en Lector vissi ekki sitt rjúkandi ráð; loksins komum við þó þangað með hann og ösluðum aptur heim; þetta vildi annars sjaldan til með karlinn; samt var hann heldur ölkær, en hann var fjarskalega ómerkilegur. Á sumrin vorum við drengirnir látnir sitja yfir kúnum í mýrinni og stundum vöktum við yfir túninu um sláttinn, því hestagangur var allmikill á nesinu; annars var og vant að traða hest-

unum, og var stór hestatröð í útnorður frá túngarðinum og voru þeir þar reknir inn á nóttunni; vorum við drengirnir að því ásamt öðrum drengjum þar af bæjunum. Hinrik á Deild átti rauðan hest, meinfælinn, og reið jeg honum eitt kvöld þegar traðað var, og hafði Lárus Skeving fyrir aptan mig, en hesturinn fældist með mig og við slengdumst báðir af baki, en jeg leið í öngvit eða vissi ekki af mjer fyrr en jeg var kominn heim. Kom það þá fram, að hægri handleggurinn var genginn úr liði um ölnbogann og bólgnaði þegar allur upp, svo ekkert sást til liðamóta. Þetta var um fagra sumarnótt. Lector var sóttur, — því hann var skottulæknir skólans og annara þar á nesinu, en hann gerði ekkert annað en láta bandhnykil undir handkrikann á mjer, og svo var verið að toga, náttúrlega árangurslaust. Einnig var þegar sent yfir fjörðinn eptir Jóni landlækni, og kom hann, en ekki fyrr en eptir langa stund, sem nærri má geta; varð þá ekkert gert að þessu meir, og er handleggur minn hinn hægri síðan ekki beygjanlegur nema til hálfs. Þetta hefur ekki staðið mjer fyrir með verk, en það hefur gert mig frábitinn reiðum, enda hef jeg opt — ekki sízt á seinni árum — verið hæddur af ýmsum frakkaklæddum glópum fyrir það, að jeg þyrði ekki að ríða, því Íslendingum er tamt að brigzla mönnum um hugleysi, ef menn ekki asnast út í allt, en kalla það dugnað og hugrekki, ef menn slarka gegnum ófærur í heimsku og af tómri hundaheppni. Þessir menn hefðu naumast þorað að gera margt sem jeg hef gert.

Margir fyrirmenn komu að Eyvindarstöðum, enda var Álptanes í blóma sínum meðan skólinn var á Bessastöðum, þar sem alsett var menntuðum stórbæjum, sem höfðu allt aðra þýðingu en sjerstök kaupstaðarhús, þótt

setin væru af mentamönnum. *Steingrímur* biskup kom einstöku sinnum, *Helgi Thordarsen* stundum, hann var þá í Odda; *Jón Thorsteinsson* landlæknir ekki nema þegar hann var sóttur; *Ólafur sekreteri* í Viðey stundum, og var sem allur bærinn myndi hrynja fyrir hlátrinum og ræskingunum. Einu sinni man jeg til að *Bjarni Thorarensen* kom; jeg man eptir honum og sýndist mjer hann stærri en hann var í raun og veru, því að jeg var barn, en Bjarni bar sig hátt og ljet mikilmannlega; hann var á rauðum kjól, meðalmaður á hæð, baraxlaður og flatvaxinn; hann beiddi móður mína að spila á langspil, sem hún var ágætlega vel leikin í, og spilaði hún þá »Lyt Elskede, lyt«, en Bjarni söng undir. Þetta hefur verið 1836 eða 7; þá voru langspil alltíð á Álptanesi; í Mackenzies ferðabók er mynd af langspili með bumbu, alveg eins og móðir mín átti, með þrem strengjum; myndin er alveg rjett. Móðir mín var fræg fyrir þetta spil, hún ljek valsa og allskonar lög. Sum langspil voru ekki með bumbu, en einungis breiðari í þann endann sem hljóðopið var á og leikið yfir; strengirnir voru þrír en nótur settar einungis á þann strenginn sem næstur manni var og hæst var stemdur, þar næst var strengur einni octövu lægri og svo bassinn. Í bók Ólafs Davíðssonar um gátur og leiki og í Sunnanfara (nr. 6, 1893) er talað um langspil af töluverðum ókunnugleik (þar stendur og bls. 272 að M. St. hafi andast 1827!). Ólafur ætlar að þau sjeu alíslenzk að uppruna, en þau eru sjálfsagt komin frá Noregi og heita (eða hjetu) »Langeleg«, »Langeleik« og »Langspel« (I. Aasen). Um langspil er þessi vísa, líklega eptir Rósu:

„Netta fingur venur við
veifir slingur korða

hjartað stingur, fær ei frið,
fallega sýngur langspilið".

Bjarni var einhverju sinni á dansleik í Reykjavík um sumartíma, og um nóttina, þegar hann fór heim með öðrum fleirum, þá saung hann, en öllum þótti mesta skemtun að. Optast varð hann of drukkinn og einu sinni lokuðu kaupmenn hann inni í skáp, það var í klúbbnum. Eptir að hann var orðinn amtmaður þá var hann opt í brúðkaupsveizlum þar nyrðra; var það þá vani hans, að meðan á hjónavígslunni stóð, og framan af veizlunni, þá var hann á einkennisbúningi sínum, en síðan hvarf hann inn til sín og kom aptur á svörtum fötum og sagði: »amtmaðurinn beiddi að heilsa«. Þetta hefur verið á Möðruvöllum (sem þá var kölluð »Friðriks-gáfa«, samkvæmt sjervizku-hræsni úr Grími amtmanni, sem fjekk konungsleyfi fyrir þessari nafnbreytingu). —

Þetta er hið eina skipti, sem jeg man eptir Bjarna; samt er eins og hann sveimi fyrir mjer með loðna húfu — hann var ætíð kallaður »assessorinn á Gufunesi«; en hann hefur nýlega verið orðinn amtmaður, þegar hann kom til okkar. Bjarni var miklu ófríðari en mynd hans er í Gaimards ferðabók, og því hefur Grímur Thomsen ráðið því að myndinni var breytt í »Gæa« og er hún þar svipaðri Bjarna; myndin framan við kvæði hans er aptur gerð eptir myndinni hjá Gaimard og hefur aflagast enn meir, svo Bjarni er orðinn alltof smáfelldur, en samt sem áður gefur hún nokkra hugmynd um hann. Ólafur sekreteri var stór og digur og hafði ákaflega stórt andlit, var á honum höfðingjabragur; hann kallaði alltaf upp »fúror og risus«. Sjera Helgi hló einnig ákaflega hátt og hvellt, og var heil hátíð þegar þessir menn og aðrir komu. Jeg man og eptir að *Jónas Hallgrímsson* kom einu sinni,

þegar hann kom utanlands frá, hann var búlduleitur og fúllegur að sjá, og mjög hægur; *Pjetur Pjetursson* kom þegar hann var nýorðinn candidat, fjarskalega fínn, á kolsvörtum fötum og kjól gljáandi af fínleik, og svarta hanzka, sjálfur var hann dimmleitur með svart hár og skegg, en merkilegur sýnum. *Bjarni Jónsson* (rector) kom einusinni ríðandi og var svo langur að fæturnir tóku jörðina, sömuleiðis *Ari Arasen* á Flugumýri, þar fór eins. Jeg sá einnig *Ögmund Sivertsen*, hann var hár og magur, svo hold stóð á beini, og ljótur; þá hafði hann fengið styrk af stjórninni til að skoða steina hjer, og kom með hamar; en gullsi tók af honum hamarinn og var þar með lokið náttúruskoðuninni. [En Ögmundur var mesti slarkari og gengu af honum ýmsar sögur, því hann var heljarmenni að afli. Þeir voru saman í Höfn, hann og Bjarni rektor, annar risinn frá, og voru kumpánar Svenningsen, sem gerði rúmmálsfræði, sem um stund var höfð í skólum, einnig hjer, en S. var kennari við Borgardygðaskólann í Kristjánshöfn — allir þessir áttu opt í bardögum við slátrara, sem óðu þá mjög uppi og áttu í íllu við stúdenta. Fyrsta veturinn sem Ögm. var í Höfn, þá hafði honum verið boðið í samkvæmi, en af því hann átti ekki svört föt, þá varð hann að lána þau. Nú þegar hann fór heim um nóttina, þá var regn mikið, svo Ö. fór að hlaupa, þá bljes maður í pípu, og vildi taka Ö., en Ö. gerði sjer lítið fyrir og hengdi næturvörðinn upp á luktarstólpa, fór svo að hann var búinn að hengja 3—4 upp, þegar margir menn komu og báru hann ofurliði, og var farið með hann á lögregluhúsið, en er hann var spurður um þessa atburði, þá sagði hann að maður hefði komið og farið að spila á flautu svo hann hefði orðið hræddur og þóktist þurfa að verja sig

vegna fatanna; var Ö. síðan slept. Ýmsar sögur ganga og um það hvernig þeir hentu mönnum á milli sín yfir Billiard, og um Svenningsen þegar hann ætlaði að berjast við slátrarana (sem hann var opt beðinn um) þá heimtaði hann »den Islænder i den grönne Jakke« yrði með sjer. Einu sinni stóð Sv. í Stormgötunni og einblíndi upp á hús, en smásaman fór fólk að safnast þangað og horfa líka, en Sv. stóð alltaf þegjandi og glápti, og allt glápti líka; þá kom einn kunningi Sv. að og spurði hann á hvað hann væri að horfa. Sv. kvaðst einungis ætla að sjá hve margir bjánar væru í Khöfn. — hann var ekki að horfa á annað en húsið. Ögm. var leirskáld mikið og er ýmislegt prentað eptir hann í Skírni; hann gaf og út kvæðasafn, sem hann kallaði »Ögmundargetu« (1832), en á meðan á prentuninni stóð, þá lá Ögm. í franzós á spítala, svo að aðrir sáu um prófarkalesturinn; þar er eitt kvæði til Steingr. biskups, alvarlegt og ekki ólaglegt, með laginu »Hver Glædens Ven«, en mitt í einni vísunni kemur þetta: »Hvað á jeg nú hjer að rita, vinur, svo að verði auðn hjer ei, ofurlítið vísu grey« — höfðu Íslendingar skotið þessu inn af hrekk.] — Þá man jeg eptir *Tómasi Sæmundssyni*, hann kom ríðandi og braut túngarðinn, sagðist ekki kalla þetta tún; hann var á grænum frakka og rjóður í andliti; hann var þá með stóran pappírsvöndul undir hendinni og var það handrit til fimta árs Fjölnis; þeir faðir minn rifust eða disputeruðu allan daginn og fóru báðir saman heim að Bessastöðum. *Bjarni Thorsteinsson* (amtmaður) kom til okkar einhverntíma, en það var miklu seinna, nefnilega eftir að bindindisfjelagið var á komið, og var faðir minn í því þá, en Bjarni gerði gabb að fjelaginu. Þeir þjeruðust faðir minn og Bjarni, en hann

og móðir mín þúuðust, því að afi minn hafði styrkt Bjarna; heyrt hef jeg hann hafi fengið Bjarna úrið sitt, er hann hafði ekki annað fyrir hendi, og var það síðast. En eptir Bjarna látinn fanst eitthvað af kvæðum afa míns, sem aldrei hafa verið prentuð, að því mjer hefur verið sagt; en ekki hef jeg sjeð þetta, enda hafa hlutaðeigendur ekki skilað, og jeg ekki eptir sókst. Bjarni var lítill vexti, fríður sýnum, glaðlyndur, smáglettinn og hæðinn, gáfaður og vel að sjer. — Af öðrum mönnum man jeg eptir *Jóni lausamanni* á Langeyri, hann átti Trínu, sem var eins há og hæstu karlmenn; Jón var tölugur og fróður; hann var faðir Jóns prentara í Reykjavík, laungetins (sjá Sáslumæfir I. 126, 604); enn var *Jón á Hvaleyri, Helgason,* snikkari, hann kunni að segja margar átrúnaðarsögur; *Jón Norðfjörð* var enn, faðir sjera *Snorra;* hann var alltaf jafn glaður, alltaf mátulega drukkinn, og alltaf að spauga, magur og meðalmaður í minna lagi; hann var gamall vinur föður míns og sagði að það fallegasta, sem hann sæi í heiminum, væri flaska á borði hjá staupi. [Jeg man þegar Jón var að segja frá marsvínarekstrinum fyrir sunnan, þegar þeir bændahöfðingjarnir sátu á malarkambinum í ausandi regni að horfa á, votir innan sem utan].

Nú skal jeg minnast á þá, sem hjá okkur voru.

Sveinbjörn Hallgrímsson var hár og grannur, hrokkinhærður, skegglaus; nærsýnn og sá bezt í rökkri, sterkur held jeg hann hafi ekki verið, en allgóður til vinnu; hann var fljótgáfaður á mál, en ekki djúpsær eða vísindalegur; Sveinbjörn fór að Ytra-Hólmi til M. St.; hann skildi þýzku, frönsku og ensku, þá var mjög lesin Telemaque eptir Fenelon og Vicar af Wakefield eptir Goldsmith; þetta lærði Sveinbjörn af sjálfum sjer mjög

fljótt, en þessi mál voru ekki kend í skóla, og þótti þá fádæmi, að kunna nokkuð í þeim. Sveinbjörn ritaði og hið liprasta mál, og hafði hann það af föður mínum; hann þýddi þá fjölda af fallegum sögum, sem jeg veit ekkert hvað af hefur orðið. Hann kunni vel að velja það sem fagurt var og inndælt að lesa, og má nokkuð sjá það á dönsku lesbókinni eptir hann, sem er í rauninni bezta bókin í þeirri grein, sem vjer eigum. Í reikningi var Sveinbjörn ónýtur og allir okkar kennarar voru ónýtir reikningsmenn; Gunnlaugsen kendi einnig illa og var ekkert út í það farið; en faðir minn var ágætur í reikningi og hafði svo gaman af honum að hann fjekkst opt bæði við trigonometríu og stereometríu að óþörfu; hann dró og mjög vel upp matematiskar fígúrur. Þeir voru um tíma hjá okkur allir þrír í einu Hallgrímssynir: *Sveinbjörn, Lárus* og *Oddur*. Lárus hafði »valbrá«, þ. e. helmingurinn af andlitinu var eins og blámarinn; Lárus var sterkur og undarlegur, góður vinnumaður; hann varð miklu seinna dyravörður í Reykjavíkurskóla, og byggði hús (»Hólshúsið«) upp við Bakarastíg, en drakk of mikið og varð eins og sturlaður; seinast var hann á sveit og dó á Hliði hjá Kristjáni Matthiesen. — Oddur var makalaus á handahlaupum og stóð á höfði bæði á húsgöflum og hnífli á skipi er róið var, annars var hann enginn frækleikamaður, en eptirbátur Sveinbjarnar í öllu og mun jeg geta hans seinna. Guðrún, móðir þeirra bræðra og föðursystir mín, var að öllu merkis-kona og varð gömul mjög. —

Þorsteinn Jónsson frá Auðkúlu var góður meðalmaður á vöxt, þrekinn og sterkur; við kölluðum hann »Bodda« og hjeldum mjög upp á hann; hann varð fljótt gefinn fyrir kaupskap, en minna fyrir lærdóm, þótt hann yrði

stúdent og sigldi til Hafnar; þá var algengt að berja brjóstveiki við ef Íslendingum gekk ekki Hafnarveran, en ekki veit jeg hvað það var að marka. Þorsteinn sigldi og sendi okkur drengjunum leikföng, riddara og korða, og fjekkst slíkt þá ekki hjer á landi; eptir eitt ár kom hann aptur og var lengi hjá okkur. — *Þorlákur Jónsson* Reykjahlíðarbróðir var og um tíma, lítill og sterkur mjög; ekki man jeg annað um hann, en að hann dró einu sinni hestinn sinn á eyrunum upp úr mógröf. — *Guðmundur Jónsson* (»Guðm. frá Bóndhól«), seinna Grímseyjarprestur, var langur maður og óliðlega vaxinn, ekki lærdómsmaður, en kunni nóg skólalærdóm til að kenna; hann var búmaður mikill og frábær skotmaður, og varð það tilefni til þess að við fengum okkur byssur og vorum að skjóta, þegar við komumst höndum undir. Guðmundur var og góður sjómaður.

Á Eyvindarstöðum vaknaði hjá mjer laungun til náttúruvísinda, en í þeim var engin kensla, og enginn vissi neitt í þeim nema Gunnlaugsen í Physik; jeg var því aleinn míns liðs og las allt sem kló festi á, Büschings ágrip af »náttúruhistoriunni« í gömlu Fjelagsritunum og ritgjörðir Magnúsar Stephensens í Klausturpóstinum (Náttúruafbrigði og fyrirtök etc.) gerðu ákaflega mikil áhrif á mig; enn fremur náttúrusögu Funkes og Nielsens (á dönsku); faðir minn styrkti mig í þessu, og með því hann annaðist bókasafn skólans, þá fjekk jeg að njóta bóka og mynda þaðan; það var einkum dýrafræðin, sem dró mig, og þá var nýkomin út bók sú er Schouw og Eschricht gáfu út og nefndist »Afbildninger af Dyr og Planter«, voru þær myndir með því bezta sem hjer var að fá, þó þær sjeu í rauninni flestar óhafandi nú; einnig voru fleiri bækur, sem Frakkar höfðu gefið skólanum. Svo var

jeg alltaf að vaða í sjónum og kafa í mógröfum eptir pöddum, en mig vantaði alla hvöt til að læra og stýra; jeg safnaði ýmissri þekkingu, en hún varð mjer ekki að liði þá beinlínis, af því jeg var aleinn. Þá varð og tvennt það á þeim árum, sem gerði ekki lítil áhrif á mig. Það var Gaimards-ferðin og ferð Steenstrups. Jeg skal tala dálítið um þetta, þótt jeg engan þátt gæti tekið í því sjálfur, og ekki man jeg til að jeg sæi neinn af þessum útlendu mönnum, hvorki Gaimard nje Steenstrup. En jeg man að þeir komu að Eyvindarstöðum og Magnús Hákonarson með þeim, en jeg man einungis eptir mönnunum og hestunum, en ekki hverjir eða hvernig þeir voru.

Ferðin sem kend er við Gaimard, var kostuð af Frakkastjórn á árunum 1835—36 með miklum veg og er munur á henni og á öðrum lýsingum Islands. Páll Gaimard var eiginlega læknir, en ágætur náttúrufræðingur um leið og svo merkilegur, að Frakkastjórn hafði áður falið honum á hendur að vera fyrir rannsóknarferð til Suðurhafsins, með skipi því er »Urania« hjet ásamt öðrum náttúrufræðingi er Quoy hjet; og enn voru þessir menn á öðru rannsóknarskipi að nafni »Astrolabe« og eru stórar og dýrmætar myndabækur gefnar út um þessar ferðir. Nöfn Quoy og Gaimards eru fræg í dýrafræðinni og eru sum sjódýr nefnd eptir þeim. Skipið sem Frakkar sendu til Íslands hjet »La Recherche« (»Rannsóknin«), skipstjórinn hjet Trêhouart, og á því voru lærðir menn, náttúrufræðingar og málarar, undir forustu Gaimard, en hann spurði þegar upp hina lærðu menn vora, og voru þeim sendar óskrifaðar fallegar, bundnar bækur, sem ætlast var til að yrðu fylltar með athugasemdum um landið og sendar aftur, að jeg held; slíkar

bækur veit jeg til að allir kennararnir fengu, sjera Árni í Görðum, Steingrímur biskup, Jón landlæknir o. s. frv., en bæði var það, að þær voru ekki heimtar aptur og svo var ekkert um beðið eða fyrirlagt um þetta, svo engir sendu aptur bækurnar, enda var þeirra aldrei vitjað eða að þeim spurt; tvær bækur voru sendar hverjum og stóð á kjölnum »Voyage de la Recherche« og eitthvað meira. Eptir mörg ár ritaði faðir minn á þessar bækur ágrip af Lexicon poëticum og er það nú á Landsbókasafninu, meðal handrita föður míns. Á þessari ferð Frakka var öllum ósköpum safnað af allskonar hlutum, náttúrugripum og öðru og allt uppmálað af frábærri list og prýði og útgefið í Parísarborg, kostar sú bók mörg hundruð krónur. [Verk þetta er í mörgum hlutum:

1. Geologi, Mineralogi et Botanique, E. Robert, 1 bindi.
2. Astronomie, Physique et Magnetisme, par S. Lattin, 1 bindi.
3. Histoire de l' Islande, par X. Marmier, 1 bindi.
4. Litterature Islandaise, par X. Marmier, 1 bindi.
5. Zoologie, par E. Rabert, 1 bindi.
6. Histoire de Voyage, par P. Gaimard & E. Robert, 2 bindi, Par. 1850.
7. Atlas historique, Paris 1852, 2 bindi í stærsta folio, 150 myndir af mönnum, stöðum, fornleifum, verkfærum, búshlutum, búningum o. s. frv.
8. Atlas geographique, par E. Robert, Par. 1840, 36 pl. & 58 vignetter, 4to.
9. Atlas zoologique, 50 pl. grand folio.
10. Atlas physique, pr. M. Victir Lattin, 10 tabl.

(fæst nú fyrir 225 fr., en kostaði áður 500 fr.) Þó að ýmsar skoðanir í jarðfræði sjeu *nú* breyttar, þá hefur þetta verk gildi fyrir alla tíma, og allar myndir í því eru

hrein listaverk. Það er gefið Íslandi og geymt á bókasafninu, þáverandi »Stiftsbókasafni«, en ýmsar myndir merkra manna hafa horfið úr því á fyrri tímum. — Aldrei hefur annað eins verk um Ísland verið út gefið, og mun aldrei verða]. Frakkar sýndu hjer af sjer mikið göfuglyndi með því þeir gáfu ýmsa dýrmæta hluti skólanum, einkum bækur; þeir gáfu og stóran jarðarhnött úr skinni, sem er blásinn út og má leggja saman, ágætlega teiknaðan, og er hann til enn; einnig gáfu þeir ágætt skorkvikindasafn, sem nú er týnt. Þá sendi Frakkakonungur Steingrími biskupi ágætan söðul og algylta stundaklukku, sem ljek ýms lög með háum hljómi, og var okkur þá meiri vegur sýndur en nú, þegar ekki einungis útlendingar, heldur einnig íslenzkir stúdentar og »doktorar«, sem landið hefur kostað upp úr fátækt, gera sjer allt far um að rýra oss og enda hæðast að þeim, sem vilja halda fósturjörð sinni nokkuð fram. Frakkar höfðu aðalaðsetur sitt í Reykjavík, og athugunarstöð upp á túni hjá Læknishúsi, og þar á túnið settu þeir ferhyrndan granitstein stóran, sem þeir fluttu hingað til þess að láta verkfærin standa á; nú er búið að flytja steininn þaðan, og hafði Jakob Sveinsson síðast meðgjörð með hann, það jeg til veit. Þeir gáfu landlæknum tvo hnetti, jarðarhnött og himinhnött, og mátti blása þá út eins og skólahnöttinn, en þeir voru minni (skólahnötturinn var víst alin að þvermáli); þessir hnettir voru seldir á uppboðinu eptir landlæknirinn, og keypti dr. Jón Hjaltalín þá, og eru þeir horfnir síðan. — Þá kunni enginn hjer að tala frönsku og var latínan töluð við Frakka og komust menn vel af, þó sumt færi út um þúfur, og eru enn til sögur um það, sem raunar eru »lygasögur« flestar; [allt sem Frakkar kunnu ekki að nefna á latínu, kölluðu þeir

»instrumentum at hoe«, og bentu á það. Jón landlæknir var fljótur að hugsa og tala, og varð latínan stundum blandin t. a. m. »ridabant« (þ. e. riðu) & c.] Magnús Hákonarson var aðal-fylgdarmaður þeirra, og svo höfðu þeir ýmsa fleiri, og marga hesta og mikinn útbúnað — jafnvel tunnuker með spiritus, sem stóra fiska mátti geyma í. Páll Gaimard var snyrtimaður og leit á sig, þótt hann væri alúðlegur og lipur í viðmóti eins og Frökkum er títt; hann gaf hjer margar myndir af sjer, stungnar í stál, sumar stórar, sumar minni, og hengu þær hjer víða þá. — Eina sögu kann jeg um þetta, sem vert er að geyma. Söguna sagði mjer Jón Þórðarson (borgari, bróðir Guðm. á Hól og Sigurðar), sem var með Frökkum, þá um tvítugt, og var hann sjálfur með í ferðinni, sem hestadrengur. Frakkar fóru um Skaftafellssýslu, sem víðar, og fengu fylgd yfir Kúðafljót. Fljótið var illt yfirferðar eins og vötn eru þar, og má það ægja óvönum hjer, hvað þá heldur þeim mönnum, sem eru vanir öllum þægindum og hagkvæmum mannvirkjum. Eptir langa stund og marga króka og mikinn vaðal, komust þeir loksins yfir fljótið og settu tjöld sín hinumegin einhversstaðar og hvíldu sig; var fylgdarmaðurinn þar með. Þá sendi Gaimard túlk sinn til fylgdarmannsins og ljet spyrja hann hvað hann heimtaði fyrir fylgd sína yfir fljótið. Maðurinn kvaðst vilja fá tvö mörk. Túlkurinn fór aptur og sagði Gaimard þetta. Gaimard þótti þetta dýrt og sendi aptur, lætur segja manninum að þetta sje of mikið heimtað, hvort hann ekki geti gert sig ánægðan með minna. Maðurinn segist þá muni slá af og láta sjer nægja tuttugu og fjóra skildinga. Túlkurinn fer með þetta, en Gaimard þykir það enn of mikið, sendir túlkinn aptur og lætur spyrja manninn, hvort hann sje ófáanlegur til

að slá nokkuð af enn. Maðurinn segist þá skuli láta sjer nægja eitt mark, en svo segist hann ekki með nokkru móti geta slegið meir af. Með þetta er farið til Gaimards, en hann hristi höfuðið og sagði ekkert. Ljet hann síðan senda manninum heilan borðbúnað úr skygðu tini og átta spesiur. — Ferð Gaimards er hin frægasta sem hingað hefur verið farin af því tagi, enda kunnu Íslendingar í Höfn þá að meta hana með því þeir hjeldu Gaimard stórveizlu og fluttu honum eitthvert hið fegursta kvæði, sem ort hefur verið á íslenzka tungu; það gerði Jónas Hallgrímsson. Gaimard var þá í Kaupmannahöfn á ferð og sat í veizlunni; var kvæðið sungið, en Páll Melsted þýddi það á latínu fyrir Gaimard, en hann hafði komist við og tárast. [Jeg er sannfærður um að Jónas hefur fengið áhrif í þessu af kvæði Sigurðar Breiðfjörðs »Hvað fögur er mín feðrajörð«, sem er með sama lagi og skylt að efni; en þótt Sigurðar eigi að heita þýðing á kvæðinu »Hvor herligt er mitt Födeland«, þá er það í rauninni engin þýðing, en miklu fallegra að öllu leyti og getur fullkomlega gilt sem frumkvæði.

Veizlan stóð 16. jan. 1839. Daginn áður kom Þorgeir Guðmundsson og einhver annar inn á »Garð« til Jónasar, þar var þá hjá honum Páll Melsted. Þorgeir segir við Jónas: »við ætlum að halda Gaimard veizlu á morgun, nú verður þú endilega að yrkja eitthvað«. Jónas svaraði svo sem engu, og Þ. fór. Síðan gekk Jónas um gólf og var að raula eitthvað fyrir munni sjer. Páll skipti sjer ekkert af honum. Síðan settist Jónas niður og skrifaði þrjár fyrstu vísurnar, og þeytti frá sjer pennanum og sagði: »nú get jeg a . . . . ekki meir!« En um miðjan daginn eptir, var kvæðið komið prentað úr prentsmiðjunni. Þetta sagði Páll Melsted mjer 28. febrúar 1894.]

Þetta kvæði var »Þú stóðst á tindi Heklu hám«, og var það prentað á lausum blöðum með fátíðri prýði; kostaði sú prentun yfir 80 krónur. Kvæðið barst skjótt til Íslands og lærðu allir það ósjálfrátt og var það mjög sungið. En enginn efi er á, að þetta er eitt af þeim kvæðum, sem hvað mest hafa stutt að framförum landsins og andlegri styrkingu þjóðar vorrar. Páll Melsted flutti kvæðið heim og af honum lærðum við lagið; hann var lipur söngmaður og kendi okkur fleiri lög sem þá voru í afhaldi, bæði úr Fra Diavolo og fleiri stykkjum. Páll hafði töluverð áhrif á fegurðartilfinningu manna hjer. Páll Gaimard dvaldi síðan í París og hefur andazt eitthvað um 1860.

Það var eins og einhver zoologiskur andi liði í loptinu hjer á þessum árum, og er enginn efi á að þetta hefur haft áhrif á anda minn. Árin 1837 og 1839 voru þeir hjer á náttúruferðum Steenstrup og Jónas Hallgrímsson, og var með þeim *Björn Þorlákssón*, seinna prestur á Höskuldsstöðum († 1862). Ekki man jeg þó neitt eptir hinum tveimur, en Björn var víst þá í skóla og kom til okkar. Hann var mesta hermikráka og gleðimaður; hann tíndi og ýmislegt fyrir Steenstrup, og jeg man eptir »hýðisormunum«, sem hann var með (líklega Phryganea-lirfur); hann var og með smávaxna Priapulus candatus og kallaði þá maðkamæður. — Annars vissi jeg ekkert um ferðir þeirra; Steenstrup var samt miklu duglegri og fjörugri en Jónas, fór skinnklæddur í fjöru með sjómönnum vorum. [Lindýrin, sem Steenstrup fann hjer þá, voru að tölu 2500. Jónas ferðaðist 1837—39, og úr hans ferð fengust 300, eða 40 tegundir. Það mun hafa verið um þetta leyti, sem Íslendingar í Höfn (eða Konráð) orti þetta um Jónas:

„Keitu freyddi froðan rík
fuglamanns úr höfði,
situr hann greiddur seims hjá brík
sorgum sneyddur í Reykjavík“.

Líkaði Jónasi þetta hálfilla. Hann var þá kendur við einhverja kvennpersónu, sem hafði elt hann og komið á gluggann stundum. Torfi prentari (Þorgrímsson) var af sumum kendur Jónasi, en jeg veit ekkert meir um þetta]. En Jónas hafði töluverða þýðingu fyrir mig á annan hátt. Húskennari okkar, Guðmundur Jónsson, hafði ávallt annan fótinn í Reykjavík, og var meðal annars kunnugur Möller apotekara, bróðir frú Finsen gömlu og móðurbróðir þeirra Finsena, Vilhjálms, Hannesar, Óla og Valgerðar. Möller var teiknari góður, og kom Guðmundur þaðan með ýms smáblöð með fuglum á, sem Möller hafði teiknað eptir einhverju öðru; en þetta teiknaði jeg allt eptir og mundi náttúrlega nöfnin sem undir stóðu. [Jeg man t. a. m. alltaf Eurýlaimus coryden, Dentrocolaptes procurvus og ýmislegt fleira einmitt þaðan]. Sumarið eptir kom jeg einu sinni inn í Reykjavík; þar var Jónas Hallgrímsson þá og bjó í Hákonsens-húsi, einmitt í þeirri stofu, er jeg bjó í löngu seinna, útgrafinni rottuholu; hann hafði ekkert rúm, en svaf í »hvílupoka« grænlenzkum og tók það úr Grænlandssögu eptir Sigurð Breiðfjörð. Kom jeg þá til Jónasar af forvitni, en Jónas tók mig strax tali og tók fram þýzka myndabók og fór að spyrja mig út úr; jeg þekti þá því nær allar myndirnar, enda voru margar af þeim hinar sömu, sem jeg hafði sjálfur málað. Jónas hrósaði mjer og gaf mjer bókina, það var Naumanns Atlas der Naturgeschichte, og þótti mjer sem jeg hefði himin höndum tekið, bókin var raunar ekki öll, því þetta voru ekki nema hrygg-

dýrin, en faðir minn pantaði handa mjer alla bókina nokkru síðar, og varð hún ein af grundvöllum þekkingar minnar í náttúrufræði. —

Ein af þeim merkilegustu fígúrum í ungdæmi mínu var *Þórarinn á Brekku.* Hann var bókbindari og í kynni við alla heldri menn; sigldur var hann, og var sagt hann hefði aldrei getað lært annað en berja bækur. Hann var ákaflega völumæltur og hafði verið gerð um hann þessi vísa, sem var alkunn:

„Þórarinn með þunna nefið háa,
þyrils flauta þykkva strí,
þrettán völur neðan í".

Eina vísu fór Þórarinn með, sem ljet hann velta völunum óspart:

"Gísli á Eyri, hann gerir sem fleiri og gengur út,
merina reyrir, með reiptagli keyrir og rekur á hnút".

Hann batt illa, en var þó notaður á Álptanesi af því ekki var á öðru völ. Björn Þorláksson hermdi ágætlega eptir honum, og Egill bróðir minn. Stundum var hann fenginn heim til okkar að binda, og var honum illa við þegar við gengum um á meðan hann var að gylla, því þá fuku gullblöðin upp og Þórarinn sagði: »Verlið ekki að þessu krlakkarl«. Þórarinn hafði fyrst búið á Varmá, en fluttist síðan á Brekku og bjó þar í húsi sjer. En eptir að skólinn var fluttur til Reykjavíkur og allt Álptanes var orðið rúið, þá komst hann á vonarvöl og fór milli manna með kvæði, sem hann var að færa þeim, þó ekki væri hann skáld, hann orti og eptir föður minn, og er það prentað. Hann dó einhversstaðar fyrir sunnan.

Yfir höfuð var jeg frábærlega iðinn og starfsamur í

æskunni; ekki svo að jeg læsi mjög vel það sem jeg átti að læra, en jeg las allt sem jeg festi hendur á, teiknaði allt af náttúruhvöt, landkortasöfn hvað af öðru, bæði að fornu og nýju, þar á meðal öll D'villes kort yfir gamla heiminn, svo nærri má geta hvort jeg varð ekki stæltur í landafræðinni að sumu leyti. Svo bjó jeg og til bækur yfir dýrafræði, og teiknaði öll dýr, sem jeg las um, og setti á þau liti eptir lýsingum; náttúrlega var allt þetta vitlaust, en það æfði mig í að teikna. Eina slíka bók færði jeg sjera Árna í Görðum, og veit jeg ekki hvað af henni varð. Sjálfur sagði faðir minn mjer lítið til, nema hann ljet mig yrkja á latínu og hlýddi mjer yfir kverið, þegar jeg átti að ganga til prestsins; leiddist mjer það mest að jeg átti að læra utan að allar citattölur við ritningargreinarnar, en jeg var alltaf ónýtur að læra tölur; jeg fann þá upp á því, að skrifa upp tölurnar á miða, sem jeg setti einhversstaðar þar sem enginn sá hann nema jeg, annars gekk mjer ekki nema í meðallagi að læra kverið, því allur þululærdómur hefur verið mjer óhægur; eins og líka næmi er ekki nærri ætíð merki upp á gáfur eða æðra eðli andans. Faðir minn las líka með mjer grísku, og fyrst dæmisögur Esophusar, þær kunni jeg allar utan að, og var það þá alvarleg fyrirætlun mín, ef jeg ekki kynni við ferminguna, að þylja upp úr þeim. Jeg gekk til prestsins að Görðum með hinum börnunum af nesinu og var náttúrlega efstur. Faðir minn var gamall lærisveinn sjera Árna, og voru þeir virkta-vinir, enda báru allir virðingu fyrir stiptprófastinum, og opt kom jeg til hans. Sjera Árni var einhver hinn tignarlegasti maður sem jeg hef sjeð, og mynd hans er mjer ógleymanleg. Hann var alltaf jafnrólegur, aldrei daufur, hann var í því jafnvægi lífsins, sem mjög fáir ná; hann drakk stund-

um, en aldrei svo mikið að nokkuð yrði að fundið. Hann var einhver hinn fullkomnasti maður, sem hugsast getur, stór og höfðinglegur. Stundum var hann meinyrtur og glettinn í orðum, einkum ef hann var lítið kendur. Einhverju sinni komu þeir til hans Jón Þorleifsson og Steingrímur Thorsteinsson; þeir voru þá í skóla og voru vinir. Þeir komu að Görðum um sunnudag, en ekki fyr en messa var úti. Jón Þorleifsson fór þá að biðja prófastinn fyrirgefningar á að þeir kæmu svo seint. Þá sagði sjera Árni: »Það er fyrirgefið, og þó þið hefðuð aldrei komið«. — Sjera Matth. Jochumsson kom þangað og fór að tala um þýzka heimspeki, en sjera Árna mun ekki hafa þótt mikið til koma. Sjera Matthías var þá prestur í Móum á Kjalarnesi. Eptir að hann hafði látið heimspekisdæluna ganga, þá þegir sjera Árni um stund og segir loksins: »Fiskast mikið af hrokkelsum á Kjalarnesi núna?« —

Einu sinni fór Guðmundur Jónsson inn í Reykjavík og kom aptur með forskriptir eirstungnar. — Það var eins og augun í mjer lykjust upp, og allt í einu var jeg orðinn allt öðruvísi skrifari en jeg hafði áður verið, með því höndin var nógu liðug. Upp frá þessu hafði jeg engan frið, hvorki fyrir sjálfum mjer nje öðrum, jeg var alltaf að skrifa framan á bækur fyrir aðra, og fikta með pennanum fyrir sjálfan mig.

Þannig liðu sumrin og veturnir á víxl; ekki man jeg til að tíðin væri eins þung og hún þykir nú, enda var ekki búið að kenna fólki þann barlóm, sem það er nú svo útfarið í; það var ekki búið að kenna því að Ísland væri ekki annað en »eyðisker, sem enginn ætti að búa á«, og Ameríka hafði enn ekki opnað sitt farsældarskaut. Engu að síður hefur tíðin þá opt verið örðug, en jeg

fann það ekki, af því jeg þurfti ekki að hugsa fyrir lífinu. Jeg man eptir feikna frostum og snjóum, glerhálku og ógurlegum hretum, en jeg man betur eptir góðviðrunum; allt sýnist fegra fjær en nær. Jeg man eptir jóladeginum 1838; þá voru svo miklar þrumur og eldingar lengi um daginn, að allur himininn sýndist standa í einu báli og varð aldrei bil á milli; við sátum öll inni í stofunni á Eyvindarstöðum á meðan. Sjera Árni í Görðum sagði að það hefði verið sá hátíðlegasti jóladagur sem hann hefði lifað. Þessara óskapa getur Tómas Sæmundsson í 5ta ári Fjölnis, bls. 8 í frjettadálkinum.

Við lærðum heima á veturna og var kenslan ekki innifalin í öðru en manni var hlýtt yfir, en ekki önnur tilsögn, nema hvað faðir minn lagði fyrst út með mjer latínuna og gríska. Dönsku lærði jeg einungis af sjálfum mjer á bækur, og vel gat jeg ritað á dönsku, en jeg gat hvorki skilið hana talaða nje talað hana sjálfur fyrr en löngu seinna, með því að jeg hafði enga samgaungu við nokkurn danskan mann.

Á Eyvindarstöðum voru stundum lausamenn um tíma. Hjet einn þeirra *Jón Hermannsson*, lipur piltur og laglegur; hann ljet mig fá byssu með rauðu skapti og liðlega, það var fyrsta byssan mín, og aðra átti jeg ekki lengi fram eftir. Seinna fengum við einhversstaðar stóra pístólu, og vorum altaf að skjóta þegar við gátum, eða þegar jeg gaf mjer tíma frá teikningum og lestri, og hafði faðir minn ekkert á móti þessum skotförum, þótt hann sjálfur væri ekkert gefinn fyrir það. Nú voru Skevingsdrengir líka orðnir vaxnir, og vorum við opt saman, einkum vorum við Hans samrýmdir. Við ösluðum út um allar mýrar, út með öllum fjörum og enda stundum upp á hæðirnar fyrir ofan Garðahraun. Ekki

fórum við í rauninni neitt gapalega og vel lærðist okkur að fara með púður og högl, enda höfðum við sjaldgæfa fyrirmynd, þar sem var Guðmundur Jónsson, sá óviðjafnanlegi Nimrod. Einu sinni vildi samt það til, að við Egill vorum uppi á piltaloptinu með púður, jeg man ekki hvað við vorum að gera, en púðurhrúga lá á borðinu og kviknaði í, svo allt varð fullt af reyk, en hvellur kom ekki; þá heyrðum við til föður okkar í ganginum og ætlaði hann upp stigann, en hefur líklega ekki grunað neitt, heldur hefur hann ætlað upp af hendingu, en var samt mjög sjaldan vanur að koma upp þangað — en þegar við heyrðum til hans, þá hljóp Egill fram á stigagatið og datt í fang föður okkar, svo hann snjeri inn með hann og fór að stumra yfir honum, en púðurhistorían komst ekki upp.

Þorsteinn Jónsson fór frá okkur og settist að í Reykjavík; hann fjekk til sölu bækur eftir Øehlenschläger og þær keyptum við og gleyptum. Halldór Friðriksson sigldi til Kaupmannahafnar, og hafði verið hjá okkur áður en hann fór í skóla; hann keypti fyrir mig Weils þýðingu af Þúsund og einni nótt, og las jeg hana alla upp á eigin spýtur; þá var og send til skólans hin þýzka lestrarbók Hjorts, og fjekk jeg báða partana og las þá hvað eptir annað; þá lærði jeg fyrst að þekkja þýzkan skáldskap; »Lied von der Glocke« lærði jeg allt utan að, án þess jeg vissi, sömuleiðis önnur kvæði eptir Schiller og Goethe — jeg fann þá strax, þótt enginn vísaði mjer á þá; þegar jeg var einn úti með byssuna mína, þá var það orðinn vani minn, að raula fyrir mjer kvæði Goethes: »Im Felde schleich ich still und wild«. Þannig lærði jeg þýzku alveg kennslulaust, því hún var hvergi kennd hjer þá; jeg var ekki einungis viljugur að fletta

upp, heldur las jeg Grönbergs orðabók eins og skemtibók. Fleiri piltar tömdu sjer og þýzku á skólaárum mínum, til þess að geta lesið þýzka rithöfunda — þeir fundu ósjálfrátt það sem er, að Þjóðverjar eru hin mesta vísindaþjóð í heimi, og þar eru hin mestu skáld síðari tíma; en nú er þýzkan höfð útundan, eitthvað fítlað við hana til málamynda, og svo gutlað við frakknesku og ensku, og má nærri geta, hvað piltarnir verði að sjer í öllum þessum graut, enda voru Bessastaða-piltar betur að sjer — vissu ekki eins margt, en betur, og voru þar að auki ekki eins sjálfbyrgingslegir eins og menn nú eru orðnir, af því menn halda að menn verði því meiri, því fleira sem gutlað er í, læra ekki til annars en geta bullað á ensku eða frönsku við ferðamenn, sem þó optast eru ómentaðir flakkarar, en áður lærðu menn til að auka þekkingu sína og geta notið ágætra verka. Aldrei gleymi jeg sögu Schillers um fráfall Niðurlandanna, nje ferðasögu Martiusar í Brasilíu, þetta og fleira hef jeg margoft lesið síðan í öðrum útgáfum. — Hin önnur systkini mín voru og vel gáfuð; Þuríður ákaflega mikið fyrir bækur og skáldskap — miklu meira en jeg var þá; Egill var ágætlega gáfaður, en ekki gefinn fyrir lærdóm; hann lærði hann af hlýðni, en hætti við hann seinna, þó hann vel hefði getað orðið stúdent, því hann hafði lesið allan skóla-cursus.

Ýmsum piltum var komið fyrir hjá föður mínum til læringar, þar á meðal var *Eiríkur Kúld*, sem seinna varð mágur minn; hann var fluggáfaður, sjerlega lipur og vel iðinn, ágætasti examenmaður og alltaf efstur í skólanum. — Á hverju kveldi var lesið, og sungnir sálmar; faðir minn las optast sjálfur og var forsaungvari okkar. Mikið var þá um saung á Eyvindarstöðum; við

börnin vorum öll lagviss og höfðum góð hljóð; Egill var þar mestur, sungum við venjulega í rökkrunum, en faðir okkar spilaði á flautu; móðir mín stundum á langspil. Opt komu og skólapiltar frá Bessastöðum og súngu, voru sumir þeirra ágætir raddmenn.

Veizlur eða gildi voru aldrei hjá okkur nema við sjerstök tækifæri. Hin helzta veizla var brúðkaup Eiríks Kúlds og Þuríðar systur minnar; veizla var og haldin fyrir Eyvind leigulíða föður míns og Margrjetu, þau bjuggu í Eyvindarkoti og voru bæði heimsk og drukku bæði; Eyvindur varð seinna vitlaus. Einhver erfidrykkja var og haldin eptir föðurömmu mína, en jeg man annars ekkert eptir þessum veizlum. Áfengan drykk get jeg ekki talið að jeg hafi smakkað fyrr en jeg var fimm um tvítugt; kom það ekki til af því að það væri bannað, en þá voru aðrir siðir en nú. Bindindisfjelagið, sem stofnað var á þessum árum, gerði engin áhrif á þá, sem ekkert fóru með vín hvort sem var, en spillti stórum öllu þegar fram í sótti, eins og slík afkárafyrirtæki gera. —

Fyrir ofan Hafnarfjörð er Urriðakot, þar bjó Páll, sem við kölluðum Pál klarinet; hann var hugvitsmaður og hagur, sérvitur og saunglaginn og bjó til ýmislegt tildur, þar á meðal tóbakskvörn, sem hann hafði í vasanum, og malaði með henni tóbakið jafnóðum sem hann ljet í nefið, það var lítið látúnshylki og standur í með stálplötu hrufóttri, eins og oblátuþrykkjari; þótti þetta merkilegt. Páll átti klarinet og kom stundum með það og spilaði sálmalög, einkum: »Allir dagar eiga kvöld um síðir«. Hann bjó einnig til fyrir mig stundaklukku, og voru hjólin úr trje, en langur hengill og þungt blýlóð, og gekk hún rjett og vel; en faðir minn gaf honum peninga fyrir. [Páll fór síðan til Reykjavíkur og gætti

þar kirkjuklukknanna; hann hefur andazt einhversstaðar á Selsbæjunum]. Annars var jeg nokkuð hneigður fyrir að eignast ýmsa óþarfa hluti. Páll Bjarnason, af Sviðholtsætt, bjó í Haugshúsum, hann var koparsmiður og skytta. Einu sinni hafði jeg beðið hann um að búa til fyrir mig bjöllu — alveg í barnaskap, því jeg var þá eitthvað tíu vetra; gerði jeg þetta að fornspurðum foreldrum mínum. Nokkru seinna kom Páll með klukkuna og kostaði hún þá eitthvað í peningum, sem faðir minn varð að borga, en jeg fjekk ávítur og ofanígjöf fyrir »brutl«, og var sagt um mig þá þetta: »af litlu má manninn marka«; þetta særði mig svo, að jeg hef aldrei gleymt því. — Eitt sumar í inndælu veðri fórum við upp á heiðarnar fyrir ofan Hafnarfjörð, Hans Skeving, Egill og jeg, með byssur náttúrlega, og höfðum við með okkur klarinett, sem Páll hafði búið til og gefið okkur; ekkert lag varð leikið á það, því það var svo stutt og götin ekki nema tvö eða þrjú, það var eins og Valdhorn og hljóðaði hátt. Vorum við þarna allan daginn og skutum ekkert; um kvöldið vorum við í Vífilsstaðahlíð einhversstaðar þar sem snarbratt var og allt lýngi vaxið, og sáum við ekki hvað við mundi taka fyrir neðan; fengum við Egil þá til að velta sjer ofan til að kanna dýpið, og kallaði hann upp til okkar og svo veltum við okkur ofan og hjeldum heim og skutum úr byssunum og örguðum á klarinettið.

Jeg þekkti marga pilta, því þeir komu opt til kennaranna, og man jeg þó eptir fáum þeirra. Þá var það siður, að kennararnir tóku sjer »famulus«, var til þess valinn einhver efnilegur piltur, sem átti að koma með »kompurnar«, biðja um frí og þesskonar; þessir piltar voru handgengnari kennurunum en hinir. Bjarni Sveinsson

var »famulus« föður míns; ekki man jeg hvað lengi það var eða hvort til þess voru valdir eingöngu dimittendar. Jeg kom opt í skólann meðan jeg var á Bessastöðum og voru piltar mikið góðir við mig; Pjetur Guðjohnssen smíðaði handa mjer fiolin, náttúrlega úr heilu trje; Pjetur var snyrtimaður mikill og gekk á grænni treyju með gyltum hnöppum. Jeg man og eptir Pjetri Hafstein, hann var stór og fallegur; einu sinni óð hann í háls út í tjörnina eptir knetti, sem stökk þangað í knattleik, sem piltar voru opt í á sjóbúðarflötinni, og í annað sinn bar hann mig á háhesti og óð með mig út í sjóinn upp í háls. Annars var eitthvað vilt og berserkslegt við Pjetur; hann var fluggáfagur og latínumaður mikill. Jeg man og eptir Jóni Pjeturssyni, hann átti einu sinni að skrifa eitthvert skjal fyrir föður minn — jeg held það hafi verið um sumar — en skrifaði vitlaust hvað eptir annað og ataði allt út í bleki, þá hef jeg sjeð föður minn einna reiðastan, því hann skammaði Jón, en Jón var stiltur eins og ljós. Ekkert man jeg eptir Magnúsi Eiríkssyni; en jeg vissi til þess að einu sinni í examine, var hann uppi í sögu og spurði faðir minn hann, hver hefði komið til ríkis eptir Cyrus, en Magnús sagði:

„Hilmir eptir heims um vjes
hnje frá baugi rauðum,
kom til ríkis Cambyses
að kóngi Cyro dauðum“.

Stóð hann sig vel og fór síðan út til móður minnar og kvað Úlfars-rímur. — Ekki man jeg heldur eptir Arngrími Bjarnasyni fyr en seinna; hann var flugnæmur, en nautheimskur; einu sinni í söguprófi átti hann að segja frá Alexander mikla og kunni allt reiprennandi; þegar hann var búinn að ryðja úr sjer, þá

segir faðir minn: »heldurðu nú að þetta sje satt Arngrímur?« — »O ekki held jeg nú það«, sagði Arngrímur. Hann fjekk lægri einkunn í staðinn. — Þetta hefur allt verið á fyrstu barnsárum mínum, laungu áður en jeg fór að Eyvindarstöðum. Um það leyti (1835) kom Müller hjer, sem getið er um í fyrsta ári Fjölnis, og kallaður var hebreski Müller, guðfræðingur frá Kaupmannahöfn; jeg man aðeins eptir honum, en hann flutti hingað ýmislegt um Grikki, sem þá höfðu nýlega staðið í frelsisstríðinu, og lærðum við grískar vísur, sem hann kom með, og lög við, sem við sungum; ein var um Markús Bozzaris. Aðra vísu man jeg, en jeg hef aldrei skilið neitt í henni, líklega af því hún er nýgrísk, en jeg man hana enn og lögin við báðar. Þá voru og okkur börnunum gefnar litmyndir, sem táknuðu hryðjuverkin úr Grikkja-stríðinu, það gerði Jueles, kaupmaður í Hafnarfirði, og myndir fengum við um Rússastríð við Tyrki — jeg man eptir »Parcheviz Erivansky«, en þær myndir voru miklu lakari.

Einnig var það siður að bjóða nokkrum piltum á hátíðum og voru þeir um alla hátíðisdagana; þótti okkur þetta mikið gaman og hátíðlegt; man jeg þegar búið var að þvo öll gólf og strá allt með sandi, og svo var komið frá kvöldsaung um jólin og nýjárið. Við fengum jólakerti og þá voru steypt kóngaljós. Hátíðlegt var og þegar kálfur var skorinn, að fá kálfsblóð til að skrifa með, en það sortnaði optast brátt. Jeg hef áður minnst á Eyvindarstaðajörð; ekki er neitt merkilegt að segja um búskapinn; hann var svona í meðallagi, heldur góður og umfangsmikill að tiltölu; kýr voru fjórar minnir mig; ekkert naut var á Álptanesi, en jeg man eptir bola á Bessastöðum, sem elti okkur Þuríði, við höfðum Egil á milli

okkar. Nautin sem notuð voru, voru á Bústöðum eða einhversstaðar á þeim bæjum. Hestar voru ekki nema fyrst ein hryssa, sem hjet Kúfa; hún var kúfótt og gæf; seinna var önnur bleik, sem hjet Bleikkolla og var hinn versti gripur viðureignar, beit og sló og voru opt vandræði að ná henni; einu sinni var það gert með vað og mannsöfnuði. Blesóttur foli var alinn upp á Eyvindarstöðum og hafður á veturnar inni í kethúsi, hann var fallegur og allgóður reiðhestur. Foreldrar mínir fóru sjaldan heiman, sízt lángt og varla nema inn í Reykjavík; einu sinni fór jeg með föður mínum inn í Viðey, þegar við vorum á Bessastöðum; jeg man eptir því, það var um sunnudag og vorum við þar við kirkju, sekreterinn var forsaungvari og beljaði ógurlega; ekkert man jeg hver messaði, en jeg man eptir Heljarkinn og háu grænu grasi. Þá fór jeg einu sinni að Lambastöðum með föður mínum; þar var þá Oddsen og var mikil vinátta með þeim föður mínum; þá var blæjalogn og jeg man að faðir minn lypti mjer út fyrir borðstokkinn og jeg horfði í grængolandi sjóinn. Ekkert man jeg Oddsen, og ekki eptir Lambastöðum, en þá voru þar sömu hús og enn, nema hvað allt hefur gengið af sjer. Einu sinni fóru foreldrar mínir að Ytra-Hólmi, þar var vinátta mikil milli foreldra minna og Sr. Hannesar og frú Þórunnar, við vorum þá á Eyvindarstöðum og vorum við drengirnir heima. Guðrún Johnsen þjónaði okkur; hún var systir Bjarna rektors og síðar kona Magnúsar Grímssonar; hún var nöldursöm og ömurleg, og ekki frýnileg þegar við vorum votir, sem ósjaldan bar við. Þetta var um vor og var nýþiðnað, en tjörn djúp var vestur við túngarðinn innangarðs; fórum við Egill þá og sömdum við Guðrúnu að við skyldum vaða, en hún

skyldi ekki verða mjög ill; síðan fórum við og óðum í tjörninni allan daginn og komum heim alvotir, en þá vildi svo óheppilega til, að við mættum foreldrum okkar á hlaðinu og komu þau þá einmitt heim frá Hólmi. Við fengum raunar engar ávítur, en okkur þótti leiðinlegt að svona skyldi tiltakast, af því við ætluðumst ekki til að þeir einmitt kæmu meðan við vorum í þessu drasli. — Hundur einn var á Eyvindarstöðum, sem hjet Comes, og kettir tveir eða þrír. Eptir að við fyrst vorum komin að Eyvindarstöðum, þá fengum við að fara í berjaheiði á sumrin með stúlkunum, var þá ætíð mikið um undirbúning mörgum dögum áður, og tilhlökkun. Á túninu tíndum við lokasjóð og höfðum fræhúsin fyrir peninga, sömuleiðis notuðum við fíflaleggina og gerðum úr þeim hringfestar; þá söfnuðum við og fræjunum af Polygonum viviparum út um allt og fylltum með þeim ýms ílát; á melunum óx mikið af Silene infata, og kölluðum við það »flugnablómstur«, af því flugur voru optast inni í þeim og hleyptum við þeim út. Í mýrarjaðrinum nálægt huldufólkshólnum óx mjaðurt (Spiræa ulmaria) og var hún í miklum metum vegna ilmsins. — Á sumrin var og farið í sölvafjöru og þangfjöru. Á veturnar var ullarvinna, og stundum ofið og fenginn til þess einhver utanhúss; á kvöldin voru og lesnar sögur, allar sem til voru á íslenzku; opt voru og sögur sagðar í rökkrinu og gerðu það ýmsir, og sumar vinnukonurnar og föðuramma mín, hún kendi okkur söguna af Gilitrutt; Þorsteinn Jónsson (frá Auðkúlu) sagði sögu af »keflunum rauðu«, og jeg hef aldrei sjeð hana nokkurstaðar nefnda; jeg man einungis eptir hvað okkur þótti sagan falleg, enda var það ekki lítil sæla þegar við hreiðruðum okkur öll í kringum sögumanninn í rökkrinu og fengum að heyra um

öll þessi undur. Að bægja alveg á burtu þessari rómantisku fantasiu, er afkáraskapur einn, því þetta er ein af ástgjöfum náttúrunnar, og þegar Realistarnir eða Materialistarnir eru búnir að útrýma því, þá er allt tómt, enginn skáldskapur til. [Jeg var þá þegar farinn að yrkja. Jeg komst meðal annars yfir eitthvað af Oehlenschlägers kvæðum, sem gerðu mikil áhrif á mig. Jeg þýddi eina vísu, sem sýnir að hið dæmoniska lá nærri mjer, og um leið að trúin á helvíti var líklega engin.

Oehlenschläger segir:

I Helved gale Haner,
ei Nattegal og Lærkelil,
der svömme sorte Svaner
paa Vand som er af Svol og Ild
og lummert brænder Grunden,
der vifter ei den mindste Vind,
derfor i Midnatsstunden
vi bade os i Maaneskin.

Þá orti jeg:

Hátt í helvíti gala
hanar um miðja nóttu,
nje heyrast þar niðfagrir
næturgala saungvar.
Álptir svartar synda
á sæ eldvi blanda,
brennisteinsgusur bruna
brennheitum upp úr sverði.

Raunar er þetta engin þýðing, en það sýnir styrk í málinu hjá 12 vetra gömlum dreng].

Fyrir utan þessar skemtanir höfðum við ýmsa leiki, skollaleik, skessuleik, risaleik og knattleik; við höfðum og boga og skutum til marks; smáhús bjuggum við til úr spýtum og máluðum þau utan, ljetum þau vera á mógrafabökkum eins og staði eða borgir, en skip okkar flutu fyrir framan, tilbúin úr flotholtsflám og þótti mikil hátíð að eignast »bjúghníf«, til að hola innan með. Einusinni fengum við að fara inn í Reykjavík; þar var þá Carl Andersen hjá Jónassen assessor, er var mikill vinur föður míns þá; af Carli keyptum við skip fyrir einn dal, sem jeg ekki man hvernig var goldinn; en sjálfsagt hefur faðir okkar gefið okkur hann; þetta skip skírði jeg og

kallaði »Hermóð«; það var vel úr garði gert, með rá og reiða, og stórt í samanburði við flotholts báta okkar, hjer um bil alin á lengd, og áttum við það lengi. — Aldrei lærði jeg að renna mjer á skautum, og kom það ekki til af neinu öðru en því, að jeg hef aldrei nennt að gera neitt, ef jeg hef ekki komist upp á það strax. Þar á móti var jeg hinn kappsamasti áflogahundur og fjarskalega óhlífinn og að því alveg ólíkur föður mínum, því hann var eins og ljós, hinn hógværasti og stiltasti maður einn sem jeg man eptir, bæði í orði og verki, en jeg var orðhákur mikill og stóryrtur, sóttist eptir að gera sem mest áhrif með sterkum orðatiltækjum, og hefði jeg lifað á miðöldunum, þá hefði jeg verið stórbokki og staðið í sífeldum vígaferlum og manndrápum; jeg ljet aldrei hlut minn fyrir neinum og ekkert var jeg hræddur við nema að verða undir; sterkur var jeg ekki, en ákaflega harður og fylginn mjer, aldrei klagaði jeg neinn, því jeg varð að eiga allt undir sjálfum mjer, þar sem enginn hjelt með mjer, en fyrir föður minn komu þessar sakir aldrei. En allt þetta voru eintóm bernskubrögð, aldrei svik eða dylgjur, nje flækingur, því jeg var altaf blátt áfram og hreinn í lund. En þetta fór smámsaman af mjer, þótt jeg væri raunar allmikið gefinn fyrir áflog meðan jeg var í skólanum. Einu sinni vorum við að binda hey úti á túni; jeg var þá eitthvað sextán vetra og vel þroskaður; vinnumaður var hjá okkur sem hjet Þorkell, langur og luralegur, og átti jeg að láta upp á móti honum; gekk mjer illa að koma sátunni á klakkinn og stóð hann undir sinni sátu á meðan, og kallaði mig löðurmenni; en mjer rann í skap og einhenti jeg þá sátunni yfir hestinn og á Þorkel svo hann datt og breinglaðist eitthvað í fætinum; bjóst hann nú til að staulast heim til að klaga mig, en

jeg tók á rás og henti mig heim í loptinu og sagði móður minni frá því sem gerst hafði og klagaði sjálfan mig; varð svo ekkert úr neinu.

Ef jeg ætti að telja upp alla þá menn sem til okkar komu og fyrir mig báru, þá yrði jeg að telja upp því nær alla heldri menn á landinu, og mjer er það ómögulegt, enda man jeg þá ekki alla og suma ekki nema að nafninu til. Jeg skal nú bæta nokkru við það sem áður er minnst á í þessu efni, og ekki einungis um heldri menn, heldur einnig um almúgafólkið, því sumt af því var að engu ómerkilegra.

Í Reykjavík bjó Stefán Gunnlaugsen landfógeti, hann var giptur Ragnhildi móðursystur minni og áttu þau nokkur börn saman, en ekki man jeg eptir neinu þeirra nema Ólafi. Stefán Gunnlaugsen bjó í húsi fyrir ofan lækinn og var þar vel hátt undir lopt, svo hvergi var hærra í prívathúsum hjer á landi þá, upp úr þessu húsi bygði Smith kaupmaður miklu seinna, en grindin í gamla húsinu stóð óskert. Sæmundur frændi Stefáns landfógeta ólst upp hjá honum og var lítill aldursmunur á okkur bræðrum tveim og Ólafi og Sæmundi; þótti okkur gaman að koma til þeirra, því þeir voru fjörugir og áttu margt, sem var nýstárlegt fyrir okkur. Stefán Gunnlaugsen var lítill maður og hvatlegur, mjög skrítinn í málfæri og alltaf á hlaupum og iði; hann var mjög einrænn og undarlegur, góður embættismaður, mesti reglumaður. Einusinni þegar hann var á skrifstofu sinni, þá sást til tveggja fyrirmanna, sem komu neðan úr bænum og upp stíginn sem liggur upp að húsinu; jeg man ekki hver var þá skrifari hjá Stefáni. Þá lauk landfógetinn upp jarðabótasjóðnum og tók upp peningahrúgurnar og fleygði þeim á gólfið út um allt, lýkur síðan upp dyrunum og

segir við komumenn: »mínir herrar! þið sjáið að hjer er mikið að gjöra, lítið á gólfið, jeg hef engan tíma til að tala við ykkur« — og skellti hurðinni í lás, en hinir fóru. Eptir að Ragnhildur dó, þá kvæntist Stefán Jórunni, sem var vinnukona hjá honum og áður skólaþjónusta, ómenntuð og skass, og átti með henni börn sem ekki þrifust, og skildi við hana síðan og fór til Kaupmannahafnar og lifði þar lengi í einlífi og var mjög undarlegur. Jórunn var nokkra stund eptir í húsinu og átti í stríði við Vilhjálm Finsen, sem þá var bæjarfógeti, og var honum örðug og stríðin. Bertel hjet annar sonur Stefáns, með Ragnhildi, en miklu yngri en Ólafur; Bertel fór til útlanda og flakkaði víða, til Asíu og Egyptalands, var stundum katólskur, en stundum Múhamedsmaður og fljótur að læra mál, seinast var hann kominn til Ameríku. Jeg sá hann aldrei og þekti hann ekkert. Ólafur Gunnlaugsen var langur og grannur, fínn mjög og óíslenzkulegur, samdi sig eptir Frökkum þá þegar, sem seinna kom fram; hann var fluggáfaður að sumu leyti, en ekki djúpsær, ekki stöðugleika nje rannsóknarmaður, og ekkert gefinn fyrir að vera í náttúrunni og var það afleiðing bæjarlífsins í Reykjavík; svo var og einnig Sæmundur, en hann var hægari og blíðari. Þar hjá þeim drengjunum voru ýmsar myndabækur, sem við fengum lánaðar og gerðu þær mikil áhrif á mig; það var t. a. m. »Naturens og Kunstens Tempel«, og »Billedgalleri over alle Nationer« með litmyndum þýzkum og á því máli voru skýringarnar fyrir neðan, svo jeg lærði þýzk orð snemma — eptir þessu var jeg opt að teikna, þótt myndir þessar væru engin listaverk, og horfðum við á þetta eins og einhvern töfraheim. Úr því jeg er að tala um þetta, þá verð jeg að minnast á aðra bók, sem hafði mjög mikil

áhrif á mig, það var þykkur skrjóður, sem við kölluðum »Doðrantinn«, hvaðan hann kom, veit jeg ekki, en hann var til á Bessastöðum og Eyvindarstöðum og var loksins seldur á bókauppboði eptir föður minn og hvarf svo. Í honum var saga um styrjöldina milli Austurríkis og Tyrkjalands á dögum Leopolds 1sta og Múhameds 4ða 1663—1699, og var á þýzku, með fjarska mörgum myndum, sumar stúngnar í eir en margar voru skornar í trje og grófar mjög; þar var öll hirð Tyrkjaveldis og yfirmenn hersins, myndir af Vínarborg og mörgum stöðum í Ungverjalandi og Tyrkjalandi; man jeg þar eptir Amúrates IV. eða Murad og höfðum við einhversstaðar frá að hann hafi maðkað lifandi; þar var »Rustan Bassa«, Leopold 1sti, Ernst Rüdiger von Stahrenberg — eptir öllum þessum man jeg vel. Ekkert málaði jeg eptir þessu, en það gaf mjer hugmynd um heiminn, og þessi bók var einskonar ættarfylgja sem ekki hefði átt að tapast. Þá var annað sem ekki gerði minni áhrif á mig, það var Ovidius í þremur bindum (cd. Cnipping Amstelod. 1680 c); þar var mynd Ovidiusar og myndir við hverja bók. Metamorphoicen, og varð jeg á því kunnugur goðafræðinni um leið — fleiri myndir voru á sumum bókum föður míns, sem jeg man eptir; þar á meðal Niebuhr í »Beschreibung von Arabien« (1772). — Gunnlaugsens-drengir fengust og við teikningar, en þeir höfðu minni gáfu til þess en jeg; ekki má jeg heldur gleyma því, að Björn Gunnlaugsen í Sviðholti kunni að teikna, þótt það helzt væri kort, eða þá staðamyndir eptir mælingarreglum og stirðlegar mjög; en engu að síður hafði þetta nokkur áhrif á mig; Björn átti »perspektiv«-stokk og fylgdu honum nokkrar staðamyndir danskar, man jeg eptir »den chinesiske Pavillon i Fred-

riksberg Have« (sem jeg sá laungu seinna í Danmörku), »Jernbroen over Sunderlund«, »Eddystone Fyrtaarn«, opfört af Smeaton o. s. frv. Þetta stóð undir myndunum; þetta fengum við stundum lánað og ennfremur dálitla bók með dýramyndum eptir Gebauer, hana teiknaði jeg alla saman og held jeg það hafi verið það fyrsta sem jeg sá af því tagi; sú bók var seld á uppboðinu eptir Gunulaugsen og fjekk hana einhver maður að austan; önnur bók var í Sviðholti, sem við lásum mikið, hún hjet »Titania eller Tryllelandet«, æfintýrasögur með myndum, þessari bók náði jeg að þeim hjónum liðnum og á jeg hana nú, en titilblaðið vantar og nokkur fleiri blöð og myndir.

Annað hús í Reykjavík, sem ekki var ómerkilegra, var læknishúsið eða »Doktorshúsið« [bygt af Þorsteini Bjarnasyni, sem seinna varð lögreglumaður], sem stendur enn á túninu, óbreytt að utan. Þar var Jón Thorsteinsen landlæknir og Elín kona hans, bæði mjög merkileg; voru þeir Jón og faðir minn mestu mátar. Jón Thorsteinsen var meðalmaður á hæð og þrekinn, ekki feitur, sköllóttur snemma, með mikið kinnskegg; hann var margfróðastur manna um allt sem fram fór í heiminum og lagði sig mest eptir ensku; hann átti margar góðar bækur, helst lækningabækur og um náttúruvísindi; þótti honum gaman að því; hann var vel að sjer í læknisfræði, en annars enginn vísindamaður eða lærdómsmaður, enda hafði hann aldrei tíma til þess fyrir læknisstörfunum. Hann var sá ótrauðasti og ötulasti læknir sem hugsast getur, og vitjaði sjúklinganna hvað sem kostaði, enda var hann sterkur og ákaflega heilsuhraustur, hófsmaður mikill, en enginn afnautnarmaður; hann óð Hraunsholtslæk í beltisstað í hörkugaddi og í annað sinn var hann sóktur frá Ráðagerði að Gróttu um nótt í vetrarhörku;

beið maðurinn eptir honum og hjelt hann væri að búa sig á stað; en eptir nokkuð langa stund kom Jón að honum fyrir utan húsið og var þá kominn aptur utan af nesinu. Afskiptalítill var hann innanhúss, og ollu því læknisstörfin; Elín Thorsteinsen var skörungur mikill, stór og faunguleg og höfðingleg, sem hún átti ætt til og undir eins fannst einhverr höfðingsbragur þegar inn var komið í Doktorshúsið. Þrír voru drengirnir Jónas, Stefán og Theodor [dætur tvær: Ragnheiður og Guðrún]; urðum við Jónas brátt vinir og vorum hjer um bil jafngamlir; sú vinátta hjelst þangað til Jónas dó; hann var einn af þeim fáu, sem jeg gat kallað vinarnafni. —

Þá var og »prófasts«-húsið á túninu, eða »Landakot«; þar bjó Helgi Thordarsen dómkirkjuprestur; hann hafði fyrst verið í Odda; allmikil vinátta var með föður mínum og Helga presti; en allt þetta kólnaði pereatsveturinn, þegar allir snjerust á móti föður mínum. Sjera Helgi var hinn merkilegasti klerkur, sem jeg hef sjeð, bæði utan lands og innan; hann var fríðastur manna, mátulega stór og gildur, framburðurinn svo snjall og hrífandi að jeg hef ekki heyrt dæmi til; en þegar hann var orðinn biskup, þá fór öllu þessu svo aptur að ekkert varð eptir að kalla; hann var gleðimaður og skemtinn, gestrisinn og góður við alla, og hinn frábærasti maður að öllu leyti. [Mynd Helga biskups framan við postilluna gefur enga hugmynd um hann, hún er eins og einhver Probenreuter frá Hamborg — rjett ámóta ómerkileg og æfisagan (»enda er hún eptir Steingrím Thorsteinssen« segir í Þjóðólfi)]. Ragnheiður kona hans var búkona mikil og allmikill skörungur, en ekki var mikill kunningsskapur milli hennar og móðir minnar og ekki heldur við Elínu Thorsteinsen; samt fjell vel á með þeim. Í prófastshúsinu

ólust þau upp Stefán og Ástríður; Stefán var yngri en jeg, og urðum við ekki jafn miklir kunningjar og við Jónas. Þar í bæ nokkrum við hliðina á prófastshúsinu bjó frú Guðrún, ekkja eptir Gísla Brynjólfsson doctor; þar var Gísli hjá henni og þekkti jeg hann ekki fyrr en í skóla. — Af öðrum mönnum í Reykjavík, sem voru nákunnugir föður mínum, man jeg ekki aðra en Þórð Jónassen yfirdómara, en þangað get jeg varla sagt jeg kæmi. — Steingrímur Jónsson biskup bjó í Laugarnesi, og kom jeg þangað einu sinni með föður mínum; Steingrímur biskup var fríður maður og grannleitur, hógvær og látlaus; hann var annálaður reiðmaður og mesti iðjumaður; ekki var mikill kunningsskapur milli hans og föður míns, en faðir minn bar mikla virðingu fyrir honum.

Á Eyvindarstöðum man jeg eptir nokkrum mönnum fyrir utan þá, sem jeg hef áður nefnt; voru sumir þeirra hjá okkur, en sumir báru fyrir mig á einhvern hátt. Snorri Norðfjörð var hjá okkur áður en hann fór í skólann; hann var fremur lítill, en vel vaxinn og snarplegur, góður sjómaður, en enginn lærdómsmaður; hann gaf mjer einu sinni úr, sem ekki varð gert við, og hafði jeg það til að taka sundur og setja saman. Snorri varð seinna kapelán hjá sjera Árna og bjó í Sviðholti; hann var lengi prestur síðan á Mýrum. — Stefán Jónsson frændi okkar, fallegur maður og lipur, vel gáfaður og liðlega hagmæltur. Þegar Stefán var barn, þá fór faðir hans einu sinni út með hann. Á rann þar og var kölluð Hafnar-á. Faðirinn segir þá:

„Strauminn gljáir stríðan á
steinum hjá er vellur“,

og segir að Stebbi skuli fá sykurmola, ef hann bæti nú strax við, þá sagði Stefán:

„Hafnaráin ekki smá
ofan í sjáinn fellur“.

Frá þessu sagði hann sjálfur. Í öðru kvæði var þetta: (sólin) »jurtum ornar, jörð um morgna grætur gleðitárum«. Mig minnir jeg hafi heyrt, að þegar Stefán var í skóla, hafi hann viljað fá Þuríðar systur minnar, en það fórst fyrir; þá kvað Stefán:

„Bogmaðurinn benti
boga sinn og skaut,
ofar úlfi lenti,
assa skellinn hlaut;
þetta gengur þannig til —
ekki liggur allt það dautt
er jeg hæfa vil“.

og út af þessu mun faðir minn hafa gert kvæðið »Enginn dregur þó ætli sjer annars fisk úr sjó«. (Ljóðmæli bls. 143). Sjera Stefáns hefur enginn hinna yngri manna minnst svo í lagi sje, því þeir þekkja ekki neitt þesskonar, en blaðra þó. Sveinbjörn Hallgrímsson kendi Stefáni hjá okkur og gerði Stefán til hans ljóðabrjef og var þetta í:

„Þegar jeg heyri þegna segja
þjer sjeuð prestur Görðum á,
fákinn stríð-alinn fer jeg teygja
fýsir mig yður þá að sjá,
og aflausn þiggja með vein og víl
vitlausan fyrir danskan stíl“.

Meira kann jeg ekki af því kvæði; en allt var lipurt sem Stefán orti, þó að hann hafi ekkert látið sjást eptir sig á prenti. Hann var lengi prestur á Presthólum og síðan á Kolfreyjustað, og hefur ekkert borið á honum.

Guðmundur Einarsson frá Skáleyjum var hjá okkur,

hann var gæfur og góður, en seinlegur að öllu; hann átti systir Eiríks Kúld, og var prestur á Kvennabrekku og Breiðabólstað. — Gunnar Ólafsson frá Kvíabekk var hjá okkur, en jeg man ekkert eptir honum meira þá; mörgum árum síðar sá jeg hann fyrir norðan. — Guðmundur Salomonsson var hjá okkur, hann var að vestan, og kölluðum við hann »Salo«; [þá var og hjá okkur til náms Benedikt Sveinsson (assessor) og Halldór Guðmundsson (skólakennari)]. Jón Thoroddsen minnir mig og væri hjá okkur, en jeg man ekki eptir þeim; meira man jeg eptir Halldóri Friðrikssyni, einkum af því jeg teiknaði og skrifaði svo mikið að mjer nægði aldrei sá pappír sem faðir minn gaf mjer, og þá reif Halldór pappír úr kompunum sínum til að gefa mjer. — Helgi Sigurðsson var aldrei hjá okkur, en hann ætlaði að verða skáld eins og þeir Voga-menn og kom hann opt heim til okkar; hann var þá í skóla. Einu sinni hafði Helgi gert heillaósk til konungsins á afmælisdegi hans, og ætlaði að koma þessu í Skírni; átti faðir minn að dæma um þetta (þ. e. verða hrifinn af því) og gekk mikið á með ferðalög útaf þessu, en jeg held föður mínum hafi lítið verið um það. Jeg man fyrsta erindið, bólgið af tómu orðagjálfri:

„Jeg sá gulltoppa ólma renna
upp af slígrænum mararbíng,
fjör sást á þeirra brjóstum brenna
brunað þeir höfðu jörðu kring,
eldfráir þreyttu eilíft magn,
álfröðuls drógu gullinvagn“.

Jeg man ekki annað eptir kvæðinu en það, að það þótti ekki annað en tómur glamrandi, og þá gerði Þorsteinn Jónsson vísu (en fjekkst annars aldrei við skáldskap):

„Konungur Dana ferð að Fróni
í flýti mesta gjörði snú,
öskraði þá sem erki-dóni:
„afmælisdagur minn er nú!“
Íslendingarnir ansa þá:
á já já já já já já já!“

En svo vildi svo óheppilega til, að meðan hæst stóð á þessum poetiska fyrirgangi, þá kom sú fregn að kóngurinn (Fr. VIti) væri dáinn. — Jón Sigurðsson sá jeg einusinni, jeg man ekkert eptir honum annað en hann var á grænni treyju; hann var þá hjá Steingrími biskupi. — Jeg man eptir Páli skálda, hann kom með erfiljóð eptir Magnús konferenzráð, og eru þau prentuð; Páll var hálf hroðalegur og ólipur; orðhákur mikill og frekur, hann hafði það orðtak, að sjer þætti gott að jeta nafna sinn (þ. e. svínsflesk). Einu sinni gaf Hólmfríður Þorvaldsdóttir (kona Jóns Guðmundssonar, sem þá var klausturhaldari í Kirkjubæ) Páli þrjátíu jólakerti — hann kveikti á þeim öllum í einu og ljet þau brenna upp. Frá þessu heyrði jeg hana sjálfa segja. — Sigurður Breiðfjörð kom einu sinni og kvað þetta þegar hann kom:

„Skáldin fara svona á sveim
síst er fótur slíngur,
sækir yður í sali heim
Sigurður Breiðfirðingur“.

[Sigurður var hrifinn af Baggesen, sem von var, því sumt var svipað með þeim: lausung, ljettúð, lipurleiki, froðuskapur; enda átti S. ekki kost á að kynna sjer mörg höfuðskáld, því hann skildi ekki málin. Hann eignaðist son, sem var látinn heita Jens Baggesen Breiðfjörð, en varð ekki nema fárra ára; var náttúrlega álitinn »genie« og átti að hafa farið að yrkja undir eins og

hann fór að tala; þetta sagði Sigurður sem dæmi upp á skáldskapargáfuna: »Boli bagga, boli bagga múmbul nagga« — jeg man glöggt eptir þessari vitleysu. Sigurður var gildur meðalmaður, ljótur og luralegur, og auðsjáanlega spilltur og tútinn af slarki, hann gekk á gráum kalmukksfrakka og var fullur þegar hann gat. Hann dó úr sulti í »Hákonsens«húsi, Íslendingum til sóma.]

Áður en jeg fer að tala um skólaveruna mína, þá skal jeg nefna þá menn sem jeg man eptir í Eyvindarstaðahverfi og á nesinu þar í kring, til þess að gera þá ódauðlega, þó þeir annars ekki eigi það skilið.

Kotin í Eyvindarstaðahverfinu lágu í hálfhring utan til á túninu, frá vestri til austurs. Í vestur og fast við túngarðinn var Ásbjarnarkot, þar bjó Ásbjörn kastinrassi, líklega svo kallaður eptir Ásmundi kastanrassa sem getið er um í Biskupasögum og Sturlúngu, og drukknaði 1190, en nafnið er afbakað. Ásbjörn var eins og hálf-fífl og ljet öllum látum og óð mjög uppi; hann kom marg opt og var með allskonar spakvitringa-slúður; einu sinni fór hann suður að Görðum með tólgarskjöld og ætlaði að gefa sjera Árna, en Árni vildi ekki þiggja; Ásbjörn kom aptur með tólgarskjöldinn um nótt og reið öllum húsum á Eyvindarstöðum. Hann hafði opt upp formannavísu, sem ort hafði verið um hann:

„Ásbjörn lyndir afla-snar
áls með strindi glöðum,
lætur synda flóða-far
frá Eyvindarstöðum“.

Hann var annars vandræðamaður og gjörði nábúafólk sitt hrætt með ólátum og ógnunum, þótt hann væri ekkert karlmenni. [Þetta orðtak hafði hann alltaf upp í

fylliríinu: »Drottinn er minn hjálpari, jeg skal ekki kvíða«]. Ásbjörn átti son sem hjet Jón; hann var opt í vinnu hjá okkur og var með okkur drengjunum. — Stefáns-kot var bygt fast við Ásbjarnarkot, þar bjó Stefán, gamall karl og lotinn, af honum er ekkert að segja. — Í sömu átt en nær bænum, stóð Marínar-kot, þar bjó Páll; en kona hans hjet Marín. Í norður lá Eyvindar-kot, þar bjuggu þau Eyvindur og Margrjet, sem jeg hef áður getið um. Hjallur stóð á hlaðinu hjá þeim, en einu sinni voru bæði hjónin drukkin og datt þeim þá í hug að hjallurinn mundi detta, þó blæjalogn væri; fóru þau þá út og studdu hjallinn, sitt hvoru megin, og stóðu svo lengi um nóttina. — Þar út frá var Norður-kot eða Pjeturs-kot, þar bjó Pjetur, sem jeg man ekkert annað um en að hann var mikill á velli og þóttist duglegur; austast í túninu var Gísla-kot, þar bjó Gísli, lítill karl, gamall; það var og um tíma kallað Þorvarðar-kot, af því þá bjó þar Þorvarður cantus eða Þorvarður saungur, ómerkilegur að öðru en því, að mig minnir hann hafi einhverntíma stolið. — Faðir minn átti Bakka-kot, sem nú er því nær komið í eyði af sandfoki og sjáfargangi, og var þá þegar farið að ganga af sjer; þar bjó Sigurður Grímsson, allduglegur bóndi og með þeim laglegri af náttúrunni; hann fór einu sinni inn í Hafnarfjörð sjóveg og kom aptur drukkinn, en á leiðinni fór báturinn um og Sigurður í sjóinn, hann hafði með sjer brennivínskút, sem flaut þar hjá, en einhverjir komu og ætluðu að bjarga Sigurði, en hann þvertók fyrir að þiggja líf fyr en búið væri að bjarga kútnum; var það þá gert og Sigurður síðan dreginn upp úr sjónum, en hann gekk votur eins og hann var heim til okkar og sagði frá þessu sjálfur. Sigurður var faðir Vilborgar, sem var

vinnukona hjá mjer síðar; og enn átti hann fleiri börn sem jeg ekki þekki. — Þórður á Breiðabólsstöðum var einn af fremri bændum á nesinu, og jeg held jafnvel að faðir minn hafi keypt af honum Eyvindarstaði; hann var nokkuð mikilmannlegur, drykkjumaður eins og flestir hinir, svaðalegur; dóttir hans var Guðríður og kölluð Gudda á Breiðabólsstöðum; mjer var strítt með henni og þótti mjer það fjarska leiðinlegt. — Jón í Akra-koti var allefnaður, fúllegur og drúngalegur. Jón í Landakoti var akaflega hásmæltur, allmerkilegur karl að sumu. Þá voru þeir Kasthúsabræður þrír: Einar, Jónas og Sigurður; Einar var nettmenni og saung vel eptir því sem gera var; hann var forsaungvari í kirkjunni, enginn drykkjumaður; Jónas var svoli, hroðalegur og drykkjumaður mikill; hann hafði svo mikinn brennivínsbassa að varla heyrðist til annara þegar súngið var; hann hafði kvennmann til sambúðar, og þegar hann var fullur, þá var hann vanur að segja þetta: »Elen Andrjesdóttir kærasta mín, með annan fótinn upp á Kasthúsum en annan upp á Keilir« — og svo eingdi hann allan skrokkinn og teygði úr honum á víxl eins og flugdreki í andarslitrunum. Ekki man jeg neitt eptir Sigurði. — Oddur í Gesthúsum var með duglegustu bændum á nesinu, og efnaður; hann var faðir Gróu, sem átti Sigurð Arason, sem var vinnumaður á Bessastöðum, nettur maður og duglegur og gáfaður; þau áttu mörg börn sem komust upp miklu seinna; Ingibjörg giptist Árna Þorsteinssyni presti á Ríp og síðan á Kálfatjörn; Guðrún giptist Helga snikkara í Reykjavík; enn voru Soffía og Kristín og Sigríður; Albert varð sjómaður á skútu; Ásgeir hjet annar, varð aumingi. Sigurður Arason keypti Þerney og bjó þar nokkur ár, en fluttist til Reykjavíkur og dó þar. —

Hinrik Guðmundsson á Deild var hægur maður, mikilmenni og laglegur að ýmsu, en ekki búnaðist honum vel; hann var skotmaður mikill og hafði flogist á við sel og stútað honum; sonur Hinriks var Brandur eða Guðbrandur og var hann einn af kunningjum okkar; dóttir Hinriks var Ingibjörg sem var skólaþjónusta og átti síðar sjera Jón Björnsson. — Teitur í Litlabæ var silfursmiður og hafði lært á Bessastöðum hjá Þorgrími; hann átti Kristjönu sem var vinnukona hjá okkur; Teitur varð ákaflega feitur og dó af uppfylli, bæði urðu þau skammlíf. — Eyjólfur í Tröð var lítill og ómerkilegur að öðru en drykkjuskap; einu sinni þegar hann var til altaris, þá hraut brennivínspelinn úr barmi hans og inn fyrir gráturnar, en sjera Árni sparkaði til hans. — Steingrímur á Svalbarða var einna helstur bænda á Álptanesi, nettur maður og skarplegur, ekki drykkjumaður, þó hann væri kendur stundum, hann átti Arnleifu fyrir konu, og var þá allmikið bú á Svalbarða. — Jörundur á Hliði var einna efnaðastur á nesinu; hann var þá gamall og kom stundum til okkar; hann hafði verið ytra, en ekki sá það á honum að neinu. — Pál í Haugshúsum hef jeg nefnt áður, hann ljek á fiolin og mun það hafa ýtt undir mig til þess líka, því jeg tók það upp. Þá voru hafðir lýsislampar og kolur hjá bæjafólki, og steypti Páll slíka lampa úr kopar og seldi; þeir voru með nefi á fyrir kveikinn og svo annar fyrir neðan til að drjúpa í. Páll var og skytta góð og allmerkilegur maður; hann var af Sviðholtsætt. — Runólfur bjó á Skógtjörn, en ekkert man jeg eptir honum nema nafnið.

Þó að þetta fólk væri fátækt, þá var það ekki ólukkulegt eða óánægt, því þá var ekki búið að gefa því þær hugmyndir eða koma inn hjá því öllu því eymdarvæli og

barlómi, sem nú er orðin tízka. Það var ómenntað og ófínt, en þóttist ekki of gott til að vinna og yfir höfuð slarkaði það af, þó ekki væri þá hallærislán eða samskot; þá voru þarfirnar minni, af því menn vissu minna um heiminn; en það hefur drepið okkur, að við höfum ágirnst meira en við getum risið undir, kennum svo landinu og náttúrunni um, en gætum ekki að því, að vjer heimtum það, sem ómögulegt er. Ef þarfirnar eru miklu meiri en það sem landið gefur af sjer, ef náttúran hefur ekki við og getur ekki fullnægt mönnunum lengur, þá fer eins og nú er farið.

Á þessum tímum gengu ýmsir heldri menn á treyjum, þar á meðal faðir minn og Þorgrímur gullsmiður; annars tíðkuðust og frakkar. Til hátíðabrygðis voru hafðir bláir og brúnir kjólar með gyltum hnöppum; kvennbúningurinn var útlenzkur á heldri konum, og allt kallað »danskt« sem útlent var, og var margt smekklaust. Þá var og siður margra heldri manna að minsta kosti að draga fæturnar eptir gólfinu, þegar þeir komu inn og heilsuðu, en sá afkáraskapur hefur lagzt af. — Gildi eða veitingar voru hvergi á Alptanesi nema á Bessastöðum á fæðingardögum gullsmiðsins og konungsins eða »skólahátíðirnar«. Margir heldri menn komu til að óska Þorgrími til lukku, bæði af nesinu og svo úr Reykjavík og Hafnarfirði, og var þá vel veitt svo menn urðu vel drukknir og var þá gleði mikil; þá orti gullsi ætíð þegar hann var orðinn kendur og kvað um lector og kennarana, allt með fornyrðalagi:

„Anzkotinn sjálfur
rassskelli lector,
ef hann getur það ei
skal jeg hjálpa honum til".

Þetta um Pjetur Guðjohnssen:

„Þar situr þú
saungvistinn versti
klukkar á klukku
en klukka er hljóðlaus“.

Og þetta enn:

„Dreng á jeg einn
dável gáfaðan
og dætur tvær
guð blessi þær
giptar eru þær
skíthælum tveim
svei báðum þeim“.

Þetta var um börnin, Grím og Guðrúnu og Kristínu, sem þá voru giptar sjera Ásmundi og sjera Markúsi, sonum lectors, en í skáldskap sínum kallaði gullsi menn »skíthæla», svo sem t. a. m. um föður minn og lector, þar í kom þetta: »þú ert skíthæll«; »þar sem áðurla«; »að verðúngu«; þetta var enn:

„Salt vjer höfum
og salta skulum
að verðúngu
þig sem kjettling“;

þessum orðum reið gullsi, og hefur líklega hent eitthvað úr Höfuðlausn eða fornkvæðum, því hann var lesinn mjög og vel að sjer í íslenzkum fornsögum; hann hjelt ákaflega upp á Napoleon fyrsta og var mynd hans í fullri stærð í stofunni, og enn önnur stór mynd þar sem Napoleon var í miðjunni en umhverfis orustur hans; þessar myndir held jeg Grímur hafi útvegað og hafa þær þá komið um það leyti sem jeg fór í skóla. [Að vera eins og »res male gesta« var og eitt orðtak gullsa, um þegar eitthvað

gekk illa; þetta hefur hann hent epfir skólapiltum]. Á skólahátíðir var mjer boðið einu sinni eða tvisvar áður en jeg fór í skóla; þá sagði móðir mín við mig þegar hún var að búa mig: »jeg ætla nú að biðja þig að drekka þig ekki augafullan«. »Er jeg vanur því?« svaraði jeg með ógurlegum þótta og fýlu, eins og mjer var þá tamt. »Jeg held þú sjert ekki vanur að vera með mönnum«, sagði móðir mín.

Jeg hef að framan talið nokkuð af þeim bókum sem jeg las og lærði á; hjer skal jeg bæta við ferðabók Eggerts Ólafssonar og kvæðum hans, sem voru einskonar aðalpúnktar í öllu mínu andlega lífi; þá höfðum við og kvæði Stefáns Ólafssonar og voru þau kölluð »litli gaurinn« eptir orðunum »gaurinn Jón Salómón« (I. 130), en skáldskap fundum við ekki mikinn í þeim, þótt súngnar væru vísurnar »Margt er manna bölið« og »Björt mey og hrein« — enda er ekki nærri ætíð súngið af því að kvæðin sje eða þyki góð. — Þá má ekki gleyma kvæðum afa míns, sem gerðu mikil áhrif á mig; hina íslenzku þýðingu Odysseus-drápu fengum við jafn óðum og hún kom út og lásum hana svo að við kunnum hana utan að, enda varð hún grundvallarbók bæði fyrir mig og aðra þá; hinn meistaralegi og óbrotni stíll föður míns hreif okkur og gagntók, án þess við vissum af. — Fjölnir gerði og mikil áhrif á mig — mest vegna málsins og einstöku ritgerða um náttúruvísindi; kvæði Jónasar urðu mjer og ógleymanleg, jeg lærði strax flest þeirra, án þess jeg vissi af — Gunnarshólma kann jeg allan enn — hinum eldri mönnum var ekki mikið um Fjölnir, því allir voru afturhaldsmenn og keyrðir í gamla fjötra, og hornauga var litið til alls — í Sunnanpóstinum var »Ísland farsælda frón« kallað »grafskript yfir

Ísland« (það er nú raunar nokkuð til í því) — sum kvæði Jónasar komu á lausum blöðum, t. a. m. Það er svo margt, ef að er gáð — Þú stóðst á tindi — Þið þekkið fold með blíðri brá — Nú er vetur úr bæ — Allt þetta lærðum við ósjálfrátt og það var alstaðar súngið. Jónas var skoðaður sem óviðjafnanlegt skáld og farið með hann eins og Íslendingar hafa ætíð farið með sín skáld. Þegar lát hans frjettist, þá lofaði ein kerling guð (Jón Árnason heyrði það og sagði frá því). — Kvæði Bjarna Thorarensens, sem þá voru dreifð hingað og þangað, í Skírni og víðar, las jeg með undrun, Eddukviðurnar og margt fleira þesskonar, allt saman hvað innan um annað, »desultorisk« — eins og Byron og Goethe lásu og svo held jeg allir slíkir menn hafi lesið — því hversu langt kemst maður, ef alltaf er verið að hugsa um »systematiskan« lestur? Hann existerar varla nema hjá examensmönnum, hinum þynnstu subjectum. —

Margraddaður saungur þekktist þá ekki hjer fremur en nokkur saungkennsla, en tvísaungur var algengur; þá var og mikið farið eptir því að geta súngið og komist sem hæst, eins og lengst af hefur viðgengist hjá Íslendingum, þó það sje merki upp á menntunarskort og hroðaskap einn. Það sem helst var súngið frá því jeg fæddist og þangað til jeg sigldi fyrst og skólinn var fluttur af Álptanesi var þetta: Eldgamla Ísafold, Margt er manna bölið, Björt mey og hrein, Margar grjetu meyjarnar á Fróni, Mörg er hryðjan mótlætis um aldur, Sjera Magnús settist upp á Skjóna, Sæli bróðir sár er missir þinn (eptir Magnús konferenzráð, lagið kom frá Viðey með föður mínum og var gert af Mohr); [Hann er nefndur í Espolíns Árbókum við 1821], Sic te diva potens Cypri eða þá Fyrrum meðan jeg þektist þjer

(eptir afa minn; lagið að sögn eptir Bjarna Thorarensen); Álíkt og sól í heiði hreinu (eptir afa minn) eða þá: Mjög er nú hljótt í saungvasæti (eptir Jón Þorlaksson); Quis multa gracilis; Ei glóir æ á grænum lauki (eptir föður minn); (lagið er eins konar dans og kallaðist «Moulinasque«); Ó, mín hjartans ástar baugabrú (margsúngið tvísaungslag; kvæðið eptir Eggert Ólafsson); Integer vitæ; Látið lífið kætast (þýðing á »Fryd dig ved Livet«, eptir Frankenan; þýðingin er eptir Jón Espolín, pr. í Gamni og Alvöru); Tvenn er tíðin dags og nátta (eptir Eggert Ólafsson, margsúngið tvísaungslag); Úngur þótti eg með saung og Ekki er holt að hafa ból; Blíð gæfan beri biskupinn hvar sem fer (eptir Magnús Stephensen, sama lag við »Látið lífið kætast«); La Marseillaise; La Parisienne; Fósturjörðin fyrsta sumardegi (eptir föður minn, súngið með laginu »Skilt fra dig ved Bölger, Bjerge, Dale«); Hver Glædens Ven; Lyt Elskede, lyt; »Underlige Aftenlufte«; Þú sem kærleika kveikir magn (eptir Bjarna Thorarensen); Kystu mig hin mjúka mær (tvísaungslag eptir sama), Tindafjöll skjálfa en titrar jörð (eptir sama, lagið sem við »Lützovs vilde Jagt« eptir Körner); Blástjarnan þó skarti skær (eptir sama); Sveinar íslendir sitjum hjer (eptir sama); Þú stóðst á tindi Heklu hám (Jónas Hallgrímsson), Nú er vetur úr bæ (sami) Þið þekkið fold með blíðri brá (sami), Ísland farsælda frón (sami), Hvað er svo glatt (sami), Fanna skautar faldi háum (sami), Kong Christian (Ewald), Vift stolt paa Codans Bölge (Ingemann) — og enn fleira, sem jeg nenni ekki að telja, en þetta er nóg til að sýna að okkur vantaði ekki saung nje lög. —

Mataræði á Eyvindarstöðum var einfalt og óbreytt; á morgnana var kálgrautur með súrmjólk, á kvöldin vatns-

grautur með mjólk eða súrmjólk, um miðjan daginn ketsúpa, mjólkurvellingur, baunir, fiskur; lax var mjög sjaldgæfur; harður fiskur var venjulegur, en saltfiskur aldrei; pönnukökur og lummur til hátíðabrygðis; hangiket aldrei nema á hátíðum, þá var og steik og vínsúpa; vín fengum við aldrei, enn síður brennivín, það hef jeg ekki smakkað fyr en langt yfir tvítugt. Brauð var aldrei bakað heima og ekki kökur, en brauð var keypt í bakaríinu hjá Bernhöft og fengum við á hverjum eptirmiðdegi eina brauðsneið, en aldrei endranær og verzluðum við með þetta sælgæti okkar á milli. Móðir mín gekk alltaf sjálf frá eldinum; þá framan af voru eldspítur óþektar, og einu sinni minnir mig að eldurinn sloknaði, svo eld varð að fá á öðrum bæ.

1842—1846.

Árið 1842 fór jeg í skólann og var jeg þar að öllu á veturna, en á Eyvindarstöðum á sumrin, og var lífið þá eins og jeg hef nú lýst því, enda sagt frá mörgu, sem varð á Eyvindarstöðum eptir að jeg fór í skóla. Árið áður hafði Jón Árnason útskrifast og fór hann þá að Eyvindarstöðum og varð þar ráðamaður upp frá því; hann var hjá foreldrum mínum til dauðadags þeirra og var hinn tryggasti og ósjerplægnasti vinur þeirra og okkar allra systkina.

Þegar jeg kom í skólann, hafði jeg miklu meiri þekkingu en piltar eru vanir að hafa á því reki; enda var það ekki að furða, þar sem jeg ólst upp hjá öðrum eins manni og faðir minn var. Eg hafði lesið fjölda af latínskum og grískum bókum, en allt í graut og óvalið, hramsað hingað og þangað innan um allt — engu að

síður gerði þetta mig nokkuð kunnugan þessum fornu túngum, ekki að nefna hin íslezku fornrit, sem jeg las hvað eptir annað — náttúrlega lagaði þetta allan smekk minn og fegurðartilfinningu, þar sem jeg — án þess að vita og ætla — hjelt mjer einungis til þess, sem var klassiskt og viðurkend fyrirmynd. Hinum yngri mönnum hefnist fyrir það, að þeir fyrirlíta fornöldina og vilja enda afnema latínu og grísku; þeir grafa grundvöllinn undan sjálfum sjer og falla svo í smekkleysur og andlega fátækt, sem reynt er til að breiða yfir með hroka og sjálfbyrgingsskap.

Í latínu gekk jeg upp með fimm bækur í Cæsars bello gallico og fimm bækur í anabasis Xoenophons, alla Riises Geographiu og veraldarsögu Kofods og svo reikning, sem jeg var allaf ónýtur í — jeg var frábitinn öllu því sem var abstract — en annars var jeg enginn examensmaður og varð á eptir mörgum sem raunar voru mjer miklu lakari, því jeg nennti aldrei að lesa nje læra neitt nema það sem jeg hafði lyst á, en þannig lærði jeg margt án þess jeg ætlaði mjer það — jeg kann enn marga sálma, allan »Gunnarshólma« og mörg fleiri kvæði sem jeg lærði óafvitandi. Í skólanum gekk mjer þolanlega, en alls ekki eptir því sem jeg hafði gáfur til eða þekkingu; jeg hafði og enga lyst og ekkert þrek til að keppast eptir að ná háu sæti. Teikninga-fýsnin var eitt af því, sem einna mest tafði mig og dró mig frá lærdóminum.

Á Bessastöðum eymdi eptir af ýmsu frá hinum eldri skólum í Reykjavík og Skálholti, og kann ske einnig frá Hóla-skóla, þó jeg ekki viti neitt um venjur þar, en einhversstaðar frá hefur margt orðið að vera sem tíðkaðist í skólanum og loddi við piltana. Þannig var það gömul meining, að skólapiltar væru miklu sterkari og frískari en

aðrir menn hjer á landi; eintóm innbyrling, rótgróin hjá fólki af gömlum vana að vita af þessu skólafjelagi, sem var öðrum lögum háð og annars eðlis en aðrir menn, enda spöruðu skólapiltar þá ekki fremur en nú að tildra sjer upp yfir almúgann, þótt þeir sjálfir væru af honum og upp á hann komnir, og kalla hvern ólærðan mann »dóna«. Þetta hefur nú samt mikið lagast á seinni tímum. Ýmsar útilegusögur ganga af skólapiltum, ýmist eru þeir hópum saman útilegumenn (t. a. m. Hellismanna-saga) eða þá riðnir við útilegumanna-sögur (prestar og sýslumenn koma þar fyrir, því fólkið hefur ekki þekt annað til að tildra upp tignarrugli með en þetta) o. s. frv. Í þá daga voru skólapiltar einnig rosknir og fullorðnir menn, og völdust til þess margir færir, þó liddur væru á milli; en þjóðtrúin festi sig við það, sem menn vildu helzt heyra, og sannleikur og rjett skoðun komst ekki að fremur en vant er. Fyrir mitt minni voru sumir í Bessastaða-skóla skoðaðir því nær eins og hamrammir eða berserkir t. a. m. Jón á Leirá og jafnvel Jón Hjaltalín landlæknir; um Jón á Leirá veit jeg ekkert annað en það, að jeg sat einu sinni (um 1854) til borðs með honum á Ytra-Hólmi ásamt mörgum öðrum hjá Hannesi Stephensen prófasti, og þá sagði Jón frá því, að einu sinni á skólaárum sínum hefði hann farið um Lángavatnsdal og mætt 20—30 manneygðum nautum; hefði hann þá ekki haft önnur ráð en fara af baki og vaða út í vatnið undir hendur, þar tók hann á móti gröddum, hverjum af öðrum og sneri þá niður og drekti þeim — þeir hafa náttúrlega beðið þolinmóðlega eptir röð að þeim yrði drekt — en þetta er auðsjáanlega tóm gortarasaga upp fundin. Jeg hef einnig heyrt dr. Jón Hjaltalín segja frá að hann hafi mætt nautum á Langavatns-

dal og hafi hann haft með sjer byssu; hann hafði ekki annað úrræði en að fara þar upp á klett, og þaðan skaut hann á bolana svo þeir fældust allir á burtu — þetta er raunar sennilegra. Jeg heyrði líka sagt um dr. Jón Hjaltalín, að hann hefði tekið menn svo hátt upp á klofbragði að fæturnar námu loptið í forstofunni þar sem glímt var; það er ekki ómögulegt, því hann var stór og sterkur. Jón á Leirá var ekki hár, en þrekinn og líklega sterkur; [höfuðið og svipurinn var ægilegur, eins og eitthvert caput mortuum eða »memento mori«] á seinni árum fór hann með sig á drykk. Rjett áður en jeg kom í skólann höfðu þar verið einstöku menn sem eitthvað berserkslegt og fornlegt var við; einn af þeim var Jón Sveinsson, sem jeg hef getið um áður. Einhver ógurleg saga gekk um Bessastaðaskóla, sem jeg er nú búinn að gleyma, jeg man ekki hvort hún var út af Ásbirni kastanraza eða einhverjum strák, sem átti að hafa stolið frá piltum eða einhvernveginn svikið þá, og átti að skera hann í stykki — eða strákurinn hvarf og var verulega skorinn í stykki, svo ekki skyldi neitt af honum finnast — sömuleiðis að almenningur á Seltjarnarnesi hefði ætlað herferð á móti skólanum á Bessastöðum og var þar ýmislegur viðurbúningur, en þó varð ekki af neinu — gott ef »skólastjórnin« átti ekki að skerast í það. [Einu sinni var heimtað af piltum, að þeir skyldu hlaða upp stjettina sem liggur frá aðaldyrum skólahússins og út að kirkjunni, því þá stjett gengu piltar, þegar þeir fóru í kirkju. En piltar þverneituðu að hlaða upp stjettina. Þá var Bjarni Thorarensen settur stiptamtmaður; hann kom að Bessastöðum og ætlaði að kúga pilta til að hlaða stjettina, en Skeving settist á steintröppuna fyrir dyrunum og sagði að Bjarni skyldi fyrr ganga yfir sig, en

piltar hlæði stjettina. Varð svo ekki af neinu. Þeir voru aldavinir Skeving og Bjarni]. Þetta og annað eins heyrði jeg í mínu ungdæmi.

Jeg hef áður minst á borðstofuna og hin þrjú borð, sem við mötuðumst við og hjetu Brúnka, Ljóska og Rauðka, af litnum; við sátum allir í röð og var raunar fremur þraungt; á morgnana fengum við smurt brauð með rullupilsu, tvær sneiðar óskornar í sundur, ekkert kaffi og enga mjólk; til miðdags var sú venjulega ketsúpa, sem kallaðist »Sparta«; piltar kölluðu hana svo af »svörtu súpunni« sem átti að hafa verið veitt í Spörtu (mig minnir það standi í sögunni sem lærð var í skólanum); í rauninni var súpan góð framan af, en hún versnaði þegar á leið, af því ketið hefur verið ílla saltað, enda spöruðu piltar ekki að finna að því sem varð. Á kvöldin fengum við harðan fisk og smjör, og vatnsgraut á eptir með mjólk, og var etið úr stórum tinfötum, fjórir eða svo úr hverju fati. Dr. Skeving var ætíð við miðdegisverð og kveldverð, hann gekk ætíð um gólf frammi við gluggann hjá dyrunum, með hendurnar fyrir aptan bakið, eins og vant var; enginn mátti tala orð, því Skeving hefur verið hræddur um að máltíðin myndi lengjast og of mikill hávaði verða; var sú þögn aldrei rofin, því allir báru virðingu fyrir Skeving, en samt þótti þetta leiðinlegt og óþarfi, og seinast fór Björn Halldórsson (sem varð prestur að Laufási) að setja sig upp á móti þessu og vildi fá menn til að talast við yfir borðum í tráss við Skeving; varð úr því nokkurt orðaþras milli þeirra og fáa fjekk hann í fylgi með sjer.

Sú skoðun ríkti hjá Bessastaðapiltum, og hefur ríkt í öllum skólum á öllum tímum, að skólapiltar væri afmarkað og einangrað fjelag, sem enginn utanskólamaður

hefði leyfi til að skygnast inn í, eins og það væri einhver mystiskur helgidómur, að vissu leyti einskonar »mysteria«. En þetta er í rauninni eintómt form og innbyrling; jeg varð aldrei var við að piltar hjeldu meir saman en aðrir, nje hjálpuðu hver öðrum fremur en aðrir; þetta var ekkert annað en venjulegt »Clique«-pukur, sem menn gera sig merkilega með, með því að útiloka aðra, en hafa þó ekkert sem eiginlega þyrfti að þegja yfir — það skyldu þá vera einhver strákapör eða skammarstryk, og þar í hafa þessi skólafjelög mest excellerað, að þegja yfir óknyttum. Samt sem áður hefur sjaldan gleymst að klaga skólabróðir, ef honum hefur á orðið svo hann kæmist verulega undir manna hendur, og hefur það nú helzt tíðkast á seinni tímum í Reykjavíkur skóla, þar sem piltar hafa verið dæmdir eða skoðaðir sem óbótamenn fyrir litla sök, ekki fyrir annað en eitthvert rugl, sem ótal öðrum hefur á orðið umtalslaust. — Einkum voru það hinir eldri piltar, sem hjeldu fram þessum úreltu pukur-hugmyndum og þar með fylgjandi hátíðlegheitum, sem enn voru við lýði þegar jeg kom í skólann, en þetta gekk einungis yfir nýsveinana, sem voru velkomnir í skólann til þess hinir, sem fyrir voru, gætu svalað sjer á þeim, þessum óvönu aðskotadýrum. Fyrstu dagana, meðan piltar voru að safnast og ekki var búið að setja skólann, þá var Skeving ekki við borðun, og var þá borðhald með lítilli stillingu; nýsveinum var skipað á neðstu sætin og gengu alltaf í þá hnútur og fiskroð, en ef nokkur þeirra dirfðist að henda aptur, þá var hegning vís; áttu þeir opt við bág kjör að búa fyrir strákapörum hinna eldri pilta, og fengu því sumir sjer verndarmann, sem með áliti sínu og fylgi gæti bjargað þeim frá misþyrmingum og tímaspilli, með

því líka að margir gerðu sig svo digra, að þeir höfðu nýsveinana sem skósveina, ljetu þá leysa af sjer skóna og taka í sig og vera eins og hlaupadrengi fyrir sig.

Þrenns konar hátíðleikir tíðkuðust á mínum skólaárum: 1° skírnin, 2° jambus og 3° descentio.

Eitthvert kveld eptir borðun, fyrstu dagana eptir skólasetningu, söfnuðust allir piltar inn í efra bekk með mikilli alvöru, og voru nýsveinarnir látnir setjast allir á einn bekk sjer; síðan gekk einn dimittendus fram og las upp skrifaða ræðu yfir nýsveinunum; innihaldið man jeg nú ekki, en það mun helzt hafa verið um að vera trúr »skólafjelaginu«, þagmælskur (yfir hverju?) og þar fram eptir götunum. Eptir að ræðan var búin, þá stóðu allir upp; tveir og tveir þar til valdir fyrirfram tóku einn nýsvein á milli sín og nú fór allur herinn út í næturmyrkrið ofan sjóbúðarflötina og ofan að tjörn; þar var vaðið út í með hvern nýsvein af tveimur og okkur dýft á kaf að höfðinu ofan í sjóinn, allt alveg þegjandi; síðan var farið heim aptur og við vorum — að mig minnir — látnir lofa þögn og trygð með handabandi, og þannig vorum vjer teknir inn í »skólafjelagið«. Hvort utanskólafólk hefur haft nokkurn pata af þessu, veit jeg ekki; nema hvað skólaþjónusturnar urðu að taka tvo vota í hvert sinn; annars veit jeg ekki til að þetta hafi gert nokkur áhrif eða haft nokkra þýðingu nema sem pukur, enda voru sumir orðnir á móti því seinustu árin og man jeg ekki betur en þá væri hætt við þessa »skírn«.

Jambus var þannig, að nýsveinar voru teknir með ofríki af tveim eða fleirum og beygðir upp og niður óþyrmilega, og var þá ætíð sungið þetta:

„Snúðu nú aptur enn til hvíldar öndin mín,
nótt er komin en dagur dvín“;

var þetta opt gert svo hroðalega að piltunum varð illt af, með höfuðverk og blóðnösum, en engum hjelzt uppi að kvarta; stundum voru margir »jamberaðir« í einu, með því að bekkur var lagður yfir þvert bakið á þeim öllum og svo varð öll runan að beygja sig; voru elztu piltarnir helzt fyrir þessu, enda stóðu þeir nær hinu gamla barbarii en hinir; ágætustu menn, svo sem Eiríkur Kúld og Jón Árnason, voru ákafir eptir að jambera fyrst þegar jeg kom í skóla. [Lýsingin á Jambus hjá Ól. Davíðssyni er rammvitlaus, hvort heldur hún er eptir Pál Melsted eða aðra. »Corijambus« kallast það, þegar fleiri voru jamberaðir í einu og bekkur lagður á þá, einnig þó ekki væri nema einn, ef jambusinn var látinn vera langur. Allt þetta átti að vera og var skoðað sem niðurlægingarmerki og jeg man vel eptir að við gengum burtu eins og »halaklipptir hundar«, en ekki tjáði að mögla, annars var farið að jambera á ný og var sagt við menn að þetta gæti »gengið í það óendanlega«].

Descensionin var það, að nýsveinum var hrundið ofan Bessastaðahól; hann var snarbrattur, en þetta var gert í þíðum og leysingum, og þótti fræknleikur að missa ekki fótanna; annars var þetta ekki neitt leyndarmál og enda gert við fleiri en nýsveina; ekki held jeg neinum hafi orðið meint við það þó vel hefði getað orðið.

Aries var það kallað, að ljós voru slökkt í bekknum öðrum hvorum og gekk svo allur hópurinn hvorr á annan, svo þeim lá við meiðingum er innstir voru, en þetta kom ekki fyrir nema einu sinni eða tvisvar í minni skólatíð, og var ekkert annað en únggæðingsskapur. Enn var það, að nýsveinarnir sátu í neðri bekk á bekkjunum fyrir framan borðið og var það vani eldri pilta að »kippa undan« nýsveinunum þegar þá varði ekki, svo allir duttu

á gólfið; þetta var opt gert meðan piltar voru að lesa undir næsta dag, og voru það einkum dimittendi, sem höfðu gaman af þessu, þeir lásu úti í »gulu stofu«, þar sem faðir minn hafði setið og ritað meðan hann bjó á Bessastöðum, og nenntu þeir að ómaka sig þaðan til þessa þrekvirkis.

Nú skal jeg geta dálítið um kennarana.

Lector, Jón Jónsson, bjó í Lambhúsum, og var aldrei kallaður annað en lector. Piltar höfðu litla virðingu fyrir honum, þó hann í rauninni væri góður maður; en hann hafði ekkert orð á sjer fyrir neitt, hvorki lærdóm nje annað, hann var lítilmenni bæði til sálar og líkama, og honum var hlýtt af vana. Hann var tindilfættur og trippaði á hverjum degi frá Lambhúsum og heim Langavöll; hann hafði stóra skinnhúfu loðna mjög og staf með stóru handfangi allan útskorinn með kórónum og konungamörkum; þann staf kölluðu piltar »hrabdos« (ῥαβδος). Einu sinni á meðan lector var í tíma í efra bekk, þá tók Lárus Skeving húfuna og stafinn, því lector skildi þetta eptir í forstofunni, og gekk með það fyrir framan gluggann allan tímann, þar sem lector var inni að lesa fyrir; var ekkert gert úr þessu. Fyrirlestrar lectors voru harla ómerkilegir, og fundu piltar það vel. Hann var ekkjumaður. Lector hafði stóran hvanngarð og fengum við drengirnir að fara þangað stundum á sumrin meðan við vorum úngir á Eyvindarstöðum; þá fengum við hvannir og átum þær, og gerðum okkur vatnsbyssur úr leggjunum. Lector átti nokkuð af bókum, flestum gömlum, og held jeg það hafi mest verið guðfræðisbækur. Jeg kom stundum til hans, bæði áður en jeg fór í skóla, og eptir; hann átti danska þýðingu af Levaillants ferðum í Suður-Afríku, og fjekk jeg hana stundum að láni; það var

skemtileg og náttúrufræðisleg bók, sem gerði mikil áhrif á mig, og jeg á því Lector þetta að þakka, því jeg hef aldrei gleymt því töfrandi yndi náttúrunnar, sem í þessum bókum var. Levaillant var einhver hinn frægasti ferðamaður og náttúrufræðingur, fæddur í Súrinam 1753 og dáinn á Frakklandi 1824; hann ferðaðist frá 1780 til 1785 og hefur gefið út stór praktverk um fugla í Afríku, Ameríku og Indlandi, fyrir utan ferðasögurnar, sem eru frægar fyrir orðfæri og ágætar náttúrulýsingar. — Lector var Kantianer og átti rit Birckners, sem og fylgdi heimspeki Kants (B. var prestur í Korsör og dó 1798) — faðir minn held jeg hafi ekki lagt sig mikið eptir Kant, en hann átti »Kritik der reinen Vernunft« og »Kritik der Urtheilskraft«. Einu sinni kom jeg til Lectors og fórum við að tala um Birckner; þá man jeg eptir að Lector sagði: »hann dó einu sinni«(!) Þegar einhverjum varð á svo mikið að hann var noteraður, þá var svo sem segin saga að Lector ljet okkur ganga með sjer út Langavöll — það kom alls einu sinni fyrir mig, jeg hafði tónað við kvöldbænir með »nýju lagi« sem jeg hafði fundið upp, og þótti hneyxli. Ekkert man jeg hvað Lector sagði við mig, en jeg man eptir að jeg sagði að allt gamalt ætti að eyðileggjast [— sömu vitleysuna sem »Dr.« Jón Stefánsson kemur með í Skírni: »Hversu gott sem hið gamla er, þá verður það að víkja fyrir hinu nýja« — sömu vitleysuna sem stendur í nýju sálmabókinni: »Lát, ó guð, hið gamla flýja, ger þú alla hluti nýja« — svo jeg hef ekki verið einn í heimskunni].

Hallgrímur Skeving var Doctor philosophiæ og kallaður »doctorinn«; hann var meðalmaður á hæð, og hafði mikla ístru; [mynd Skevings í Sunnanfara (1895), alveg ólík honum]; hann gekk ávallt með hendurnar fyrir

aptan bakið; andlitið bjart og mikið, skegglaust og rólegt, og yfir höfuð hafði hann heimspekings-blæ yfir sjer, það mátti segja að hann væri stóiskur, enda var hann stakur reglumaður, sat alltaf yfir bókum sínum eða ritaði, en hann skrifaði fjarska illa; hann fór aldrei út nema í skólann og svo einu sinni á sumri með konunni sinni til að heimsækja föður minn á Eyvindarstöðum. Jeg hef áður getið um húsið, sem Skeving bjó í á Bessastöðum; stofa hans var lítil og öll tjölduð með gömlum veggtjöldum, sem jeg veit ekkert frá að segja; hann átti töluvert af bókum, einkum classicis. Hann var þægilegur viðtals, en það var allt af svo miklum setningi og svo fjarlægt okkar æsku, að við skoðuðum hann aldrei nema eins og einhverja heimspekilega veru, ekki sem föður, heldur sem einhverja æðri veru, sem við litum upp til með lotningu. Hann var ekki lipur, en gat þó verið gamansamur og skemtinn heima hjá sjer, alltaf alvörugefinn í skólanum; hann ritaði stirðlega bæði íslenzku og latínu; sem philolog gerði hann engin áhrif á mig, en hann unni náttúruvísindum og gat talað vel um þau og íslenzka fræði í þeirri grein, eptir því sem gera var, þó hann væri ekki náttúrufróður. Hann var frændi Jónasar Hallgrímssonar, og hafði Jónas einhverntíma komið til hans úr siglingu, þegar fyrsti uppgángurinn var í Fjölnismönnum [Venjulega er tekið ram, að endurreisn íslenzkunnar í seinni tíð sje Fjölni að þakka, og einkum Konráði og Jónasi, en menn gæta þess ekki, eða vilja ekki gæta þess, að Skeving og faðir minn lögðu grundvöllinn; Skeving hafði áhrif á Konráð, en faðir minn á Jónas og ritháttur þeirra beggja og skáldskapur Jónasar er beinlínis kominn fram af áhrifum þessara tveggja kennara, hinna ágætustu manna sem þá voru uppi og

enginn hefur yfirstígið. Hjer á landi voru þá einungis þessir tveir, sem hjeldu uppi heiðri málsins. Hinir fóru til Khafnar og stofnuðu Fjölni og svo komu nýju Fjelagsritin, og þá tóku þessi verk öðru fram að máli, og bar meir á þeim. Þá mátti segja að aðal máttur ritmálsins væri í Kaupmannahöfn. En Konráð hefur aldrei haft nein áhrif á málfegurð í riti; hann var allur í grammatík og stafsetningu, en ritaði sjálfur þurt og stafrjett, en með engu fjöri, og þannig hafa fleiri ritað eptir honum. Jón Sigurðsson ritaði miklu fjörugra og ljettara mál. Nú aptur á móti má segja að aðalmáttur ritmálsins sje horfinn hingað, því það sem ritað er á íslenzku í Khöfn, er þannig úr garði gert að jeg leiði það hjá mjer.] og vildi Jónas umbæta allt og umturna öllu eins og þeir; þá kom það fyrir að Skeving sagði í viðtalinu optar en einu sinni: »til dæmis«, en Jónas leiðrjetti hann í hvert sinn: »til að mynda«, þangað til Skeving leiddist, svo hann setti eitthvað ofan í við Jónas. Skeving var vinur Bjarna Thorarensens og höfðu þeir verið saman utanlands; jeg heyrði talað um að Skeving hefði verið frábær glímumaður, enda var hann sóttur til að vera við hverja bændaglímu sem haldin var í skólanum. Sú saga gekk um hann, að einu sinni hefðu tíu eða tólf, eða jafnvel fleiri Garðbúar ráðist að honum, og hafði hann slengt þeim hverjum af öðrum svo snarlega, að sá fyrsti sem fjell var að standa upp þegar sá seinasti datt — álíka og nautin Jóns á Leirá. Einhverju sinni heimsókti jeg Skeving sem optar, því mjer þótti gaman að tala við hann um íslenzka náttúru og ýmislegt annað. Varð okkur þá eitthvað talað um Bjarna Thorarensen — jeg man nú ekki hvað, nema jeg skoðaði Bjarna sem einhverja hetju, því jeg var barn, en Bjarni bar sig hátt upp og

sló í kringum sig — okkur hefur sjálfsagt orðið talað eitthvað um róstur milli danskra og íslenzkra stúdenta í Höfn og um framgaungu Bjarna, því jeg man glöggt að Skeving sagði: »hann var geit« — og kemur það ílla heim við orð Einars Hjörleifssonar að B. hafi verið »fullhugi mikill«. Einnig hef jeg heyrt, að Bjarni hafi rekið Skeving til að yrkja kvæðið »Hjer blundar mær í móðurskauti«, sem lengi var lítt kunnugt, en var loksins prentað í 2. útgáfu Snótar, líklega af tómu skjalli við höfundinn, eins og fleira þar í smekkleysu-rótinu; Gunnlaugur Blöndal kunni kvæðið og var mjög hrifinn af því, þó annars sje ekkert við það, heldur er það tómur philologiskur samsetningur, eins og annað kvæði eptir Skeving, sem prentað er í Sunnanpóstinum og stælt eptir eddu-formi; hann hefur og þýtt frásöguna um Selíkó og Berissu í Gamni og Alvöru, [þessu er hrósað í I. ári Fjölnis bls. 6 — af því Konráð var hrifinn af Skeving og styrktur af honum, en annars finnst mjer ekkert merkilegt við það], og safnað íslenzkum orðskviðum; annars man jeg ekki til hann hafi frumritað neitt (sbr. Rithöfundatal Jóns Borgfirðings).

Björn Gunnlaugsen var hár og gildur, höfuðmikill og með stórt andlit og alltaf rólegt, aldrei brá honum til reiði eða annara geðshræringa svo menn viti, enda mun þetta hafa valdið því að hann var og hefur verið skoðaður sem heimspekingur og fengið miklu meira orð fyrir það hjer en vert var; þó allir hrósi Njólu og þó hún væri tvisvar gefin út, þá er hún lítils virði, ómerkileg að innihaldi og smekklaus að formi, enda las Gunnlaugsen engar heimspekilegar bækur, og enda ekkert nema fáeinar mathematiskar bækur; og í Sviðholti átti hann því nær ekkert af bókum, en fjekk sjer nokkuð meira eptir

að hann fluttist til Reykjavíkur, því þá mátti hann til, þar sem hann átti að kenna ýmislegt, sem hann alls ekki hafði fengist við (dýrafræði, grasafræði o. s. frv.). Gunnlaugsen var ekkert annað en mathematicus, en þar var hann líka genius; öll hans heimspeki var tóm mathematik. Sem teiknari kunni hann einungis kortteikningu (sem hann þó ekki gerði neitt sjerlega vel) og perspectivteikningu; hann teiknaði einu sinni Bessastaði fyrir Árna stiptprófast handa einhverjum norskum manni; sú teikning var stór, alveg mathematisk-perspectivisk, en án allrar listar eða málarasmekks, það var ekkert annað en arkitektur-mynd, jeg man vel eptir að Gunnlaugsen mældi allt með staung, áður en hann teiknaði, og hafði þetta lítil áhrif á mig; þar á móti kenndi hann mjer að þekkja ýmsar stjörnur, og það held jeg sje það eina sem jeg hef lært af honum, því öll hans kennsla var ónýt, bæði í dönsku, landafræði og reikningi; hann var skapaður til að vera vísindamaður, en ekki skólakennari. Hann var hinn gæfasti maður, og gat vel gert að gamni sínu; hann þjeraði alla, jafnt únga sem gamla; því var það haft eptir honum: »já, jeg held jeg fari nú ekki að þjera yður« — hann sagði það við hund. Hann var undarlega nefmæltur, eins og hálf-holgóma; ekki gerðu piltar sjer dælt við hann, þó hann þætti undarlegur, hann hafði meðskapað privilegium til að vera öðruvísi en aðrir menn. Eg hef sagt frá dálítilli sögu um hann í Gefn. Samt sem áður kom það fyrir að menn notuðu sjer gæzku hans — svo var einu sinni í exameni, þegar jeg átti að ganga upp í reikningi og átti að margfalda með stóru töflunni; en hvernig gat nokkrum dottið í hug að jeg kynni stóru töfluna? hvernig gat nokkrum dottið í hug að jeg hefði nokkurn tíma nennt að leggja mig niður

við að læra aðrar eins skíta-þulur? Jeg komst náttúrlega í vandræði í exameninu, en reif mig fljótt upp og sagði: »Það kemur alveg sama út, þó jeg margfaldi með litlu töflunni« og þar með krítaði jeg í ákafa á töfluna, svo enginn komst að, og þetta ljet Gunnlaugsen gilda. Það sem hann hefur ort er aðeins samanbarinn rímleikur og ekki gert af neinni skáldgáfu, því hana hafði hann ekki, en hann orti eins og aðrir sem ekki eru skáld. Ýmsar sögur gengu um Björn, eins og fleiri merkilega menn. Þegar hann var smaladrengur, þá fundu þeir Scheel hann fyrir norðan (mælingamennirnir) og hafði hann þá fundið út einhverjar tölur sjer til ljettis í reikningi, en vissi ekkert hvað það var, en það voru logarithmar. — Hann var settur meðhjálpari Schumachers og gekk fyrir konung (Fr. VI.) til þess að þakka fyrir eða eitthvað þesskonar. Konungur segir: »Nu har De faaet hundrede Daler« þá sagði Björn: »Det er alt for meget, Herr Konge«. En Friðrik sagði að það væri í fyrsta sinn sem þetta hefði verið sagt við sig. — Björn var fráhverfur kvennfólki og dáruðu Íslendingar hann fyrir það, og komu honum loksins til að fara til kvennmanns einhvers og sögðu hann yrði nú að segja eitthvað fallegt, hún væri fagureygð o. s. frv. Björn fór og segir við stúlkuna: »Deres Øjne ere gule og grönne, röde og blaa og spille i alle Regnbuens Farver«. Stúlkan hefur haldið að maðurinn væri ekki með öllu ráði og varð ekkert af þeim tilraunum. Stirðlega hefur hann talað dönsku og er þetta haft eptir honum: »Jeg gjör meget af Grynegröden, men dog gjör jeg mere af Bönnegröden, thi den staar bedre under«. Björn lærði sund, þegar hann var orðinn nokkuð gamall, en mun samt ekki hafa tamið sjer það síðan. Gunnlaugsen hafði kennt einhverjum stúdent, sem

átti að taka próf við háskólann, kennarinn leggur fyrir hann dæmi, sem stúdentinn leysir þegar, en kennarinn segir það sje rangt. »Nei, það er ekki rangt« segir einhver af áheyrendunum. »Hver þorir að segja það« segir kennarinn. »Sá íslenzki Björn« — og svo fór hann að borðinu og skýrði aðferðina, sem hann hafði kennt stúdentinum. Kennarinn þagnaði. Einusinni voru þeir Helgi Thordarsen og Þorleifur Repp inni hjá Gunnlaugsen í herbergi hans á Garði, og fundu þá upp á því að rita heilt blað út með tölum, og beiddu Gunnlaugsen að skýra þetta fyrir sjer. Síðan fóru þeir að tala saman og gleymdu þessu, leið svo laung stund. En allt í einu rjettir Gunnlaugsen frá sjer blaðið og segir: »det er Sludder«. Mynd Sigurðar málara af Birni er ágæt.

Faðir minn var með minni meðalmönnum á vöxt, grannur og vel vaxinn, ekki sterkur, en snarpur og liðugur, lipur sjómaður frá Viðey og kunni ágætlega að stýra. Á Bessastöðum gekk hann á stutttreyju eins og gullsi og skólapiltarnir, en seinna tók hann upp kjól og frakka; á vetrum hafði hann bláa kalmúkkskápu til hlífðar, með fjórum eða þrem krögum eins og þá var títt, og loðna skinnhúfu á höfðinu; vegurinn frá Eyvindarstöðum að Bessastöðum var opt íllur yfirferðar, og fór faðir minn þangað í skólann á hverjnm morgni kl. 9 og 10; hann hafði langan broddstaf og var svo ljettur að hann henti sig á honum yfir breiðar grafir og dý. Sjaldan reiddist faðir minn, en honum sárnaði, ef honum líkaði ekki, og kom þá á hann raunalegur reiðisvipur, sem jeg man alltaf eptir, okkur stóð þá ótti af honum, en sá ótti var ekki hræðsla, heldur óánægja út af því að hafa stygt hann; en þetta vildi sjaldan til; hann var hversdagsgæfur og hógvær, enginn hávaðamaður og frábitinn

slarki, samt drakk hann stundum og varð kendur, en það var sjaldan og allt í hófi, hann fór aldrei út fyrir »decorum«. [Hann skildi bæði ensku og frakknesku, þótt hann ekki talaði þau mál; einnig hebresku, arabisku og Syro-kaldeisku eða »aramæisku«; hann var sá eini, sem þýddi kafla úr biblíunni úr frummálinu (Esaias og jeg man ekki hvað meira), hinir þýddu eptir þýðingum. Hann var ekki fljótur að reikna, eins og kaupmenn, en hann var ágætur reikningsmaður, eins og áður er getið. Hann var með fremstu og liprustu skáldum á sinni tíð, og af honum hefur Jónas Hallgrímsson helst fengið áhrif, bæði í bundnum og óbundnum stíl, þótt yngri kynslóðin kannist ekki við það og nefni hann aldrei, en að segja að Bjarni Thorarensen hafi haft aðal áhrifin á Jónas, nær engri átt, en þeir sjá ekkert nema Bjarna og Jónas. Faðir minn var svo gott latínuskáld, að þegar Íslendingar í Höfn færðu Engelstoft mynd hans með vísum undir »Hoc quoties spectas« &c., þá sagði Engelstoft: »Annaðhvort er þetta úr Ovidiusi, eða Sveinbjörn Egilsson hefur gert það«. Mörg kvæði föður míns eru með beztu kvæðum á íslenzku. Hann var hinn bezti latínisti á sinni tíð og Möbius kveðst engan þekkja jafn færan á bæði málin, íslenzku og latínu, og annarstaðar segir hann að hin latneska þýðing á Fornsögunum muni trauðla eða ekki verða yfirstígin. Hinir yngri rithöfundar hafa rýrt föður minn. Raunar tel jeg það ekki sem Gísli Brynjólfsson var oft að bera fram, að faðir minn hefði misskilið allan norrænan skáldskap — það gerði Gísli af tómri sjervizku. Dr. Finnur Jónsson er sá einasti, sem hefur kunnað að meta föður minn rjett, enda ber jeg ekki Finn saman við ýmsa yngri rithöfunda vora. Faðir minn hefur verið kallaður lærisveinn Rasks, eins og

Rask hefði þurft að kenna honum íslenzku; það eina sem nefnandi er í þessu, er það, að faðir minn fjellst á sumt, sem Rask gerði í stafsetningunni, en að Rask hafi kennt honum, eru hlægilegar ýkjur, líklega til að þóknast Dönum, það kveður svo ramt að, að B. M. Olsen segir að Rask hafi kennt oss öllum »að skilja og rita sína eigin túngu« (Tímar. Bmf. 1888 Bls. 48). Jón Þorkelsson yngri segir að Jón Þorkelsson rektor og Guðbrandur Vigfússon hafi verið fengnir til að »leiðrjetta« Lexicon poeticum, eins og það hefði verið vitlaust frá hendi föður míns; en leiðrjettingin var ekki annað en prófarkalestur og breyting á blaðsíðutölum og sumstaðar lesháttum eptir yngri útgáfum, og er þetta skýrt og tekið fram með meiri vinarhug, í formálanum fyrir Lex. poetic. af Jóni Sigurðssyni, sem Jón Þorkelsson hefur lapið upp úr og ýkt; Jón Sigurðsson segir: »In siglis adhibitis præterea nonnihil brevitatis et uniformitatis causa mutandum fuit. Hac ratione in opere perficiendo maximam partem habuerunt Jon Thorkelsson, nunc in schola Reykiavicensi collega docens, et Gudbrandus Vigfússon, stipendiarius Arna-Magnæanus, qui totum opus perlegentes novarum editionum, inprimis Eddæ Snorrianæ, numeros adscripserunt, formas quasdem aperte corruptas exstirparunt, novas significationes interdum etiam vocabula addiderunt. *Sed hæc tam caute et raro facta sunt, ut ratio operis ne leviter quidem mutata sit.* Þetta er það einasta sem J. Þ. yngri hefur haft að fara eptir, en hann hefur ýkt það Guðbrandi til hróss, en föður mínum til niðrunar og slept síðustu setningunni hjá Jóni. Svo kemur hann með sömu lofræðuna um Guðbrand á föður míns kostnað í Andvara (1895). Ennfremur í »Arkiv for nord. Filologi«, á íslenzku — það verður ekki tekið öðruvísi en svo,

að allt Lex. poet. hafi verið svo vitlaust að Guðbrand hafi þurft til að leiðrjetta það. Jónas Jónasson hefur dæmt um hann í Tímar. Bmf. 1881 bls. 184, sem fremur ómerkilegan mann, og B. M. Olsen kemur í Tímar. Bmf. IX. ár. bls. 39 með einhverja markleysu um hann þegar hann var úngur og óþroskaður drengur, einungis til þess að geta kallað hann »væskilmenni«, og þetta mátti til að taka fram í Ísafold rjett á eptir. Dr. Olsen þykist hafa söguna eptir Steingrími Thorsteinson, en hún er hálfótrúleg, að minsta kosti hefur sjómaðurinn, sem átti að hafa sagt: »hann (Rask) er væskilslegur eins og þjer« — varla þjerað föður minn á þeim aldri, sem hann var þá, það var þá ekki siður að þjera menn]. Hann kunni vel til saungs, en hafði samt hvorki mikil nje skær hljóð; hann byrjaði ætíð við húslestur hjá okkur; hann ljek vel á flautu og kann jeg enn ýmislegt sem hann spilaði; nótur kunni hann ágætlega, því hann tók allt svo djúpt og nákvæmlega, sem hann fjekkst við — eða þá hann gaf sig ekkert að því. Ekkert man jeg eptir þessum »dynjandi dansleik«, sem Jón Árnason nefnir í æfisögu föður míns, en hann spilaði opt í rökkrinu; við börnin súngum þá líka, en alls ekki með flautunni, því hún er ekki þesskonar hljóðfæri að hún þoli það. Að skólapiltar hafi haldið mest upp á föður minn af öllum kennurunum, er óefað. [Þessi vísa var ort í skóla í tíð Sveinbjarnar Eyjólfssonar:

> Egilsson og Eyjólfsson er ekki sama,
> annar hefur fremd og frama
> en fjanda og guði er hinn til ama].

Hlutfalli skólapilta við kennarana get jeg lýst þannig, að enginn kom til lectors nema í brýnu erindi; fáir til

Skevings; margir að Sviðholti, af því þar var gestrisið heimili og fullt af kvennfólki, því Guðlaug Aradóttir kona Gunnlaugsens hjelt ávallt stúlkur til saumakenslu; en margir til föður míns, vegna hans sjálfs. Þegar jeg kom í skólann, þá var Jón Blöndal fenginn til að lesa með mjer, því hann var iðinn og álitinn efnilegur; en það hafði nú lítið upp á sig; meðan Jón var að bisa við eitt vers í Virgli, þá var jeg búinn með alla lectiuna, því þesskonar philologiska anatomiu hirti jeg ekki mikið um, mjer var nóg ef jeg skildi það — svo greip jeg líka grammatíkina. Einna mest leiddist mjer hebreskan; við lærðum Lindbergs grammatík og lásum Genesis; jeg nennti aldrei að temja mjer þetta ókunna letur, en lærði þó nokkurnveginn að lesa það; hin laungu paradigmata nennti jeg aldrei að læra. Sem nýsveinn sneri jeg náttúrlega bakinu að kennaranum; nú kunni jeg aldrei vel grammatíkina hebresku, og fann jeg þá upp á því að skrifa allt »katal« með koli á vegginn, sem blasti á móti mjer kalkaður og hvítur; þetta málaði jeg með stórum hebreskum stöfum, en lector datt aldrei neitt í hug, og svo kunni jeg reiprennandi. Seinna hætti jeg við hebreskuna og gekk upp með allan Hómer til burtfararprófs.

Eiríkur Kuld var famulus föður míns, því hann hafði lært hjá honum undir skóla og var hinn gáfaðasti og liprasti piltur, fallegur sýnum og hinn ljúfasti í viðmóti og fyrirmynd að allri hegðun. Foreldrar Eiríks, sjera Ólafur »Sivertsen« í Flatey og Jóhanna, voru stórauðug, en Eiríkur hirti ekki um að fara til háskólans, heldur varð hann aðstoðarprestur föður síns og bjó á óðulum sínum. Hann átti Þuríði systur mína og með því hófust vesturfarir okkar systkinanna. Við Eiríkur vorum einn vetur saman í skóla, því sá var síðasti veturinn hans, og

svaf jeg hjá honum. En svo var til hagað, að tveir og tveir piltar rekktu saman. Svefnloptin í skólanum voru tvö, stóra loptið og litla loptið; voru rúmin sum opin, en sum lokrekkjur, og átti sjer hvert rúm sitt nafn: jeg svaf í »Hrafnabjörgum«; Árni Gíslason (sýslumaður) á »Fossi«, Gunnlaugur Guttormsson þar uppi yfir, á »Dynjanda«; ekki man jeg nú nöfn rúmanna, eitt minnir mig héti »helvíti« og annað »himnaríki« og í öðru svaf Gísli Brynjólfsson. Eptir að Eiríkur var farinn, svaf jeg hjá Guðmundi Bjarnasyni (presti á Borg), og seinast hjá Jóni Snæbjarnarsyni (sýslumanni), þeir voru báðir hreinlegir piltar.

Kennslan í skólanum var nokkuð öðruvísi en nú; minna var lært eða færri námsgreinar, en piltar vissu meira í þeim einmitt fyrir þá sök, því nú á að gína yfir svo miklu, en enginn kann neitt í neinu; þá var og lesið fyrir ýmislegt, faðir minn las yfir söguna, skemtilega og fróðlega, einnig yfir grísku, Skeving yfir latínu, lector yfir guðfræðina o. s. frv., og voru þetta kölluð »orð«; af þessu lærðu piltar mikið betur en þegar þeir eru hjálparlaust að staulast í gegnum ritin, en nú má ekkert lesa fyrir eða rjettara sagt: nú er eiginlega ekkert kennt, en piltum er einungis hlýtt yfir, og kennarinn ávítar þá og gefur þeim illa einkunn ef þeir ekki standa sig vel í því, sem hann hefur ekkert sagt þeim til í. Þetta er »kennslan«. Jeg skrifaði opt »orð«, og voru þau eptirsókt, því jeg skrifaði svo vel bæði latínu og gríska letur.

Um lærdóminn minn hef jeg getið hjer og hvar á undan; jeg var svona meðalsluksari, latur við sjálfan skólalærdóminn, en lagði mig eptir ýmsu öðru og var aldrei iðjulaus, ýmist við bækur, eða þá við skot og ýmislegt slark úti á víðavangi. Jeg var alltaf iðinn að lesa

þýzku, en hafði lítið annað en Þúsund og eina nótt, hana las jeg alla hvað eptir annað; báða partana Hjorts lestrarbókar las jeg og — jeg man vel hvað mjer þótti merkilegt bókmenntasöguágripið þar aptan við; margar danskar bækur í prosa og poesi, og yfir höfuð allt sem jeg náði í. Skóla-autorana las jeg og vel, en allt öðru vísi en til var ætlast, því jeg greip strax það skáldlega í Horaz, Virgli og Homer, en að sökkva mjer ofan í hverja grammatiska smugu, það var ekki eptir mínu skapi; í stað þess að fyrirskipað var að lesa fáeinar bækur í hverjum rithöfundi, þá las jeg þá alla spjalda á milli fyrir sjálfan mig. En með þessu móti gat jeg enginn examensmaður orðið; jeg hitti aldrei upp á það sem heimtað var nema af hundaheppni, því jeg fór minn eigin veg. Söguna hataði jeg, ekki af neinu öðru en því að við vorum látnir læra ónýta og illa samda bók — eins og síðan hefur ávallt tíðkast í skólanum; landafræði kunni jeg vel, það er að segja tóma tophographiu, því ekki hafði maður þá neina hugmynd um physiska eða etnographiska landafræði — en náttúra mín til teikninga stoðaði mig þar, og jeg gat teiknað upp úr mjer hvert land hjer um bil, með borgum, fljótum og fjöllum, og gerði jeg það einu sinni á töfluna í examine, svo allir urðu hissa og Gunnlaugsen gamli hló og rjeri allur til af ánægju. — Í stílum var jeg góður, af því það var mjer meðfætt. Faðir minn hafði kennt mjer að yrkja á latínu, og einhverju sinni gerði jeg examensstíl í ljóðum, enda hefur mjer alltaf þótt mikið til latínunnar koma, enda fer betur að hún er »meinhægur hjegómalöstur latínuhesta«, eptir því sem Eiríkur Magnússon kemst að orði, þegar hann er að bisa við klyfjarnar á skáldahestinum. Guðfræði og reikning kunni jeg hjer um bil svo

illa sem unnt er, enda gerði jeg mjer lítið far um þá hluti. Meðan jeg var í efra bekk, kom Grímur Thomsen frá Kaupmannahöfn, og litum við upp til hans, eins og til allra »sigldra« manna, með virðingu mikilli; Grímur hafði aldrei verið í skóla, því gullsa hefur víst þókt það of »simpilt«; hann lærði hjá sjera Árna í Görðum og var útskrifaður af honum. [Grímur var hrifinn af ýmsu sem okkur var ókunnugt, en þó um leið unnandi snildarverkum Grikkja og Rómverja, listum og skáldskap, hann var fjörugur og hinn liprasti í samræðum, nokkuð snepsinn og orðhvatur og varð aldrei orðaskortur, opt meinlegur og illhæðinn, skáldmæltur og að mörgu einkennilegur; hann var góður glímumaður]. Grímur var vel að sjer og fjölhæfur og kom með margt sem var nýtt fyrir okkur, hann var fjörugur og einkennilegur, og glímdi töluvert við suma hinna betri glímumanna þann vetur sem hann dvaldi á Bessastöðum. Hann var þá hrifinn af franskri literatur — mig minnir hann væri þá þegar búinn að rita um »den nyfranske Poesi«, sem hann fjekk »accessit« fyrir, að minnsta kosti gaf hann mjer og fleirum bókina, en hvort það var þá eða seinna man jeg nú ekki. Grímur fór að kenna okkur frönsku: mjer, Gísla Brynjólfssyni, Birni Halldórssyni og Eiríki Jónssyni. Grímur svaf í »Jóns kamersi«, og þar fór þessi »kennsla« fram á kvöldin þannig, að við lágum allir á gólfinu og höfðum á milli okkar einn Racine, sem Grímur átti; einungis formálinn var lesinn, en ekkert hirt um grammatík eða neitt. Engu að síður lagði þetta grundvöll hjá mjer og gaf mjer lyst til að halda betur áfram, sem jeg gerði upp á eigin spítur eins og með allt annað. Við höfðum Grím í svo miklum hávegum að þegar hann fór, þá fylgdi honum allur skólinn yfir fjörðinn á

ís; ísinn var veikur og gekk upp og niður í bylgjum þegar við vorum á heimleiðinni, og sumir skruppu ofan í við landið. Grímur var Herold eða fyrirboði hins nýja tíma, og með honum hófust breytingar á hugmyndum pilta, þó það yrði ekki til bóta, sem þó ekki var honum að kenna.

Grímur hafði töluvert lagt sig eptir heimspeki Hegels og sló mikið í kringum sig með logik; lenti honum þá saman við Gunnlaugsen stundum og disputeruðu þeir opt svo að Gunnlaugsen gleymdi að fara heim. — Grímur var vel máli farinn og flækti fram og aptur, en Gunnlaugsen krítaði út öll borð og gólf með mathematiskum formúlum; þeir skildu ætíð svo að hvorugur ljet undan. Heimspekilærdómur Gríms hafði mikil áhrif á Eirík Jónsson, og má vera að hann hafi siglt einmitt upp úr því; Eiríkur var skarpur og fór þá í óða kappi að leggja sig eptir ritum Sören Kirkegaards og fleirum; en þegar hann kom út, komst glundroði á allt þetta. Mest áhrif gerði Grímur með lotningu sinni fyrir Byron, einkum hjá Gísla, en á mig hafði þetta minni áhrif. [Grímur var ákaft hrifinn af Bjarna Thorarensen og hefur ritað um hann á dönsku í »Gæa«; hann hafði það sí og æ á vörunum við okkur: »Bjarni Thorarensen er skáld, en Jónas Hallgrímsson ekki skáld«. Grímur hefur, að minnsta kosti þá, haft undarlega skoðun á skáldskap. — Og þó ekki. — Bjarni var háfleygt hugsjónaskáld, en hirti síður um formið; Jónas var allur í forminu, en hafði ekki stórar hugsjónir — þessvegna er látið svo mikið með hann, af því að vor hugsjónafátæku smáskáld geta fylgt *honum*, en ekki Bjarna]. Annars lærði jeg ensku og frönsku mest á ýmsum náttúrufræðisbókum, sem jeg náði í, þó þær væru flestar ómerkilegar; skáldskap las jeg

engan þá á þeim málum. Þegar Grímur var aptur kominn til Hafnar, þá sagði hann A. S. Örsted frá mjer og að jeg hefði gaman af dýrafræði. A. S. Örsted var bróðursonur H. S. Örsteds, náttúrufræðingsins, sem jeg heyrði í Physik etc. [— úngi Örsted var dýrafræðingur og grasafræðingur, og ritaði hann mjer langt brjef um að safna fyrir sig sjódýrum, sem hann var þá að leggja sig eptir og hefur ritað mikið um; hann sendi mjer ýmsar bækur eptir sig og háf til að veiða í, og kassa með glösum fullum af vínanda].

Oft var glímt í forstofunni, og tók jeg þátt í því, töluverðan, en þó var jeg enginn glímumaður; mjer var þar eins og annars, að jeg vildi afgera það fljótt, jeg hafði enga þolinmæði til — nje heldur lag á — að beita brögðum, hafði jeg því þann vana að rífa menn upp snögglega á klofbragði og slengja þeim niður af kröptum, og tókst mjer þetta við ýmsa sem voru mjer margfalt sterkari og urðu sumir íllir — einu sinni fleygði jeg þannig einum pilti, miklu sterkari og stærri en jeg, fyrir fæturnar á Skeving í bændaglímu; pilturinn firrtist, en Skeving hló dátt — hann sá náttúrlega að þetta var gert með klaufaskap, en ekki af glímulist. Jeg hafði látið sauma mjer sterka treyju og þraungva, hnepta alveg upp úr gegn, svo íllt var að ná á mjer lausatökum og þurfti jeg þessa með, því jeg lá í sífeldum áflogum, raunar aldrei í íllu. Í skólanum var Guðmundur Einarsson frá Mælifelli, kallaður »Mælifellshnúkur«. Guðmundur var í stærra lagi að vexti, luralegur og sterklegur, og að öllu nokkuð undarlegur. Guðmundi þótti gott kaffi, en hann fjekk það ekki daglega, því það fengu engir piltar nema þeir borguðu það sjer á parti. Einusinni keypti jeg af Guðmundi fyrir tuttugu kaffibolla að mega slengja hon-

um í forstofunni tuttugu sinnum, og kom gullsi að, meðan jeg var í þessu erfiði, og ætlaði að springa af hlátri, en honum var ekki gjarnt til að hlæja, en jeg man að hann stóð með hendurnar kræktar saman fyrir framan brjóstið eins og hann var vanur og iðaði allur til og frá. Það var eitthvað »upplyptandi«, þegar gullsi hló. Eldabuskan á Bessastöðum hjet Sigríður og var kölluð »Sigga kokkur«, hún var barnázíu-kona mikil og átti sífellt í því ómaki, út af einhverju braski sem hún var í gerði Guðmundur þetta:

„Öllu þessu er illa varið
er því ei kyn þó stirðni geð,
en hver anzkotinn hefur farið
svo háðunglega kokkinn með“.

Þetta var nóg til þess að Guðmundur yrði strax úthrópaður sem »skáld«, eins og vant er hjá okkur. Guðmundur varð seinna fornfróður og menntamaður; hann varð skrifari hjá sýslumanni fyrir norðan og safnaði fornum bókum og handritum og gaf þau Bókmenntafjelaginu. Hann var faðir Valtýs.

Knattleikur var stöku sinnum hafður á sjóbúðarflötinni; stundum reyndum við okkur að hlaupa og stökkva, og stóð jeg mig þar ætíð vel; á skautum var og farið, en jeg nennti aldrei að temja mjer það, af því jeg komst ekki strax upp á að standa; sumir piltar tömdu sjer handahlaup, en enginn fór fram úr gullsa sjálfum, hann þaut áfram eins og hjól, en þá var hann hættur því. Þannig vantaði okkur ekki líkamsæfingarnar, þó að þær væru ekki fyrirskipaðar, þess þurfti ekki, því náttúran sjálf hvatti til þess, og færari hafa Bessastaðapiltar verið en þeir Reykvíkingar, sem hafa orðið tómir pappírsbúkar af kaupstaðarlífinu.

Áfengir drykkir þekktust ekki í skólanum svo að segja nema að nafninu til. Fáeinir piltar höfðu orð á sjer fyrir drykkjuskap, en þeir voru fullorðnir menn, um þrítugt, sem höfðu lifað mannsaldur áður en þeir komu í skólann — og hvað var þessi »drykkjuskapur« í samanburði við drykkjuskapinn í Reykjavíkurskóla? Piltar þessir urðu kannske kendir einusinni á vetri — eða það kvisaðist að einhver ætti brennivín á pela svo sem einu sinni — þá gekk þetta eins og logeldur um allan skólann og voru menn mjög hátíðlegir af þessari nýjúng. Yfir höfuð var aldrei farið með vín nema í »Efrabekkjar-röllunum« og »kóngsröllunum«.

Það var siður, að þeir sem fluttust upp í efra bekk, áttu að veita hinum eldri góðgjörðir — hvurt þetta hefur verið gamall siður eða hvernig hann var til kominn veit jeg ekki, jeg veit einungis um það sem varð, meðan jeg var þar. Eitthvert kvöld um haustið, eptir að við vorum fluttir upp í bekkinn, fórum við allir efribekkingar í myrkrinu, náttúrlega í hinu venjulega hátíða-pukri, ofan að tjörn, fyrir neðan sjóbúðarflötina; þar voru skip gullsmiðsins á hvolfi; við höfðum nokkuð margar vínflöskur — hvað margar og með hvaða víni, man jeg nú ekkert — og röðuðum okkur í kringum skipin og drukkum úr flöskunum, náttúrlega stauplaust; þá varð Þorvaldur Böðvarsson eitthvað góðglaður og tónaði svo hátt við bænir á eptir að hann var »noteraður«. [Við tónuðum við bænir eptir röð. Þá voru menn einlægari við bænir en nú. Passíusálmarnir voru ætíð sungnir og endirinn á þeim á latínu, með þessum fallegu versum:

Gloria et omnis honor, sapientia, summa potestas
Maxima laus, virtus, eximiumque decus

Sit Tibi, cunctorum, Jesu, rex maxime, regum!
Terminat hæc nunquam terminus ullus! Amen!

Þetta þótti okkur hátíðlegra, af því það var á latínu, enda var það og, og minnti á hinn forna katólska sið. Hjörleifur Þórðarson (prófastur á Valþjófsstað † 1786) sneri Passíusálmunum í disticha, en Kolbeinn Þorsteinsson (prestur í Miðdal † 1783) orti þá á latínu með sömu sálmalögunum]. Annars varð enginn drykkjuskapur út úr þessu; heldur ekki út úr kóngsröllunum, þótt einstaka maður yrði kendur. Kóngsröllin voru skemtileg, og þangað komu heldri menn úr Reykjavík — Pjetur Guðjohnssen með saung og lög, og margir aðrir, og allt gekk með saung og gleði; við vorum svo litlu vanir, að okkur þótti það mikið og merkilegt sem mönnum nú mundi ekkert þykja til koma, en við vorum því ánægðari. Á fæðingardag gullsmiðsins komu og margir úr Reykjavík, en piltar tóku engan þátt í þeirri drykkju. Einusinni — jeg man ekki hvort það var þá eða á öðrum tíma — komu kaupmenn úr Hafnarfirði ríðandi á ís yfir Lambhúsatjörn, það var eptir miðjan dag og logn veðurs, og drukku inni hjá gullsa; það voru þessi frægu Hafnarfjarðarnöfn: Linnet, Elis (Ivarsen?) og gamli Ivarsen; þeir fóru aptur um kvöldið snemma, en gamli Ivarsen reið fyrir innan; hinir riðu tjörnina, og gullsi fylgdi þeim gangandi; duttu svo allir ofan í og björguðu piltar þeim; Lárus Skeving fleygði reipi til gullsa og náði hann í það og var dreginn upp á því; Brynjúlfur »crassus« hjet vinnumaður, ákaflega digur; hann sókti landlæknirinn og var hágrátandi; en annars varð ekki meira að; samt heyrði jeg að gullsmiðurinn mundi aldrei hafa orðið samur maður eptir, þó ekki bæri mikið á.

Þegar jeg kom í skólann, þá var *Bjarni Gunnarsson* þar í efra bekk; hann spilaði vel á fiolin og var ágætur skrifari, en ekki teiknari. Þetta hafði mikil áhrif á mig; jeg fór líka að spila á fiolin, en ekkert sagði Bjarni mjer til; við samrýmdumst aldrei, því á honum var einhver danskur gikksháttur og kaupstaðarbragur, sem fældi mig. Bjarni var laglegur og fínn, en ónýtur til bókanna; hann var sonur Arnórs Gunnarssonar kaupmanns í Keflavík; þar var þá sukk mikið og óráðsía, sjáfarafli mikill og eyðsla, sem Íslendingum er tamt ef þeir komast yfir eitthvað; þar voru sífeldar veizlur og drykkjuskapur og spil — spilað um lýsistunnur og allt sem tapað varð, og gekk Arnór Gunnarsson hraustlega fram í þessu, þangað til hann missti allt og varð öreigi — hann dó allslaus í Reykjavík miklu seinna (4. okt. 1851), og gerði jeg grafskript eptir hann að bón tveggja sona hans sem þar voru þá. Bjarni varð skrifari hjá Grími amtmanni og giptist síðan og bjó á Akureyri — jeg veit ekki hvernig.

Undir eins og jeg kom í skólann, urðum við *Jónas Thorsteinsen* samrýmdir fremur öðrum. Jónas var stór og vel vaxinn, ekki alveg ólíkur föður sínum, en stærri og fríðari, ekki mjög sterkur, en fjörmikill og fyrirferðarmikill, nokkuð slánalegur og linlegur, fífldjarfur og ófyrirleitinn, hjartagóður og hjálpsamur, en hryssingslegur í orði og opt óþýður, ekki vel skilningsgóður, en flugnæmur, svo hann gat lært utan að allar reikningsformúlur og útreikninga bæði með tölum og bókstöfum, þó hann ekkert skildi í þeim, stóð hann sig því alltaf vel í examine, því dæmin stóðu í bókinni. Við vorum raunar ekki samtaka í lestri nje bókiðnum, en báðir vildum við verða sterkir, en varð þó hvorugur; við þekktum sögurnar um menn sem höfðu orðið sterkir af að drekka lýsi, og

fórum til þess einn vetur, veiddum sjálfrunnið lýsi ofan af grútarkagga með öðuskel og supum hana út — þetta gerðum við þó nokkuð lengi. — Eptir að foreldrar mínir voru fluttir að Eyvindarstöðum, þá stóðu stofurnar auðar, og höfðu dimittendar gulu stofuna til að lesa í á veturna; veturinn minn seinasta kom ofsaveður einn dag, og áttum við að yrkja um veðrið; ekkert man jeg af þeim skáldskap nema jeg reif mig upp með ógurlegum þóetiskum eða ópóetiskum stóryrðum, mig minnir með laginu »Tindafjöll skjálfa« — má vera að það hafi gert einhver áhrif á mig, því jeg kunni þær vísur utan að; en vísu Jónasar Th. man jeg og hún hefur án efa verið sú bezta:

„Drynur í björgum, drynur í sjó,
drynur í öldum fjarðar,
drynur í flauju fullri af mó
fúror Ísajarðar".

»Mó-flaujan« var við hliðina á okkur. Annað veit jeg ekki til að Jónas hafi ort, nema aðra vísu til — enda var hann ekki skáld. Jónas var einu sinni inspector í loptunum, og gerði ógurlega barsmíð á lokrekkjur pilta, er þeir lokuðu til að hafa frið til að lesa við ljós þar inni; var Jónas þá kallaður »debellator«, en hann kallaði þessar árásir að »bellera« upp á lokrekkjurnar; svo varð hann inspector platearum, og var yfir höfuð fyrirgangsmikill og praktiskur; mátti segja um hann eins og Kolbein unga að hann var »ofsamaður mikill og vænn til höfðingja«.

Fyrir miðsvetrarpróf voru nokkrir dagar ætlaðir til upplesturs og voru kallaðir »dies restantes«; var það vani þegar jeg kom í skóla að skrifa stórt D. R. á pappírs-örk og svo tölumiða fyrir neðan, eins og er á sum-

um almanökum. Þetta gerði Bjarni Gunnarsson meðan hann var, og var mjög fallegt, stórir einfaldir stafir, rjettir og öfugir eins og í rós, en annars engin teikning; en eptir að Bjarni var farinn, þá gerði jeg þetta, ótilkvaddur og í pukri, var svo þetta límt upp á bekkjarhurðina á meðan etið var, svo enginn skyldi vita hver gert hefði, en þó vissu það allir; jeg flúraði þetta allt með symbólskum teikningum, náttúrlega ófullkomnum og barnalegum. Þá gerði jeg og einu sinni »transparent« á afmælisdag gullsmiðsins, útskorið laufverk í pappa og fángamark hans innan í; það var í stórum ramma og hengt uppi yfir dyrunum, en ljós á bak við svo allt sýndist logagylt. Eins hafði Ólafur ömmubróðir minn gert, jeg hef minnst á hann hjer að framan. Þá teiknaði jeg og almanök, allt almanakið á einni örk með blómbekkjum í kring; það held jeg jeg hafi tekið eptir *Ólafi Ásbjörnssyni* í Njarðvík, frænda mínum; hann var skrifari allgóður á breytta stafi, og málaði, en smekklaust og illa, eins og nærri má geta, en náttúran var þar — hann gaf mjer einusinni farfastokk. Á Eyvindarstöðum var og um tíma, áður en jeg kom í skóla, *Haldór Davíðsson*, sonur Davíðs fróða (Mála-Davíðs) að austan; Haldór var til sjóróðra, en ekki var sjómönnum vel til hans, kölluðu hann »fiskifælu«, enda var hann ekki sjómannlegur og líklega fremur upprunalega lagaður til bókar eða málverka; hann var hagmæltur vel og átti »syrpu«, jeg man titilinn: »lítil tvístrengjuð fiðla, fyrri parturinn, með andlegrar merkingar hljóði; síðari parturinn, með veraldlegrar merkingar hljóði« — það var bók í átta blaða broti, nokkuð þykk, en jeg man ekkert úr henni. Haldór lagði mjög fyrir sig að skrifa stóra breytta stafi, alla með laufum og blómum og mörgum litum; hann hafði

fjarska mikið af litarefnum úr apotekinu, sem hann gerði úr alla vega litt blek, og litaði allt með penna, en aldrei með pensli, því hann hafði enga hugmynd um málara-aðferð; þetta var allt ógurlega smekklaust, drættirnir stirðir, teikningin ljót og litirnir illa settir, sem nærri má geta af manni sem ekkert hafði sjeð fyrir sjer og enga hugmynd hafði um list, en nú var hann orðinn roskinn maður, og þar að auki stórhrikalegur og luralegur og sjervitur. Hann ritaði stafrof sem hann gaf móður minni, í fjögra blaða broti, einn staf á hverju blaði öllu út í æsar, og svo aptast vísur til hennar, sem raunar voru skárri en stafrofið sjálft.

Hrannar bála hrund vel borna
hvað jeg rita þiggi glöð,
kvendis sálu kveld og morgna
kæti óslitin stafrofsblöð.

Endurminning á jeg fína
efla skjótt um rænu sund,
skyldu finna má og mína
meldur gróttu þéna hrund.

Lífgi páskir, lyndið dansi,
lukku deiling frævist ríkt,
flýi háski, veikist vansi,
veri heilsan stáli lík.

Gáfna blómin glansi fremur —
(get jeg eigi betur tjáð) —
en sumars blóminn senn er kemur
silkitreyju dýr á láð.

Allar stundir elni friður,
yndi, rósemd, langvinnt fjör,
annist sprundið alheimssmiður,
efli og þrói lífs vilkjör.

Gröndal borin guðvefs tróða
gengur sporin dygða fín,
henni þori því fram bjóða
þessi horuð verkin mín.

Haldór kom með þessa bók til móður minnar, kraup á knje og lagði hana fyrir fætur hennar. Hann hafði verið að þessu af og til allan veturinn — einstaka lauf litaði jeg, en nú get jeg ekki greint þau frá — jeg á bókina enn, jeg fjekk hana eptir Guðlaugu sálugu systur mína. Þrátt fyrir þessar smekkleysur, hefur þetta haft einhver áhrif á mig til teikninga, en það sem mestu orkaði, voru hinar fallegu myndir í »Afbildninger af Dyr og Planter« eptir Schouw og Eschricht, gerðar eptir »Dictionaire des sciences naturelles«; ennfremur fuglamyndir eptir Möller apotekara, sem jeg hef getið um áður, og loksins nokkrar litmyndir eptir Rudolf Kayser, sem hafði fyrir mitt minni verið eitt eða tvö ár hjá foreldrum mínum á Bessastöðum; hann var góður teiknari og gerði myndir af foreldrum mínum eins og þau voru á þeim árum — Guðlaug systir mín fjekk þær og kom með þær til Hafnar og þá fjekk jeg þær, en þær týndust þar einhvernveginn; samt eru þær ekki eyðilagðar, því Þuríður systir mín hafði látið senda þær út fyrir laungu og teikna þær, og á jeg þannig mynd föður míns teiknaða, en ljósmynd af móður minni eptir teikningu, og veit jeg þetta er allt eins og þær frummyndirnar, því jeg man vel eptir þeim. Þá man jeg og eptir blómkerfi eptir Kayser, og norskum bænda-pilti og bænda-stúlku í bændafötum, litlum myndum, sem jeg festi í minni. En Kayser hafði helst náttúru til að mála menn, jeg þar á móti ekki; en teikningin og málverkið gerði engu síður áhrif á mig.

Kayser varð prófessor í Noregi og hjelt á móti Ís-

lendingum í ritum sínum, gerði allt »norskt«, eins og Norðmenn annars hafa gert. En jeg hafði aldrei neina tilsögn, jeg sá aldrei neinn mann sem kunni að teikna, jeg fann sjálfur hvernig jeg skyldi fara að, og þegar jeg kom til Hafnar og fór að »læra« að teikna og mála hjá Bayer (sem málaði fyrir Flora Danica) þá fór hann að eins og jeg, svo jeg lærði ekkert. Maður kennir sjer sjálfur það sem maður er náttúraður fyrir, en maður getur lagað smekkinn og fullkomnast í því að taka eptir fögrum fyrirmyndum, en maður á aldrei að halda sjer til annars en þess sem er ágætt, og maður finnur fljótt hvað það er.

Eptir að Bjarni Gunnarsson var farinn, þá var jeg sá einasti »fíólinisti« í skólanum. Jeg fjekk gamalt og gott fíólin hjá Páli Bjarnasyni í Haugshúsum — því hann spilaði á fíólin — og vandi mig, apandi eptir Bjarna, á að halda því við vinstri öxlina, í stað þess að hafa það undir hökunni. Faðir minn kunni vel nótur, og hefði hann hæglega getað kennt mjer að nota þær, því nótur eru eins fyrir flautu sem fíolin; og víst lærði jeg að þekkja þær, en jeg nennti aldrei að temja mjer þær svo að jeg yrði leikinn í að spila lög eptir þeim reiprennandi, og því spilaði jeg optast »vilt« eða nótnalaust, einúngis eptir heyrn. Af móður minni lærði jeg ýmsa valsa sem hún spilaði á langspil og kann jeg þá enn; sumir þeirra áttu sjer nöfn t. a. m. »Prins Christians Vals«, »Hvalfiskedans« og »Ríll«. Faðir minn spilaði »Pas des deux« af Hermann von Unna og fleira, sem jeg kann allt. Á veturnar spilaði jeg opt þegar piltar dönsuðu hvorr við annan á kveldin, og stóð þá uppi á ofninum; á sumrin var jeg stundum úti í fögru veðri á kveldin og gekk á túninu með fíolinið, og þótti mjer

gaman að láta það glymja í kveldkyrðinni meðan sólin var að renna. Jeg hef getið um þetta í einu kvæði sem heitir »Æska«. — Það bar og við tvisvar eða þrisvar, að við fórum allir skólapiltar í kringum allt Álptanes og jeg með fíolinið og spilaði; við komum þá að Sviðholti og fengum þar allir kaffi og súkkulade og var náttúrlega húsfyllir af þessum átroðningi, en Guðlaug Aradóttir var gestrisin og unni fegurð og gleði, og gaf mjer gullsignet með rauðum steini. — Meðan jeg var í skóla var *Arngrímur Bjarnason* eitthvað hjá landlæknínum og var eins og vankaður eða töluvert bjánalegur; hann kom að Bessastöðum einusinni á vetri og gekk mikið á með hann; hann hafði getað lært hebresku nokkuð og var hann tekinn í hvert sinn og examineraður úr Genesis; jeg var látinn fara út á lángavöll með fíolinið og svo kom hópurinn með Arngrím og byrlaði honum inn að þetta væri Orpheus, en ekki var annað að sjá en hann tryði öllu sem honum var sagt, hversu vitlaust sem það var. Við höfðum svo mikið við hann að við fluttum hann yfir fjörðinn; líklega hefur hann notið þess að hann var stúdent, þó slakur væri. Hann átti jarðir og giptist á Kjalarnesi og bjó þar, en Bergur sterki tók konuna frá honum úr rúminu og hljóp á brott með; seinna varð Arngrímur prestur fyrir vestan og var hinn afkáralegasti, enda voru hinir ekki betri sem spottuðu hann: ljetu hann vaða út í sjó upp í háls eða þá hlóðu utan um hann þorskhausum, svo höfuðið eitt stóð upp úr og svo prjedikaði Arngrímur þar — allt saman fyrir fjóra skildinga. Fleiri voru þá þesskonar fígúrur, en þeim hefur mikið fækkað, að jeg held, þó ekki sje komið betra í staðinn, þar sem allt landið er orðið gagndrepa af kaupstaðartildri og »fínheitum«.

Samvera pilta utan skóla kom ekki fram nema við stöku tækifæri. Við fórum annanhvern sunnudag í kirkju og sátum í kórnum, en ekki súngum við — til þess þóttumst við víst of merkilegir, að sýngja með Álptnesingum. Kvöldsaungur var haldinn á jólum og nýjári og hjelt þá einhver dimittendus ræðu og stóð í kórnum við syðri súluna. Seinasta veturinn minn flutti jeg kveldsaung og hafði náttúrlega búið til ræðu, eitthvað óttalegt glamur, en um daginn kom yfir mig lyst til að skjóta, svo jeg tók byssuna mína og fór ofan í tjarnarós og þar skaut jeg einn æðarblika, en náði honum ekki; um kvöldið var stormur og kom fátt fólk, en þytur mikill í kyrkjunni, svo varla heyrðist til mín, enda held jeg það hafi einu gilt. *Jakob Benediktsson* frændi minn tónaði þá, hann hafði framúrskarandi saungrödd, varð prestur í Miklabæ í Skagafirði og bjó síðan á Víðimýri. Bát áttu piltar, »skólabátinn«, til þess að komast á yfir Skerjafjörð, eða »yfir fjörðinn«, var stundum gapalega farið. Einusinni var jeg með í Reykjavíkurferð, og hvesti allmikið þegar við ætluðum á stað, átti þá að lána segl í Skildinganesi, en til allrar lukku fjekkst það ekki, því enginn »kunni að sigla«, og við komumst við illan leik einhverstaðar upp í Bessastaðanesi, en allir piltarnir sem heima voru komu ofan að sjónum. Fyrir innan eða »austan« »Skansinn« var naustið, þar sem báturinn var settur upp í; fengum við frí einhverntíma á veturna til að hlaða það upp. Óhöpp vildu annars engin til á þessum sjóferðum, nema þegar þeir týndust *Steindór Stefánsson* og *Björn Pjetursson*, efnilegustu piltar, þá var svo að segja logn og vita menn ekki hvað að hefur orðið, því þeir voru einir er þeir fórust. Faðir minn gerði latínsk vers eptir þá og eru þau prentuð í ljóðmælum hans.

Ekki man jeg hvernig stóð á undarlegum tvístringi sem kom á pilta — mig minnir annan veturinn minn í efri bekk — þannig að tveir flokkar mynduðust, annar frelsismenn en hinir konúngsmenn. Jeg held orsökin hafi verið sú, að annaðhvort Grímur eða Guðjóhnssen komu »Marseillaisen« inn í skólann, en allir vita hversu hrífandi þessi saungur er og hversu mikill töfrakraftur fylgir honum; þar við bættist að við lærðum danska þýðingu á honum eptir P. A. Heiberg, að sumu leyti svo meistaralega að hún jafnast við frumverkið (eiginlega er það samt saunglagið sem mest kveður að og sem Rouget de l'Isle hefur orðið nafnfrægur af) — hvað sem þessu líður, þá var þetta þráfaldlega súngið hvenær sem menn komust höndunum undir, og æsti þetta alla upp svo lá við fjandskap, því það voru einkum »frelsismennirnir«, sem gengu mest fram í því. Politiskar skoðanir eða hugsanir held jeg ekki hafi verið þessu samfara, að minsta kosti man jeg ekki eptir þesskonar, eða að jeg geti neitt um það sagt; en víst er það, að hatrið til Dana átti þátt í því, og það kviknaði snemma hjá mjer. Engu að síður var jeg með »konúngsmönnum«, ekki af því jeg hefði neina hugmynd um að halda með Dönum eða Danakonungum, en þessi konungshylli er gamall arfur og tildur frá fornöldinni, alið á seinni tímum af Eggert Ólafssyni og Bjarna Thorarensen: af þeim fyrra af því hann var heillaður af »velgjörðum konúngsins« — þar sem þá var álitið að konúngurinn gerði allt, hann gæfi allt úr sínum eigin sjóði, þjóðjarðirnar voru kallaðar »konúngs eign«, og allt þar fram eptir götunum — af hinum seinna bæði af því, að hjá honum eimdi eptir af þessari skoðun Eggerts (og flestra annara Íslendinga), og svo var hann hrifinn af konúngsdýrðinni sem kemur

fram í sögunum, af riddaratíðinni með öllu hennar prjáli og yfirhöfuð af skáldlegu skrauti og tign, sem opt er samfara höfðingskap og veldi. Af þessu var jeg líka hrifinn, og eins og það hefur opt komið fram hjá mjer í kvæðum, eins kom það nú fram í þessum barnaskap í skólanum. Raunar er hitt ekki betra, að glamra um lýðveldi og skjalla skrílinn, nema helmingi verra, því öll þessi »þing« og »þingkosningar« eru ekkert annað en bull og rekstur fram og til baka úr mörgum mönnum sem endilega vilja vera að þessu, en hafa ekkert vit á neinu. Við skiptumst þá í tvo flokka, og »konúngsflokkurinn« prýddi sig með gyltum krossum og allskonar prjáli úr gyltum pappír, sem við útveguðum okkur — jeg man ekki hvar. Jeg var mikið duglegur í að klippa þetta út og tildra því upp, þessi læti voru á hverjum degi seinni part vetrarins eptir miðjan daginn og fram á kvöld; kvað einu sinni svo ramt að, að Skeving kom á gluggann og kallaði á famúlus sinn, sem þá var Jón Blöndal, og beiddi hann að sjá til að ekki yrði »malum« út úr þessu — en ekki vissu kennararnir annars neitt um það. Hvernig sem þetta var, þá getur vel verið að þetta hafi verið einhver fyrsta hreyfing eða rumsk til frelsis og sjálfsforræðis, — ræturnar liggja í Fjölni, í Grími, og ýmsum kvæðum Jónasar — en það kom svona barnalega fram, og enn afkáralegar þegar skólapiltar hrópuðu pereatið yfir föður mínum. — Annars man jeg nú ekkert hverjir voru í hverjum flokki, en þetta hjaðnaði aptur af sjálfu sjer eptir nokkurn tíma.

Veturinn 1845—46 var seinasti veturinn minn í skóla; þá var faðir minn utanlands, vegna rektors-embættisins, sem honum var ætlað, en *Gísli Magnússon* var í hans stað á meðan. Gísli hafði verið í Kaupmannahöfn um

hríð til að stunda málfræði; hann var all-sjervitur, en lærður, og við höfðum mikið álit á honum, eins og á öllum sem verið höfðu í Kaupmannahöfn. Gísli var annars góður kennari þó hann væri nokkuð undarlegur; hann var mjög hneigður til að fornyrða og stýrði því ekki betur en sumir nú, hann tók það upp sem áður hafði tíðkast, að lesa fyrir yfir sögu, og fanst okkur það mun skemtilegra, en þurviðrið í Kofod; hann þýddi og kafla úr Ilionskviðu, en afskræmdi nöfnin, t. a. m. Prjámar fyrir Príamus, Talfruppur fyrir Talfrybius o. s. frv., því þó að sum nöfn þoli íslenzka lögun (t. a. m. Seifur, Odysseifur o. s. frv., sem er sjálfsagt að hafa, en ekki »Sevs«, »Odysevs«, sem er smekkleysa ein og sömuleiðis smekklaust að láta grísku endinguna os halda sjer í íslenzku, í stað latnesku endingarinnar us, sem er samkvæmt anda máls vors, þó að ýmsir málfræðingar, eða flestir nú, láti hin grísku nöfn standa óbreytt, sem er eintóm smekkleysa og óþarfi) — þá eru samt sem áður ótal nöfn, sem mega halda sjer óbreytt. —

Nú var það kunnugt orðið að flytja ætti skólann til Reykjavíkur, og frjettum við piltar, að Sveinbjörn Jakobsson kaupmaður og frændi minn hefði sagt, að þeir Reykvíkingar mundu hafa gát á okkur (hafa okkur í »Kikkerten«, var sagt). Eitthvert kvis held jeg hafi verið um ýmislegt, og borist hafði það inn í Reykjavík, að piltar ætluðu að gera Sveinbirni fyrirsát, er hann ætlaði að ríða í Hafnarfjörð, og reið hann við annan mann — var sagt hann hefði gert það til vonar og vara. Um þetta gerði jeg kvæði á dönsku, í einhverjum biblíu-stíl, jeg man ekkert úr því, nema þar var »Rúben« önnur persónan — þeir riðu báðir og þóttust sjá her manns, en það voru raunar tómir hraundrangar. Kvæðið barst út

og komst inn í Reykjavík og náttúrlega skoðað sem óhæfa og virðingarskortur á hinni dönsku kaupmanna-tign, og spurðust þá nýjar hótanir og enda dylgjur um að við mundum verða klagaðir; en enginn vissi að jeg hafði gert kvæðið. Þá var nú haldinn allsherjarfundur í skólafjelaginu og Gísli hafður þar til ráðagerðar og styrktar, því þá þókti vænst til hjálpar þar sem hann var; en Gísli tók saman fyrir okkur sjervizkulegt brjef með biblíustíl, náttúrlega á íslenzku, og þetta var lesið upp; mig minnir það byrjaði þannig: »Og brjef vort gekk út um þurra staði, og það hvarf aptur þangað sem það var út gengið« — en jeg man ekkert um það, til hvers það lítur, eða hvurt brjef hefur verið sent áður; ekki man jeg heldur hvernig brjef Gísla líkaði og ekkert um hvernig um það fór, en allt þetta datt svona niður — það var af bulli borið og að bulli seinast varð. Gísli bjó á Eyvindarstöðum um veturinn og var þar opt mjög undarlegur, eins og líka geðsturlun lá í ætt hans; hann kom t. a. m. fólkinu á þá trú, að megn draugagangur væri á bænum, og heyrðust skellir og ógangur allar nætur í stofunni, en hver veit nema það hafi verið hann sjálfur? Sumt af fólkinu var orðið dauðhrætt. Þetta minnir mig á svipaðan hlut í Bessastaðaskóla: piltar þóktust heyra skelli og dýnki í bekkjunum á kvöldin, eptir að allir voru komnir upp, og voru um þetta ýmsar dylgjur; þeir sem skynsamastir vildu vera, sögðu það væri loptið, sem væri að komast aptur í jafnvægi eptir dagshreyfingarnar. Jeg heyrði aldrei þessa skelli. Annars held jeg nóg tilefni hefði verið til draugasagna á Bessastöðum, þar sem svo margt hafði skeð; var ekki örgrant um að sumum dytti í hug Snorri skólapiltur sem hafði einhverntíma hengt sig á bitanum á framloptinu, og þótt-

ust menn sjá blóð á bitanum enda í minni tíð, en ekki gerði þetta nein áhrif á mig til myrkfælni. Jeg man ekki eptir að jeg yrði myrkfælinn nema einusinni: jeg fór einn um kvöld að Eyvindarstöðum í norðanvindi og túnglskini; snjór var á jörðu og skaflar sumstaðar, túnglið óð í skýjum og náttúran var eins vilt og draugaleg og við var að búast. Jeg fór svo aptur heim á leið að Bessastöðum, en þegar jeg var kominn nálega hálfa leið, þá kom yfir mig sú ofsa hræðsla, að jeg henti mjer áfram í loftinu — jeg hafði ekkert heyrt og ekkert sjeð og ekkert hafði mjer dottið í hug, það var einúngis áhrif náttúrunnar í kring um mig, sem hreif mig svo ofsalega. Jeg þaut í ofboði upp hjá kirkjugarðinum og stakkst þar á höfuðið upp að öxlum í skafl, en af erfiðinu til að losa mig út úr þessari díblissu þá fór öll hræðslan af mjer; og var jeg hálf hissa og hvumsa eptir.

Annars naut jeg ekki kenslu Gísla Magnússonar, því að þennan vetur var jeg dimittendus. Lesturinn minn á skólalærdóminum var allur í molum eins og vant var, og þegar voraði, þá lá jeg heila daga út í Bessastaðanesi uppi á skothúshólum með byssuna mína og Homer; jeg horfði yfir landið og sjóinn, náttúran hún var svo fögur, og jeg ætlaði að gleypa hana alla — jeg var fullur af laungun og ást, laungun eptir einhverju sem jeg ekkert vissi um og ást á einhverju ósegjanlegu og ómælanlegu — jeg las Hómer og dreymdi vakandi drauma. Hómer var jeg margbúinn að lesa og las hann ekki sem skólabók, heldur sem skáldskap mjer til unaðar og nautnar; eins hafði jeg lesið hin önnur rómversku og grísku skáld; að þrælka í þeim með málfræðislegri smásmygli, það var ekki mitt, en jeg skildi þau og naut þeirra.

Þannig las jeg undir dimissionina með leti — eða rjettara sagt í hjáverkum, eins og jeg hafði alltaf haft allan skólalærdóminn; en jeg var fullt eins vel að mjer og aðrir, nema hvað jeg var enginn examensmaður. Jeg var slakur í öllum reikningi og mathematik, fremur linur í sögunni því mjer leiddist Kofod; guðfræði kunni jeg nóg, landafræði miklu meir en til skólalærdóms heyrði, latínu og grísku betur en flestir, ef ekki allir, og jeg ritaði vel fyrir mig, bæði á íslenzku, dönsku og latínu. En mjer var heldur ekki hlíft við dimissionina, og neðstur var jeg settur, fyrir neðan skussa sem ekki komust í hálfkvisti við mig. Gísli Magnússon sagði mjer, að þetta hefði verið gert til þess menn skyldu ekki halda að jeg hefði verið látinn njóta þess, hvers son jeg var.

Suma af skólabræðrum mínum hef jeg þegar nefnt; jeg skal nú minnast á fleiri sem mjer eru helst í minni, eða sem mjer þóttu merkilegir að einhverju leyti. Jeg tel þá ekki upp í neinni röð og sumir koma fyrir seinna.

Jeg hef áður minnst á *Jón Blöndal,* sem var fenginn til að lesa með mjer; hann var nokkuð eldri en jeg, alveg ólíkur þeim bræðrum sínum Gunnlaugi og Lárusi, fremur lítill og óliðlega vaxinn, lotinn, toginleitur, en fallegur á svip, saungmaður ágætur, ekki fluggáfaður, og nervös eins og öll sú ætt. Við áttum ekki lund saman og hændumst aldrei hvor að öðrum. Einhvern pata hafði jeg af að hann hefði komist í óvináttu við Stefán Thordersen, biskupsson, og að Stefán hefði hótað honum því að hann skyldi aldrei fá brauð; hvað satt er í þessu veit jeg ekki — Jón fjekk Hof á Skagaströnd, sókti hvað eptir annað um önnur brauð en fjekk ekkert, og sagði loksins af sjer prestsskap af óánægju yfir að vera þannig settur hjá, því hann var efnilegasti og nett-

asti maður, hann gerðist síðan verzlunarmaður. Það er rangt í prestatali sjera Sveins Níelssonar að merkja hann með stjörnu, svo sem þann er misst hefði prestskap (eins og stendur í formálanum pag. XII), því Jón missti aldrei prestskap öðruvísi en þetta, en hitt getur gefið manni grun um að hann hafi verið settur af og verið óreglumaður.

Jónas Guðmundsson var í minna lagi meðalmaður, snar og snúðugur, grannvaxinn og magur í andliti, ennið stórt og andlitið fjörmikið og leikandi af lífi, enda var hann vel gáfaður að mestu leyti, iðinn og staðfastur, og findinn. Hann var ágætur philolog og stílamaður, og þegar Skeving innleiddi Madvígs grammatík í skólanum — þessa grammatík sem hefur drepið niður öllum styrk pilta í hinni rómversku fornöld — þá lærði Jónas Madvig utan að svo að hann gat citerað paragraf upp á hár, en ekki liðkaðist hann í latínunni fyrir það. Um þetta kvað Björn Halldórsson:

„Jónas dó og andaðist
og til feðra safnaðist,
sálin orðin laus við lík
lenti í Madvigs grammatík".

Jónas var annars einnig hagmæltur á ferskeyttar vísur og kastaði opt fram stöku. Hann var snirtimaður og í miklu áliti hjá kennurunum fyrir lærdóm og iðni.

Jón Norðmann var eiginlega Jónsson, en gaf sjer sjálfur þetta nafn; hann var lítill og ljótur, óþrifalegur og munnstór, og slefaði ávallt; hann var fluggáfaður, en gáfurnar voru ófagrar og leiðinlegar; hann var ákaflega mikið »skáld« og orti fjarska mikið, en allt andalaust og ómerkilegt, hann sagðist vera skyldur Jóni Þorlákssyni og hrósaði sjer af því; hann vildi vera kaveler og var

alltaf í Sviðholti, þegar hann komst höndunum undir, því þar var nóg af kvennfólki, og vel hefur Jónas Thorsteinsen lýst honum í vísu, þó hún sje ekki sem fínust:

„Norðmann drjúgum drullandi
drýgir Amors farir,
lipur í ástum lullandi
með lundabagga varir".

Jón var alltaf efstur í skólanum, um annað var ekki að tala, en hann var í engu áliti.

Jónasi Thorsteinsen hef jeg lýst áður; hann var einna mestur framkvæmdamaður í skóla og bar allmjög á honum; þó hann væri stór, var hann samt linur og slinnalegur, en hann var svo heroiskur að við höfðum hann fyrir hetju til að yrkja um. Hann fann upp á því að kalla sig »Ljonhard« til þess að sýna mikilmensku sína; út af þessu orti Magnús Grímsson eina vísu og man jeg ekki nema seinni hlutann:

„Ljónharður liddur pínir,
Ljónharður ódygð fjónar,
Ljónharður, demant linast,
Ljónharður fyr en Jónas".

Þótti Jónasi vænt um þetta.

Björn Halldórsson var lítill maður, þrekinn og vel vaxinn, hafði nokkurt orð á sjer fyrir krapta, en var glíminn og knár, hann var mjúkur á mann, hæðinn og sneiðyrtur, vel gáfaður og hagmæltur nokkuð, en lipurmenni og fínn, hann var einn af Sviðholtsmönnum og áttum við ekkert saman.

Sveinbjörn Guðmundsson var meðalmaður, þrekinn og knár, bóndalegur en þó nettur, ekki mjög gáfaður, en iðinn og stöðugur, hann var í áliti og vel metinn af

kennurunum. Hann varð prestur að Holti undir Eyjafjöllum og dó þar.

Jón Snæbjörnsson var lagsmaður minn síðast í skóla, hann var upp alinn í Viðey og var rjett druknaður í Viðeyjarsundi, var lengi á kilinum. Hann var ekki gáfaður, en nettmenni mikið, stáliðinn og skikkanlegur piltur, en annars ómerkilegur, hann varð cand. juris og sýslumaður.

Bogi Thorarensen var sonur Bjarna amtmanns og fann til þess; hann var stór og ónettur, svipaði að sumu leyti til móðurættarinnar; hann var treggáfaður eins og hinir aðrir synir Bjarna; »það er allt úr þjer, Hildur«, sagði Bjarni. Bogi var mikill á velli og stóryrtur eins og faðir hans, hásmæltur og raddmaður mikill, en hljóðin voru gróf og hroðaleg. [Einhverju sinni í examine var stílsefni valið úr 12. kap. í sögu Herrauðs og Bósa, þar sem sagt er frá dansinum í höllinni og nefndir »slagirnir«: Gýgjarslagur, Draumbútur, Hjarrandaljóð og Faldafeykir, og mun einhver pilta hafa komið upp með, að þetta væri ófært stílsefni; var þá tekið það ráð, að Bogi gerði einn stílinn og rituðu allir hann eptir, en þá var ekkert hirt um að hafa gætur á piltunum, svo við vorum alveg óhræddir fyrir kennurunum; Bogi var eitthvað hrifinn af sjómennsku, og hefur það því víst ráðið að hann kallaði Faldafeyki »Fruentimmergallionsfiser« — annað man jeg ekki úr þessu, en eptir því var allur stíllinn, og ekkert man jeg hvernig þetta fór, hvort við fengum allir 0 eða »slet« (þá voru allar einkunnir á dönsku þó að skólinn væri þá í rauninni ekki nærri eins dönskuskotinn og nú)]. Hann var enginn lærdómsmaður, en iðinn og reglusamur, þangað til hann varð sýslumaður, þá fór allt út um þúfur. Ekki áttum við Bogi

neitt skap saman, en þó vorum við allsamrímdir, líklega af því við vorum báðir hneigðir fyrir »eitthvað heroiskt«, en það var ekkert póetiskt element í Boga, og smekk held jeg hann hafi ekki haft nema í meðallagi. En hann var tryggur vinur og hjartaprúður og mesti ágætismaður.

Magnús Grímsson var lítill maður, fríður og vel vaxinn, nema hvað annar fóturinn var of stuttur, svo hann gekk illa; hann var vel gáfaður en enginn lestrarmaður; hann var verulegt skáld á blíð og lyrisk kvæði, ágætur að forminu til, en ekki háfleygur nje stórkostlegur; hann kom seinna í skóla en jeg, að mig minnir, og drógum við okkur strax saman, því við vorum báðir gefnir fyrir skáldskap og unnum hinni íslenzku fornöld meir en piltar almennt gerðu. Hann komst í kunningsskap í Sviðholti og fjekk þar Guðrúnar, systur Bjarna rektors, en hún var miklu eldri en hann og gægsni, og mun það engin góð áhrif hafa haft á Magnús þegar fram í sókti, en þá var hann fjarska hrifinn, jeg held raunar mest af því, að komast inn í ætt Gunnlaugsens, en Magnús var umkomulaus og fátækur. Hann var hneigður til lífsnautnar og þurfti hennar með, eins og skáldlegir menn, [ekkert skáld hefur verið bindindismaður og enn síður »góðtemplari«], en hann stjórnaði sjer ekki eins og skyldi, sem fleirum okkar hefur orðið, og er það ekki tiltökumál, því vjer Íslendingar erum af náttúrunni óhófsmenn og óreglumenn, eins og forfeður vorir, og má fylgja þessu gegnum allar sögur undir ýmsum formum. [»Es ist eine Forderung der Natur, dass der Mensch mitunter betäubt werde, ohne zu schlafen, daher der Genuss im Tabakrauchen, Branntveintrinken, Opiaten« (Goethe)]. Enga köllun fann Magnús hjá sjer til prestskapar, og streittist hann á móti því í lengstu lög; hann

varð fylgdarmaður einhvers löjtenant Mathiesens, sem ferðaðist hjer c. 1845 upp á jarðfræði, en var þó enginn náttúrufræðingur; en af þessu fjekk Magnús einhvern smekk fyrir sumu í þessu, og byrlaði sjer inn að hann vissi meira í því en var — upp úr þessu ritaði hann »lýsingu á Sprengisandi« (í Nýjum Fjelagsritum, dável ritað, en ekkert náttúrufræðislegt, sem ekki var von); hann þýddi Fischers eðlisfræði mest fyrir aðstoð Gunnlaugsens og með hans aðstoð var hún gefin út — síðan varð hann fyrsti dyravörður í skólanum, líklega með tilliti til Gunnlaugsens; hann gekk og á prestaskólann og tók próf í guðfræði, en varð veitingamaður og var að fást við að finna upp »sláttuvjel« — líklega áhrif af Fischers eðlisfræði — svo var hann skrifari á alþingi og loksins prestur á Mosfelli. Það var tómt rót og rugl á lífinu; hann hafði góðar gáfur, en vantaði þekkingu og karakter. [Myndin af Magnúsi í Sunnanfara er ekkert svipuð honum; miklu betri mynd er til eptir S. Winther, sem jeg man eptir. Dómurinn um skáldskap Magnúsar er og alveg rangur].

Gísli Brynjúlfsson var einna mestur snyrtimaður í skólanum, vel gáfaður, en einrænn og undarlegur; ekki held jeg hann hafi lesið mikið þá, en hann var gefinn fyrir ýmsan barnaskap og leiki; aldrei lá hann í áflogum, en glímdi stundum; aldrei fór hann með skot en rann vel á skautum. Jeg fór stundum með honum inn í Reykjavík og vorum við nótt hjá móður hans; hún dikaði við hann eins og ungbarn. Allt sem Gísli fjekk sjer var snyrtilegt og fallegt, bæði föt og bækur, og hjelt hann því lengi fram eptir. Hann var allur ekki annað en Romantik, en ekki skáld að því skapi. [Eirík Jónsson hef jeg nefnt fyr; hann var rauðhærður og eineygður frá barn-

æsku; hafði hann verið hjá föður sínum, er hann var í smiðju að járnsmíði og hafði gneisti eða sía flogið upp í augað á honum. Eiríkur var snarpur glímumaður og vel gáfaður, ákafamaður, en stilltur um leið].

Hans og *Lárus* Skevings-synir voru aldrei reglulegir skólapiltar, en voru þó í skólanum og nutu tilsagnar með okkur hinum; þeir voru báðir hjárænulegir, höfðu sjálfsagt nógar gáfur og góða eiginlegleika, en allt spillt-ist af eintrjáningsskapnum í Skevingshúsi, frú Skeving var lítil fyrir sjer og kúguð, og loksins kúguðu þeir hana líka — drengirnir voru íþróttamenn, sterkir og lið-ugir, ágætir skotmenn og skautamenn, en minna var um bóknámið. Þeir voru mjög undarlegir: á einn bóginn óframir og komu varla upp orði, en á hinn bóginn ófyr-irleitnir og svæsnir — það var einhver undarlegur blend-ingur af mótsögnum, sem aldrei komst í neina Harmoni — allt saman uppeldinu að kenna. Við Hans vorum annars mikið saman og fórum opt að skjóta. — Bogi Thorarensen var og skotmaður. Á Bessastöðum var karl sem hjet Gísli og var hafður til að bera út ösku og sækja vatn; hann átti hund sem hjet Strútur; en með tímanum varð hundurinn svo grimmur að varla var friður til að komast heim á hlaðið. Vorum við mjög óánægðir með þetta, og þoldum það þó lengi; þangað til einn vetur að við tókum okkur saman sjö til að skjóta hund-inn — jeg man nú ekki eptir fleirum en mjer og Ske-vingsdrengjum — við höfðum allir byssur og fórum einusinni ofan að brunni, þar sem Gísli var að sækja vatn, en hundurinn lá þar hjá honum og var hræddur, en við höfðum engin ummæli, en hleyptum allir af á hundinn svo hann lá sundurtættur, því ekki hafði verið dregið af að hlaða byssurnar með rennilóðum og sela-

skotum, en Gísli þorði ekkert að segja. — Báðir Skevingsdrengir voru áflogamenn miklir og glímnir, einkanlega Lárus. —

Allir þeir Böðvarssynir voru skólabræður mínir, synir Böðvars á Melstað Þorvaldssonar, *Árni, Þorvaldur* og *Þórarinn;* þeir voru allir gildlegir og mikilmannlegir og urðu prestar; Þórarinn var yngstur og man jeg lítið eptir honum í skóla. Hann var dökkleitur, og varð Skeving það einhvern tíma á í tíma, að hann sagði við hann: »kannskje þú takir við, þú þarna Kolbeinn«. Piltar stríddu Þorvaldi og lögðust á hann, og varð jeg einnig í því, en það var mesta órjettvísi, því Þorvaldur gerði engum neitt illt, enda varð sá strákskapur að engu. Þórarinn útskrifaðist úr Reykjavíkur skóla og varð síðan hinn mesti höfðingi.

Af öðrum piltum man jeg helst eptir *Arnljóti Ólafssyni,* hann var þá aukapiltur eða utanskóla og bjó í Sviðholti; *Finnur Þorsteinsson* var undarlegur, stór og luralegur, ákaflega næmur og minnugur, svo undrum gegndi; hann var látinn segja sögur á kvöldin þegar búið var að slökkva í loptunum, því hann kunni allt utan að: Íslendingasögur, Þúsund og eina nótt og Þúsund og einn dag (þetta var til í Sviðholti í gömlum, dönskum þýðingum) — Fornaldarsögur og allskonar útilegumannasögur, tröllasögur og draugasögur, hann sagði frá öllum Don Quixote og var að því lengi vetrarins (þýðingin var gömul á dönsku, eptir Charlottu Dorotheu Biehl). [Útaf því orti Eiríkur Jónsson þetta:

„Dominus Don Quixote
dró út eina stund
með Sankó sverðabrjóti,
sofnaði í grænum lund,

en meðan hraustur herrann svaf
Rósínante og Rúsío
runninn töddu í kaf".

(Rósínante og Rúsio voru hestar þeirra)]. Annars var Finnur stirður og ekki vel lærður, en hann kunni allvel skólalærdóminn; hann var prestur á Klippstað og sá jeg hann aldrei úr því hann fór úr skóla, nema einusinni að hann kom til mín í Reykjavík. —

Lítið man jeg eptir *Skúla Gíslasyni*, enda vorum við stutt saman í skóla; hann var skyldur Bjarna Thorarensen og svipaði til hans, gáfaður og sagður skáld, en ekkert þekki jeg eptir hann; hann var saungmaður góður, fulliðinn, en mikið gefinn fyrir að liggja í rúminu; annars kom hann aldrei fram neitt, sigldi og tók guðfræðispróf með lofi; varð prestur og prófastur á Breiðabólstað, en hefur annars ekki látið bera á sjer. Það getur vel verið að þetta sje hin rjettasta aðferð hjer, því hjer er ekki til neins að skara fram úr nema í skömmum og óknittum, ef lög ekki ná til, það ágæta er einskis metið.

Árni Gíslason bróðir Skúla var og saungmaður; hann var meira nettmenni en Skúli, einnig morgunsvæfur; tók danskt lagapróf og varð sýslumaður í Skaftafellssýslu og síðar ríkisbóndi í Krísuvík, sat alltaf heima og gaf sig ekkert að þjóðlífinu. —

Magnús Thorlacius var einn sem nokkuð bar á í skólanum, mest fyrir það hve mikið gekk á með hann; hann var gamall, þegar hann fjekk skóla, og hafði verið í gullsmíðakennslu í Kaupmannahöfn, jeg veit ekki hvar; honum var brugðið um kvennfólk, og ölkær var hann, og þóttu það fádæmi þá í skóla; hann var roskinn að sjá, meðalmaður og digur, all-ómerkilegur, en borgin-

mannlegur töluvert; allt þetta olli því að piltar settust að honum og stríddu honum í hálfkæringi; gekk Jónas Thorsteinsen alllangt fram í þessu; var Magnús alltaf að fá sjer tutora eða patrona, til að verja sig fyrir ofríki, og var hann í sífelldum hrakningi og þjarki, en í rauninni sjálfur meinlaus og neytti ekki kraptanna, þó að hann væri allsterkur. Hann slampaðist samt í gegnum skólann og varð prestur og fjekkst við lækningar. —

Bjarni Thorlacius var frændi Magnúsar, langvaxinn og luralegur; við vorum nokkuð saman og vorum stundum að skjóta; B. var gott latínuskáld og hafði lært hjá sjera Einari Thorlacius föður sínum, en annars var hann mjög óskáldlegur á íslenzku. Hann kom til Hafnar um það leyti, sem jeg fór þaðan og vorum við þar ekkert saman. Ekki vissi jeg hvað hann lagði fyrir sig, var að fást við Physik, en komst í letislark og okurkarla-stúss, rit-aði nafn Oddgeirs á víxla og var svo látinn fara heim í kyrþey og hafði fengist við lækningar í Múlasýslu. Hann var skammlífur, annars góður drengur. Hann var nákunnugur Ovidiusi.

Stefán Thordarsen sonur sjera Helga, var með ýngstu piltum; hann var fallegur maður og fluggáfaður ofan á, en undirstöðulaus og hafði enga námfýsi, sinnti engu nema leikjum; hann var líflegur og vel látinn af öllum; var eiginlega skapaður til að vera greifi eða barón, og komst því á ránga hillu í lífsins matarhúsi.

Sveinn Skúlason varð fljótt nákunnugur mjer, því við vorum báðir gefnir fyrir skáldskap og menntir, Sveinn var gáfaður og vel skáldmæltur framan af, og var þægileg náttúrulyrik í því sem hann orti, en það held jeg hafi horfið. Sveinn var ófríður og þótti mjer hann ljótur fyrst er jeg sá hann, og hnakk-rifumst við, en urðum

vinir síðar. Jeg sendi honum einhverntíma þýðingu af Álfunum eptir Tieck og ritgjörð um »Ferðabók« Jónasar Hallgrímssonar; þetta hvorttveggja gerði jeg í skóla og hrósaði Sveinn því opt síðan, en jeg hef aldrei sjeð það eptir það.

Eðli mitt og hneiging til að vera rithöfundur brauzt fram á skólaárum mínum, eins og náttúrlegt var; en þá vorum við ekki svo staddir að við gætum stígið opinberlega fram á tvítugsaldri, eins og nú er títt. Við urðum því að láta okkur nægja með að skrifa. Við fundum ósjálfrátt að við þurftum eitthvert andlegt verkfæri eða framrás, og þannig var stofnað blað, sem við kölluðum »Bræðrablað«. Hverir voru frumkvöðlar að þessu, það man jeg nú ekki, — en jeg var einn af helstu mönnunum í því, og jeg bæði skrifaði það optast nær, og svo ritaði jeg í það — kvæði voru í því líka, og því miður á dönsku, því jeg leiddist eins og aðrir til að yrkja stundum á því máli — það gjörði einnig Lárus Sigurðsson, Jónas Hallgrímsson — og fleiri — og hjeldum við fund á hverju laugardagskvöldi, til að lesa upp blaðið; við komumst strax inn í polemik. Blaðinu var haldið áfram, en svo veit jeg ekki um það meir, nema jeg hef heyrt að Þórður Þórðarson Jónassen, sem varð prestur í Reykholti, hafi náð því undir sig og aldrei skilað því; jeg hef einnig heyrt að hann hafi náð í kvæðakver eptir mig, og hlýtur þetta að hafa verið til eptir hann látinn.

Jeg hef drepið á hvernig gekk til á sumrin á Eyvindarstöðum; hjer bæti jeg því við, að eptir að Þuríður systir mín var gipt sjera Eiríki Kuld, þá fórum við Egill að fara vestur í Flatey, optast með Gram, sem þá var lausakaupmaður, og hef jeg ekkert að segja frá þeim ferðum. Mjer þótti skemtilegt í Flatey, en jeg gerði þar

ekkert annað en að dreyma og var latur; Flateyjarferðirnar byrjuðu eiginlega ekki fyrr en eptir 1850. Seinasta sumarið sem jeg var heima (1846) gengu mislingarnir, og fjekk jeg þá á skipinu á vesturleið; jeg lá aldrei, en var flekkóttur nokkuð og með limpu; var verið að segja við mig að jeg væri búinn að fá mislinga, en jeg bar á móti því. Hvort þeir komu þá í Flatey man jeg ekki; en þegar jeg kom suður aptur, brá mjer ekki lítið við, því að í mislingunum höfðu Álptnesingar hrunið niður hópum saman af eintómu hirðuleysi og óforsjálni, drukkið brennivín og vaðið í sjónum eins og þeir væru alfríkir, og urðu svo undir í sjúkleikanum.

Það var svo sem sjálfsagt að jeg átti að fara til háskólans og lesa eitthvað, en um það var aldrei eitt orð við mig talað, hvorki að jeg ætti að fara, nje heldur hvað jeg ætti að taka fyrir. Þetta kom ekki til af því, að faðir minn ekki vildi hirða um mig, þvert á móti vildi hann láta mig hafa fullkomið frelsi til að kjósa það sem jeg helst vildi og findi mig lagaðan til; en hefði nokkur maður þurft leiðbeiningar og áminningar, þá var það jeg; lífið var fyrir mjer eins og fagur draumur, jeg vissi ekkert hvað jeg vildi, og hafði enga hugmynd um embættislestur, og mjer datt ekki í hug að maður þyrfti að vinna fyrir sjer; allt sem jeg gerði, það gerði jeg út í bláinn, takmarkalaust og einungis af því jeg hafði gaman af því. Nokkuð hafði jeg borið við að yrkja og á jeg enn eitthvað af því, sem jeg hef komizt yfir seinna, uppskrifað af öðrum — t. a. m. Heklugosið sem þá varð — það er allgott að forminu til, en fátækt að hugmyndum. Jeg hafði einna mest gaman af náttúruvísindum, en mjer datt aldrei í hug annað, en stunda þau mjer til skemtunar; en jeg hafði einnig gaman af skáldskap, sem

hefur truflað svo marga og orðið svo mörgum að fótakefli, og vegna hans las jeg gríska og rómverska rithöfunda; vegna náttúrufræðinnar lagði jeg mig í að lesa þýzku, frakknesku og ensku — þýzkuna einnig vegna skáldskaparins. Af öllu þessu sem jeg las opnaðist mjer miklu stærri heimur en mjer hafði verið kennt um, og afleiðingin var sú, að jeg fjekk fyrirlitningu á öllum skólalærdómi, mjer fanst hann vera þunnur og þraungur, en jeg greip ekki að hann er þó undirstaða hins meira og getur ekki gefið, eða má ekki gefa meira en hann gerir. En allur minn lestur var í rauninni hingað og þangað út um allt — jeg varð nokkurskonar, dálítill Polyhistor, án nokkurrar niðurröðunar á þekkingunni og hugsunum mínum — það held jeg öllum slíkum mönnum verði, systematiskur getur maður ekki orðið, nema maður sje specialist, og þá má maður vara sig á að verða ekki eintrjáningslegur. Hættan er til beggja handa; en þó jeg gæfi mig við svo mörgu, þá hef jeg samt aldrei orðið flysjúngslegur eða froðulegur í minni þekkingu; það á jeg gáfum mínum að þakka; jeg hef ætíð haft vit á að fara svo langt í hverju einu sem mjer var unt, en ekki að veiða froðuna ofan af og láta mjer nægja með það — þetta er það sem venjulega er kölluð menntun, en það er í rauninni engin menntun.

Svo var nú loksins að því komið að jeg átti »að sigla« — svona út í bláinn. Það var um haustið 1846; jeg kvaddi móður mína og fólkið, án þess að finna mikið til saknaðar — jeg hef ætíð verið kaldur við þesskonar tækifæri nema þegar jeg var barn, þá man jeg eptir að allur bærinn endurkvað af saknaðargauli og öskri í okkur börnunum og vinnufólkinu, þegar það hafði vistaskifti á krossmessunni. Jeg man enn þegar jeg fór að heiman

með föður mínum, við fórum sjóveg á bát yfir fjörðinn, og jeg gat heimfært upp á mig það sem Goethe sagði um sig, þegar hann fór í fyrsta sinni úr föðurhúsum: »da ich . . . mit Vergnügen abfuhr und die werthe Stadt, die mich geboren und erzogen, gleichgültig hinter mich liess, als wenn ich sie nie wieder betreten wollte«. Jeg hugsaði ekki um neina framtíð — jeg var hugsunarlaus — í draumi eða hvernig sem á að orða það.

Í Reykjavík var jeg nokkra daga og svaf í húsinu sem Dr. Skeving þá var búinn að fá til leigu fyrst um sinn, það var gamla »biskupsstofan«, og þar var jeg hjá Hans og Lárusi. Óglöggt man jeg þegar jeg kvaddi föður minn; en jeg man hann sagði við mig: »gerðu það sem þú átt að gera«, ekkert annað. Það voru innihaldsmikil orð; en hverjum getur dottið í hug eða hverr getur ætlast til að slíkt hafi áhrif á tvítugan Idealista, sem ekkert veit hvað hann vill? sem enga hugmynd hefur um lífið og heiminn? sem einungis lifir í hverfulum draumum og formlausum hugmyndum um einhverjar óþekktar hugsjónir og ókunnug undralönd?

Þorsteinn Jónsson (sem kallaði sig Kúld) — sem hafði verið hjá okkur á Eyvindarstöðum, var þá orðinn kaupmaður í Reykjavík, og með honum átti jeg að sigla. Skipið var skonnorta og hjet »Haabet«, skipstjórinn hjet Riis. Við fórum út á skipið seint um kveld, það var snemma í september, en í svarta myrkri og ósjó; með okkur fór maður að nafni Birck; hann hafði verið fenginn hingað til að byggja vindmylnuna, sem Ahrens fjekk seinna og seinast Einar snikkari; Birck var ákaflega stórvaxinn, og fórum við að tala eitthvað saman í bátnum — hann sagðist vera »Möllebygger«, en eg uppástóð að hann væri »Architect« — það var eitthvað há-

tíðlegra. Dönsku kunni jeg annars lítið að tala þá, og enn verr gekk mjer að skilja það sem talað var, af eintómum óvana, en jeg skildi hana vel á bók og ritaði allvel fyrir mig. — Ekki man jeg til jeg hefði neina peninga á mjer, og ekki man jeg til að neitt væri um það efni talað við mig. Um ferðina sjálfa man jeg nú mjög lítið, nema hvað hún hefur gengið vel, jeg man að við sigldum um kveld í fögru veðri fram hjá Jaðri og sáum skógana og rauð hús, það þótti mjer fallegt, en ekkert varð jeg hrifinn af því — svo man jeg eptir þegar við sigldum fram með Sjálands strönd; þá var orðið hálfdimt, en hvít hús sáust við og við gægjast fram úr dimmum skógarlundum og ljós glömpuðu hingað og þangað — hefði jeg haft hugmynd um danska poesi, þá hefði það gert einhver áhrif á mig, en það var nú ekki — svo var varpað akkeri og við sváfum á skipinu um nóttina; ekki man jeg hvaða dag jeg kom fyrst til Kaupmannahafnar. Þannig lauk mínu fyrsta tímabili heima; æskan var horfin.

„Still und eng und ruhig auferzogen
wirft man uns auf Einmal in die Welt,
uns umspülen hunderttausend Wogen,
alles reizt uns, mancherlei gefällt;
mancherlei verdriesst uns, und von Stund zu Stunden
schwankt das leichtunruhige Gefühl,
wir empfinden, und was wir empfunden
spült hinweg das bunte Weltgewühl". (Goethe).

1846—1850.

Það var fagur haustdagur 1846 er jeg steig á land við tollbúðina, sólin skein um allt, og mjer sýndist allt í kring um mig eins og fagurt málverk. Ekki man jeg

samt til að jeg yrði neitt hrifinn af þessu, eða utan við mig, mjer þótti það fallegt og líflegt, að sjá kring um mig allar þessar byggingar, allt þetta fólk og alla þessa hreyfingu, eptir einveruna og þögnina heima, sem jeg veit að margir hafa hnýtt í og hnýta í enn, af því þeir vita ekkert annað betra en ólæti og skarkala. Mjer fannst eins og einhver sunnudagur eða hátíðisdagur: allt var svo marglitt og mislitt — heima hafði jeg ekki sjeð nema dökkklædda menn — nú sá jeg menn í allavega litum fötum og svo margt annað. Jeg man eptir að við gengum í gegn um Esplanaden eða um völlinn borgarmegin við Laungu-línu, þar stóðu himinhá trje beint í loptið upp og voru þá enn laufguð, og jeg man enn hver áhrif þessi sjón gerði á mig, en eiginlega áttaði jeg mig strax á öllu, því jeg hafði lesið svo mikið um heiminn og sjeð svo margar myndir. Þorsteinn Jónsson var alltaf með mjer fyrst á meðan jeg var alveg ókunnugur. Ekki man jeg hvert jeg kom fyrst — sjálfsagt upp á »Garð« (Regents), þar var Jónas Guðmundsson, sem mjer var ætlaður fyrir sambýlismann; þar voru og þeir Gísli Brynjúlfsson og Brynjólfur Snorrason.

Það lá nú fyrst fyrir að fá mjer herbergi þangað til jeg gæti flutt inn á Garð, ef jeg fjelli ekki í gegnum við »artium«. Þeir voru þá komnir á undan mjer til Hafnar Jónas Thorsteinsen, Stefán Thordersen, Eiríkur Jónsson, Bogi Thorarensen og Oddur Hallgrímsson, og höfðu allir eða flestir fengið sjer herbergi í »Hotel du Nord«. Jeg verð að segja dálítið frá þeim stað.

»Hotel du Nord« var ákaflega stór garður í horninu á konungs Nýjatorgi og Víngarðsstræti; aðalinngangurinn frá torginu. Það var einhver hinn stærsti gestgjafagarður í Kaupmannahöfn, en ekki vel ræmdur; áttu

menn einhverjir að hafa verið drepnir þar — en um það veit jeg annars ekkert meira — og þar var sagt að lauslæti mikið væri framið á nóttum, um það var mjer heldur ekki frekar kunnugt. Þar voru stórir salir og há herbergi og stórmannleg, og allt sem herralegast, en þó var það allt einhvernveginn slörkulegt; þar var dýrt að búa og matur og drykkur var þar hinn dýrasti. Eigandinn hjet Jörgensen, og var kallaður »speciu«-Jörgensen; en hans saga er þannig, að hann var fyrst burðarkarl einhversstaðar á gatnamótum; og er sagt að einhverju sinni hafi maður nokkur komið til hans og beðið hann að bera dala-kút yfir á Kristjánshöfn, en sjálfur fylgdist hann með; hann hefur ekki getað borið kútinn eða ekki getað verið þektur fyrir það, en Jörgensen var stór maður og sterkur. Nú er sjór eða breitt síki milli Kaupmannahafnar og Kristjánshafnar, sem kunnugt er, og liggur Knippelsbrú þar yfir; en þegar svo ber undir, að skip á að draga inn eða út um síkið þá kemst það ekki nema brúin sje undin upp, og er það gert með hjólum og vindum og standa þá báðir brúarhelmingarnir beint í lopt upp sinn við hvern brúarsporð, en skipið fer í gegnum opið. En á meðan á þessu stendur, þá kemst enginn yfir brúna, og verður fólkið því að bíða á meðan; safnast þá ætíð múgur og margmenni við báða brúarsporða, því ávallt er mikil umferð um brúna. Nú komu þeir báðir að brúnni, peninga-maðurinn og Jörgensen með dala-kútinn, en í því var verið að vinda upp brúna, og er sagt að maðurinn hafi skroppið yfir en Jörgensen orðið eptir og gætti þess ekki í mannþrönginni. Svo liðu nokkrir dagar — þá fann maðurinn Jörgensen á götuhorni og stefndi honum þegar fyrir lögregluna og var hann yfirheyrður og jafnvel píndur — látinn þola

eitthvað sem kallað var »stokkhússrjettur« og svo framvegis, en hann stóðst það allt og kvaðst aldrei hafa sjeð mann þenna, nje hafa borið neinn dala-kút; þessar yfirheyrslur höfðu varað lengi, og var honum svo slept; en grunur ljek alltaf á honum og nafnið var honum gefið. Hann var síðan burðarkarl eptir sem áður, en svo fór hann að hafa meira um sig, þó allt í hófi, keypti vagn til að leigja út og hesta, og varð síðan vagnmaður og græddi fje þangað til hann keypti »Hotel du Nord«. Þykir það líklegast að hann hafi laumað kútnum í mannþrönginni og falið hann í síkisveggnum eða bólverkinu einhversstaðar, en þar er allt fullt af holum og smugum á milli bjálkanna. En af Jörgensen er það að segja, að eitthvað tuttugu árum eptir að jeg bjó á »Hotel du Nord«, þá var hann dæmdur til tuttugu ára tugthússerfiðis; hann átti nokkur hús úti á Strandvegi og ljet kveikja í þeim til af fá tryggingarfjeð, en hefur verið kominn í skuldir — en þá komst allt upp. Sagan um dala-kútinn var mörgum árum áður en jeg kom til Hafnar fyrst, en hún var alkunn og gekk meðal manna. Jörgensen var stór og digur og gat verið höfðinglegur, en svipljótur var hann; ekki var hann mannblendinn, og var því líkast sem hann hefði eitthvað á samvizkunni.

Þarna fengum við nú okkur herbergi, á þessum »fræga« stað, sem okkur var þó ókunnugur. Það er venja Íslendinga að kunna sjer ekki hóf, ef þeir komast í eitthvað betra en þeir höfðu áður — þetta kemur alltaf fyrir enn; hvernig láta ekki skólapiltar og fleiri sem koma til Reykjavíkur? Þessir menn sem engu hafa vanist nema baðstofum og ljelegustu kytrum — þá asnast þeir um allt og tryllast, brjóta og bramla; húsin bera merkin eptir litla dvöl þessara manna — svona er okkar

íslenzka ferðafólk á strandferðaskipunum — fái það ekki að vaða og róta í öllu, og ef það á að gæta nokkurrar reglu, þá dynja klögumálin yfir skipstjórana, og þeir eru sjálfsagt opt egndir af óreglu og yfirgángi ferðafólksins; vald og afl menntunarinnar og vísindanna, sem liggur til grundvallar fyrir stórvirkjum lífsins og kemur fram í stærð og fegurð bygginganna og hinu furðulega smíði gufuvjelarinnar — þetta gerir engin áhrif á landa vora; þeir hafa enn eðli forfeðranna, ofsann og ofstopann, en til allrar ólukku lætur menntunin ekki lengur undan honum.

Við hinir »grænu« skrælingjar, sem nú fengum þessi stóru herbergi, vorum raunar ekki eins ofsafengnir og uppvöðslumiklir og ýmsir sem jeg veit af seinna, en samt sem áður eimdi talsvert eptir af skóla-ósiðunum hjá okkur, og vorum við nokkuð fyrirferðarmiklir og hávaðasamir fyrst framan af; hinir stóru og breiðu stigar blöstu við okkur svo við gátum ekki á okkur setið að henda okkur upp eptir þeim svo ekkert mannsmót var að, og eins þegar við fórum ofan — við mundum ekkert eptir að við vorum orðnir fullorðnir menn, eða rjettara sagt: við vorum í rauninni stór börn. Jeg bjó þar uppi á loptherbergi stóru, og man jeg eptir að einusinni um miðja nótt ruddust tveir ókunnir menn í áflogum inn, en jeg lá í rúminu, svo ruku þeir strax út aptur, en jeg sá þá ekki, því að dimt var. Eptir það lokaði jeg dyrunum af á hverri nóttu.

Jónas Guðmundsson, sem átti að vera sambýlismaður minn á Garði, fór með mig til skraddara og mjer voru saumuð ný föt; annars var enginn hemill á neinum okkar að því leyti; það var farið með okkur til skraddara, skóara og bóksölumanna og þar var mælt með okkur af þeim Íslendingum sem fyrir voru, til þess að við gæt-

um fengið það sem við þyrftum, án þess að borga út í hönd. Afleiðingin var sú að margt ónauðsynlegt var tekið upp á lán, og margir af okkur urðum stórskuldugir og veltum okkur inn í vandræði. Svo vöndumst við og á að sækja kaffihús og sitja þar við kaffe og kökur, lesa blöðin og eyða tíma og peningum til einskis; drykkjuskap þekktum við ekki. Þetta kom náttúrlega af því, að við vorum einmana og einstæðingar, og áttum ekkert gott fólk að nje neitt verulegt heimili, heldur vorum við eins og sjómenn í veri, eins og óumflýjanlegt er með stúdenta og aðra einhleypa menn, sem eru á ókunnum stað og eiga þar hvorki vini nje vandamenn. Rafn og Finnur Magnússon voru raunar kunningjar föður míns, og þessvegna kom jeg til þeirra beggja, en þeir voru gamlir og þar að auki í svo hárri stöðu, að jeg gat ekki hænst að þeim eða samlagast þeim. Finnur átti að hafa fjárvarðveizlu mína og því varð jeg að koma þangað; hann bjó í Klausturstræti á fyrsta sal, einn og ógiptur, [hafði átt danska konu, sem skildi við hann, að sögn fyrir það að henni þótti Finnur ekki nógu kvennsamur], en kerling einhver var bústýra; Finnur var nokkuð hár meðalmaður á hæð, en þá orðinn lotinn og laslegur, mjög lágtalaður og velti nokkuð völunni; ekki var hann fjörlegur, hvorki í tali nje hreyfingum, og var auðfundið að hann var náttúraðri fyrir vísindalegar rannsóknir og bókagrufl, heldur en fyrir hið praktiska líf. Herbergi hans voru há en ekki mjög rúmleg, og þar sem hann sat inni var alsett bókum frá gólfi til lopts. Annars var Finnur mesta góðmenni, íhaldssamur nokkuð með peninga, en jeg mun hafa haft þá af skornum skamti — jeg man jafnvel ekki til að mjer væri nokkurn tíma sagt til, hvað mikið jeg ætti að hafa — svona

var allt ópraktiskt og varð jeg ekki praktiskari af því sjálfur. — Til Rafns fór jeg með brjef frá föður mínum og svo vegna kunningsskapar þeirra, því faðir minn starfaði alltaf fyrir fornfræðafjelagið, en Rafn var sekreteri og rjeð þar öllu; hann var mikill maður, sæmdur mörgum titlum og heiðursmerkjum, en háskólakennararnir og þeirra fylgifiskar höfðu á honum óbeit, þótti hann fremur kaupmaður en vísindamaður, sem og var; það líkaði þeim heldur ekki, að Rafn gaf út íslenzk fornrit og hafði mikið saman að sælda við Íslendinga, en í rauninni var hann aldanskur í lund, og það svo, að stundum var við of, t. a. m. þegar prenta átti titilblaðið á Lexicon poëticum föður míns, þá ætlaði Rafn að láta það heita »Lexicon poëticum antiquae linguae Danicæ« (af því það mál, sem gekk yfir Norðurlönd, var kölluð »dönsk túnga«, og er þó ekki víst hversu rjett þetta er) sem hefði valdið eintómum misskilningi. Jón Sigurðsson átti fullt í fangi með að afstýra þessu, og það er hann sem fjekk titilinn loksins prentaðan eins og hann er. Rafn var hár maður, þó orðinn nokkuð lotinn í herðum, grannvaxinn, hvítur fyrir hærum snemma, og hárið mikið og úfið; skegglaus nema lítið kinnskegg. Hann var mjög látlaus og barst ekki á; hann var alltaf heima, og vakinn og sofinn í að stunda fornfræðafjelagið, enda var það honum einum að þakka, að það hefur orðið einna auðugast fjelag í heimi og útbreitt um öll lönd jarðarinnar; Rafn fjekk — jeg veit ekki hvernig — konúnga og keisara, og alla mestu höfðingja allra landa til að gerast stofnandi meðlimi og gefa fjelaginu stórfje; en sjálfur auðgaðist Rafn ekki á þessu, en hafði einungis hæfileg laun. Hann hefur haft mikla stjórnsemi til að bera, en náttúrlega gat öfundin ekki

setið á sjer, og voru optar en einusinni tilraunir gerðar til að hrinda honum úr stjórn fjelagsins og vjefengja reikningsfærslu hans; en það kom fyrir ekki, sem einu gilti, því bæði var hann höfundur fjelagsins og svo mundi enginn hafa getað eflt það eins og hann gerði, enda rjeð hann einn öllu. Hann var mjög sparsamur og bjó alltaf í Krónprinsessugötu á fjórða sal, í heldur ljelegum herbergjum, en þó allrúmlegum; allur húsbúnaðurinn var mjög einfaldur; kona hans var lítil vexti og góðmannleg, dætur átti hann fjórar, stórar og faungulegar, heldur laglegar, og giptust engar — líklega hefur enginn þorað að biðja þeirra og voru þær þó mjög góðar stúlkur og blátt áfram; einn son átti Rafn, sem var heitinn eptir Hjálmari hugumstóra, hann var yngstur barna.

Nú leið að því að við áttum að taka Examen artium; það var í rauninni sama sem að taka skóla-burtfararprófið aptur, og var það mjög ósanngjarnt fyrirkomulag, að láta okkur ókunnuga og hálf-ruglaða ganga upp undir ókunnum kennurum; þar að auki kunnum við ekki allir dönsku, að minnsta kosti kunnum við ekki að tala hana sem ekki vorum frá Reykjavík, og jeg skildi jafnvel ekki danska menn, þegar þeir ávörpuðu mig. En þetta var óumflýjanlegur inngangur til Garðs og annars examen — við hugsuðum náttúrlega ekkert út í þetta, en álitum það sjálfsagt. Um frammistöðu mína í prófinu man jeg nú ekkert nema í landafræði og guðfræði. Í landafræðinni examineraði Velschow, lítill maður og fríður sýnum og vinalegur, hann tók fram stórt kort yfir suðausturhluta Frakklands og reyndi mig í engu nema Provence — var að því víst í hálfan klukkutíma — mjer vildi það til að á Eyvindarstöðum höfðu verið til gömul og

stór specialkort yfir ýms lönd í Evrópu, en jeg gleypti allt þesskonar; jeg stóð mig vel, þótt fráleitt væri að heimta annað eins af stúdent eða nýslepptum skólapilti. Við allt þetta eru vorir núverandi smáherrar lausir, enda mun þeim það og hentast. Í guðfræðinni examineraði Martensen, frægur og hálærður guðfræðingur og seinna Sjálands-biskup. Hann var meðalmaður að hæð, grannvaxinn og magur, fínt andlit ekki frítt, snepsinn og hryssingslegur og ekki sem vinalegastur. Við höfðum lært Fogtmann, allstóra bók, og í henni kom jeg upp, jeg man ekki hvar, en jeg gat engu svarað, af því jeg skildi ekki Martensen og kunni varla að koma fyrir mig dönsku orði. Loksins þegar ekkert dugði, þá sagði Martensen mjer að jeg skyldi hafa upp »faðir vor«; það gat jeg heldur ekki af því jeg kunni það ekki á dönsku, og að fara að þýða það úr íslenzkunni datt mjer þá ekki í hug undir þessum kringumstæðum; jeg var ekkert hræddur, en Martensen hristi sig svo mikið og var svo illur og úfinn, að jeg varð sjálfur vondur og ergilegur og hristi mig framan í hann aptur; jeg fjekk »non« í guðfræðinni fyrir ekkert, og jeg heyrði að Danir, sem margir voru viðstaddir, hefðu tekið til þess, hvað jeg hefði verið »ufortröden« — eins og þeir orðuðu það.

Jeg hjekk nú í einhverjum karaktjer svo jeg gat fengið Garð og var innskrifaður sem »akademiskur borgari«; þá var Oehlenschläger rector magnificus, og hafði hann ritað nafn sitt undir borgarabrjefin þá, mitt brjef er nú laungu týnt. Jeg flutti nú inn á Garð, til Jónasar Guðmundssonar, og þótti þá þegar alldauflegt að vera þar; herbergin lítil og dimm, en Jónas hálfleiðinlegur, sparneytinn allt að nízku og gaf sig ekki að neinu nema guðfræðinni, og það í rauninni ekki af vísindalegri lyst,

heldur einungis til að standa sig vel í examine. Svo fluttu nú allir hinir inn á Garð nema Oddur Hallgrímsson og Bogi Thorarensen; þeir urðu apturreka fyrir latínska stílinn — hjá Oddi var það af klaufaskap, en Bogi var alltaf ónýtur í stíl. Oddur varð ruglaður af öllu saman og var það í mörg ár; en Bogi hafði sig hraustlega upp og var stáliðinn alla sína tíð við háskólann. Á Garði bjuggu þeir Gísli Brynjúlfsson og Brynjúlfur Snorrason, og jeg man nú ekki hverir fleiri af Íslendingum. Brynjúlfur var frændi Gísla, og flutti af Garði árið eptir, minnir mig, því hann var búinn að vera þar í fjögur ár; hann var fríður maður og mjög fínn í fötum, ákaflega ómerkilegur og illa að sjer, en var að reyna til að koma sjer inn hjá Rafn til að fá vinnu fyrir fornfræðafjelagið, því hann hugsaði ekki til að taka examen, en vildi ílengjast í Kaupmannahöfn. Gísli var eptir á Garði, og flutti Stefán Thordarsen síðan til hans; Gísli var mesti snyrtimaður og keypti sjer dýr föt og margar bækur, þá helzt skáldskaparrit. Þá var sá bragur á Íslendingum að þeir vildu ekki kalla sig »familiu«-nöfnum, heldur hjet Jónas Thorsteinsen »Jónas Jónsson«; Gísli Brynjúlfsson »Gísli Gíslason« o. s. frv., en þó voru þeir engu þjóðlegri að heldur.

Við átum allir saman til miðdegis á fremur ódýrum stað í Litlu-Kóngsins götu, hjá einhverjum Reichmann, og kostaði miðdegisverðurinn 6 rd. (12 kr.), en hann var ljelegur og undirstöðulítill; á kveldin komum við venjulega á kaffihús og þá þau dýrustu, sem voru Schveizerarnir: Mini, Genelli, Pleish og Pedrin (sem hjetu hjá okkur Mjóni, Njáll, Blesi og Pjetur drengur); þar var fínt og gott, bæði smurt brauð, kaffi og súkkulaði og kökur; þar drukkum við og bjór bajerskan, sem þá var

ekki farið að heita í Danmörku, en var fluttur frá Þýzkalandi og kallaðist sú tegund »Waldschlösschen«, það var ljúffengur drykkur og óáfengur, en nokkuð dýr; vín eða púns eða aðra áfenga drykki smökkuðum við ekki, enda vorum við þá í bindindi, en máttum þó drekka öl. Það svonefnda bajerska öl, sem seinna var farið að brugga í Danmörku, var miklu áfengara og beinlínis fylliríisdrykkur, eins og það er enn.

Nú var farið að lesa til fyrri parts annars examens (philosophicum) — við heyrðum fyrirlestra hjá Madvig yfir sýnishorn latínu-kveðskapar og yfir eina tragediu Aeschylusar (*Επτα ἐπὶ Θήβαις*) hjá Petersen, sem var prófessor í grísku, mjög leiðinlegur; í sögu heyrði jeg Velschow, mjög smásmugulegan og leiðinlegan part af miðaldasögu Frakklands; í reikningi las Ramus yfir Trigonometriu, og nennti jeg ekkert að taka eptir því; í náttúrusögu las Steenstrup yfir dýrafræði (Vertebrata), og það þótti mjer skemtilegt; Steenstrup las í stórum sal, og var hálfkringlótt borð afarstórt í salnum og djúp lægð inn í borðið fyrir miðjunni, þar stóð Steenstrup í lægðinni, en þjónn hans kom inn með dýrin og setti þau á borðið; í kringum borðið voru bekkir í hálfhring og hinn eptri alltaf hærri en hinn fremri, svo að hinir næstu sátu við sjálft borðið, en hinir fjærstu hæst, og sást þannig yfir allt. Sibbern las fyrir sálarfræði, og þótti mjer það og skemtilegt. Til fyrra partsins áttum við að ganga upp í latínu, grísku, sögu og náttúrusögu.

En nú vorum við allir svo latir, að við nenntum ekkert að lesa, því að staðarlífið truflaði okkur og ruglaði; og ýmislegt kom fyrir sem dró okkur frá lestrinum, bæði skemtanir og sá kunningsskapur sem við gerðum þegar við þá landa sem fyrir voru, og sem voru sumir meðal

hinna helztu ágætismanna vorra, svo sem Brynjólfur Pjetursson og Konráð Gíslason. Þá var og Magnús Eiríksson í blóma; einhverju sinni seint um haustið var haldin hángikjötsveizla hjá Magnúsi, því að hann var átmaður mikill, saungmaður og hinn skemtilegasti fjelagsmaður; hann bjó í Silkigötu á fyrsta sal og hafði tvö herbergi stór og falleg; en svo stóð á þessari veizlu, að íslenzkir stúdentar höfðu fengið mat sendan heiman að, harðan fisk og smjör, hángikjöt og kæfu, og var allt þetta flutt til Magnúsar til þess að jeta það upp á einu kveldi; svo var fenginn bjór nógur. Þarna söfnuðumst við nú saman hjer um bil tuttugu eða fleiri, og átum saman og skemtum okkur og súngum, og þar drukkum við allir þúan við þá hina eldri, Brynjólf Pjetursson, Konráð Gíslason, Jón Sigurðsson, Skúla Thorlacius, Gunnlaug Þórðarson, Vilhjálm Finsen og fleiri, en síðan var þessum þúdrykkjum hætt, og þúuðust þessir hinir eldri menn ekki við hina yngri upp úr því. [Þeir sem komu frá Reykjavík, voru allt öðruvísi en við hinir, það var auðsjeð að þeir höfðu komið nær kaupstaðarlífinu og jeg er viss um að þessir eldri Íslendingar, sem hjer eru nefndir, hafa fundið á þeim einhvern demoralisations og fínheitabrag, sem ekki var á okkur ruddunum frá Bessastöðum. Oddgeir Stephensen var aldrei með, og engir okkar hinna yngri þúuðumst við hann].

Nú áttum við að taka prófið um vorið, en af því allir voru ónýtir, þá var það tekið til bragðs, að allir lögðust veikir og gátu þannig frestað prófinu, nema jeg; mjer fannst það ófært að enginn gengi upp, svo jeg gekk upp einn af Íslendingum, og fór náttúrlega á höfuðið, þar sem jeg vissi því nær ekkert í sumum greinum. Í náttúrusögu reyndi Steenstrup mig í hreyfingar-

færum hryggdýranna og var það langt og nákvæmt próf, eptir því sem heimtað var til annars examens, en jeg stóð mig ágætlega og skeikaði hvergi, og fjekk hæstu einkunn, en Steenstrup hafði miklu meira álit á mjer eptir en áður. Þetta gat samt ekki hamlað mjer frá því að fá »non« í aðalkaraktjer, og því varð jeg að flytja út af Garði, því minna en »haud« mátti maður ekki hafa til að geta verið þar kyrr; tók jeg þetta ekki nærri mjer, því jeg var leiður á Garð-verunni, og flutti jeg með mestu ánægju út í bæ, og langaði mig aldrei framar til að komast aptur inn á Garð.

Sumarið eptir las jeg til síðari hluta annars examens, en þó hlaut jeg að taka fyrri hlutann upp aptur, og það fór nú allt saman þolanlega, eptir því sem um var að gera fyrir mjer, því jeg gerði ekkert nema það sem mjer sýndist: jeg las náttúrusögu, skáldskap, heimspeki og málfræði, og eyddi þar að auki allmiklum tíma til að punta mig og rápa á götunum eins og hinir, en examens-greinarnar hafði jeg útundan. A. S. Örsted las yfir Physik, og þótti mjer óskemtilegt, Rasmus Nielsen yfir heimspeki og þótti mjer skemtilegt., Sibbern gamli las yfir sálarfræði, og þótti mjer allmikil skemtun að því; Hannes Árnason las með mjer undir examen í sálarfræðinni og hlýddi mjer yfir; jeg stóð mig ætíð vel hjá honum, en hann gerði mig hræddan, því hann klifaði alltaf á því, að jeg mundi »slampast á haud«, en þó stóð jeg mig ágætlega hjá Sibbern þegar til kom. Jeg varð mjög feginn þegar exameninu var lokið; jeg tók það sem skyldu og af blindri hlýðni, og það gerðum við allir þá. Eptir það fór jeg að stunda náttúrusögu, og einkum dýrafræði; jeg kom á dýrasafnið á hverjum degi, og hlustaði á fyrirlestra Steenstrups; en þá var engin

mynd eða regla á stundun þessara vísindagreina, og ekkert sjerstakt próf ætlað fyrir þær, heldur stunduðu menn þær alveg eptir eigin höfði og út í bláinn. Þá gekk enginn stúdent á safnið nema Erslev (sá sem gerði landafræðina sem var höfð um tíma í Reykjavíkurskóla); jeg talaði aldrei við hann; hann varð seinna kennari í Vjebjörgum og varð aldrei neinn verulegur lærdómsmaður. Steenstrup fór með mig til Schouw, sem þá var aldurhniginn; fallegur maður og tignarlegur; hann var einhver hinn frægasti grasafræðingur í Norðurálfunni og í miklu áliti; hann bjó í húsi í »botaniska« garðinum, sem þá var í Nýhöfn, bak við Charlottenborgar-slot. Schouw hafði umsjón með útgáfunni á Flora Danica þá, hann var og háskólakennari og hafði umsjón yfir »botaniska« garðinum. Fyrir bón Steenstrups útvegaði Schouw mjer kennslu í teikningu, sem þá var veitt gefins þeim stúdentum sem lögðu sig eptir náttúrufræði og sjerstaklega grasafræði, en þeir voru sárfáir, og enn færri þeir sem lögðu stund á teikningu. Teiknarinn við Flora Danica hjet Bayer, gamall karl, lítill og ljótur; hann kenndi á sunnudögum þar í húsi við garðinn; þar kom þá enginn nema jeg og Christian Vaupell, sem varð góður grasafræðingur og fór í stríðið og missti annan handlegginn; hann hefur gefið út grasafræði og eitthvað lítið meira, annars lítt merkilegt; við hann talaði jeg ekkert. Bayer ljet okkur teikna grös eptir lifandi grösum og sagði okkur annars lítið til; mjer fannst jeg ekki læra þar neitt, svo jeg kom ekki nema fjórum eða fimm sinnum, þar með var sú kennsla búin.

Jeg gekk á dýrasafnið og las dýrafræði undir Steenstrup eitthvað tvö ár; en svo fór jeg að heyra Eschricht, sem kenndi Physiologiu (líffræði) við háskólann, hans

fyrirlestrar þóttu skemtilegir og fjörugir, og hann var alveg innlifaður náttúrufræði, einkum því sem snerti lækningar; hann hefur ritað stórt verk um iðraorma og mikið um hvali, allt með myndum; hann kom upp miklu safni af hvala-beinagrindum með ærnum kostnaði, og var það í stórum sal í kjallara einum undir háskóla-byggingunni; þar voru beinagrindurnar settar upp og skorðaðar með digrum járnstaungum. Eschricht og Steenstrup voru engir vinir — líklega út af einhverjum vísindalegum ágreiningi, og hvorugur var laus við undirróður; en eptir að jeg fór að hlusta á Eschricht, þá komst jeg í kunningskap við hann og tók hann mig heim með sjer og leyfði mjer að nota bókasafn sitt eins og jeg vildi, eins þó hann væri ekki við. en það var eitthvert hið mesta og besta privat-bókasafn á Norðurlöndum, fullt af dýrum verkum og ágætum myndum. Aldrei minntist hann á Steenstrup, og hvorugur á annan. Svo varð það úr að Eschricht fól mjer á hendur að raða niður physiologiska safninu; það voru helst fiskar og anatomisk præparöt, vansköpuð börn, innýfli úr dýrum og annað þesskonar í spiritus. Að þessu var jeg í meira en eitt ár, nokkrar klukkustundir á hverjum degi, og talaði Eschricht um opt að jeg ætti að fá eitthvað fyrir þetta, helst að hann mundi gefa mjer Cuviers Regne animal (ekki samt stóru útgáfuna með myndunum, sem kostar meira en þúsund krónur, heldur texta-útgáfu í fimm bindum, sem kostar lítið) en ekki varð af neinu.

Við þetta minkaði kunningskapur minn við Steenstrup, og svo trjenaðist jeg líka loksins upp á Eschrichts-vinnunni, sem ekki leiddi til neins. Jeg hafði enga stefnu í atgjörðum mínum, las allt sem jeg komst yfir í náttúrusögu, skáldskap og öðrum vísindagreinum, en hugsaði

ekki um examen. Skólaverk fyrirleit jeg niður fyrir allar hellur, má vera af því að þá var ekkert kennt í skólum sem mjer þótti nokkurs vert; þar með var jeg ákaflega hrokafullur með sjálfum mjer, þó það ekki kæmi fram í tali við aðra. En jeg var líka mikið melankólskur og dulur; jeg orti töluvert og einna helst sorgarkvæði og ýmsa þesskonar samsetningu, og er það nú allt týnt; jeg vissi ekkert hvað jeg vildi, fyrir mjer vakti eitthvert Ideal, sem jeg ekkert vissi hvað var eða hvernig var, það var einhver óþrotleg og stefnulaus laungun eptir einhverju óvissu; ástar þurfti jeg með, en jeg hafði ekkert til að elska; jeg gaf mig ekkert við kvennfólki, en lifði í laungunarfullum og endalausum draumum, las Goethe og Schiller, Herder og Heine og ótal önnur skáld, Hegel og Aristoteles og Plato, puntaði mig og dreif á götunum, stundum allan daginn. Jeg aflaði mjer þekkingar út um allt, en mjer varð hún ekki að neinum praktiskum notum, nema hvað hún veitti mjer innri ánægju um marga stund og hefur sjálfsagt, ásamt uppeldi mínu, verndað mig frá að komast út í ólifnað. Finnur Jónsson segir í bókmenntasögu sinni, að jeg og fl. hafi fengið mest áhrif frá dönskum skáldum, en um það veit hann ekkert.

Skömmu eptir að jeg kom til Hafnar kom Húmboldts Kosmos [Alexander Humboldt, »der unvergleichliche und unvergessliche Heros« — hefur hrundið allri skoðun á heiminum áfram, ekki einungis með vísindalegri nákvæmni og fjölhæfi, heldur og með skáldlegum stíl og framsetningu. Þó að »Kosmos« sje í ýmsu nú úreltur, þá er hann það ekki í öllu, og hann verður alltaf »ein Denkmal der Zeiten« eins og Buschmann segir], og lá jeg í honum vakinn og sofinn, jeg man ekki til að neitt

verk hafi gert eins mikil áhrif á mig, og hversu sjón mín á alheimslífinu varð æðri og meiri á því, það fær enginn skilið nema hann reyni eitthvað svipað. Kosmos er raunar of þúngur fyrir lítt menntaða menn, en jeg las þar fyrir utan ógrynni sem hjálpaði til að skilja hann. Jeg varð og frægur á museunum þá fyrir teikningar, og eptir ávísun Steenstrups fjekk Puggaard mig til að teikna myndir af steingjörfingum í »Möens Geologi«, sem hann gaf út; jeg fjekk kaffi fyrir það. Puggaard var sonur samnefnds stórkaupmanns og vellríkur; hann var stúdent — held jeg, eða þá hann stundaði jarðfræði að gamni sínu; hann bjó hjá foreldrum sínum í Stóru-Kóngsinsgötu og þar fjekk jeg þá æru að koma til hans; allir stigar voru þaktir dýrum gangdúkum og opnar stofudyr — stórir salir með ökladjúpum plyss-teppum — eldgamlar grosserakerlingar sátu þar eins og steingerðar goðamyndir — uppi yfir þessu bjó ungi Puggaard í tveim herbergjum, og átti þar allt fullt af bókum og náttúrugripum, helst steinum, skeljum og kuðúngum; hjá honum sá jeg »Sowerby's« Conchologiu, litaðar myndir í einu bandi, sem mig langaði til að eiga. En annars var hann ekki öfundsverður, því hann var heilsulítill og er nú dáinn fyrir laungu (1864).

Svo dó nú Finnur Magnússon, fjárhaldsmaður minn, og jeg fjekk brjef frá föður mínum um að jeg skyldi koma heim, því hann gæti ekki sent mjer peninga. En þessu hlýddi jeg ekki — jeg man heldur ekki til að nein ráðstöfun væri gerð með farareyri eða neitt, svo jeg fór hvergi. Þá var Konráð að semja dönsku orðabókina, og vantaði mann, og fór jeg til hans sem skrifari, því jeg ritaði vel og Konráð hafði álit á mjer, bæði vegna föður míns og sjálfs mín, því það komst fljótt upp

að jeg var vel að mjer í málinu bæði að fornu og nýju. Konráði var stirt um að skrifa, enda skrifaði hann aldrei einn staf til orðabókarinnar, heldur las allt fyrir upp úr sjer og hafði Molbech við hliðina á sjer. — Þá var Cleasby dauður — hann hafði einusinni komið til mín meðan jeg var á Garði, til að sjá mig, af því jeg var sonur Sveinbjarnar Egilssonar; hann hafði sjeð föður minn og verið með honum í Höfn veturinn sem faðir minn var þar vegna rectors-embættisins. Þegar Cleasby kom til mín, þá var jeg ekki kominn á fætur, því það var snemma um morgun, og talaði hann eitthvað við mig á ljelegri dönsku; síðan sá jeg hann ekki. Hann var heldur hár maður og grannur, með dökkleitt vangaskegg, skarpleitur í andliti og ekki fríður, leit út til að vera heilsulítill. Safn Cleasbys til orðabókarinnar, sem Guðbrandur umsteypti og lauk við, var látið vera kyrt í Höfn, það voru mörg bindi í folio og mörg hundruð seðla í pökkum; hafði Cleasby haldið ýmsa Íslendinga til að safna fyrir sig úr fornritunum, þar á meðal Brynjólf Pjetursson (sem hann ljet ferðast með sjer um Þýzkaland til skemtunar, því Cleasby var stórauðugur), Halldór Friðriksson og fleiri — þetta varð orsök þess að Halldór fór að leggja sig eptir íslenzku og gaf út íslenzka lestrarbók. Svo fór Halldór heim og varð kennari við Reykjavíkurskóla, Brynjólfur fór inn í íslenzku stjórnardeildina og gaf sig ekki við öðru, svo enginn var eptir nema Konráð, sem annars hafði ekki síst safnað fyrir Cleasby og hjálpað honum að verkinu. Var síðan sú ráðstöfun gjörð af erfingjum Cleasbys á Englandi, að halda skyldi áfram verkinu og leiða það til lykta, og þá var allt verkið flutt til Konráðs og hann settist yfir það ásamt Krieger prófessori. Þetta varð nú eins og hval-

reki fyrir okkur, sem ekki höfðum neitt fast viðurværi, og þá var verkinu skipt niður á ýmsa, sem náttúrlega voru lítt færir til þess; því má ekki gleyma, að bannað var að citera staðina in extenso, heldur áttu tilvísanirnar að vera einungis með tölum og skammstöfuðum bókanöfnunum eða sögunöfnunum etc., svo verkið var miklu óásjálegra og rýrara fyrir allt saman; samt sem áður held jeg því hafi verið of mikið úthúðað, og mun það vera Guðbrandi að kenna, því Íslendingar eru vanir að ríta hvorn annan niður. [Þetta var prentað að mig minnir í »Augsburger allgemeine Zeitung«, og mun Konráð Maurer, vinur Guðbrandar, hafa fært það í stílinn, en Guðbrandur var fullur af hatri til Íslendinga, og reif allt niður sem íslenzkt var. Um þetta er einnig getið í formálanum fyrir orðabók Eiríks Jónssonar, en þó skammalaust. Um þetta var og lauslega getið í formálanum fyrir Lexicon poeticum]. Jeg man ekki til að jeg fengist við annan staf en r-ið, og minnir mig að 200 krónur væru borgaðar fyrir það; svo hreinskrifaði jeg fyrir Gísla Magnússon það sem hann fjekk, og fyrir það fjekk jeg lítið.

Annars var jeg hjá Konráði við dönsku orðabókina; hann hafði áður haft Gunnlaug Þórðarson fyrir skrifara en þeim mun hafa sinnast, svo þeir skildu. Ekki bjuggum við Konráð saman, en jeg kom til hans á hverjum degi. Hann bjó fyrst í Larsbjörnstræde, og þar var Gunnlaugur hjá honum; það var fyrsta árið mitt, og kom jeg þar opt, því Konráð var góður við mig. Svo varð hann »lector« við háskólann og flutti yfir á Amagertorv, hafði þar eitt stórt herbergi á 1sta sal, og þar kom jeg til hans á hverjum morgni til að skrifa eptir honum til orðabókarinnar. Eiginlega fjekk jeg lítið eða

ekkert annað fyrir þetta en það, að Konráð tók mig út með sjer á hverjum degi til að jeta, og fór hann ekki sparlega í það; átið varði venjulega ásamt kaffidrykkju og reykingum, í þrjá og fjóra klukkutíma, og á dýrustu stöðum — svo gerðum við ekkert það sem eptir var dagsins. Konráð var skemtilegur, hægur og dulur, smáfindinn og alltaf innrættur með íslenzku; ekki iðjumaður nje starfsmaður nema svona með kippum; ekki átti hann mikið af bókum fyrir utan íslenzkar bækur og þó ekki nærri allar, og ekki var hann viðlesinn, en ákaflega skarpur og svo varkár þegar hann var spurður að einhverju, að hann sagði aldrei neitt nema að hann vissi að það væri rjett eða mætti til sannsvegar færast, hann var og ófús á að láta spyrja sig. Annars var hann dutlúngafullur og undarlegur, óánægður með lífið og hefur — að minsta kosti þá — álitið það mislukkað, og mun það hafa verið af því að hann missti unnustu sína, og fjekk honum svo mikils að ekkert gat huggað hann; hann fjekk þá styrk til að ferðast til Þýzkalands til lækninga við augnveiki, sem þjáði hann einnig, en það hefur hann þá einnig notað til að fá afþreyingu í þessari miklu sorg — þetta var nú áður en jeg kom til Hafnar, og allt afstaðið þegar jeg var hjá honum. Jeg man eptir einu sem bar við: Einusinni sem optar var jeg að skrifa hjá Konráði; hann sat á rauðum stól fyrir miðju borðinu, en jeg beint á móti honum. Nú var Konráð opt fjarska lengi að hugsa sig um og leita að íslenzkum citötum, mest í Cleasby-safninu sem var geymt hjá honum, og tók þetta opt og tíðum langa stund, opt kortjer og enda meir, sem jeg beið með pennann í hendinni og hafði ekkert að skrifa; hafði jeg því bók við hliðina á mjer til að lesa í á meðan, og hafði svo lengi

gengið, að Konráð hafði ekkert skipt sjer af því, með því líka jeg var fljótur og góður ritari. En allt í einu stendur Konráð upp, rífur sig úr frakkanum og tekur til að skamma mig fyrir það, að sje jeg annað að gjöra og sinni honum ekki; hann ljet þannig dæluna ganga hálfa stund og barði sig allan utan og þjösnaðist um allt gólfið, en jeg sat rólegur og skipti mjer ekkert af þessu og sagði ekki eitt orð; síðan fór Konráð aptur í frakkann og segir að nú sje bezt við förum út. Svo fórum við út og vorum það sem eptir var dagsins að drífa á hvern veitingarstaðinn eptir annan og lifðum dýrðlega í mat og drykk, allt á Konráðs kostnað, og var hann þá hinn bezti og ljek við hvern sinn fingur. Konráð var ekki hár meðalmaður, vel vaxinn, grannleitur og skarpleitur, þunnvaxinn og fríður í andliti, kolsvartur á hár og skegg, en varð fljótt gráhærður, hendur og fætur mjög litlir og fínir, og að öllu var hann hinn mesti snyrtimaður. Konráð hafði vel vit á skáldskap, en ekki held jeg hann hafi getað ort nema kesknisvísur, og var honum ljett um að taka menn fyrir og yrkja um þá. Þessi var um Magnús Hákonarson:

Enginn betur kann að kingja
kjöti feitu og þesskonar,
líka gjörir hann sætt að sýngja
og sæmilega titlingar,
gjörir einnig glösum hringja
gáfumaðurinn hjer og þar.

Þetta um Brynjólf Pjetursson:

Við sem annars lesum lögin
og lítil höfum vængjaslögin,
opna gerðum hróðran hauginn
Herjans uglan sat þar á,

fagurt galaði fuglinn sá.
Síðan kvæða sendum drauginn
sjera Pjeturs kundi,
listamaðurinn lengi þar við undi.

Önnur vísa:

Þegar loks vjer föllum frá
og förum úr ljósi þvísa,
Íslendingar allir þá
yfir oss munu físa,
og enn fremur upp á krít
utan borgargarða,
hlaða oss úr hundaskít
helgan minnisvarða.

(Beisk Ironia yfir aðferð Íslendinga við þeira mestu menn). Um Magnús Eiríksson margar vísur og grófar, svo jeg skrifa þær ekki. Íslendingar höfðu annars það álit á Konráði, að hann mundi geta tekið öllum fram í skáldskap, hefði hann viljað, slíkt álit er stundum á mönnum ef þeir ekki gera neitt, en annað verður ofan á, þegar þeir sýna sig. Konráð var allt of »formel«, til að geta verið eiginlegt skáld; þar að auki lítt lesinn, en takmarkaður specialist í norrænu.

Þegar jeg kom til Hafnar, þá var Fjölnir hættur að koma út, en Fjelagsritin hjeldu áfram. Jón Sigurðsson var höfuð Fjelagsritamanna, og var alltaf rígur milli hans og Fjölnismanna, jeg held mest út af rithættinum. Skömmu áður en jeg kom, ætluðu þeir allir að sameinast og steypa báðum ritunum saman í eitt; var fundur haldinn um þetta, en þegar til stafsetningarinnar kom, þá fór allt út um þúfur. Jón Sigurðsson vildi ekki hafa joðið og grönnu stafina, sem Konráð og Brynjólfur hjeldu fram, og svo varð ekki neitt af neinu. Konráði var alltaf mjög kalt til Jóns, og veit jeg ekki hvað annað hefur

verið orsök til þess. En engu að síður var Fjölnisflokkurinn við líði; það voru Konráðs menn, og voru helztir þeirra Gunnlaugur Þórðarson, Skúli Thorlacius, Haldór Friðriksson og Brynjólfur Pjetursson; en Fjelagsritaflokkurinn var eiginlega ekki nema Jón Sigurðsson einn, því hinna gætti varla neitt, þó margir væri. Jeg hneigðist þegar að Fjölnisflokkinum — líklega af því hann var meira »æstetiskur« en hinn, en jeg fráhverfur pólitík; og átti nú að gefa út seinasta (níunda) árið af Fjölni, eptir tveggja ára millibil, því fráfall Jónasar Hallgrímssonar hefur kannskje hamlað útgáfunni, þó hann annars ekkert gæti styrkt Fjölni með peningum. Þá hefur Fjölnismenn líka lángað til að koma á prent einstöku ritum eptir Jónas, sem prentuð voru í níunda ári. Jeg gekk nú í þetta Fjölnisfjelag, og gáfum við allir út níunda árið, að svo var kallað, en enginn borgaði neitt upp í prentunarkostnað, og held jeg að Brynjólfur hafi gert það einn, því hann sá ekki í skildinginn og hafði alltaf peninga. Þá orti jeg kvæði eptir Jónas og fleiri kvæði, sem prentuð eru í níunda ári Fjölnis og merkt með grískum staf, þau heita »Nótt«, »Óveður« og »Hafmey« og hef jeg þar sjálfsagt verið undir áhrifum Jónasar eða þeim kvæðum hans sem eru þýdd eða líkt eptir Heine. — Minna átti jeg við Jón Sigurðsson, en þó urðum við kunnugir, og þegar Kristján áttundi dó, þá spanaði hann mig til að kveða eptir hann, þá orti jeg sextuga drápu og skírði Jón hana og kallaði »Jólnaglöð«; hún er prentuð í Fjelagsritunum, ásamt fleiri kvæðum mínum (minningarljóðum eptir Finn Magnússon, »Rendu hægt um lága lautu«, »Jeg gekk út í skóginn«). En miklu meira hallaðist jeg að Konráði og Brynjólfi, með því líka þeir sóktust meira eptir mjer en jeg eptir þeim, þó

jeg væri miklu yngri; þeir voru mjer og einstaklega góðir og mestu ágætismenn. Jeg ritaði fyrir þá öll kvæði Jónasar Hallgrímssonar, sem þeir ljetu prenta og seldu síðan Bókmenntafjelaginu, og fengu þeir mig til að sjá um ritgerð Jónasar um íslenzka fugla, sem prentuð er í níunda ári Fjölnis. Höfðu þeir á mjer mikið álit.

Meðal allra Íslendinga bar mest á Jóni Sigurðssyni og Konráði, og þeir voru í mestum metum. Engin vináttа var milli þeirra, eins og jeg hef áður getið um, enda voru þeir í flestu ólíkir. Jón var meira lesinn í íslenzku en Konráð, því fyrir utan það, að hann lagði sig eptir sögunum og allt fram á vora daga, þá var hann nákunnugur lögunum, en það var Konráð ekki; Jón var og á allt öðru málfræðislegu sjónarmiði en Konráð, og spilti það milli þeirra. Hvorugur var víðlesinn í europæiskri Literatúr; Jón var aldrei iðjulaus og alltaf að vinna; Konráð var latur með köflum og gerði ekkert vikum saman, en vann með rykkjum; Jón var pólitiskur og stjórnfræðingur, Konráð hafði óbeit á öllu þesskonar og vildi hvergi nærri koma, [enda var honum nauðugur einn kostur, þar sem hann var danskur embættismaður. Fyrst þegar Konráð kom til Hafnar, þá var hann fanatiskur Íslendingur í lund, en kæfði það allt niður vegna háskólaþrældómsins. Hann var raunar tryggur að sumu leyti, en alls ekki góðgerðarsamur, og ekkert testamenteraði hann af eignum sínum Íslandi í hag, það fór allt í Dani. Ekkert er getið um þetta í æfisögu Konráðs í tímariti Bmf. sem ekki er við að búast, slík hlutdrægnisdella sem sú æfisaga er]. Konráð kastaði fram kviðlingum og tækifærisvísum (sem hann þó aldrei skrifaði), Jón hefur aldrei ort vísu. Konráð var bráðlyndur og þoldi enga mótsögn, rauk opt upp með skammir og ójöfnuð;

Jón kunni að stjórna sjer, var rólegri og ritaði aldrei skammagreinir. Báðir voru svo vel viti bornir, að þeir gættu þess að þeim lenti aldrei saman; báðir gátu verið undirförulir og pukrarar. Jón var stórkostlegur en Konráð snyrtilegur og smásmuglegur. Konráð var mjög gefinn fyrir að brúka menn og borgaði ílla eða ekki, án þess þó að vera ágjarn eða sjerplæginn; Jón var einnig gefinn fyrir að brúka menn, en borgaði vel. Jón var góður búhöldur, Konráð þar fráleitur; Jón var afhaldinn af Íslendingum og mjög mikið með þeim og eptirsóttur, Konráð einangraði sig og forðaðist þá, og kom því nær enginn til hans. Jón sleikti aldrei upp danska flokkinn, Konráð var corollarium háskólans. Um kunningsskap Íslendinga við Konráð er alveg rangt ritað í tímariti bókm. fjel.; þeir sem þar eru taldir kynntust honum ekki fyrr en á elliárum hans, en hinir verulegu kunningjar hans og fornu eru ekki nefndir (Gunnl. Þórðarson, Magnús Eiríksson, jeg, Sveinn Skúlason, Skúli Thorlacius etc.).

Sumir Íslendingar fundu upp á því að »fara út á land« á sumrin og búa þar um tíma. Þetta gerðu nokkrir einnig þá, og var jeg einn þar með; Jónas Thorsteinsen var einna fjörmestur í þessu, og man jeg eptir að við fengum okkur vagn og ókum út í Sölleröd, þar var veitingastaður og gestgjafahús, og þar átti nú að láta fyrirberast um hríð; ekki man jeg hvað lengi það varð, en það man jeg, að þær ferðir urðu mjer ekki til neins gagns eða skemtunar, ekki til annars en eyða tímanum í hugsunarleysi og andvaraleysi. Þar voru stór herbergi, lág undir lopt og tómleg, varla neinn húsbúnaður — einusinni höfðum við það til gamans að við æddum allir í gegn um herbergin þvert og endilángt, með fullar kollur af gömlu Martsöli í höndunum. — Yfir höfuð var

jeg aldrei mikið gefinn fyrir skemtanir, meðan jeg var í Höfn, hvorki á þessum árum nje í síðara sinn; jeg fór sjaldan á leikhús, en nokkuð opt í Tivoli til að heyra Lumbye og sjá hversu listilega sumir af hans mönnum ljeku á fíolin; annars sá jeg sýnishorn af flestu sem sýnt er, en jeg lagði mig ekki niður í það. Jeg lærði að dansa ásamt með fleirum úngum mönnum og löndum, kennarinn var gamall karl sem hjet Lund; þar voru einhverjar stelpur, sem hann hafði drifið upp til að dansa við okkur, og skoðuðum við þær sem dömur og vorum feimnir við þær. Jeg gat vel lært að dansa, því jeg var ljettur og lipur, en jeg hafði eiginlega enga lyst til þess, og gerði þetta af því jeg hjelt það ætti svo að vera. Fiolin snerti jeg aldrei — jeg gaf fiolinið mitt þegar jeg kom til Hafnar. Aldrei snerti jeg á spilum nema einusinni, þá spiluðum við margir »hálf-tólf«, og jeg tapaði níu mörkum. Mjer þótti gaman að kvennfólki, en jeg átti ekkert við það, nema jeg var nokkra stund skotinn í fallegri stúlku, sem hjet Louise Paulsen, hún ljek á hörpu út á Friðriksbergi, þar kom varla nokkur maður.

Á þessum árum var jeg byrjaður á »Ragnarökkri« — fyrst á dönsku; jeg sýndi Hauch nokkuð af því og líkaði honum það vel, en jeg hætti við það aptur og tók til þess á íslenzku miklu seinna. Ýmislegt fleira orti jeg á dönsku, líklega af því mjer hefur fundist jeg ekki hafa nógu stórt »publicum«, og hefur fleirum orðið það á. Flestu þessu hef jeg týnt, en allt var það gagndrepa af sorgartárum og eymdarskoðunum — jeg veit ekki af hverju.

Þannig leið nú lífið mitt í Kaupmannahöfn, takmarkalaust og tilgangslaust, og má vera þetta hafi haft þau áhrif á mig og komið mjer í þá sorglegu og alvarlegu

stefnu, sem ávallt hefur fylgt mjer, þó jeg hafi verið glaður ofan á og sífelldlega gefinn fyrir gaman og findni. En af því mannlegt líf er tómt og litarlaust án annara manna, þá skal jeg nú geta hinna helztu samtímis-manna minna á þessu tímabili, þeirra sem jeg ekki hef lýst á undan. Sumir voru fyrir, þegar jeg kom, sumir komu með mjer, en sumir seinna.

Af prófessorunum skal jeg nefna Steenstrup, Eschricht, Liebmann, Madvig, Sibbern og Velschow, Ramus, Olufsen og Örsted.

Steenstrup var í minna lagi meðalmaður, herðabreiður og nokkuð lotinn, hnellinn að sjá og nærsýnn og gekk með gleraugu; hann talaði snuggandi og hafði ekki góðan framburð; hann var þá giptur og bjó í háskólabyggingunni þar sem dýrasafnið var. Hann var mjer góður og þægilegur, en annars heyrði jeg að hann væri í spenningu við ýmsa menn. Einusinni var jeg hjá honum um kveld til borðs; þar var drukkið tevatn og etið smjör og brauð og ekki annað, miklu einfaldara en hjer er lifað, og svo lifðu allir háskólakennararnir. Þá var Lütken þar, sem nú er háskólakennari. Lütken fór að segja frá einhverjum manni, en eitthvað kom fyrir sem honum þótti gróft að segja, því kona Steenstrups og dóttir sátu við borðið; en Steenstrup sagði hann skyldi segja hreint áfram og ekki kæra sig — það var þá ekki annað en það að maðurinn hafði mikið skegg, og þókti mjer þetta óþarfa fínheit. Steenstrup hafði alltaf í kringum sig fjarska mikið af bókum og skruddum, sem lágu út um allt, á stólunum, á borðunum og á gólfinu, og svo var alltaf seinna, þegar jeg kom til hans eptir mörg ár.

Eschricht var meðalmaður á hæð og þunnvaxinn, gekk með gleraugu og var litarljótur í andliti, eins og holds-

veikir menn; hann hafði ljótar hendur, bólgnar og rauðar, líklega af því að sulla sífellt í spiritus og innýflum dýra, því hann anatomeraði mikið. Fyrirlestrar hans voru áheyrilegir og skemtilegir, en ekki djúpt vísindalegir. Að öðru leyti hef jeg getið um hann áður.

Liebmann var kennari í grasafræði og var hægur maður, brjóstveikur og linlegur, hár og grannur; ekkert átti jeg við hann, nema jeg fór einusinni með honum út á botaniskan túr ásamt mörgum stúdentum sem jeg ekkert þekkti — því jeg kynntist engum dönskum stúdentum — jeg sat á vagni með einhverjum hálfþýzkum ruddalegum og rauðskeggjuðum hálfstúdent eða seminarista, og hafði ekkert gagn af túrnum. — [Jeg man líka eptir Ibsen, sem var þá orðinn háskólakennari, og hlustaði jeg á hann nokkuð, hann gekk á trjefæti og var mæðulegur, en þeir fóru illa með hann. Jeg skrifaði fyrir háskólabókasafnið nokkuð af riti hans um eyrað].

Madvig var stór og ljótur, með stórt höfuð og silfurgleraugu, hann las vel fyrir og skilmerkilega, var ágætur examinator og eitthvað stórt við hann; annars átti jeg ekkert við hann. Einusinni höfðu »rússarnir« af gázka sett hund upp í kennslustólinn, sem Madvig átti að sitja á, og sat hundurinn þar, þegar Madvig kom; en Madvig varð reiður og skammaði þá út með hægð, og sagði síðan: »en nú er jeg orðinn svo truflaður, mínir herrar, að jeg get ekki lesið í dag«, og fór burtu. —

Sibbern var stór og digur, með ákaflega stórt höfuð, sköllóttur og stríhærður — allir prófessorarnir voru skeggjausir; hann gekk og með gleraugu. Framburður hans var harður og óviðfeldinn, en hann var samt skemtilegur og fastur í þekkingunni; samt fannst mjer ætíð vanta eitthvert vísindalegt snið á allt hjá honum, og hann var

enginn verulegur heimspekingur, þó hann vildi vera það og væri haldinn það. Einusinni höfðu »rússarnir« límt blað upp á hurðina áður en Sibbern kom inn og skrifað á blaðið: »Prófessor Sibbern kemur ekki í dag vegna hæsi«; en svo kom Sibbern og sá blaðið og varð fokvondur og reif það niður í bræði, en hugsaði sig strax um og sagði: »þetta sómdi ekki heimspekingi«. —

Velschow var lítill maður, fríður og ekki andríkur, en sagan rann upp úr honum eins og árstraumur. —

Ramus var fríður maður og undarlegur, mikill mathematikus og dró af sjer stígvjelið í hvert skipti sem hann gaf gat.

Olufsen kenndi stjörnufræði, óvísindalega og ómerkilega, hann var magur og skininn, og sögðu menn að hann hefði alltaf magaverk af að sitja uppi á turni á hverri nóttu til að skoða stjörnurnar. —

Örsted var lítill og ómerkilegur, en fínn og tilgerðarlegur, ekki fannst mjer neitt vísindalegt við hann, og frægð hans er mest komin af elektromagnetismus, sem eiginlega fannst af stúdent, sem sagði Örsted frá því, en Örsted var háskólakennari og honum var fundurinn eignaður. [Svo er sagt að Örsted hefði gefið einum stúdent »gat«, er hann kunni ekkert við próf; hafi stúdentinn þá farið upp í sívala-turn og fleygt sjer ofan; síðan hafi Örsted aldrei gefið »gat«. Annars bar það optar við en einusinni að menn fyrirfóru sjer með því að steypa sjer ofan af turninum. — Einum próf. verð jeg að bæta við: Rasmus Nielsen. Hann var ljótur og dimmur, en gáfulegur; hann las fyrir heimspeki, og fann jeg fljótt hversu mikill munur var á honum og Sibbern, enda hafði jeg gaman af hans fræðigrein og stóð mig vel í henni í prófinu].

Þetta voru kennararnir sem við heyrðum til annars examens; »Rússarnir« ljetu eins og þeir væru vitlausir, og var lítil stilling á þeim. Ekki kynntist jeg við neinn þeirra, nema þá sem stunduðu dýrafræði seinna, Mörch, sem varð frægur Conchylolog, en undarlegur og sjervitur; og Conradsen, sem var »præparatör« á safninu, samt var þessi kunningskapur mjög lítill. Jeg sá einusinni Henrik Kroyer; jeg var að aka á opinberum stað með H. Árnasyni, þar kom Kroyer og sagði H. Á. mjer hver þetta væri; hann var ekki tilkomumikill, mæðulegur og slitinn að sjá.

Nú er að nefna Íslendinga, sem jeg ekki hef áður nefnt. *Brynjólfur Pjetursson* var hár maður og herðalotinn, hafði smáar hendur og fætur og var ætíð snyrtilegur í fötum og framgaungu, hann gekk með gylt gleraugu. Hann var hneigður til hjartveiki og málrómurinn veiklegur og skjálfandi. Hann var einhver hinn drenglyndasti og göfuglyndasti maður sem jeg hef þekt, og þar eptir hygginn og sjeður, en ekki sá hann í skildinginn, og fje vantaði hann aldrei. Enginn var við mig eins og Brynjólfur. Opt þegar hann mætti mjer á götu, þegar jeg var nýkominn, þá tók hann mig undir hönd sjer og leiddi mig um allt til að sýna mjer hvað eina, og á milli fór hann með mig á veitingastaði og veitti hvað sem jeg vildi hafa; opt spurði hann mig hvort jeg þyrfti einskis með, og gaf mjer þá peninga — fimm eða tíu dali. Fyrsta árið mitt kom eitthvað út eptir Norðmenn um Íslendinga, sem okkur líkaði ekki; [það var tilraun til að svipta okkur fornritunum eins og Finnur Jónsson hefur reynt til síðar með Eddukviðurnar, kenning F. Jónssonar um þetta í bókmentasögu Íslands er svo barnaleg og heimskuleg að henni er naumast svarandi. Samt hefur

B. M. Olsen tekist það á hendur, og gert það vel og rækilega, þótt ekkert tillit hafi hann tekið til þess sem jeg hef ritað um Eddu bæði í Gefn og í Tímar. Bmf., en það er það eina sem ritað hefur verið á íslenzku um þetta efni, svo nefna hefði mátt það. Jeg hef aldrei verið innundir hjá þessum »doktorum« enda nefnir B. M. Ólsen »doktorana« Bugge og Jensen, að þeir hafi álitið að orðin í Völuspá »hvera lundi« líti til Íslands, en þetta hafði jeg laungu áður sagt í Gefn, og það fyrstur allra, því jafnvel Finnur Magnússon hafði ekki komið með þá hugsun. Fleira í ritgerð Olsens er sama og jeg hafði sagt áður, þótt jeg sje hvergi nefndur. Sama er að segja um að Brynhildur gengi »ills um fylld ísa og jökla« þetta hef jeg nefnt í Gefn, en Bugge skilur það öðruvísi og fylgir B. M. Ó., en nefnir ekki mig; annars er ómögulegt að sanna hver skilningurinn sje rjettari. Sömuleiðis um »Gimli«, sem jeg hef nefnt bæði í Gefn og tímaritinu, B. M. Ó. nefnir það ekki, en kemur með hið ómögulega form »Gimlei« sem líklega á að koma heim við skýringu Bugges á þessu (ɔ: Gim-hlje) sem jeg er sannfærður um að er raung og gefur enga meiningu, »Gimlei« er þar að auki alveg »ógrammatikalskt« (hlje hefur engan casus »hljei«). Annars er jeg nú horfinn frá þeim skilningi á þessu, sem jeg setti í »Gefn« (um Brynhildi) vegna þess sem Byron segir í Don Juan [XIV 102]: »What »antres vast and deserts idle« then — Would be discovered in the human soul! — What icebergs in the hearts of mighty men« — hjer er einmitt sama hugsunin]. En rithöfundarnáttúran vaknaði snemma í mjer, og þá rituðum við einhverjir hinir ýngstu — eða eiginlega jeg — excentriska ritgjörð sem var kölluð »om en Munk i Norge« (ɔ: professor Munch,

sem var andvígur Íslendingum og vildi eigna Norðmönnum fornritin) og svo gáfum við þetta út; en af því varð Brynjólfur ergilegur og kvað okkur hafa farið óhyggilega að, eins og satt var. Brynjólfur var ástúðlegri við mig en aðra Íslendinga.

Skúli Thorlacius var hár og vel vaxinn, mikið með Íslendingum en þó hálfdanskur í aðra röndina, ekki laus við heimsku eða kjánaskap, og hentum við opt gaman að honum. Hann orti nokkuð á dönsku og var sumt prentað, en ekki var það mikill skáldskapur.

Gísli Thorarensen var stór og digur, klunnalegur og undarlegur; hann fjekkst og við skáldskap og lagði sig mikið eptir Hejberg [og var stundum að heimsækja hann, því hann streittist mikið við að semja sorgarleik um Kjartan og Guðrúnu, náttúrlega á dönsku og var tilgangurinn að koma því á konungl. leikhúsið, en það fórst allt fyrir og vissi jeg lítið um það, nema Gísli las upp fyrir mjer eitthvað úr þessu leikriti, og man jeg ekkert nema um einhvern foss, sem átti að renna upp á móti. Annars var skáldskapur Gísla þunnur og magur, og engin fyndni í því sem hann ætlaðist til að svo væri, eins og sjá má á »bóksölunni« sem prentað er í 6ta ári Fjölnis, og svo »Fyrsta Alþing« í Boga-bók — andlaust þvaður, sem að mestu leyti er óskiljanlegt, enda mun almenningi lítið hafa þótt komið til skáldskapar Gísla, þó að einstakir menn, einkum frændur hans, vildu halda honum fram].

Gunnlaugur Þórðarson var meðalmaður, rjett laglegur, ákaflega prosaiskur, og samdi sig helst eptir Konráði, því hann var lengi skrifari hans; hann var í ætt við Stefán Gunnlaugsen landfógeta, en komst í óreglu og vafs vegna fátæktar; hann var í sífeldu stríði fyrir lífinu,

og það hefur komið honum til ýmislegs sem annars hefði ekki orðið. Þá var mjög títt með Íslendingum að lána peninga hjá okurkörlum fyrir geysimikla leigu, og voru ýmsir úngir og óreyndir dregnir inn í þetta; var Konráð einna mest í þessu, því hann þurfti svo mikils; Magnús Eiríksson var hafður til að »endossera« hvern »víxlarann« eptir annan; svo voru þeir Skúli Thorlacius, Sivert Hansen, Gunnlaugur og Gísli Magnússon í þessu vastri. Einusinni átti að fá mig til að skrifa á víxlara, en til allrar lukku þótti okraranum (Schowelin) jeg of úngur, svo jeg varð laus við það; alls einusinni — seinast á þessu tímabili — lánaði jeg 50 dali upp á víxlara, og hjálpuðu mjer þá þeir Vilhjálmur Finsen og Fistaine, en faðir minn borgaði þetta; síðan hef jeg aldrei verið við þetta riðinn. Þeir Gísli Magnússon og Gunnlaugur fengu einhverja stafi í orðabók Cleasbys til að semja, og voru þeim þá fengnar dýrar bækur sem Cleasby hafði átt, til að hjálpast við; en þeir settu út bækurnar og varð Konráð að leysa þær út aftur með afarkostum. Af þessum fjelagsskap lærðum við hinir yngri að setja út það sem við áttum eða eignuðumst, þótt opt væri engin þörf, og eyddist með því fje okkar. Ein sagan um Gunnlaug er sú, að hann var eitt sinn sem optar fjeþurfi; hann lánaði þá hjá stúdenti nokkrum dönskum dýrindis-flautu úr ebenholt, alla silfurbúna — hefur líklega þókst ætla að brúka hana til að spila á; flautan var í lokuðu hylki. Gunnlaugur fór með flautuna til Strempels, sem var alræmdur okrari og prakkari, verzlaði með gamlar bækur og allskonar rusl, og leituðu sumir Íslendingar til hans, en jeg kom þar alls einusinni með Hannesi Árnasyni. Gunnlaugur lýkur upp stokknum (hann var lokaður með skrá og lykli) og býður karlinum flautuna fyrir 12 dali

(minnir mig). Karlinn skoðar vel og vandlega, og kveðst ekki gefa meira en 6 — Gunnlaugur karpar og prúttar, en karl lætur ekki undan, svo G. fer út og læst vera fokvondur. Eptir nokkra stund kemur hann aptur til karlsins og býður honum flautuna fyrir 8 dali, og fjekk þá; fór síðan burt og kvartaði undan að hann hefði ekki fengið nærri nóg. En hann hafði tekið flautuna úr kassanum og læst honum, svo karlinn keypti tóman kassann, en gáði ekki að gæta í hann; ljet Gunnlaugur síðan smíða nýjan kassa utan um flautuna og skilaði henni aptur; gamli Laugi var slúnginn og slóttugur og þótti þetta snildarbragð og koma vel á vondan, því Strempel var alræmdur fyrir svik og pretti. — Gunnlaugur gaf út ýms fornrit, þótt hann væri enginn málfræðingur, og gerðu fleiri landar slíkt hið sama.

Þorleifur Repp var í minna lagi meðalmaður, fríður sínum, mjög lærður og ákaflega sjervitur, hann var þá farinn að eldast, og lifði mest á styrk nokkrum, sem veittur var frá Edinborg, þar sem Repp hafði verið bókavörður við »Advocates Library«, en hann stygði menn þar svo mikið að hann varð að fara, en konu Repps var veitt eitthvað framfærslufje, og naut Repp þess. Hann sagði þetta: »Aldrei hefur nokkur maður í nokkru landi haft nokkuð gagn af nokkurri danskri bók« — hann hataði Dani, líklega af því að hann varð apturreka með doktorsdisputaziu sína fyrir það hann hrækti framan í háskólakennarana, og var sá þjösnaskapur sjálfum honum að kenna. Við fórum einusinni að læra ensku hjá Repp, en það varð okkur til einskis gagns, þó hann kynni ensku vel. Repp orti »Landavísur«, sem prentaðar eru í seinasta ári Fjölnis, og bera vott um sjervizku hans. Um hann er ritað í Knights English Encyclopedia,

og er þar sagt frá atvikunum um burtför hans frá Edinborg.

Hannes Árnason varð skjótt kunningi minn, samt þjeruðum við hvorn annan alltaf. Það kom okkur helst saman að við vorum báðir gefnir fyrir bækur og þekkingu, og Hannes keypti dómadags-undur af allskonar rusli. Hann bjó í Larsleistræde á illu herbergi undir súð, þar sem fennti inn um á veturna; það var í húsi frú Anton sem seinna varð tengdamóðir hans. Í rauninni var Hannes enginn lærdómsmaður, hann þefaði úr öllu en las ekkert til hlítar; en margt vissi hann samt, og varð þó ekki að gagni, með því líka að hann hafði enga gáfu til að rita, eða koma hugsunum sínum í rjett form. Hann var einkennilegur og fíflalegur í látbragði, en allra manna vandaðastur, ráðvandur og eðallyndaður; hann átti víst öll rit Hegels og þóttist vera Hegelianer; Kant og Fichte átti hann og, einnig Aristoteles og Plato og margt fleira þess kyns, en lítið held jeg hann hafi vitað í þessu, því hann las allt á stangli, ljet pappír utan um bækurnar og geymdi þær lokaðar í kistum og skápum. Magnús Eiríksson var mótstöðumaður Hegelssinna; einhverju sinni bar svo við að þeir hittust hjá mjer, Magnús og Hannes, en mynd af Hegel hjekk á veggnum; þá segir Magnús við mig: »það er mikið þú skulir hafa þennan andskota hángandi hjá þjer!« En Hannes gekk um gólf og þrýsti gleraugunum, eins og vandi hans var, og var alltaf að píska: »o, jeg held hann megi vel hanga«. — Hannes þekti alla bókagyðinga. Einusinni fór jeg með honum til Strempels og þar keypti Hannes alla útgáfu Orellis af Cicero, og voru það eitthvað átta þykk bindi; hann beiddi mig að halda á þeim heim, þetta var fyrsta veturinn minn og vorum við þá að heyra Madvig. Nú sá jeg að mjer

var ómögulegt að bera þetta nema undir báðum höndum, svo jeg gat ekki tekið ofan ef jeg kynni að mæta einhverjum; jeg sagði þá: »en ef jeg mæti nú Madvig?« Þá segir Hannes: »Jeg held það sje engin skömm að bera bækur«; svo jeg labbaði ásamt með honum á stað með þetta undir báðum höndum; en — hvað skeður? við mætum Madvig; jeg varð hundsneyptur, jafnvel þó jeg sje sannfærður um, að Madvig hefur ekki þekt þennan Rússa. — Í annað sinn kom jeg með Hannesi inn til Salómons á Gömluströnd; við hann var Hannes lengi að þrefa um bók, sem hann vildi fá afslátt á, en fjekk ekki; voru þeir lengi að þrefa um þetta, þangað til Salómon segir: »jeg slæ aldrei af, það er mitt Princip«. Þá lítur Hannes svo óumræðilega fyrirlitlega um öxl til mín og segir: »Hann talar um Princip!«

Stríðið við Þjóðverja kom upp á þessum árum, og truflaði það margan mann; fjöldi stúdenta komst á ringulreið og þar á meðal vjer Íslendingar, því lífið í Kaupmannahöfn gekk ekki á öðru en saungvum á götunum, mannfundum og húrrahrópum fyrir stjórnarbreytingunni, konunginum og ráðgjöfunum, og þó að við tækjum ekki verulegan þátt í því, þá öskruðum við með í fjörinu; þannig var jeg einusinni á leiðinni til að jeta, en mætti mannfjölda, mörgum hundruðum, sem troðfyllti götuna, og Gísli Magnússon í broddi fylkingar; var allt þetta lið á leiðinni til að orga húrra fyrir Hvidt etazráði; jeg varð að snúa við og fara með. En þessa get jeg af því það stendur í sambandi við tvær smásögur um Hannes, sem hefur einnig orðið trylltur af þessum látum, þótt hann væri spakasti maður. Hann hafði boðið Jóni Thoroddsen upp á kaffi í Kehlets kaffihúsi, og var þar venja að borga þegar við móttökuna. Nú kemur þjónninn með

bollana, og setur þá á borðið, en stendur kyrr og er að hringla í peningavasanum (hann var að bíða eptir peningunum). Þá rís Hannes upp með ógurlegum grimdarsvip og gnístir tönnum og segir: »Hvad venter De paa?« Þjónninn segir rólega: »Jeg venter paa Penge«. Þá snýr Hannes sjer að Jóni og segir: »Staa öjeblikkelig op og giv ham en paa Mulen, han tror vi er Tyve«. Maðurinn varð dauðhræddur og fór, en Jón skríkti í skeggið. — Daginn eptir býður Hannes Jónasi Guðmundssyni upp á salep á einhverjum veitingastað, þjónninn kemur með sukkulaðe. »Jeg beiddi um salep«, segir Hannes. »Nei, þjer beidduð um sukkulaðe«, segir þjónninn. Hannes snýr sjer að Jónasi og segir (á dönsku): »stattu upp og gefðu honum undir eins á kjaptinn!« Hvernig þetta fór man jeg ekki. — Við bjuggum saman eitt sumar, Bogi Thorarensen og jeg. Þá bar svo við einn morgun snemma, fyrir allar aldir (jeg held að götudyrnar hafi staðið opnar um nóttina) að þeir komu til okkar, Konráð, Gísli Thorarensen, Vilhjálmur Finsen og Hannes; höfðu verið úti um nóttina, því veður var fagurt. Konráð og Gísli voru frammi í stofunni hjá Boga, hann var að búa til tevatn; jeg var ekki kominn á fætur, en Vilhjálmur sat á rúmstokknum fyrir framan mig og var eitthvað að tala við mig, en Hannes var að spíkspora á gólfinu í svefnherberginu. Svo man jeg ekki hvernig það kom til að Hannes fór að segja af sjer sögu, hann hafi ætlað að fara að baða sig í sjó á »Kalkbrænderii«, en á leiðinni hafi sjer viljað til að stíga í forarpytt og ata sig út í aur upp að knjám (en hann var mesti snyrtimaður) — »jeg stóð við og hugsaði um hvað jeg skyldi taka til bragðs í þessum vandræðum, þar sem jeg varð að mæta svo mörgu vel búnu fólki, sem allt var að ganga sjer til

skemtunar í veðurblíðunni, og mundi það nú allt horfa á fæturnar á mjer; hvað átti jeg að gjöra? náttúrlega leiða athyglina frá fótunum — og hvert? náttúrlega að þeim stað líkamans sem fjærstur er fótunum; og hvaða staður er það? náttúrlega höfuðið. Jeg tók því ofan hattinn og vingsaði honum og höfðinu allt í kring af öllum mætti og gekk svo í gegnum mannfjöldann, og datt engum í hug að líta á fæturnar á mjer, en allir horfðu á höfuðið; komst jeg svo vel heim«. Meðan Hannes var að segja frá þessu, þá æddi hann til og frá um gólfið og tók ekkert eftir að jeg hafði reist mig upp í rúminu skellihlæjandi, en Vilhjálmur ætlaði að springa af hlátri. Enn vildi það til einusinni að Hannes var fjeþurfi; hafði hann heyrt getið um Karl Mohr, guðfræðikandidat og vel látinn, en var honum alls ókunnugur; hann fer til Mohrs, rífur úrið sitt upp úr vasanum og biður hann að lána sjer tuttugu dali út á það. Nei, segir Mohr, en jeg skal lána yður tuttugu dali samt. Hann hefur sjálfsagt heyrt Hannesar getið, enda borgaði Hannes þetta aptur skilvíslega. Jeg heyrði hann sjálfan segja frá þessu. Einhverju sinni vorum við að tala um einhverja bók, og sagði jeg þá eitthvað á þá leið, hvort hún mundi vera áreiðanleg. »Þeir þora ekki annað«, sagði Hannes. Þetta einkennilega svar var alveg eptir honum. —

Oddgeir Stephensen þjeraðist alltaf við okkur hina yngri menn; á honum var höfðingjabragur af ætterni, og fundið hefur hann kannske til sín; hann var þá kominn inn í íslenzku stjórnardeildina og var orðinn nokkuð fjarlægur samblendni við Íslendinga, [hann átti danska konu, dóttir gestgjafa, sem sagt var að væri eitthvað efnaður, en mikið hefur það ekki verið; einhver gorgeir hefur samt verið í því fólki, því honum gekk stirt að

fá konuna; hann var þar í kosti og hefur kynnst henni þar; hún var stór og höfðingleg og viðtalsgóð; hún hjet Vilhelmina. Um þetta orti Konráð:

„Gvilielmina grátin sat
á gömlu kokkhúsborði,
aðalsmaðurinn át sinn mat
og ekki heilsa þorði".]

en hans var opt leitað og hann var hinn hjálpsamasti og hjartabesti maður, en blöðin hjer hafa níðt hann og mælt honum allt til vansæmdar, og er jeg þó viss um að Oddgeir hefur elskað föðurland sitt eins mikið og þessir blaðaskrjóðar, sem níða alla sem ekki dansa eptir þeirra pípu. Raunar mátti segja um Oddgeir, að hann væri linur fyrir pólitiskum málum vorum; en því má svara þannig, að engum Íslendingi hafi haldist uppi að trássast — hvernig fór Erichsen? Það er hægara að finna að, en standa sjálfur í stríðinu. Og það er víst að Oddgeir hefur komið ýmsu til leiðar Íslandi í hag, þó enginn viti það nú, eða vilji kannast við það, því hann var frábitinn því að glamra eða stæra sig. [Jón Sigurðsson vissi þetta vel og voru þeir Oddgeir alltaf vinir, þó Oddgeir ekki gæti eða mætti alltaf fylgja skoðunum Jóns. Oddgeir var alltaf kátur og glaðlyndur; hann hafði orðið »djöflakollur« um suma menn; Konráð sagði »djöflamergur«.] Oddgeir hjálpaði mörgum Íslendingi til að fá styrk hjá stjórninni — nú segja »vitringarnir« að það hafi verið rangt, það hafi einungis verið til að eyða fje landsins, en muna ekki eptir hversu mörgum þúsundum nú er kastað út til einskis. Á þessum árum hafði jeg annars litla viðkynningu við Oddgeir, en hann var mjer þá þegar vinalegur og góður og hafði álit á mjer mikið; seinna styrkti hann mig mikið og ljet mig ætíð njóta

þess, að faðir minn var upp alinn af Magnúsi gamla og var í vináttu við alla þá ætt; og þess hafa hinir aðrir höfðingjar þeirrar ættar einnig látið mig njóta og sýnt af sjer sjerstaka trygð og drenglyndi.

Magnús Eiríksson hef jeg nefnt hjer að framan og er hann kunnur af æfisögu þeirri er Hafsteinn Pjetursson ritaði; hann var stór meðalmaður vexti, en ekki vel vaxinn og ekki fríður, alltaf ánægður og glaður og gjörði sjer gott af öllu, hann var allra hugljúfi, aldrei við kvennmann kendur, aldrei drukkinn, þótt hann opt drykki vín, vel að sjer en ekki lærður, þúaðist við alla íslenzka stúdenta alltaf, og var sí og æ í víxlaraskuldum mest annara vegna. Annars hafði jeg lítil mök við hann. — Magnús var raunar hrifinn af sjálfum sjer og fastur á sínum skoðunum, en hann var einnig hrifinn af öllu fögru og unni öðrum sannmælis; mig mat hann ætíð mikils og ljet það opt í ljósi. Magnús var með Konráði vegna víxlara, annars alstaðar og hvergi.

Vilhjálmur Finsen var nýbúinn að taka embættispróf og lá á Ehlers collegio, þegar jeg kom til Hafnar; hann var stór og þrekinn, og nokkuð aðhlæinn en ekki hæðinn; hann sló sjer ekkert út og stundaði norræn lög og gjörðist seinna lærðastur í þeim allra þeirra er áður voru og síðar. Hann var mjög góður við mig og við vorum töluvert saman og töluðum um ýmsa hluti, en hann hafði miklu betur vit á lífinu en jeg, og kunni betur að hagnýta sjer það. Hann lagði stundum með mjer síðar í ýmsu, án þess jeg vissi, og annars ljet hann lítið bera á sjer. —

Sívert Hansen var þá í »ministeriinu« sem skrifari; hann var lengi ritari bókmenntafjelagsins og ljet Jón Sigurðsson hann búa til Landshagsskýrslurnar og margt

fleira, því Sívert kunni manna bezt að fást við tölur og töflur, og fjekk alltaf fyrir þetta stöðuga borgun; hann var innundir hjá Oddgeiri, en ómerkilegur var hann, nettmenni, góður ritari, teiknaði nokkuð, hvers manns hugljúfi og gerði aldrei á hluta nokkurs manns; en hann komst eins og fleiri í víxlaravafs og var víst í því alltaf. — Hann var mágur Hannesar Johnsens kaupmanns (Hannes átti systir Siverts). —

Jón Þórðarson (Thoroddsen) var þá og í Kaupmannahöfn; hann fór í stríðið sem dáti, en framaðist ekkert. Þeir Gísli Brynjólfsson og hann voru mestu mátar; jeg þekkti Jón raunar, en við vorum minna saman. Hann var annars meinlaus og skrítinn. Við vorum allir um að gefa út »Norðurfara« Jón, Gísli og jeg, og var Gísli eiginlega sá, sem mest rak eptir og líklega sá eini sem gaf fje til þess; eptir mig eru nokkur kvæði, Dvergaljóð, þýðing á Diffugere nives og kvöldvísa — í fyrra árinu og mig minnir »Alhambra« (frumritið af Washington Irving); við höfðum einusinni allir fund hjá Jóni, þar var þá svo lítið herbergi, að við gátum varla hreyft okkur; þar komumst við Gísli í disputatsiu og hundrifumst, en Jón var að ganga á milli og miðla málum; en þá minnir mig að jeg segði mig úr ritinu, svo mín er ekki getið á titilblaðinu. Jón var kallaður kvennhollur, en fremur af ímyndun landa og stríði við hann, en hann væri það fremur öðrum. [Jón var gáfaður, en latur að lesa til annars examens. Þá kemur Hannes Árnason til hans og Jón kvartar um að hann sje hreint ónýtur. Þá segir Hannes: »þú skalt ganga upp á tómt svíneri, það hef jeg reynt sjálfur og hefur gefist vel«. Svo líður nokkur tími, þá kemur Hannes aptur, og segist nú hafa fundið gott ráð til að hjálpa Jóni; hefur þá í bolla tóbakssósu,

hrærða saman við eitthvað, og segir að hann megi til að verða veikur, svo losist hann við að ganga upp í þetta sinn. En þetta hreif svo að það varð að sækja lækninn (Arentzen), því Jón varð þá verulega veikur af þessu sulli. Jón var lítt lesinn, en fór vel með skáldgáfu sína. Jónas og Bjarni og fleiri íslenzk skáld, voru einnig lítt lesin.]

Finnur Thorsteinsson var að lesa lög og var aldrei búinn; hann var bróðir Árna landfógeta og Steingríms, lítill og nettur og mesti snyrtimaður, ekki gáfaður, en meinlaus og góðsamur; kvað mjög lítið að honum. Eptir að jeg var farinn heim, þá kom kólera í Höfn og ætlaði Finnur að flýja hana og fór til Álaborgar, þar sem Jón bjó, sem fyrrum var assessor í Reykjavík; en það hjálpaði Finni ekki, hann dó af kólerunni.

Árni Thorsteinsson kom nokkuð seinna til Hafnar; hann var þá þunnvaxinn og allur eins og hálfskakkur, en lagaðist með aldrinum; hann var miklu líflegri og tölugri en Finnur og gat opt verið skemtilegur. Stundum áttu þeir Jónas Thorsteinsson í brösum, því Jónasi þótti Árni komiskur og rjeðist á hann, en engin var það óvináttа. — Þá var og *Stefán Thorarensen*, seinna sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu; við bjuggum saman eitt ár; hann hafði gengið í danskan skóla. Hann var meinhægur maður og góðlátur, ekki ör nje stórhuga, en passaði sig alltaf vel. *[Sæmundur Gunnlaugsson* var systursonur Stefáns landfógeta og hafði verið í stríðinu, en þá var hann orðinn »fullmektugur« einhversstaðar í stjórninni og hafði góð laun, hann var giptur danskri konu, sem jeg sá aldrei, en alltaf heilsutæpur og dó úngur úr brjóstveiki. Hann var mesta ljúfmenni, en ekki kvað neitt að honum].

Helgi Sigurðsson og *Þorsteinn málari* voru þá í Höfn

og bjuggu saman í útbyggingu við Kristjánsborgar-slot; voru þau herbergi ljót og leiðinleg og enginn gluggi á svefnherberginu; jeg veit ekki hver leigði þeim eða hvernig þeir fengu að vera þar. Helgi hafði stundað læknisfræði og samið verðlaunarit, sem raunar ekki fjekk sjálf verðlaunin, en Helga hafði verið lofað styrk, sem viðurkenningu; en um þann styrk var hann svikinn, svo mikil kergja kom í hann, en hann var þrályndur og sjervitur. Síðan lagði hann sig eptir málaralist, en var orðinn of gamall og stirður, svo allt sem hann málaði varð mjög stirt og mönnum varla líkt, eins og sjá má dæmi til af myndinni af Hannesi biskupi framan við 9da ár Fjelagsritanna (jeg held hann hafi og málað undir steinprentun myndina af Jóni Vídalín, 7da ár; hún er einnig mjög stirð). — *Þorsteinn* var bóndamaður, ættaður að austan og þá þegar orðinn roskinn; hann og Helgi voru báðir andalausir alveg, en Þorsteinn var miklu betri að fara með litina. Seinna tók Helgi fyrir að daguerrotypera (Fotografia var þá ekki fundin) og gerði það illa. Þá hafði hann aðsetur í garði nokkrum í Stóru-Kóngsinsgötu; þangað fóru einusinni nokkrir Íslendingar í hóp og ljetu hann mynda sig, þar á meðal var Konráð — hann lagði eplaskurn yfir annað augað í sjer, en Helgi sá það ekki og skildi ekkert í því, er myndin kom þannig afskræmd. — Jeg kom stundum til þeirra Helga og Þorsteins, en síðan fóru þeir heim; Helgi varð prestur, en Þorsteinn hafðist við í átthögum sínum, og varð ekki af neinum listum. — *[Sigurður Guðmundsson* málari kom seinasta árið mitt til Hafnar og var þá drengur; við kölluðum hann alltaf »Sigurð Geni«, hann komst eitthvað í kynni við Konráð, hafði gert Relief af Gísla Konráðssyni, föður Konráðs; jeg sá myndina því Konráð

fjekk hana, hún var úr hörðum Basalt eða Anamesit, svört. — Þá var Sigfús Eymundsson að læra að verða ljósmyndari; hann var gáfaður og listamaður og sat jeg opt fyrir hjá honum; hann gerði myndir af mörgum eldri myndum íslenzkra manna, sem var þarft verk og skemtilegt að hafa.

Fistaine var kunningi nokkurra Íslendinga, en sá kunningskapur var til lítillar uppbyggingar; jeg þekkti hann aðeins lauslega. Hann var útlendingslegur, allur í Frökkum og líklega af þeim kominn, gekk á spanskri kápu, með ríting, og var í rauninni fínn »Bandit«; hann var alræmdur kvennabósi og Don Juan og stundaði mest frönsku; hann fór í stríðið og varð Second-Lieutenant; disputeraði fyrir magistertitli á hermannafötunum, því hann átti engin önnur, var mjög vel gáfaður en í rauninni allur á flökti og lausúng.]

Um haustið 1848 kom *Ólafur Gunnlaugsson* til Hafnar, þá ný-orðinn stúdent. [Það er rangt sem stendur í Ísafold (22. Aug. 1894), að Ólafur hafi útskrifast frá Sóreyjarháskóla; hann var þar fyrst um tíma og kynntist þá Steenstrup, Hjort og Hauch en kom síðan heim og var útskrifaður úr Reykjavíkurskóla og hann kom beint þaðan til mín. Stefán Gunnlaugsson faðir Ólafs og Bertels, sendi þá peningalausa út í veröldina og urðu þeir að hafa ofan af fyrir sjer sjálfir]. Þá bjó jeg úti á Kristjánshöfn, en svo stóð á, að Einar Hansen kaupmaður (sem jeg annars ekki þekti) fór heim um vorið, og Þorsteinn Jónsson útvegaði mjer bústað í herbergjum hans á meðan, án þess jeg sæktist eptir sjálfur; það var lengst út við borgarvegg og ákaflega afskekkt; enginn maður í húsinu, en jeg hafði þjón sem kom til mín á morgnana, annars var jeg aleinn og náttúrlega aldrei

heima nema á nóttunni. Ólafur kom til mín þegar jeg bjó þarna og vorum við þar nokkurn tíma, jeg man vel eptir fyrstu nóttinni sem hann var hjá mjer og var að segja mjer frá lífinu í Reykjavíkurskóla; jeg man vel hver áhrif það gjörði á mig, að heyra þessar sögur sem voru svo ólíkar því sem var á Bessastöðum; jeg fann vel að spillingin hafði haldið sína innreið í skólalífið. Við Ólafur bjuggum saman af frændsemi og æsku-kunningsskap. Ólafur var nokkuð langvaxinn, en bar sig hálfílla og vaggaði í gangi; hann var fríður sínum og líkur í móðurætt, bláeygur og brúnn blettur á regnbogahimnunni á öðru auga eins og á Helgu minni; hann var fluggáfaður á mál og minni, en ekki skarpur nje djúpsær, óstöðugur og hafði ekki lyst til neins í rauninni; hann var »politiskur« eins og faðir hans, en ekki þjóðlegur, því hann var alveg kosmopolit og vildi ekki heyra um annað en europæiska stórpolitik, sem hann gaf sig við seinna. Einusinni bjuggum við saman í Stóru-Kóngsinsgötu, og höfðum tvö stór og falleg herbergi; þar gagnvart var rautt hús, sem var fult af hermannadrengjum, sem voru að læra. Einhverju sinni bar svo við, að jeg hafði verið í Tivoli og kom seint heim; það var um haust og orðið dimmt; þegar jeg ætlaði í rúmið, þá lá Ólafur þar, svo dauðadrukkinn að jeg gat ekki vakið hann. Jeg háttaði seint og vaknaði snemma um morguninn og leit út um gluggann; þar voru þá allir gluggar í rauða húsinu fullir af flissandi strákahausum, svo jeg vissi ekki hverju þetta sætti; jeg opnaði gluggann og sá þá að spýja lá ofan frá glugganum og ofan eptir öllu húsinu, og vissi jeg þá hvernig á stóð; en annars var Ólafur enginn drykkjumaður; hann hafði lokið upp glugganum og orðið óglatt. En jeg skammaðist mín svo mikið að

jeg fór út, leigði mjer vagn með tveim hestum fyrir, tók nokkrar bækur og dreif mig út í Sölleröd; þar las jeg Byron nokkra daga, en mjer leiddist og fór jeg þá aptur til bæjarins gangandi, því jeg átti þá enga peninga eptir, en þetta kostaði mig eitthvað 30 kr. til einskis. — Við Ólafur bjuggum um tíma á Hotel du Nord, þar sagði jeg mig skriflega úr bindindisfjelaginu, af því það var orðið að engu hvort sem var; ekkert man jeg nú hvað jeg skrifaði, en það var eitthvað lángt og hátíðlegt; svo fengum við okkur steik og eina kampavíns-flösku og buðum Speciu-Jörundi upp á hana með okkur. Alltaf fjell vel á með okkur Ólafi, en þó áttum við ekki saman. [Ólafur kallaði mig »Ben«, en jeg kallaði Ólaf »höll«, upp úr vísuorðunum í Geisla: »Ólafur und vegsólar-höll og fremstur allra«].

Seinasta árið mitt í Höfn var jeg alveg horfinn frá náttúruvísindunum og kominn til Konráðs; hann var þá hættur við Gunnlaug Þórðarson, og held jeg að bæði hafi Gunnlaugur ekki nennt lengur að vera hjá honum, og svo mun Konráði ekki hafa líkað við hann ýmsra hluta vegna. Konráð bjó ásamt með þýzkum stúdent, sem hjet Stapelfeldt; jeg veit ekki hvernig á því stóð, að þeir voru svo samrímaðir; jeg fór seinast til þeirra og við bjuggum í einhverri »villa« langt úti á Vesturbrú, sem hjet »Ameríka«, en þetta var eindregið þrælalíf, og varð jeg ákaflega þreyttur á því, eins og á öllu Hafnarlífinu, því jeg var alltaf fjelaus og upp á Konráð kominn í öllu, en fjekk þó ekki hjá honum nema matinn. Svo kom nú faðir minn til Hafnar, eptir »pereatið«, því hann varð að leita til stjórnarinnar, þar sem hvorki stiptsyfirvöld nje kennarar þorðu að styrkja hann hið minnsta. Faðir minn ljet enga óánægju í ljósi yfir mjer, þótt jeg

ekkert hefði gjört til að ná neinu embættisprófi; hann var jafn ljúfur og góður sem hann var vanur, og þó átti jeg í rauninni ávítur skilið, og ekki sízt fyrir það, að hann varð að borga fyrir mig töluverða peninga þegar hann kom, en hann ljet mig aldrei heyra hið minnsta þykkju-orð. En jeg varð nú feginn að geta fengið tækifæri til að komast heim, og fengum við Jón Snæbjörnsson okkur far með skipi sem hjet »Najaden« og var sagt að læki eins og hrip, en við hirtum ekkert um það, enda merktum við ekkert til þess. Við lágum í stormi meira en viku fyrir framan Jaðarinn í Noregi og komumst loksins heim eptir ómerkilega ferð. Skipið fór í Hafnarfjörð og þaðan löbbuðum við Jón fram í Reykjavík. Þar með er þessi kafli æfi minnar á enda.

1850—1857.

Í Kaupmannahöfn hafði jeg enga hugmynd um föðurlands-ást, jafnvel þó mjer sárnaði mikið ef hnýtt var í okkur; jeg hafði heldur ekki neinar slíkar tilfinningar, þegar jeg sá landið aptur eptir svo langan tíma. Lífið sem nú tók við í Reykjavík, fannst mjer heldur ekki mjög þægilegt. Foreldrar mínir höfðu sezt að í einu hinna stærstu húsa sem þá voru og faðir minn hafði keypt það af Jóni assessor (frá Ármóti) fyrir 4000 dali; það var álitið gott hús, þó að nú geti enginn gjört sig ánægðan með það, því það var allt svo illa gjört að herbergjaskipun og fyrirkomulagi, lágt undir lopt og lítil sem engin lóð. (»Veltan«, sem nú er). Faðir minn kom ekki heim fyrr en nokkru seinna, þegar hann kom á land, þá lokuðu allir embættismenn og þeirra fólk sig inni, enginn kom á móti honum til að heilsa honum, en

sumstaðar var opnaður gluggi í hálfa gátt, og rekinn út haus. Málefni hans hafði farið allt öðruvísi en fólk hjer ætlaðist til. — Brátt fann jeg það, að jeg kunni ekki við heimilisvenjurnar í húsi foreldra minna; jeg einangraðist strax og varð einn, og mjer fannst ekkert eiga við mig. Jón Árnason var þá í húsinu, og kendi Guðlaugu systir minni að lesa, og Þorsteini bróðir mínum; þar var líka Kristín systir mín, þá falleg stúlka, fullvaxin; Sigríður var uppalin á Ytra-Hólmi og var aldrei hjá okkur; Guðrún og Þuríður voru giptar fyrir vestan og Egill var fyrir vestan og fjekkst við verzlun. Ílla hafði foreldrum mínum líkað að Egill hætti við skólanámið, og þótti þeim hann alltof mikið á lausu lopti, en jeg held það hafi batnað, þegar hann giptist Maríu Thorlacius. Jón Árnason var í miklum metum, en jeg náttúrlega síður, eins og verið hafði; samt vissi jeg að faðir minn hafði álit á mjer niðrí, þó hann ekki færi hátt með það, því hann var aldrei vanur að hrósa okkur. Jón bjó í austasta herberginu í húsinu og þar var jeg á daginn líka; en við sváfum upp á lopti, og þá var Jón Þorleifsson (skáld) þar og hraut og fussaði í svefninum, svo jeg varð opt andvaka af því. Seinna fjekk jeg herbergi við hliðina á Jóni, dimt og laklegt. Fyrsta sumarið sem jeg var þarna ljet Jón Guðlaugu lesa Örvar-Odds sögu, og það var tilefnið til þess að jeg gjörði Örvar-Odds drápu — jeg skil enn ekki hvað mjer kom til að velja þetta efni, og hef jeg opt iðrast eptir því.

Sem úngum og fjörugum manni, leiddist mjer undir eins heimilislífið hjá okkur. Jeg fann hjá mjer ýmsa krapta, ýmislegt eðli, ýmsar eptirlanganir, en allt kæfðist niður — jeg hafði ekkert tækifæri til að beita mjer, og hjer gat ekkert legið fyrir mjer. Þar að auki var jeg

óframfærinn, ópraktiskur, ónýtur að koma mjer í mjúkinn hjá öðrum. Heima hjá okkur var allt lífið dauflegt, einmitt af því það var í kaupstað. — Allt öðruvísi var á Eyvindarstöðum, þar var náttúra og frelsi — hjer ekkert nema húsin og göturnar og þetta fólk, sem tyranniseraði hvað annað með njósnum og kjaptæði; þá bætti það ekki um að húsinu hjá okkur var lokað klukkan tíu, og þótti mjer það óþolandi um fagra sumardaga. Það vildi til að jeg var lokaður úti, og einusinni gekk jeg þá einn upp að Elliða-ám og svaf þar.

Það var því ekki ónáttúrlegt, þó jeg gerði kunningsskap við unga menn á mínu reki — fyrst og fremst við Skevings-drengi, Hannes og Lárus, sem höfðu verið æskuvinir mínir, og svo við fleiri. En lífið var nú einu sinni eins og það var, þar þótti engin skemtun nema við flöskuna. Hans Skeving var orðinn drykkjumaður, og var alltaf á »klúbbnum« á hverju kvöldi og optar, en annars var hann skrifari hjá Christensen fógeta; Lárus var meira heima, en báðir drukku þeir mikið, og jeg leiddist út í þetta líka, þó að jeg væri enginn drykkjumaður af náttúrunni. Allir »Skevings-drengir« dóu út úr drykkjuskap, þeir þoldu ekki borgarlífið; Lárus var einusinni settur sýslumaður í Gullbringusýslu, hjelt bændaglímur og sóaði fjenu — jeg man ekki hvernig það fór, nema jeg man að L. var út um allt að drífa upp peninga, hann varð síðar prestur í Selvogi og var alltaf óreglumaður. Hannes varð bóndi einhversstaðar uppi í Mosfellssveit en Arnkell snikkari, hann var holgóma og eyddi öllu ásamt með einhverri geggjaðri kvennsnipt sem hann giptist; hann fjekk Skevingshús seinast, sem póststofan er nú byggð upp úr, og er þar því lágt undir loptið. Þar sat Skeving gamli, en H. og

L. bjuggu upp á lopti og höfðu þar fullt kúffort af vínum. Móðir þeirra eða frú Skeving var mjög lítilsigld og hrædd, og öktuðu þeir hana ekkert. Afleiðing þessa kunningskapar varð sú, að lífið gekk fyrir mjer eins og hinum í sífelldu sukki og drikkerii, engin festa var á neinu, og ekkert tækifæri kom til neins verulegs eða stöðugs. Heima orti jeg Örvar-Odds drápu, opt og tíðum undan prenturunum; eitt af mínum sjervizkustrykum var það, að jeg tileinkaði kvæði þessi fjórum nafnfrægum mönnum, en sendi engum þeirra neitt af þeim, að minsta kosti ekki Hauch og Kayser, svo þeir hafa náttúrlega aldrei sjeð það — jeg held jeg hafi byrlað mjer inn að þetta mundi koma þeim fyrir sjónir að óvörum og þeir mundu verða hissa eða imponeraðir — vanitas vanitatum! Jeg samdi »nokkrar athugasemdir um skáldskap« sem Egill Jónsson gaf út síðan og svo lagði jeg út sögur úr Þúsund og einni nótt, sem hann ljet prenta; en mjög lítið fjekk jeg fyrir þetta. Á milli las jeg töluvert, eins og sjá má á athugasemdunum um skáldskapinn og kvæðunum þar framan við. Jeg var og skrifari á alþingunum, stundum innan — en stundum utan þings, en slíkar skriftir voru þá og eru enn mesta »snyderi« fyrir landsjóðinn. Árið 1855 gekk megn kvefsótt, svo fólk lá hrönnum saman; þá beiddu alþingismenn mig að yrkja þakkarkvæði til Balthazar Christensens og þeirra sem stutt höfðu verzlunarfrelsið; það átti að vera 100 erindi dróttkvæð, en jeg orti ekki nema upphafið, því þá svarf sóttin svo fast að, að alþingi leystist upp og fór hver sem gat heim til sín. Þá skrifaði jeg töluvert hjá Christensen og sókti hann eptir mjer þegar á lá (því Hannes komst ekki yfir allt) og borgaði hann mjer ætíð höfðinglega.

Faðir minn andaðist 1852. Jón Árnason hefur sagt frá því sem þar að lýtur, en ekki getið þess, að það var í rauninni »peratið«, sem varð hin fyrsta orsök til þeirrar veiki, sem gerði út af við föður minn, því honum fjekk það svo mikils, svo þeir herrar gátu hrósað happi yfir sigrinum. Þá flutti jeg upp í hús madame Ottesen og bjó þar í tveimur allstórum herbergjum í norðurendanum, þar sem Halldór Guðmundsson bjó síðar. Þar bjó jeg nokkur ár, og hafði ofan af fyrir mjer með skriptum og kennslu; jeg kendi börnum Edvards Siemsens, sem þá átti hús á Austurvelli, sem Bjarni amtmaður Thorsteinsson fjekk síðar og Steingrímur ljet byggja upp; ekki fjekk jeg neitt ákveðið fyrir kennsluna, og víst lítið, enda gekk jeg ekki eptir nje samdi neitt um það; börnin voru mörg og ódæl, einkum drengirnir, en fullvel gáfuð. Jeg las og skólalærdóm með Steini Steinsen. Svo hafði jeg skriptir allmiklar hjá Christiansen — og Vilhjálmi Finsen, meðan þeir voru landfógetar, og á þingunum. En um stöðuga atvinnu var ekki að tala, enda held jeg mjer hefði fljótt leiðst að vera ritþræll eða eins og vinnumaður.

Uppboð var haldið eptir föður minn, og fjekk Jón Árnason mikið af bókum hans. Handrit hans keyptu þeir Jón, Þorsteinn Jónsson, Egill Jónsson og Einar Þórðarson í sameiningu og ætluðu að gefa út, en ekki komst annað á prent en ljóðmælin og Ilionskviða; hitt var geymt til ónýtis og nú loksins selt fyrir lítið, til þess að grotna niður og ónýtast eins og annað þar á landsbókasafninu. — Móðir mín flutti þá úr húsinu og keypti gamla húsið upp í Grjótabrekkunni, þar sem áður hjet Gröndals-bær, þar hafði afi minn búið og dáið, og þar andaðist móðir mín nokkru eptir

— jeg held einkum af söknuði. Þau liggja bæði saman í kirkjugarðinum

„sofa nú bæði
í svörtu djúpi
moldu vorpin
á Víkur-sandi“,

— yfir föður minn var lagður (ekki reistur) steinn með nafni hans í rúnaletri, sem enginn getur lesið — líklega smekklaus hugmynd úr Jóni Árnasyni, þó vel meint væri, því faðir minn var enginn rúnameistari. Þessi steinn varð skjótt vallgróinn og horfinn í grasi og veit nú enginn gjörla hvar hann er eða hvar Sveinbjörn Egilsson hvílir.

Um þetta leyti var Trampe stiptamtmaður; hann var meðalmaður á hæð með svart skegg og annars fremur þægilegur og alþýðlegur. Eptir að faðir minn hafði sagt af sjer, þá var Bjarni Jónsson fenginn til að vera rektor hjer; hann hafði verið mörg ár yfirkennari í Hrossanesi á Jótlandi, og veit jeg ekki hvort hann hefur eiginlega sótt um embættið hjer, eða stjórnin hefur fengið hann til þess, þar sem henni hljóta að hafa borist fregnir um óreglu pilta og uppistand hjer, en Bjarni var vanur skólamaður og berserkur að burðum og vexti. Ekki batnaði skólabragurinn við komu Bjarna, því þó að hann væri í rauninni góður maður og að mörgu leyti merkilegur, þá bæði var hann mjög ölkær, og svo barnalegur í aðra röndina, að piltar fóru í kringum hann eins og þeir ætluðu sjer. Þá gekk ekki á öðru en sífelldu fylliríi án afláts, og var það álitið sjálfsagt. Jeg komst í kunningskap við stúdentana á prestaskólanum og ýmsa skólapilta, og var aldrei hugsað um annað en drekka. Þá stóð »gamli« og »nýji klubburinn« í blóma sínum og þar var aftökustaðurinn á kvöldin, þar komu þá sumir

fyrirmenn innanum, og Bjarni rektor var þar stöðugur gestur. Þetta er ekki svo að skilja, sem við lægjum sífellt við drykkinn; þvert á móti komu millibilstímar sem jeg starfaði að ýmsu, eins og jeg hef áður getið um. Bjarni rektor var mjer annars góður, og hann ljet mig hafa tímakenslu í skólanum einn vetur, en í rauninni var það íll staða vegna óreglu piltanna sjálfra, því allur skólinn var ómynd, eins undir stjórn Bjarna eins og hinna sem eptir hann komu. Bjarni var í öllum veizlum sem haldnar voru og hjelt sjálfur veizlur á stundum, enda þótti honum gott að eta sælgætismat; hann var mikið með öllum útlendingum sem hingað komu, því hann gat talað á ensku, frönsku og þýzku, enda þóttist hann töluvert af því, og slíkt var þá miklu sjaldgæfara en seinna. Þeir voru mikið saman Bjarni og Trampe og drukku opt fast; einusinni ráfaði Bjarni upp í Landakot, þar sem sjera Ásmundur bjó og gamli lektor hjá honum; Bjarna varð óglatt og þá tók lektor til sinna gömlu ráða sem gamall skottulæknir skólans og gaf Bjarna uppsölumeðal, en vegna stærðar Bjarna hafði hann það svo ríflegt, að sækja varð landlæknir eptir að Bjarni hafði fengið tuttugu uppsöluspennur. [Bjarni var raungóður maður og að mörgu einkennilegur, góður skólamálfræðingur en enginn vísindamaður, hann kunni Horazius utan að og sagði að hann væri sín biblía, citeraði hann og snilliyrði hans við hvert tækifæri, eins og má, þar sem varla neitt kemur fyrir í lífinu, sem eitthvað í Horazi ekki eigi við.]

Jeg komst brátt í kunningsskap við flesta heldrimenn, prestaskólamenn og aðra, og var lítið um annað en flöskurnar. Magnús Grímsson hafði verið dyravörður í skólanum, en var nú fluttur ofan í bæinn og bjó þar

hingað og þangað; ljet honum lítt búskapur en hjer vildi hann endilega vera að drabba; einusinni var hann veitingamaður og bjó þá í húsi Símonar beykis, sem seinna varð eign Jónasar Guðmundssonar og seinast Ólafs Sveinssonar gullsmiðs. Þar vorum við einusinni inni þrír að drekka: Bjarni rektor, Þórður Guðmundsson sýslumaður og jeg, og vorum við að sýngja; en Bjarni var alltaf að ávíta okkur fyrir hvað við súngum hátt, og sagði að ekkert heyrðist til sín. Magnús þýddi Fischers-eðlisfræði með aðstoð Bjarnar Gunnlaugssonar, því sjálfur vissi hann lítið eða ekkert í þeirri grein, og hef jeg getið þessa á undan. —

Þá var og *Hendrichsen*, hann var lögregluþjónn og bjó á »klubbnum« með maddömu Bagger og átti með henni börn, hann var stór og sterkur og ljek á flautu, undarlegur nokkuð og ófríður, drakk jafnt og þjett en var aldrei útúr. Þegar barsmíðir urðu á milli útlendinga og Íslendinga, þá barði hann ætíð Íslendinga, og ljet stafinn ganga ótæpt á þeim. Hann fór seinna til Kaupmannahafnar og komst þar í eymd. Ýmsir Danir komu hingað, sem ekki höfðu getað þrifist utanlands; þar á meðal var *Winther* málari, hinn mesti listamaður og gáfumaður, alveg fallinn í drykkjuskap, líklega af örvæntingu út af stúlku; hann var ekki einungis húsamálari, heldur málaði hann einnig skrautmyndir á gibslopt svo furða var, það gerði hann t. a. m. hjá Christiansen bæjarfógeta, og er nú allt horfið; hann teiknaði og mannamyndir margar t. a. m. Árna Helgason, Torfa Steinsson, Magnús Grímsson, Snæbjörn Hallgrímsson, og jeg man ekki hverja fleiri. Hann hafði alltaf nóg að gjöra, og Christiansen tók hann að sjer og vildi hjálpa honum, en það dugði ekki; hann varð að fara hjeðan og flæktist til Hafnar

og dó þar í hlöðugarðinum. Hann var ágætur saungmaður.

Helgi biskup Thordarsen bjó fyrst í Laugarnesi, og kom jeg einusinni þangað með Þorvaldi Stephensen, sem þá var á prestaskólanum, syni sjera Stefáns á Ólafsvöllum; þar vorum við nótt, en biskupinn var ætíð hinn skemtilegasti og rausnarheimili. Ekki man jeg hvenær hann flutti til bæjarins, en þá keypti hann Ahrens-hús og bjó þar síðan. Georg Ahrens var danskur smiður, sem fluttist hingað og giptist hjer; hann bygði þetta hús og átti mylnuna upp í Þingholtum. Þegar Ahrens lá banaleguna var hann að fárast um að konan sín yrði nú að missa sig, en hún sagði: »dey þú bara, pabbi, jeg giptist aptur!« en annars er ekki getið um að þeim kæmi illa saman. »Ahrens-hús« var síðan kallað »biskups-húsið«, og ljet Helgi biskup ekki breyta því; eptir að hann dó stóð það lengi óselt, og bjuggu í því ýmsir, seinast Dr. Hjaltalín, og svo jeg; en þá keypti Bjarni frá Esjubergi húsið og fekk Þorlákur Johnsen það eptir hann. Stefán Thordarsen hafði nú verið lengi í Kaupmannahöfn, en ekki aðhafst nema að spila; varð engu tauti við hann komið, og þó svo mikið til reynt, að biskupinn sigldi sjálfur til að hjálpa honum og fá hann til að taka próf í lögum — Stebbi gekk upp í því skriflega, en svo var sagt, að ágætlega hafi verið stílað hjá honum, en ekkert vit í innihaldinu. Hann var alltaf í spilum, nótt og dag, og stundum því nær handsamaður af lögreglunni, því hazard er fyrirboðið. Einusinni sagði hann mjer að sjer hefði verið stefnt upp til Bræstrup, sem þá var lögreglustjóri og ágætismaður, strángur, en vildi þó hlífa. Bræstrup sá að Stefán var úngur og fallegur, vissi og hverra manna hann var og segir: »Hver

hefur kennt yður að spila?« (hann meinti: tælt hann út í það). »Móðir mín«, segir Stefán. »Ó farið þjer til fjandans«, sagði Bræstrup, og þar með var sú yfirheyrsla búin. Helgi fjekk engu til leiðar komið með Stefán, nema að láta hann fara heim. Stefán var orðinn eins og ræfill af óreglu og næturslarki, en nú var hann dubbaður upp, svo að skrautlegri maður hefur varla komið hingað til lands, en hann var í rauninni ekkert nema fötin og fegurðin, því hann var óhæfur til allra starfa, og svo settist hann að hjá föður sínum og las rómana og heimsókti »klubbinn«, og þar var hann alltaf að spila. Hann var orðinn svo æfður Billiard-spilari í Höfn, að enginn vildi spila við hann þar, og hjer hafði náttúrlega enginn við honum, og eins var hann við önnur spil; hann var svo leikinn að hann fekk kaupmennina, roskna og ráðsetta menn til að »spila klink« í klubbnum eins og götudrengi. Hann drakk og mikið, eins og optast fylgir spilum, en hann var hægur og stiltur við drykkinn, þó hann annars væri mesti fjör- og gleðimaður. Stundum var hann svo fullur, að hann fekk mig til að koma heim með sjer, til þess að taka storminn af eða draga eptirtektina frá sjer, og man jeg til þess eitt kvöld, er jeg kom heim með Stefáni, þá kom jeg fram til biskupsfrúarinnar þar sem hún var að matbúa, en hún var ætíð hógvær og mjög sætmál og talaði þá um að hann sonur hennar væri svo ölkær. Ekki vissi jeg til að Stefán yrði neitt dauðadrukkinn, og það sem jeg hef heyrt um að hann hafi orðið ruglaður af drykk, það hefur orðið síðar, og hef jeg ekki verið hjer þá. Hann var látinn taka Bessastaði á leigu, og átti að gera hann þar að höfðingja, en það tókst ekki, sem ekki var von. Annars gat hann haft biskupinn í vasa sínum eins og

hann vildi; hann ljet hann halda stórveizlur með mannfjölda og miklum veitingum, og var þá verið bæði uppi og niðri í húsinu, en annars var það heldur lítið fyrir biskupssetur og miklu óálitlegra en Laugarnesstofa.

Christiansen fór nú frá landfógetaembættinu og til Hafnar, en Vilhjálmur Finsen varð fógeti. Hjá þessum báðum hafði jeg töluverðar skriptir, þó jeg ekki væri fastur skrifari, og vann jeg mjer inn töluvert fje. Báðir voru þeir góðir embættismenn og í uppáhaldi hjá bæjarmönnum. — Þá var nú þjóðfundurinn 1851 og svo þingin þar á eptir, og var jeg ýmist innanþings-skrifari eða jeg skrifaði þingbókina, og gekk það allsæmilega, þó mjer þætti það leiðinlegt; þá voru þingin miklu fjörugri en síðar, og opt haldnar veizlur. Er það öldungis röng skoðun að bægja slíku burtu og keyra allt í rígharða bindindisfjötra, því þó að ýmsir þingmenn staupuðu sig við og við, þá voru þeir miklu fjörmeiri og framtakssamari, atkvæðameiri og öflugri en þeir sem síðar hafa komið. [Og þó að Jón Sigurðsson væri þá forkólfur og sál þingsins, þá voru fleiri sem einnig kvað mikið að, enda var þá ekki kviknuð sú skoðun, að enginn dygði nema hann væri svo og svo úngur grænjaxl, enda hefur alþinginu ekki farið fram á því]. — Jón Árnason var skrifari hjá biskupinum, Pjetur Gudjohnsen hjá stiptamtmanninum, og svo síðar Þórður Jónasson yngri. Pjetur var mágur Þórðar Sveinbjörnssonar háyfirdómara. Pjetur var góður skrifari og kunni ágætlega til saungs, þó hann hefði engin saunghljóð, því hann var stirður og óþíður, en hann var þá hjer sá einasti sem gat leikið orgel í kirkjunni, og var illa launað. Við saung var hann iðinn og það var hans einasta ánægja, annars gaf hann sig ekki við neinum fræðum, en hann var mjög skyn-

samur maður og góður, mesti búforkur og mikilmenni, stór og feitur, skegglaus og einkennilegur, mikill karaktermaður, ógurlegur apturhaldsmaður og hinn merkilegasti að öllu. [Hann átti góða konu, systir frú Kristínar Sveinbjörnsson, af Knudsens dætrum]. Hann átti fjölda barna, sem öll voru mikilhæf og merkileg, og er sú ætt mikil. — Seinna varð Jón Þorleifsson barnaskólakennari, eptir að Pjetur hafði verið það um tíma; Jón bjó í Davíðs-húsi, sem síðar varð eign Magnúsar Árnasonar snikkara; þá var það miklu minna og enginn kvistur á, það átti Davíð, pakkhúsmaður við Knudtzons verzlun, alltaf hægur og alltaf fullur, og þar bjó hann með Guðrúnu Helgadóttir systir sinni, hún var ölgjörðar-kona og heitti svo íllt öl að varla var drekkandi. Þá var barnaskólinn í húsi því, sem Jón Guðmundsson keypti síðan og fluttist hann þangað með Hólmfríði Þorvaldsdóttir og bjó þar lengi og gaf út Þjóðólf. Þar kom jeg opt og var það eitthvert hið skemtilegasta hús sem jeg veit til; gestanauð mikil og alltaf vel veitt, en þau bæði hjón voru hin skemtilegustu og bestu í alla staði sem hugsast getur, svo enginn mun gleyma því, sem það hefur reynt, alltaf jafn glöð og jafn ljúf. Æfisaga Jóns Guðmundssonar eptir Þorvald Bjarnason á Melstað er ein af hinum fáu, sem nokkuð duga. Jón Guðmundsson gerði það sem enginn hefur gert; hann sagði af sjer Skaptafellssýslu og vann til að missa c. 3—4000 kr. laun, til þess að verða í þeirri sendiför til konungs, sem þjóðfundurinn (1851) ákvað; en allir þeir menn voru álitnir af stjórninni sem upphlaupsmenn. Þetta var einskis metið við Jón af »föðurlandsvinum« vorum, og þegar Hólmfríður varð ekkja og sókti til þingsins um lítinn styrk til viðurværis, þá sögðu þingmenn að þeir hjeldu

að þeir færu ekki að miðla fje til hverrar »prokurator-kerlingar« — þetta var þakklætið sem Jón Guðmundsson fjekk. Nú veitir þingið þeim mönnum ríflegt fje, sem hafa hjálpað til að eyðileggja föðurland sitt og níðt það með ýmsu móti. Hvað sendiförina til konúngs snerti, þá fór um hana tvennum sögum; Jónarnir (J. S. og J. G.) sögðust hafa fengið áheyrn hjá konungi og hefði hann tekið þeim vel og haft góð orð um allt (sem raunar var alveg þýðingarlaust) — en þó ljek það orð á, að þeir mundu aldrei hafa náð fundi konungs.

Jón Thorsteinsen landlæknir dó um veturinn 1855; hann hafði nokkru áður fallið ofan í kjallarann í húsi Egils bókbindara og meitt sig á brjóstinu, og mun það hafa valdið dauða hans ásamt þreytu og ofraun, því hann hlífði sjer ekki. Jeg hafði erft kunningsskap við það fólk frá foreldrum mínum og af og til komið þar; nú þegar Jón dó, þá kom jeg opt til frúarinnar, og gerði það sem jeg gat til að hugga hana; meðan líkið stóð uppi, þá vöktum við Þorvaldur Stephensen báðir, og jeg gerði grafskriptir á latínu og íslenzku, og ritaði þær með teikningum, en Jakob Sveinsson snikkari setti í umgjörð og hengdi frúin þær upp hjá sjer og hafði þær hjá sjer síðan. Þótti öllum mikið koma til grafskriptanna, og þegar Jónas kom suður um vorið (hann var þá orðinn sýslum. í Múlasýslum) þá gaf hann mjer víst tuttugu spesíur, jafnvel þó jeg harðneitaði að taka við því, og gerði jeg það til þess að styggja hann ekki. Í þeirri ferð sá jeg Jónas í síðasta sinn.

Af þeim heldri mönnum sem jeg helzt man eptir og sem voru í Rvík á þessu tímabili, skal jeg nú telja nokkra.

Sveinbjörn Hallgrímsson, þá prestlaus, bjó með Mar-

grjeti Narfadóttir og átti með henni Sigríði, fallega og efnilega stúlku. Sveinbjörn hafði áður verið aðstoðarprestur hjá Þjetri presti á Kálfatjörn og kvongast Sigríði dóttir Ottesens sýslumanns, hún var stór og fallegur kvennmaður, en jeg kunni einhvern vegin ekki við hana. Margrjet var hispurslaus kona og hin virðingarverðasta í alla staði, en ekki eins glæsileg og hin, sem dó frá Sveinbirni eptir stutta sambúð. Hann bjó ógiptur með Margrjetu nokkur ár, nokkra stund í húsi Þorláks lóðs, rjett fyrir ofan hús móður sinnar, og lifði fremur við þraung kjör. Seinna giptist hann Margrjetu og átti með henni Kristínu, Steingrím, Sveinbjörn og Gretu. Sveinbjörn vígðist seinna að Glæsibæ og dó þar, alltof snemma, því hann var einhver hinn nýtasti maður, einna mesti framfaramaður hjer á landi og stofnandi hins fyrsta blaðs, Þjóðólfs, sem undir hans stjórn og Jóns Guðmundssonar eptir það var ágætt blað, en fór í hundana þegar Matthías tók við og hefur alltaf verið í hundunum síðan. Börn Sveinbjarnar höfðust þannig, að eptir fráfall hans flutti Margrjet til Reykjavíkur og bjó þar lengi með þraung kjör, og varð sjálfsagt fyrir halla og órjettvísi með ekkjustyrkinn sem henni bar, en hún átti engan að sem gæti hjálpað; Sigríður var lengi hjá frú Thorsteinsen landlæknis, þangað til frúin dó, þá fór Sigríður til móður sinnar og Kristínar, en þegar Margrjet dó, þá voru þær báðar eitt ár í Reykjavík, en Sigríður sigldi síðan til Sveinbjarnar bróður síns, sem var orðinn kennari í Árósi á Jótlandi; Kristín fór vestur á Ísafjörð. Steingrímur var í búð og fór síðan til Ameríku, en Greta giptist fyrir austan. —

Þorsteinn Jónsson (frá Auðkúlu) var kaupmaður og auðgaðist stórum; hann átti stórt hús sem hann ljet

byggja ofan á, en síðan keypti Smith það og gerði úr því »Hotel Alexandra«, miklu verra og ljótara. Þorsteinn var alltaf ógiptur, en kvennamaður og átti Önnu, fyrri konu Sigfúsar Eymundssonar, Guðmund sem Jóhannes Olsen tók og gaf nafn sitt; Guðmundur varð efnilegur og merkilegur og að öllu útliti eins og Þorsteinn. Á fæðingardegi Þorsteins var ætíð eitthvert hið mesta slark sem hjer varð, því þá komu allir og drukku hjá honum frá morgni til kvölds, en annars var Þorsteinn enginn óreglumaður. [Hann var þrekvaxinn meðalmaður á hæð og svo sterkur að hann lypti þýngstu kvennmönnum á stífum örmum upp í söðulinn]. Þorsteinn andaðist meðan jeg var utanlands og hafði allmikil eyðsla verið við jarðarför hans, en úr auði hans varð ekkert, því erfingjar voru engir, sem gætu haldið reglu á. Jeg orti eptir hann fáein erindi sem prentuð voru í Þjóðólfi. — [Í bókmenntalegu tilliti verðskuldar Þorsteinn heiðarlegan stað, bæði fyrir útgáfur margra rímna, hann gaf og út postulasögurnar (faðir minn sá um textann og prentunina, þó íllt væri að fást við sökum fjarlægðar frá prentsmiðjunni) og lækningabók Jóns Pjeturssonar, sömul. Tíu ráðgjafa sögurnar, sem faðir minn hefur að minsta kosti fjallað um; allt þetta eru eins góðar bækur og nú er gefið út, en í fimta ári Fjölnis fekk Þorst. ónot; en hefði verið eins vert að nefna hann til bókmenta eins og aðra útgefendur eða blaðamenn].

Sjera Ásmundur varð dómkirkjuprestur eptir sjera Helga og bjó hann í Landakoti, en þó hann væri ágætismaður að öllu, þá gat hann ekki fyllt skarðið, því að hann hafði svo ljótan og afkáralegan framburð í stólnum, að mesta óyndi var að heyra, og varð allt fólk leitt á honum — því var það að Sveinbjörn Hallgrímsson

stóð einusinni upp í kirkjunni og talaði eitthvað í þá átt, að hann segði af sjer, og er það prentað í »Þjóðólfi«, en það þótti hneyksli, þó satt væri. Sjera Ásmundur fór síðan aptur að Odda, sem hann hafði áður haft, en í hans stað kom sjera Ólafur Pálsson; hann var álitlegur maður og góður, en lítið betra þótti mönnum þó taka við. Hann bjó fyrst í Landakoti, en keypti síðan húsið á horninu á Lækjargötu og Austurstræti, við Bakarabrúna og flutti þangað; það hús minnir mig að Smith ljeti byggja og bjó þar um hríð. En Ólafi búnaðist ekki hjer, og þá fór hann að Melstað og stóð sig illa, en í Stafholti hafði honum liðið ágætlega. Smith bjó áður í gömlu biskupsstofunni, sem kölluð var svo af Geir biskupi Vídalín, sem áður hafði verið þar og fleygt einum af »hermönnum« Jörgensens út úr götudyrunum; þar var seinna barnaskólinn og þar bjó Sveinbjörn Hallgrímsson um stund; seinast Jóhannessen norskur kaupmaður. Smith keypti seinna gamla húsið Stefáns Gunnlaugssonar fógeta og lengdi það. Opt kom jeg til Smiths — eða fremur Ragnheiðar konu hans, Bogadóttir, því Smith var aldrei heima; Ragnheiður var mikilhæf höfðingskona og ætíð góð mjer og mörgum öðrum, svo hún var orðlögð; þrír synir voru þar og urðu engir að mönnum vegna uppeldisleysis, þar sem faðirinn var aldrei heima vegna verzlunarinnar, en móðirin góð og eptirgefandi og rjeði ekki við þá. Helgi Jónsson hjet faktor Smiths og var snyrtimaður mikill og ofláti, en fór að drekka og fór síðan frá Smith og vestur, en seinast til Ameríku og hvarf; hann átti Sigurbjörgu, sem var þjónustumey hjá þeim hjónum. —

Einar Hákonsen bjó í »Hákonsens-húsi«, sem V. Breiðfjörð fjekk síðar með Önnu, dóttir Hákonsens, og

bygði allt upp og setti þar verzlun allmikla; þar bjó jeg eitt sumar í sömu stofunni sem Jónas Hallgrímsson hafði búið í, og var all-íllt; allt fullt af rottum sem ljeku á gólfinu eins og kettir, hinu megin við dyrnar á norðurendanum var og stofa og þar bjó jeg um tíma og Stefán Pjetursson; eina nótt gat jeg ekki sofið og var að lesa í Madvigs grammatík í rúminu; þá settist ein stór rotta á mitt gólfið, en jeg keyrði grammatíkina í hana svo hún rotaðist og er það eina afreksverkið sem jeg hef gjört með þeirri bók.

Danskur maður var um þetta leyti nokkur ár í Reykjavík, að nafni Actonius Nielsen, laglegur maður og góðlyndur, trjesmiður vel kunnandi; hann var settur (jeg held af stjórninni, eða jeg veit ekki hvernig) til þess að hafa umsjón með og ditta að opinberum byggingum, einkum kirkjunni og skólanum; hann breytti turninum á kirkjunni (sem raunar er enginn turn, heldur hátt klukknaport) og gerði hina bogadregnu og innbyggðu undirbyggingu hans, en hún var áður bein upp og niður; hvað Nielsen gerði við skólann, veit jeg ekki, en opt var þakið tekið af honum og lagt á aptur; var sagt að það hefði kostað alls um 100,000 dali (200,000 krónur); Nielsen bygði og »kvistinn« á landshöfðingjahúsinu (sem þá var kallað stiptamtmannshús) og gerði hálf gotneska lögun yfir dyrunum, þó ljeleg sje, því ekki var unt að prýða aðra eins byggingu. Sagt var að Nielsen hefði 7 dali (14 krónur) um daginn; hann hjelt sig vel og var alltaf eins og heimagangur hjá Trampe, því hann var lipur maður og viðkunnanlegur. Seinna fór hann til Hafnar og kvongaðist þar, og jeg held síðan til Svíaríkis, og þar mun hann hafa dáið og varð ekki gamall. Við vorum töluvert saman, og hjelt hann upp á mig.

Áður en jeg kom til Reykjavíkur hafði hann verið trúlofaður Halldóru Hansen, systur Hendriks Hansens og Siverts, en hún dó frá honum og saknaði hann hennar ákaflega. Hendrik Hansen átti hús á Austurvelli nálægt læknum, þar sem Teitur Finnbogason bjó seinna og dó; Hendrik var búðarmaður hjá Hannesi Johnsen, og voru þeir mágar, en Hannes var auðugur og gætinn og hjálpaði Hendrik, því hann var lítt nýtur og drakk þjett, og dó víst af því seinast. Teitur var járnsmiður og dýralæknir og átti lítið hús við Kirkjugarðsstíg, það sem Björn Hjaltested fjekk seinna; Teitur var lítill vexti en rekinn saman og fúlefldur eins og þeir bræður hans, Jakob, Ásgeir og Kristofer; hann var ágætur skotmaður og sundmaður, nokkuð skrítinn í orði, en vel greindur og annars sómamaður. Við vorum kunnugir, en aldrei kom jeg til hans. Þá var enn *Oddur Guðjónsson*, bróðir Pjeturs og snikkari, duglegur vinnumaður, en heimskur og hroðvirkur, og drakk mikið; hann átti Ingibjörgu yfirsetukonu, Jakobsdóttir á Hamri, systur Sigurgeirs, og drakk hún ekki minna og held jeg þau hafi bæði dáið af fylleríi. Oddur bygði sjer hús þar sem Suðurbær stóð, eða þar hjá, og hafði svo lágt undir loptið, að hann gat rjett staðið upprjettur; hann var framtakssamur þótt hann drykki, og bauð Pjetri bróðir sínum að byggja handa honum hús, en Pjetur reiddist og varð fjandskapur úr. Þau Ingibjörg áttu son sem hjet Magnús, hann fór til útlanda og hvarf, en Pjetur fór seinast í hús Odds og andaðist þar. —

Torfi Steinsson bjó í »Steinsens húsi«, sem áður hafði átt Einar Jónsson, en Torfi fjekk ekkjuna og með henni húsið; hann var söðlasmiður og af náttúrinni laglegur maður og duglegur, en spillti sjer með drykk; *Einar*

Þórðarson hjelt prentsmiðjunni og bjó þar; þá var þar kallað »prentstofan«, en hjet áður Bergmannshús; þar hafði Ziemsen einusinni sölubúð og þar braut Sigurður Breiðfjörð rúðu með tómri flösku, sem hann vildi fá brennivín á, en fjekk ekki, því sunnudagur var; jeg kom til Reykjavíkur með öðrum piltum einusinni þegar jeg var í skóla og mættum við Sigurði þegar hann kom frá rúðubrotinu, hálffullur og skjögrandi, á þykkum bláum dyffelsfrakka; hann ætlaði að hlaupa en það tókst fremur illa. Einar var dugnaðarmaður og mikill forkur en leit fremur mikið á sig.

Egill Jónsson bókbindari var mesti snyrtimaður og búmaður, og kom sjer vel upp, bygði hús við Kirkjugarðsstíginn, og þótti það eitthvert hið fegursta hús hjer þá, en brann laungu seinna en Egill dó og var þar byggt annað stærra hús. Egill var í minna lagi meðalmaður, ekki vitmaður nema í búskapnum, en þar var hann framúrskarandi, hann var beztur bókbindari hjer á landi, næstur Kristófer, og ljet ekkert til þess vanta; hann var þá mesti reglumaður og vandaði sem bezt allt sem hann snerti. Þeir höfðu allir verið sveinar sekreterans í Viðey: *Helgi Helgason* prentari — hann var nokkur ár í Reykjavíkur-prentsmiðju og drakk, en fór síðan að Akureyri og dó þar, — Einar Þórðarson, Egill Jónsson og Egill Pálsson, sem ekki staðnæmdist í Rvík, en fór til Múla og dó þar; allir þessir voru orðlagðir fyrir nettleik og dugnað og þóttu fyrirmynd annara úngra manna. — Jóhannes Zoëga (var alltaf kallaður »Sugger«) bjó í litlu húsi nálægt tjörninni, og Ingigerður kona hans; þau voru bæði stillt og góð, fremur fátæk, en ekki upp á aðra komin; Jóhannes lagði það fyrir sig að skera gler og setja rúður í glugga. Þá var Geir

orðinn þroskaður og var snemma duglegur og efnilegur, en Einar og Magðalena voru ung; eptir Jóhannesi syni hans man jeg ekki, og Tómas sá jeg aldrei. Jóhannes yngri hefur snemma farið að búa, hann bjó í Nýjabæ við Rvík og átti Björgu Þórðardóttir borgara og áttu þau stóra syni. Hann var manna hæstur og mjög stilltur, ekki atfaramikill, smiður góður og mesti reglumaður, eins og flestir þeir menn. Synir hans voru Þórður, Jóhannes og Geir, Þórður bygði gott hús og fjekk Guðlaugar Egilsdóttir Hallgrímssonar í Vogum og mikið fje; hann fjekkst við verzlun og varð fylgdarmaður Englendinga; Jóhannes bygði einnig hús og var sjómaður; Geir varð snikkari og fór til Vesturheims og vissu menn lítið um hann síðan. —

Einar Sæmundsson bjó í Brekkubæ, hann var lítill maður og þrekinn, drykkjumaður og hægur, allvel gáfaður, og gerði ekkert, en Guðrún kona hans gerði allt, börn þeirra voru Sigríður, sem átti Eiríx Magnússon og fór til Englands, Soffía, sem átti Sigurð Gunnarsson prest og varð fyrirtaks kona [eins og bóndinn] og Einar, sem fjell í drykkjuskap og fór til Ameríku og dó þar. Sigríður var þá fyrir þeim öllum, fjörug og gáfuð, ljek á gítar og saung vel; hún var heimagangur í doktorshúsinu og var óslítandi vinátta milli hennar og Guðnýjar Helgasen og Guðrúnar Thorsteinsen; [nú er Brekkubær horfinn, en »Vinaminni« komið í staðinn, en í hinum stóru herbergjum þar hefur ekki verið eins mikil gleði og ekki þær hugmyndir vaknað sem í litlu stofunni í Brekkubæ,] Guðrún þótti þá bera af öllum stúlkum hjer, en aldrei hafði hún nein áhrif á mig til ástar. Sigríður giptist Eiríki í Reykjavík og bjuggu þau fyrst í Davíðs-húsi og höfðu eitt herbergi. Þá var Brekkubær

lítið kot, og dálítil stofa eða hús niðri; þar komum við opt saman og var þá glatt á hjalla. Einn veturinn var leikin »komedia«, sem hjet »Pak« eptir Overskou, og snerum við henni á íslenzku. Jón Guðmundsson stóð fyrir leiknum, en aðalleikararnir voru Magnús Grímsson, Stefán Thorarensen og Rannveig Sivertsen kona hans, Guðrún Thorsteinsen og Þorvaldur Pjetursson, sem þá var skotinn í henni en fjekk hana ekki (hann varð seinna prestur og dó ungur af brjóstveiki), Sigríður Einarsdóttir Sæmundsen og jeg sjálfur — jeg nennti illa að læra rulluna og diktaði svo sjálfur upp úr mjer (jeg ljek »Kvit«, bókagyðing, sem var eitt hið mesta í stykkinu). Hversu vel við ljekum man jeg nú ekki, en þá og seinna þótti allt gott, hversu ljelegt sem var. Annars gekk þetta ekki þegjandi, við rifumst og körpuðum við Jón Guðmundsson og stundum var allt nærri farið í hundana. — Skólapilta þekkti jeg ekki marga, og ekki man jeg eptir þeim, nema Steingrími Thorsteinsson og Magnúsi Stephensen frá Vatnsdal, þeir voru báðir litlir og ákaflega höfuðstórir. [Jeg kom ekkert saman við þá nema lítið eitt við Steingrím á síðustu skólaárum hans, hann var þá farinn að yrkja, og hjelzt sá kunningsskapur nokkuð fram eptir, en dofnaði síðan. Steingrímur ritaði til mín tvö ljóðabrjef eptir að hann fór úr skóla.] Af öðrum var jeg helst saman við Magnús Jónsson frá Víðimýri, hann var gáfaður, en sjervitur, lagði mest stund á frakknesku; Magnús frá Felli var annar, fullvel greindur, en laus í sjer, báðir drukku töluvert; enn var Jón frá Barði, [Jón var kallaður »naglinn« og hafði Jón Sveinsson fundið upp á því eins og fleirum sjervizkuorðum; jeg veit ekki hversvegna. Því varð í prófi einusinni er Jón var uppi en Bjarni prófaði, þá kom fyrir orðið

»πάσσαδος« sem merkir nagli á grísku, Jón gat ekki fundið neitt orð á ísl. yfir þetta, en vildi ekki nefna nagla og gekk svo lengi þangað til Bjarni varð óþolinmóður og sagði: »o, því ekki nefna nagli maður!« en allir áheyrendurnir skullu upp yfir sig,] bróðursonur Þorsteins Jónssonar kaupmanns, fjörugur piltur og gáfaður, frönskumaður og drykkjumaður og gerði Bjarna rektor og Þorsteini opt ómak allmikið; Jón Sveinsson var mesti frönskumaður hjer og alltaf í Frökkum þegar þeir komu; eptir Jónassens sonum man jeg varla því þeir voru svo úngir. Af prestaskólamönnum man jeg helst eptir Bjarna Sigvaldasyni; hann var góður drengur og mjög gefinn fyrir lærdóm, en töluvert ölkær. [Jón Thorarensen, sonur Bjarna amtmanns, var fríður sínum og mesta nettmenni, en hafði enga lyst til lærdóms eða neins annars (svo var Bjarni amtmaður líka í rauninni) besti drengur að öllu; við kynntumst allmikið, en vorum samt meira saman síðar í Kaupmannahöfn, raunar mest upp á flöskuna, því Jón var ölkær og »kunni að drekka« eins og Bjarni rektor vildi hafa það, og var Jón opt með honum. Við Jón vorum alþingisskrifarar saman og gekk stundum hálf-slörkulega; Jón var ágætur skrifari og teiknari, en hann nennti ekki að temja sjer það, því hann var svo latur, hann var tómur lífsnautnarmaður, ekki tegund af poesi í honum heldur en hinum öðrum sonum Bjarna amtmanns — hann trúlofaðist Guðrúnu Thorsteinsen og þóttu þau heldur en ekki glæsileg hjer á götunum, en það leystist upp líklega vegna óreglu Jóns og framtaksleysis, því þó að hann tæki fyrir læknisfræði í Höfn, þá varð ekkert úr því, og gekk hann síðan á prestaskólann, omnium defreditorum refugium eins og Ameríka, og varð prestur, síðast blindur]. Jón Þórðarson (seinna

prestur á Auðkúlu) var þá og með mjer stundum, og vorum við skólabræður. Oddur Hallgrímsson var og á prestaskólanum, en var alltaf hálf-ruglaður; samt gat hann einhvern veginn lokið sjer af um síðir. Synir Trampes greifa voru Kristofer, Jörgen og Sophus; Oddur átti að kenna þeim tveim síðari, og voru þeir þá litlir; einusinni fór hann með þá upp í kirkjugarð og púaði eða hrækti ofan í þá »heilögum anda«; einusinni kom hann til Sveinbjarnar bróður síns í ofsarigningu og stormi og var eg þar þá staddur; þá sagði Oddur víst átján sinnum: »gott er veðrið, bróðir minn« — annað talaði hann ekki. Oddur varð seinna prestur í Gufudal og átti fremur örðugt, því hann var lítill fyrir sjer; sonur hans hjet Hallbjörn, óefnilegur og var settur í skóla, en hjelst þar ekki við og dó úngur, en það var miklu seinna. [Sigurgeir Jakobsson hafði verið hjá foreldrum mínum um stund, en var nú á prestaskólanum, roskinn þá og drykkfeldur, illmenni og illfygli ef hann þorði; alltaf einn, á ferð að norðan var einusinni sagt að hann hefði drepið mann (sem líkl. hefir verið ósatt), og þá kallaði Steingrímur hann alltaf »Sigurgeir sem drap manninn«. Steingrímur var þá í skóla, hann orti þá þetta:

„Sízt mun þjer sætur *Τὸνος*
er Sigurgeir *ἀνδροωὸνος*
fyrir altari öskrar —
andskotanum blöskrar".

Enginn ofsamaður var Sigurgeir eða ólátamaður við drykkinn, en ónotalegur og vildi gera illt; hann var prestur, og var settur af seinast með ósköpum, sem kunnugt er, og beiddu sóknarmenn hans um líkn fyrir hann og að fá að hafa hann fyrir prest framvegis, sýnir það hversu lítið menn hirða um að gera mun á illu og

góðu]. — Þá voru sumir sem voru eins og fylliríispostular bæjarins, einkum Hróbjartur, sem Kristján skáld kvað um seinna; Hróbjartur var allvel úr garði gerður af náttúrunni, en hafði misst annað augað; hann var sundmaður mikill; Guðmundur í Traðarkoti var annar, báðir voru aumingjar af drykkjuskap; en þá var líka sá siður, að búðarstrákar helltu brennivíni í þessa menn sem ekki gátu stillt sig, og hentu ófagurt gaman að þeim, og höfðu þá til að berja og misþyrma, og eimir enn eptir af þessu, sjálfsagt enn meir annarsstaðar út um landið, en það er fólkinu sjálfu mikið að kenna, hvernig það lætur kaupmennina fara með sig. Einn af bæjarins merkismönnum var Guðmundur fjósarauður, böðull og margt annað; kona hans hjet Margrjet »með augað« og bjuggu þau í Suðurbæ; Guðmundur var lítill og digur og að öllu hinn ótútlegasti og drykkjumaður; hýðingar hans munu hafa átt sjer stað áður en jeg kom til Reykjavíkur. Guðmundur í Traðarkoti var látinn bíta í brýni og járn í búðunum þegar hann var fullur, sem optast var, og svo fjekk hann brennivín. Þegar hann dó, þá var Hróbjartur formaður fyrir útförinni, og báru fjórir brennivíns-berserkir líkkistuna yfir Austurvöll augafullir, og duttu allir með hana kylliflatir. Þá var Austurvöllur eintóm flög og djúpar gryfjur, og stöku grastó á milli; þar voru heilar tjarnir á vorin og varla fært yfir.

Guðmundur Torfason kom stundum til Reykjavíkur — hann var »skáld« mikið og orti ákaflega; jeg man eptir syrpu með mörgum kvæðum í, þar á meðal um Björn Gunnlaugsson. Þar í var þetta:

„— — hóf upp sjónpípuhólkinn sinn,
á hjálminn stefndi minn (Heklu)“.

„Hamingjuhjólið | hátt beri Gunnlaugsen,
hver manns fer hólið | hans dygð auðsjen“ —

og annað þar eptir. Hann sneri Friðþjófssögu einum 3 sinnum og fór einusinni með hana í myrkri á fjórum fótum, augafullur, upp í »Doctorshús«, þar sem Gísli Magnússon bjó þá — annars talaði jeg aldrei við hann. Hann var lágur maður og digur, nautsterkur og gefinn fyrir að sýna afl sitt; einusinni hafði hann borið rúgtunnu á höfðinu um göturnar og var settur í »svartholið«, og þótti óhæfa, því hann var þá prestur — þá var Stefán Gunnlaugsen lögreglustjóri.

Ásgeir Finnbogason og Sigríður Þorvaldsdóttir bjuggu á Lambastöðum, og kom jeg þar opt. Ásgeir var bókbindari, meinleysismaður og gæfur, og skipti sjer lítið af búskapnum, en Sigríður var forkur mikill, stór og falleg og höfðingleg, gáfuð og atfaramikil; vegna hennar komu margir að Lambastöðum, og svo vegna dætranna, Kristrúnar og Arndísar, þær voru báðar laglegar og fjörugar, og var opt gleði mikil, þar sem skólapiltar sóktu þangað sjer til skemtunar. Lárus Blöndal trúlofaðist Kristínu og átti með henni Ásgeir lækni áður en þau giptust, en Þorsteinn bróðir minn fjekk Arndísar seinna.

Sigríður dó af gulu meðan jeg var utanlands, og orti jeg eptir hana kvæði, sem prentað var í Þjóðólfi. Ásgeir var og hafnsögumaður og besti sjómaður; eptir lát Sigríðar undi hann ekki á Lambastöðum, en fór að Lundum og kvongaðist þar aptur; hann drukknaði ofan um ís, er hann vildi fylgja manni, og orti jeg eptir hann að bón Teits bróður hans; Ásgeir var stakur reglumaður eins og allir þeir bræður nema Jakob.

Álptanes var orðið mjer ókunnugt eptir að jeg fór

þaðan; gullsmiðurinn var dáinn og jeg kom þangað alls einusinni til Ingibjargar, ekkjunnar, sem ávallt var mjer góð; þar var jeg nokkra daga, en mjer leiddist. Einusinni fór jeg að Görðum til sjera Árna, en mjer fanst allt vera orðið svo breytt, að jeg feldi mig ekki við það; ellin hafði breitt sína köldu blæju yfir lífið; hinir gömlu kunningjar voru horfnir og dánir og hinir nýju menn voru ókunnir og öðruvísi.

Tvisvar sinnum fór jeg upp að Ytra-Hólmi til sjera Hannesar og Þórunnar; þar ólst Sigríður systir mín upp og þar var Ragnhildur Thorarensen, dóttir Odds apotekara og systir Stefáns, sem var mjer samtíða í Höfn, útskrifaður frá Borgaradygða-skólanum og síðan sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu; þar var og þá Magnús sonur Hannesar prófasts, laglegur piltur og ljúfmenni, hann dó í Kaupmannahöfn og orti jeg eptir hann; var hans mikið saknað. Þá var enn Stefán Stefánsson sterki, sem síðan varð prestur á Ólafsvöllum, og Davíð Guðmundsson, sem síðar varð prestur á Möðruvöllum og Hofi í Hörgárdal og prófastur. Davíð var náskyldur Jóni Árnasyni og mesta ljúfmenni, Stefán var einnig góður drengur og skemtilegur. Á Hólmi var jafnan gleði mikil og höfðingskapur, enda munu engir húsbændur hjer á landi hafa getað jafnast á við þau Hannes og Þórunni í þá daga; en hvort embættið hafi haft gott af því, er annað spursmál, því í staðinn fyrir að láta sóknarmennina borga prestinum það sem honum bar, þá gaf hann þeim allt, og allir fátæklingarnir fengu á Hólmi það sem þá vantaði, svo að Hannes var þeim bæði faðir og lífgjafi. Hann var góður meðalmaður á hæð, smáfríður og skegglaus, með stórt andlit og höfðinglegt, mjög litlar hendur og fætur, en gjörðist ákaflega feitur, svo það mun hafa

valdið dauða hans. Þórunn var meira í gamla stílnum; þegar jeg sá hana, þá var hún gengin fyrir og orðin ellileg, hafði ætíð stromp og sat alltaf inni. Mataræði var stórmannlegt á Hólmi, alltaf dýrindis rjettir, og vín og brennivín með mat, en enginn drykkjuskapur; á ferðum sínum til skólans eða frá honum kom þangað fjöldi skólapilta og sátu þeir þar stundum lengi, voru opt allt að tuttugu við borðið, en um borgun var ekki að tala, þá datt engum slíkt í hug, og eru þessar gistingaborganir seinna til komnar, en hafa ekkert bætt úr högum manna, heldur eru þær einungis ávöxtur ágirndarinnar, sem hjer hefur þróast vel eins og fleira. Yfir höfuð var Ytri-Hólmur stöðugur og sjálfsagður gististaður fyrir ferðafólk, enda tíðkast það hjer ávallt, að þar sem einhver höfðingsmaður býr, sem hefur góð húsakynni og eitthvað til, þar er enginn friður fyrir aðkomumönnum og gestum.

Á þessum árum var danskur sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu að nafni Larsen, mesta góðmenni og smámenni og opt fullur. Hann var opt í Reykjavík og dróst þar út í fylliri, af því hann varð alltaf að vera á klubbnum, en annars var hann gæfur og sofandi við drykkinn. Hann bjó á Höfn, sem faðir minn hafði átt áður, og þangað fórum við einusinni meðan jeg var á Hólmi; við vorum saman Magnús Hannesson, Davíð, Stefán sterki og Stefán Pjetursson frá Ólafsvöllum, sem síðan varð prestur í Holti í Önundarfirði og Vatnsfirði og merkilegur maður, en þá var hann slarkari og ákaflega kærulítill. Þá riðum við í Hafnarrjett í versta veðri og komum til Larsens rennvotir og fengum ekkert nema eina steikta lóu, ekkert að drekka; við vorum þar nótt og fórum í allt vott um morguninn; við komum að Mel-

um í þeirri ferð; þar var stofa, lág og dimm, og þar sat sjera Jakob Finnbogason einn í einu horninu blindfullur; þar komum við inn, en þegar við fórum, þá staulaðist Jakob út og ætlaði eitthvað að hrekkja okkur, en hann var hálf-misindismaður við drykk og sterkur, þó hann væri lítill; Stefán sterki hjelt honum meðan við fórum á bak. Þá komum við að Leirá, þar var Jón og var fullur, þar fengum við að drekka og spöruðum þá ekki, saltfisk fengum við á Leirá, og var þar höfðinglegt, en nokkuð sóðalegt, enda var vætuveður og við allir votir. Þá komum við að Læk, þar bjó Einar; þar fórum við inn og drukkum og súngum, allir fullir, og svo komum við aptur að Hólmi. — Svo dó nú sjera Hannes og gerði jeg grafskript á íslenzku og latínu, og seinna var jeg fenginn upp eptir til að skrifa upp bækurnar hans, sem hann hafði víst fengið flestar eptir Magnús í Viðey, það voru góðar bækur og flestar gamlar, og voru seldar á uppboði í Reykjavík. Þá var Pjetur Havstein á Hólmi, og urðum við samferða suður.

Meðan jeg var í Reykjavík, þá fór jeg stundum vestur í Flatey til sjera Eiríks Kuld mágs míns og Þuríðar systir minnar, þau bjuggu í húsi sem þau höfðu byggt sunnan til á eyjunni. Sjera Ólafur bjó í bæ allgóðum þar skamt frá og var stofan máluð innan blá og rauð og græn, mjög smekklaust; en sjera Ólafur var ágætismaður, bezti búmaður, en enginn predikari. Þar var þá Jón Thoroddsen og var sýslumaður; hann var í kosti hjá sjera Eiríki, en bjó hjá Sigurði Johnsen í kaupstaðnum; þar hafði hann eina stofu. Hann hafði engin húsgögn nema eina græna kistu, engar bækur nema dönsk lög og Lessing, fyrsta bindið, sem hann gaf mjer (þar á er Nathan, Minna von Barnhelm, og Emilie Gallotti);

Jón hafði líka alltaf flöskur í kistunni og staupuðum við okkur á þeim. Brynjúlfur Benedictsen bjó þar skamt frá, og þá var frú Herdís mjög grönn og teingluleg; bæði voru þau hjón mjer einkargóð, enda kom jeg þar á hverjum degi. Brynjúlfur var skrítinn í látbragði, gáfaður, meðalmaður vexti, þunnvaxinn og breiðvaxinn, brjóstveikur, og hjelt höndum fyrir aptan bak og horfði upp í lopt; hann var mjög fróður í Íslandssögu og átti góðar bækur. Sigurður Johnsen var hár og gjörfulegur, fríður sýnum og snyrtimaður mikill, hann átti Sigríði, sem raunar var dóttir Brynjúlfs, enda var Brynjúlfur aðalstoð Sigurðar. Í lund var Sigurður hægur og mesti gæðamaður, en annars átti jeg ekkert við hann. Þá var í Flatey Gísli Konráðsson, lítill vexti og fríður sínum, því líkastur sem jeg hefði ímyndað mjer Gest Oddleifsson eða einhvern vitran fornmann; við lágum stundum úti á túni og drukkum brennivín, þó með hófi. Mjer þótti skemtilegt í Flatey, ekki af því fólkið væri svo ýkjaskemtilegt, þó það væri gott, heldur af því jeg lifði þar í draumum og friði; eyjan var svo fögur og sjórinn svo víður allt í kring. Annars man jeg nú lítið af því sem bar við — einusinni kom sjera Andrjes Hjaltason, faðir Jóns Hjaltalín á Möðruvöllum, og var það eitt kvöld að við sátum margir saman hjá Brynjúlfi við drykkju, og var einhver disputasía og þá sópaði sjera Andrjes öllum glösum og flöskum ofan af borðinu í ákefðinni. Þessar Flateyjar-ferðir fór jeg optast nær með gamla Gram, sem þá kom á hverju vori sem lausakaupmaður í Hafnarfjörð og Reykjavík, og kostaði ferðin ætíð spesíu, hvort maður var lengur eða skemur á leiðinni, en það vildi til að það var í viku; stundum fór jeg með honum suður aptur, og þá fann hann einusinni upp á því, að

fleygja öllu barlestargrjótinu út á Faxaflóa í blæja logni, svo jeg hjelt að skipið ætlaði um, en Gram var góður sjómaður og þó gætinn vel. Eitt sumarið varð jeg af öllum skipaferðum, og fór jeg þá suður í Stykkishólm um nótt á bát með dönskum matrósum, og var það leiðinleg og köld ferð; þá komum við í Fagurey um leið, en náttúrunnar gat jeg ekki notið þá. Svo var jeg nokkra stund í Hólminum hjá Thorlacius og Egli bróðir mínum, sem þá var giptur Maríu; Thorlacius bjó höfðinglega og hans hús var efalaust hið mikilfengasta á landinu, [húsbúnaður allur hinn dýrmætasti, úr silfri og postulíni og mahognitrje, og allt þar eptir, enda var Árni einstakur höfðingi, auðugur og menntaður, einhver hinn frægasti skotmaður og sjómaður.] Í Hólminum var þá Melsted amtmaður og bjó ílla; Lind læknir var þar og, og bjó enn verr, því stofan var svo dimm að varla neitt sást, þar var alltaf rökkur; Lind drakk fjarska mikið, en var góður drengur. Egill hjálpaði mjer til að komast suður, því jeg var fjelaus, og fjekk mjer fylgdarmann; við riðum einir alla leið og fórum Langavatnsdal; þótti mjer fremur dauft á leiðinni, og ekki gat jeg orðið hrifinn til að yrkja ferðavísur, eins og sumir aðrir hafa gjört. Við komum að Tandraseli og fórum inn, en allt fólkið var á engjum; jeg sá að svartaskór stóðu uppi á hillu í stofunni, og skildi jeg að það mundu vera alþingisskórnir; skömmu síðar kom Jón og gaf mjer einirberjabrennivín og fylgdi mjer niður að Höfn. Þar bjó Larsen og þar var Þorlákur Blöndal skrifari hans; hann fylgdi mjer suður að Hólmi og riðum við utan í Akrafjalli og þar þótti mjer fallegt. Þetta er sú einasta langferð sem jeg hef farið á Íslandi. —

Jeg hef áður getið um ritstörf mín á þessum árum;

jeg orti ýms kvæði, sem jeg gaf út sjálfur, og í því safni er »tólf álna kvæðið«, sem jeg orti til Sigríðar og leiðrjetti ekkert hjá mjer; ýms önnur kvæði orti jeg og sem eru óprentuð, þar á meðal kvæði til Sigríðar og minni á skólahátíðum fyrir pilta. Eptir að faðir minn var sálaður, tók jeg við þar sem hann hafði hætt við Odysseus kviðu og lauk við hana í sama anda; síðan sneri jeg Ilionskviðu allri á tveim árum, en jeg fjekk minni ritlaun en faðir minn, og svo sveikst bókmentafjelagið um að gefa út seinni hlutann, en gaf þó út ýms önnur verk engu minni. Jón Þorkelsson og Þórður Sveinbjörnsson voru settir til að yfirlíta verk mitt, en voru báðir lausir við skáldskap; samt benti Jón á sumt sem jeg lagfærði, en Sveinbjörnsson orti upp aptur heilar rollur, sem voru alveg óbrúkandi. Við Jón Benedictsson (síðar prestur á Görðum á Akranesi) bjuggum saman hjá Md. Ottesen þegar jeg sneri síðustu kviðunum og las jeg Jóni þá stundum fyrir, en hann ritaði eptir, og er því sumt af uppkastinu með hans hendi. Þetta verk gerði jeg einungis vegna peninga, og lifði jeg á því í tvö ár; en annars hef jeg verið mjög lítið gefinn fyrir þýðingar. — Seinasta sumarið (1857) sem jeg var þá í Reykjavík kom prins Napoleon og gjörði jeg það fyrir Bjarna rektor að yrkja til hans, bæði á íslenzku og latínu, Bjarni sneri kvæðinu á frakknesku í prosa: hann sat í sofanum og dikteraði en jeg fyrir framan hann og skrifaði, Bjarni tók þetta ákaflega nærri sjer, eins og allt þesskonar, másaði og púaði af fitunni og jeg tók ekki minna út af að vera að þessu — þetta ritaði jeg síðan með skrauti og teikningum, og hafði prinsinn orðið glaður af og lá þetta síðan undir gleri í París; þess er getið í Figuier Almanac Scientifique; prinsinn sæmdi mig engu fyrir,

[»Ekki hlaut af ítrum — Einarr gjafa Sveini«, sagði Einar Skúlason], en gaf ómerkilegum strákum og körlum stórgjafir; raunar ætlaðist jeg ekki til neins, en jeg hefði eins vel verðskuldað það eins og þeir sem ekkert höfðu til síns ágætis annað en vera synir Trampes, og svo aðrir fleiri. [Napoleon prins gaf leyfi til að heimta bækur gefins frá Frakklandi til stiptsbókahlöðunnar, hverjar sem menn vildu og fylgdu þau orð með, að menn skyldu ekki spara neitt; þá voru þeir Pjetur Pjetursson (þá forstöðum. prestaskólans, síðan biskup) Þórður Jónassen háyfirdómari og jeg veit ekki hverjir aðrir, stjórnarmenn bókasafnsins, en þeir höfðu ekki meira bókavit en svo, að þeir báðu um tómt rusl, rómana og þesskonar. — Þá hefðum við getað eignast »Description de l'Egypte« eptir Napoleonsförina til Egyptalands, heimsfrægt verk (26 binda texti og 12 málverkabindi í folio. Kostnaðurinn við útgáfuna varð 3 miljónir franka), sem ávallt er álitið eitt hið bezta og merkilegasta verk, sem gert hefur verið. En fyrir fáfræði þessara manna urðum við nú af því, og munum aldrei eignast það. Jón Sigurðsson varð hissa.] Jeg vildi nú fara burtu til Hafnar aptur, en hafði engin ráð til þess. Þá tóku þeir sig saman, Þorsteinn Jónsson og nokkrir aðrir og hjálpuðu mjer til að sigla; var svo til ætlast að jeg skyldi »taka examen«, svona hreint út í bláinn, þar sem jeg var kominn út úr öllum þesskonar anda, rjeði ekki við sjálfan mig og var sundurtættur af sorg og eymd, og þannig kvaddi jeg Ísland þá og sigldi með Smithsskipi um haustið.

1857—1874.

Jeg kom til Kaupmannahafnar um kvöld í myrkri; Lárus Blöndal sigldi þá til háskólans og voru þar fyrir Gunnlaugur og Magnús, Blöndalsbræður. Þá var ekki um annað að tala en drekka, og gjörðu það flestir aðrir íslenzkir stúdentar engu síður en jeg, þó minna væri um þá talað en mig. Þessi vetur var einna leiðinlegastur þeirra er jeg hef lifað; jeg hafði engar bækur og enga peninga til að kaupa neitt fyrir, og má geta nærri hvað mikið varð af stúderingum. Kunningjar mínir, sem höfðu verið mjer samtíða áður, voru orðnir mjer ókunnugir, eða hirtu ekki um að þekkja mig, og jeg var einmana og yfirgefinn. Þannig leið allur veturinn í tómu iðjuleysi og drabbi, stundum með hinum yngri stúdentum, og var jeg þá orðinn ónýtur og frá mjer. Jeg kom töluvert saman við Gunnlaug Þórðarson, hann átti þá að snúa Grettlu á dönsku, og gerði jeg það að mestu leyti einn, og áttum við að skipta peningunum. Jeg held jeg hafi fengið nokkuð af þeim. Svo skrifaði jeg þá einnig juridiska fyrirlestra fyrir Benedikt Sveinsson og Bjarna Magnússon, og fjekk eitthvað fyrir það; annað gerði jeg ekki, og orti ekkert. Styrksins naut jeg ekki, svo mikill sem hann var, lengur en til vorsins, en jeg sá engan útveg til að geta unnið fyrir mjer; færi jeg heim — hvað gat þá tekið við? Jeg átti ekkert athvarf.

Þá vildi svo til, að Djúnki kom norðan af Finnmörk sama daginn og Ólafur Gunnlaugsen frá Rómaborg, og vissi hvorugur af annars ferð. Jeg fór þá til Ólafs og sagði honum frá ástandi mínu, en hann rjeði mjer strax til að fara til Djúnka — annað var ekki fyrir. Djúnki tók mjer báðum höndum, guðsfeginn að geta nú frelsað

eina sál frá hinni forarganlegu villu Lúters og viss um að hafa nú fengið rammkatólskan kandidat, og svo fluttum við nú allir saman upp á Djúnka reikning, og þetta Triumvirat bjó í Vingaardsstræde í stórum stofum; þar gerði Djúnki altari úr skrifborði, og messaði fyrir okkur á hverjum morgni, en við hlustuðum á og vorum ekki fjarskalega andaktugir. Einusinni var Djúnki að messa, en allt í einu í miðri messunni fer hann frá altarinu og úr skónum og dregur á sig stóreflis selskinnsstígvjel, og fer síðan aptur að altarinu og hjelt áfram messunni. Við Ólafur ætluðum að springa.

Með þessu móti var jeg skilinn við Íslendinga; þeir álitu mig svo sem týndan sauð og vildu ekkert eiga við mig; Sivert Hansen, Stefán Thorstensen og Gunnlaugur Þórðarson voru þeir einustu, sem voru óbreyttir við mig. Annars kom Djúnki til ýmsra Íslendinga, og þeir til hans, því þeir fengu vín hjá honum, með því Djúnki drakk alltaf jafn harðan; hann var gáfaður og víða heima, en risti ekki djúpt í neinu. Hann gaf þá út Lilju, og skrifaði jeg hana upp undir prentun og sneri henni á latínu, í prosa, og held jeg sú prentun sje ekki verri en aðrar, þó hennar sje hvergi getið. Djúnki var í minna lagi meðalmaður vexti, rússneskur, gulur í andliti og skakkeygur, ófríður og svipaður Mongólum; hann var óspar á fje, enda hafði hann mikið, en ekki fjekk jeg neitt hjá honum, beiddist heldur einskis, en ljet mjer nægja með að lifa. Síðan fluttum við út á »Strandvejen« og höfðum þar heilt hús, og var stór grasflötur þaðan og ofan að sjónum og mjög fagurt; þar var Djúnki vanur að ganga einn á kvöldin og lesa bænir sínar úr Breviario; en annað Breviarium hafði hann einnig, sem var konjaksflaska og bundin eins og bók, og staupaði

hann sig á henni jafnt og þjett, en aldrei var hann útúr fullur. Svo man jeg nú ekkert hvernig það atvikaðist að jeg fór með honum til Þýzkalands; því ekkert var talað um hvað jeg skyldi gera; jeg held að Djúnki hafi álitið það sjálfsagt að jeg yrði katólskur klerkur og trúarboði á Íslandi, og hafi hann álitið nauðsynlegt að jeg lærði katólsk fræði til þess — nokkuð var það, að við fórum tveir einir, en Ólafur varð eptir. Jeg var eins og í leiðslu, og hugsaði hvorki í þennan heim nje annan; jeg hafði engar trúarlegar hugsanir, og allt »Proselytmageri« var mjer viðbjóðslegt, eins og það hefur alltaf verið. Jeg fór með Djúnka einungis til að fara eitthvað á burtu, til þess að fara ekki heim til Íslands, því þar lá ekkert annað fyrir mjer en fara í hundana, sem »skrifari« eða eitthvað ekki merkilegra. Um trú hugsaði jeg ekkert; Atheisti var jeg ekki, en jeg held jeg hafi verið Deisti, og hugsaði eins og Friðrik mikli, að til væri persónulegur og eilífur guð, og að allar kenningar hinna svo nefndu kirkjulegu trúarflokka, hvort sem þeir hjetu lúterskir, katólskir eða hverju nafni sem er, væri til settar af mönnum, og meir eða minna afbakanir og misskilningur á kenningu Krists. Jeg hafði þess vegna ekki og hef aldrei haft, neina djúpa eða verulega virðingu fyrir neinu þesskonar, eins og jeg alltaf hef álitið »trú« flestra manna ónýta, innbyrlingu tóma og ytri tilgerð, því af verkunum geta menn sannarlega ekki sjeð trú almennings — eða hvað á maður að hugsa um þá trú hjá þeim sem svíkja og ljúga, stela og ræna? eða þá hjá því fólki, sem rífst og bölvar og fer svo strax upp úr því til altaris? Nei, jeg hef ekkert annað en tóma fyrirlitningu fyrir þesskonar. Í öllum trúarflokkum geta verið góðir og duglegir menn, og að því leyti gildir einu

hverrar trúar maður er; en að segja eins og Lúter: »syndga þú eins og þú villt, en trúðu«, það er sama sem að hafa trúna að háði og spotti. En hvað katólskuna snertir, þá er eins og Íslendingar sjeu dauðhræddir við hana og álíti hana verri en heiðingdóm og guðleysi; þeir þekkja hana jafn lítið og flest annað, en eru sjálfir í rauninni trúardaufastir allra manna. Það er eins og menn gleymi því alltaf, að báðir trúa á þrenninguna, bæði lúterskir og katólskir, eða að hún er sameiginleg trúarsetning beggja; hvor af þessum trúarflokkum fyrir sig hefur nokkuð til síns ágætis, sem hinn ekki hefur' og yfir höfuð er katólskan heitari og fegri en lúterskan; að katólskan telur sjö sakramenti, gerir ekkert til og er ekki áfellisvert, eða hvað er á móti því að skoða hjónavígslu, fermingu o. s. frv. sem »sakramenti«? Þetta eru guðlegar og heilagar athafnir hvort sem er. Hvað prestavaldið snertir, sem á að vera svo ríkt í katólskunni, þá getur það verið allt eins ríkt í lúterskunni, og þar er allt eins fullt af »jesuitisku« undirferli — hver hefur sinn djöful að draga, kann vera að katólskur almúgi sje minna »upplýstur« en sá lúterski — bara að »upplýsingin« — þessi svo kallaða »menntun« — geri þá duglegri og dygðugri! — Kristur hefur hvorugt kennt, hvorki katólsku nje lútersku, og svo — hvað á maður að hugsa um páfana, sem sumir voru beinlínis glæpamenn — Resultatið hefur óvart komið fram hjá mjer í þessum línum til Íslands: Heldur vil jeg hjá þjer búa. — — Jeg vissi ekkert hvert Djúnki ætlaði að fara með mig, og jeg hugsaði ekkert um það. Jeg var eins og einhver philosophiskur æsthetikus eða æsthetiskur philosoph, og á þann hátt leit jeg á það sem fyrir bar — um trú hugsaði jeg ekkert, en Djúnki hefur sjálfsagt hugsað að nú

hefði hann fangað einhvern gullfugl, sem ætti að útbreiða páfans dýrð. En hann tók feil, sá góði mann, því jeg kærði mig andskotann ekkert um páfann nje katólsku, og enginn hefur nokkurn tíma heyrt mig tala um það, eins og jeg hef ekkert ritað í þá átt. Miklu fremur hefur Jón Þorkelsson Rector hjálpað katólskunni, með því hann hjálpaði Baudouin, hinum katólska presti í Reykjavík til að gefa út útskýringarbækling sinn á móti Sigurði Melsted — ágætlega saminn bæði að hugsun og orðfæri, og langt fyrir ofan hinn lúterska peisuþvætting.

Við hjeldum þá til Þýzkalands, gegnum Kiel, Hamborg og fleiri staði, og get jeg ekki sagt að mjer þætti neitt nýstárlegt, heldur ljelegra en í Kaupmannahöfn, jeg var ekkert barn og hafði sjeð lífið áður. Engu að síður hafði jeg gott af þessu; jeg komst út úr Hafnarlífinu og frá Íslendingum, sem fyrirlitu mig og ekkert höfðu gert mjer nema illt eitt, og jeg gerði mjer gott af því sem jeg sá, þó mjer þætti það ekki sjerlega merkilegt. Íslandi gleymdi jeg aldrei, og bera vitni um það ýms kvæði er jeg gerði þá. Við ókum á járnbrautunum á harða flugi fram hjá borgum og bæjum — jeg sá stráka fyrir neðan brautina sem voru að reyna hvort þeir gætu hlaupið eins hart — jeg sá hesta sem hristu makkana í sólargeislunum, eins og þeir væru að reyna til að hrista þá af sjer, en þeir gátu það ekki — mjer datt í hug að svona færum við að líka, við reyndum til að hrista af okkur það góða, sem okkur er gefið, en gætum það þó ekki ætíð — eða við erum ekki látnir geta það. Sumstaðar gengu alvarlegir storkar og litu ekki við, en gufuvaginn fór áfram með ýskri og blístri — hvað það var óskáldlegt! Þá var nokkuð öðruvísi þegar Schiller og Goethe fóru um Þýzkaland og suður

á Ítalíu — eða ætli Heine hefði gjört »Reisebilder« eins yndislega úr garði, ef hann hefði verið keyrður inn í járnbrautarklefa og hvinið á honum í loptinu svo allt sýndist hringsnúast? Hvernig sem er, þá hafa engin skáld vorra prísuðu uppfinninga og gufumagnstíma getað jafnast við hina fyrri menn, hvað sem skálddómendur og blaðamenn segja — jeg tel Ísland ekki hjer með, því það á engar járnbrautir og hefur ekkert við þær að gera. Það hefur optar en einusinni verið kvartað yfir, að þessi »Civilisation«, sem kölluð er svo (sem raunar er að mestu leyti Barbari, nema í augum materialista og slógbelgja), þessi gufuvagns- og rafmagnssótt eyðilegði skáldskapinn, og víst er um það, að hann hverfur um leið og menn kúga náttúruna til að hlýða sjer. — —

Við ókum á járnbrautinni til Celle (sem jeg kallaði »Selju«), þar sem hin fagra drottning Karolina Matthildur sat síðasta hluta æfi sinnar, sorgmædd og þjáð; þar orti jeg vísur tvær með fornyrðislagi, sem jeg sendi M. Goldschmith til Hafnar, en hann ljet prenta þær í »Nord og Syd«, ásamt hinum gamanvísunum, sem jeg orti á ýmsum málum, og þaðan komust þær í 2. útgáfu af Snót, allt að mjer fornspurðum; vísurnar »Salve mi bone fons« gerði jeg í gestgjafahúsi einhversstaðar nálægt Rín, en annars var öll ferðin ómerkileg. Við komum til Hannover, þaðan til Minden og var sjálfsagt að fara þar í kirkju; þar var fátt fólk og kirkjan dimm og alvarleg; þaðan til Osnabrück, og ljetum þar fyrirberast í gestgjafahúsi; Djúnki fór til biskupsins sem þar var — það var Páll Melchers, sem síðan varð erkibiskup af Köln og seinna settur af, en varð þá kardinalprestur; mjer sýndist hann ómerkilegur, en góðlegur og atkvæðalítill. Þar komum við í dómkirkjuna, því Djúnki þurfti

náttúrlega að koma í allar kirkjur hvar sem varð; kirkjan var stór og gamaldags, í gotneskum stíl og fornfáleg, kirkjulykt og fúalykt; þar voru myndir af dauðanum, beinagrindur með sigð í hendi og þessi orð: »si non revertimini, sic eritis«; þar voru og myndir af postulunum og ýmislegt annað, og sýndist vera ílla við haldið. Jeg nenni nú ekki að telja nákvæmar þá staði sem við komum til, því öll ferðin var eins eða með litlum tilbreytingum; landið allt var flatt og varla skógi vaxið, sviplítið og ómerkilegt; fólkið var þar eptir, og miklu lakara að sjá en íslenzkt sveitafólk af betra tagi; það sem jeg sá af Rín, þessari miklu og merkilegu á, sem var svo fræg í sögum og ljóðum, það var ómerkilegt, og þar sem jeg kom að henni, rann hún með lygnum straum á flatlendi; hið fagra Rínarland byrjar ekki fyrr en sunnar, og er þar fullt af rústum og föllnum múrum og tindum af gömlum riddaraborgum, raunar minning um tíma, sem enginn óskar nú aptur, þó síðan hafi verið fegrað með skáldlegum ljóma. Það er merkilegt að þýzk skáld hafa látið Sigurð Fáfnisbana vera riðinn við svo óskáldlegt land eins og Norður-Þýzkaland er; í Völsungasögu eru nefnd »Húnaland«, »Gautland« o. s. frv. sem ekkert er að marka — hitt heldur ekki.

Einhversstaðar — jeg man nú ekki hvar — hætti járnbrautin, og þar stigum við upp í vagn og ókum lengi á breiðum vegum, sem plantaðir voru beggja vegna með hávöxnum trjám; ekkert vissi jeg hvert við fórum. Jeg man það samt að í München hafði Djúnki talað við einhvern kirkjuhöfðingja um hvert hann skyldi fara með mig, en jeg skipti mjer ekkert af því, því jeg var alveg tilfinningalaus, nema fyrir mínum eigin poetisku draumum. Loksins komum við um kvöldið að þorpi einu litlu,

sem heitir Kevelaer — jeg hafði aldrei heyrt það nefnt fyrr, en þar er allt katólskt, Maríukirkja með Maríulíkneski (sem jeg aldrei sá), sem var haldið heilagt og mikill átrúnaður á, og voru stórar helgigöngur eða processíur gerðar þangað úr hjeruðunum í kring, og komu þar þá saman margar þúsundir manna. Þar var klaustur eða einhver þesskonar bygging, og presta-samkunda; voru þar ávallt prestar 6 eða 8 að tölu og einn forseti eða yfirprestur; enginn kvennmaður var þar, nema ein eldri kona, sem eldaði matinn, en nokkrir þjónar eða »bræður«, sem þeir kölluðu; allt var þetta eitthvað múnklífislegt eða klausturlegt, en þar var svo mikill friður, svo heilagur og unaðslegur blær yfir lífinu, að það var eins og maður væri kominn út úr heiminum og í einhvern friðarstað, enda höfðu þorpsbúar enga samgaungu við klausturmenn. Okkur var vel tekið, og vorum við látnir fara inn í borðsalinn og var matreitt svo að mjer þótti það krásir, Rínarvín og allskonar ávextir og gæði — hvað Djúnki talaði um mig, veit jeg ekki; en það veit jeg, að hann sparaði ekki að prjedika um minn lærdóm og gáfur — við borðið trakteraði jeg þá strax á því, sem þeir höfðu ekki heyrt áður: að lesa »Mæcenas atavis edite regibus« þannig: »me caenas, at avis edit e regibus« (þú jetur mig, en fuglinn jetur af konungunum) — þetta þótti þeim frábær fyndni, því þeir voru glaðlyndir og vel að sjer í latínu. Svo þegar búið var að jeta, þá var mjer vísað til sængur; jeg fjekk þar tvö herbergi og ágætt rúm og svaf vel um nóttina. Þegar jeg kom á fætur um morguninn, þá var Djúnki farinn veg allrar veraldar, og sá jeg hann aldrei síðan nema einusinni í Höfn snöggvast, eitthvað tveimur árum eptir og atyrti hann mig þá fyrir óþakklæti, það er: að jeg

hefði brugðist honum — en jeg hafði aldrei lofað honum neinu; en þá sá hann að ekkert varð úr katólskunni og að honum hafði mistekist að gera úr mjer trúarboða, sem jeg alltaf hef haft óbeit á að vera meðal kristinna manna — allt annað er að boða heiðingjum trú. Annars var Djúnki mjer góður, og má jeg minnast hans með þakklæti. Jeg veit ekkert um hann nema það, að hann var loksins settur af fyrir drykkjuskap, og heyrði jeg seinna að hann hefði farið til Rússlands og orðið Kosak, en jeg veit ekki hvað satt er í því.

Af því það var þegar orðið hljóðbært í klaustrinu, að jeg væri vel að mjer, einkum í klassiskum málum, þá höfðu þeir mikla virðingu fyrir mjer; þeir leiddu mig strax um morguninn inn í bókasafn klaustursins, sem var allmikið í tveimur stórum sölum, ekki var það samt eins mikið og landsbókasafnið, en þar var nóg af latneskum og grískum rithöfundum, kirkjufeðrum og allskonar gömlum bókum, en lítið af yngri rithöfundum, og jeg held enginn lúterskur. Jeg var einsog húngraður úlfur, því jeg hafði ekkert lesið eða fengist við bækur í meir en heilt ár, og svo var þetta mjer allt nýtt — Augustinus í tólf folio-bindum, Summa totius theologiæ eptir Thomas af Aquino, Bonaventura, Albertus Magnus, Raimundus Lullus, Ribadeneira og margt annað — þar var og Cantús-veraldarsaga á ítölsku með öllum viðaukunum (documenti), sem aldrei hafa verið lagðir út — allt þetta fór jeg að gleypa í mig með áfergju og stilti mig ekki; Cantú mátti jeg til að bögglast við á ítölsku, því engin þýðing var þar til af honum. Jeg fjekk skáp í herbergi mitt og fyllti hann með bækur; jeg fjekk nóg ritföng og sat allan daginn við að lesa og rita.

Á bak við klaustrið var inndæll aldingarður, með há-

vöxnum trjám, sem yfirskygðu hann allan með blaktandi laufum, en hið neðra var grundinni skipt í reiti, og þar uxu allskonar blóm, faðmháar sverðliljur og ýmislegt annað; vínviður vatt sjer kring um trén og upp með múrveggjunum, og hjengu þar stórir vínberja-klasar, bláir og grænir — þetta fengum við á hverjum degi með Rínarvíni eptir miðdegisverð. Hingað og þangað í garðinum voru bekkir og laufskálar, og þar sat jeg opt og var að dreyma. Þar orti jeg »Hugró«. Jeg hafði enga samgaungu við neinn nema prestana, þeir voru allir úngir og fjörugir, og ekki í rauninni með neinum helgisvip; jeg merkti eiginlega ekki mikið til katólsku, nema hvað farið var á fætur á hverjum morgni kl. 6 og í kapellu klaustursins, þar beiddust þeir fyrir og þangað varð jeg einnig að fara, og var mjer það alls ekki á móti skapi. Mataræði var mjög einfalt kvöld og morgna, hveitibrauð og smjör og kaffi eða einskonar ljett öl; en um miðjan daginn var jetið eins og veizla væri á hverjum degi, og opt prestar úr nágrenninu, því margir komu til þess að sjá þetta norðurlanda dýr, sem þeir sögðust hafa haldið að væri kafloðið; þeim þótti gaman að tala við mig, því jeg talaði vel þýzku og var heima í ýmsu, og í þeirra eigin literatur höfðu þeir ekkert við mjer; jeg kunni heil laung kvæði eptir þýzk skáld, svo þeir voru hissa. Yfir höfuð var lítið sem ekkert talað um trú, enn síður að nokkur bæri við að telja um fyrir mjer; jeg var alltaf af lesa og excerpera úr ýmsum verkum; meðal annars hafði jeg komist þar í Görres christliche Mystik og var vakinn og sofinn yfir henni; það var verk í fjórum bindum, allt fullt af óhemjulegum kraptaverkasögum um heilaga menn, um Magnetismus og allskonar undur; en þeim líkaði ekki að jeg legði mig mikið niður í þetta.

Þá sjaldan um katólsku eða trúna var talað, þá disputeraði jeg við þá svo freklega með mótmælum og þjarki, að jeg hefði ekki þorað það nú, en þeir reiddust mjer ekki. En þeir hljóta að hafa sjeð, að mjer var meira að gera um annað en guðfræði. Katólska Dogmatik las jeg aldrei, hvað mikið sem þeir voru að hrósa eða bjóða mjer Möhler og þesskonar rit, bæði Perronne og Liquori — jeg hef lesið eitthvað í þeim á stángli, en það hefur ekki orðið fast í mjer. Jeg hafði nóg af æsthetiskum ritum og skáldskap til þess að halda mjer vakandi og vekja upp aptur mína stöðnuðu æð; yfir höfuð komst allur minn skáldskapur þarna á miklu meira flug en hann hafði verið áður, því þarna hafði jeg frið og ró, jeg þurfti ekkert að hugsa fyrir lífinu, jeg var umkringdur af inndælli náttúru og góðum mönnum, engar freistingar þjáðu mig og jeg hafði nægilegar bækur og gat notið þeirra. Þar orti jeg Prometheus og fleiri kvæði sem prentuð voru í Svövu, Belzanar o. fl., og svo ýmislegt sem óprentað er og engu lakara, sumt með alveg óbundinni og hamslausri Fantasi.

Þannig leið lífið þarna, ánægjulegt og tilbreytingarlaust, nema ein helgiganga varð um haustið; þá streymdi fólk þúsundum saman frá Hollandi og víðar að til að tilbiðja Maríulíkneskið og færa því fórnir, sem einkum voru vaxkerti, sum stór eins og siglutrje á áttæringi, og sá jeg þessi bákn þá, einusinni þegar jeg kom í kirkjuna; þar var þá messað um það leyti og kveikt á svo mörgum vaxkertum, að þykkt kaf var í kirkjunni. Annars var þetta helgigaungufólk ekki sem guðrækilegast, þó að það kæmi til að játa syndir sínar og fá syndafyrirgefningu; það var allskonar lýður, strákar og stelpur, og ljetu öllum illum látum, þeir döðruðu við þær og

kjössuðu þær, og allt drakk og duflaði, svo jeg varð ekki mjög uppbygður af katólsku þessa fólks; en það var eins og prestarnir ekki sæju þetta, því þeir hafa sjálfsagt verið svo uppteknir af sinni eigin trú, og þar að auki sátu þeir í skriptastólunum allan daginn og vissu ekkert hvað gerðist; en jeg sá þetta á kvöldin þegar jeg blandaði mjer í hópana — mig þekkti enginn; jeg sagði prestunum frá þessu, og kvaðst jeg ekki vera mjög hrifinn af þessum trúarlátum, en þeir urðu hálf-sorgbitnir við og var sem þeim væri þetta alveg ókunnugt. Eitt kvöld (því þetta varaði hjer um bil í viku) vorum við úti og vorum að horfa á halastjörnuna miklu (Donatis komet) sem þá skein sem skærast — þá stekkur einn presturinn allt í einu upp — það var úngur ólátabelgur — og segir: »hvað erum við að horfa á þetta! Þá er betra að heyra syndajátningarnar í skriptastólnum«, og þaut burtu, en jeg fór inn til mín og gerði Halastjörnukvæðið.

Í Kevelaer var þá verið að byggja nýja kirkju, veglegri og fegri en hin gamla kirkja var, og var yfirsmiðurinn þar alltaf, úngur maður að nafni Hartel; hann lagði sig eingöngu eptir gotneskum stíl og vildi ekkert annað hafa. [Hann hefur áður bygt ýmsar kirkjur á Þýzkalandi, og eru þær myndaðar í Ill. Zeit. (t. a. m. í árg. 1877), og eru allar nærri eins]. Grundvallarsteinninn eða hyrningarsteinninn var lagður af Münster, og kom hann þangað til þess, og var allt á ferð og flugi. Það var bráðum hljóðbært í klaustrinu að jeg gæti ort á latínu, og forstöðumaðurinn sjálfur var hinn fínasti latínumaður; hann var mjög hrifinn af klassiskum höfundum, svo við töluðum opt saman um það; hann var og vel að sjer í ítölsku, og fjekk mig til að láta sig

lesa með mjer kvæði eptir Jacopone da Todi [var fyrst Advokat, en missti konu sína og gekk þá af harmi og söknuði í klaustur eða varð Franciskaner-múnkur, andæfði Bonefaciusi 8da og var fyrir því í diblissu um stund, dó 1306. Honum var alment eignað »~~Habet~~ mater dolorosa«, eitthvert hið frægasta kvæði kirkjunnar], en í rauninni leiddist mjer þau, því þau voru ekki annað en rammkatólsk trúarkvæði og þar að auki í svo fornlegum og afkáralegum dialect að jeg nennti varla að setja mig inn í það myrkviðri. Forstöðumaðurinn hvatti mig að yrkja latinskt kvæði um Maríu mey, sem jeg orti með sapphicum og þótti honum það ágætt; einstöku bendingar gaf hann mjer samt. Þetta kvæði var látið í hyrningarsteininn ásamt yfirlýsingu um byggingarfyrirtækið, og hafði jeg ritað á pergament, en biskup hrósaði mjer í staðinn. Kvæðið er nú týnt, eða jeg á enga afskript af því; það var 50—60 línur. Svo var haldin stór veizla, og komu þangað greifar og baronar og margir höfðingjar úr nágrenninu, sem jeg vissi ekkert hvað hjetu, en allir virtust þeir mjer miður gáfulegir. Þjónar í grænum kjólum með silfurborðum gengu um beina, og voru seinast orðnir blind-fullir. Jeg sat neðarlega við borðið hjá klerkunum og man jeg nú ekki hvað etið var; Rínarvín og frönsk vín voru drukkin, þar á meðal St. Julien og fann jeg upp á að kalla það »Julíanus apostata« »denn es fällt von der Flasche«; það þótti klerkunum fyndið. Allmikil háreysti var uppi við borðið, þar sem höfðingjarnir sátu, og vissi jeg ekkert um hvað þeir töluðu.

Eptir nýjárið fór mjer að leiðast, og langaði mig til að komast burtu. Jeg hafði fengið brjef frá Ólafi, og hjelt jeg hann væri í París, og þangað hugsaði jeg til

að komast. Jeg sá ekki fyrir endann á neinu, jeg hafði engan tilgang. Mjer fanst og að þeir vera orðnir leiðir á mjer; líklega hefur Djúnki komið mjer þarna fyrir upp á það að jeg ætlaði að verða missionær eða trúarboði á Íslandi, og það mun hann hafa talað við þá, þó aldrei hefði hann eða þeir neitt talað um það við mig. Jeg sagði þá frá að mjer ljeki hugur á að fara, og ljet forstöðumaðurinn mig strax fá peninga, eitthvað 20 Thaler — til ferðarinnar; farangur hafði jeg engan nema eina litla ferðatösku með einhverju dóti í. Svo fór jeg út í bláinn, en ílla fór jeg með peningana, því jeg held jeg hafi verið snyðaður hvar sem jeg kom; mjer voru allir prísar ókunnir og jeg kunni ekki að ferðast. Nokkuð var það, að jeg komst ekki lengra en til Charleroi, það er syðst í Belgíu — þar sá jeg að jeg átti svo lítið eptir af peningum, að ekki var til neins að halda lengra; jeg fann líka á mjer, að með þessu móti var mjer ómögulegt að hitta Ólaf, og svo sneri jeg aptur, og fór mest gangandi. Á næturnar var jeg í ljelegum gestgjafahúsum, en þegar jeg var kominn aptur inn í Þýzkaland, þá mætti mjer vopnaður lögregluþjónn, sem sagði jeg ætti að fylgja sjer. Þessir lögregluþjónar ganga um alla alfaravegi og eiga að gæta reglu og taka hvern þann, sem grunaður er um eitthvað. Jeg hugsaði ekki um neitt, vissi heldur ekkert upp á mig, en fylgdi manninum, því ekki var annað fyrir en hlýða. Hann fór með mig inn í eitthvert þorp og þar ljet hann mig fara inn í einhverja múraða hvelfingu, dimma og fúla, með nokkrum rúmum í; þar voru nokkrir menn fyrir, af lakara tagi, og fann jeg að þetta mundi vera díblissa; þar var jeg eitthvað 4 daga, og talaði við mennina; ekki man jeg neitt hvað þeir höfðu til unnið, nema einn hafði

verið settur inn af því hann hafði ekki látið börn sín í skóla. Þurt brauð var rjett inn um gat á veggnum. Síðan var jeg sóktur af öðrum lögreglumanni og skipaði hann mjer upp í járnbrautarvagn og svo var ekið til Aachen. Báðir þessir menn voru vingjarnlegir og »trakteruðu« mig á öli; hinn síðari sagði mjer að jeg væri grunaður um að vera umsjónarmaður á járnbraut, og hefði hann á einhverju veitingahúsi við járnbrautina trakterað alla á kampavíni, sem inni voru, en það var múgur og margmenni, og horfið síðan án þess að borga, og fyrir þetta væri jeg tekinn. Jeg svaraði engu upp á þetta, og svo fór hann með mig til Aachen og þar varð jeg að fara inn í annað fangelsi; þar stóð gamall karl við dyrnar, svipaður gamla Skeving, með ógurlega lyklakippu. Þetta fangelsi hefur verið mikið stórt, og gat jeg ekki áttað mig á öllum þeim rangölum og híbýlum sem þar voru. Þar var fullt af óbótamönnum, og þarna var jeg innan um þá í fjóra daga; þeir töluðu margir við mig og sögðu mjer frá því sem þeir höfðu gjört, einn sagðist hafa verið skólakennari og gert »Falsk«, annar sagðist hafa stolið, og þar fram eptir götunum — þeir þögðu ekki yfir neinu um sjálfa sig, það var eins og þeim ljetti af að segja mjer þetta. Loksins var jeg látinn koma fyrir einhverja menn — jeg veit ekki hvort það voru »dómarar« eða hvað, og höfðu þeir fengið dótið mitt, en þar í var passi eða vegabrjef, og komst það þá upp, að jeg var ekki umsjónarmaður á járnbraut, og að jeg var ekki sá sem haldið var. Svo sleptu þeir mjer, og jeg keyrði burtu þaðan á járnbrautinni, en þegar jeg var kominn til Krefeld, þá voru peningarnir búnir. Jeg fór inn í veitingahúsið við járnbrautina og settist niður við borð. Þar sat annar maður einhver, og

sá fór að tala við mig; bar þá talið svo að jeg sagði honum frá því sem mjer hafði viljað til seinast, en maðurinn varð svo hrifinn af þeim órjetti sem jeg hafði orðið fyrir, að hann fór til allra sem inni voru, en það voru margir menn, og sagði þeim frá þessu og kom þeim til að skjóta saman handa mjer þó nokkru fje, svo jeg hafði nóg til ferðarinnar sem eptir var. Enginn þekti mig, og jeg þekti engan. Það var annars merkilegt, hve vel lá á mjer í öllu þessu basli, sem allir varla mundu hafa gengið út í; jeg var alltaf glaður og kátur, jeg villtist aldrei, þó jeg færi einn gangandi í gegnum alla Belgíu, og jeg var aldrei hræddur, þó jeg væri aleinn á ferðinni í ókunnum löndum, sumstaðar langt frá öllum bæjum.

Svo kom jeg þá aptur til Kevelaer, og tók forstöðumaðurinn mjer fyrst fálega, en það fór skjótt af, og allt komst aptur í sinn fyrra gang. Jeg fór upp á herbergi mín og byrjaði aptur að lesa og rita. Jeg sökkti mjer niður í Mystik og ritaði margar arkir um það, sem jeg eyðilagði síðar. Nú fóru þeir annars að verða leiðir fyrir alvöru, og fjekk jeg snefil af að mundi eiga að taka af mjer bækurnar — þetta minnir mig að einhver þjónanna hafi sagt mjer, svo jeg fór þá til og tók úr skápnum það sem jeg þóttist helst þurfa, og sumt raunar óþarft, svo sem Theatrum humanum eptir Lycosthenes og Beyerlinck, í fjórum bindum, — allt þetta ljet jeg undir rúmið mitt, en einusinni þegar jeg kom upp utan að, þá voru allar bækur horfnar úr skápnum og ekkert eptir skilið nema biblían og Surii Vitæ Sanctorum — þetta átti jeg að hugga mig við; en undir rúminu datt þeim ekki í hug að leita.

Jeg hjelt mjer nú meira inni, og þrælaði í því sem

jeg hafði; lykilinn að bókaskápnum hafði jeg ekki lengur. Annars var ekkert talað við mig um »conversion« — en einn gamlan aðkomuklerk, æruverðan öldung, sem aldrei gat setið á sjer með »Vittigheder«, settu þeir til að snúa mjer, og hann sagði að jeg gæti fengið prestsvígslu og hlaupið yfir öll »lægri stig« og jeg þyrfti ekkert próf að taka, en jeg sló því strax upp í gaman, og þetta endaði svo, að hann bauð mjer heim til sín í næsta þorp og þar drukkum við Moselvín fram á nótt.

Með tímanum settist sú hugsun alltaf fast í mig, að þetta dygði ekki, jeg yrði að gera eitthvað; jeg var þarna hjá vandalausum mönnum, sem engar skyldur höfðu við mig, sem gátu skipað mjer burtu hvenær sem vera skyldi og rekið mig burtu hjálparlausan og út í vandræði. Jeg man nú ekki hvernig til talaðist, nema nokkuð var það, að það var af ráðið að jeg skyldi taka katólska trú, en þetta var allt með kulda og deyfð; þeir hlutu að finna að mig vantaði alla sannfæringu og allan hita, og þegar þetta loksins varð, þá var það svo ócerimonielt og privat sem hugsast gat, tveir af klerkunum voru við, líklega sem vottar, og forstöðumaðurinn sá þriðji; jeg »lagði hönd á bók« (biblíuna) og lofaði einhverju, sem jeg strax gleymdi, en sagði við guð: »þú veizt að jeg geri þetta nauðugur«. Þar með var þetta búið. Þetta skeði í klausturskapellunni alveg einslega.

Trúmenn hafa Íslendingar aldrei verið. Raunar voru hjer mörg hof í heiðni, og goðaembættið var einskonar trúarmerki, en hin heiðna trú kenmur lítið fram í sögunum. Menn vissu af henni, en þó að guðirnir væru nefndir og ort um þá og út af þeim í kvæðum og vísum, þá sannar það ekki að þetta hafi gengið í gegnum allan almenning. Svo voru menn seinast orðnir svo

daufir, að kristnin var innleidd án vígaferla og styrjaldar; menn urðu fegnir að taka á móti katólskunni, hinir helgu menn komu þá í stað goðanna, María mey í stað Freyju — allt meira eða minna ákvarðað eða óljóst. Svo rjenaði katólskan aptur, fólkið hafði þreytt sig á áheitum og allskonar klerkakreddum og ljet sjer nú lynda að taka við lúterskunni, aptur styrjaldarlaust, nema hvað Jón Arason bramlaði, raunar miklu fremur af veraldlegum yfirgangi og stórbokkaskap, en af verulegum trúarofsa. En fólkið hefur alltaf fundið hvað lúterskan var þur og daufleg, allir hafa verið kaldir og ekkert hrifnir af neinu, og prestarnir hafa ekki getað örfað það. Mest hefur borið á þessu á seinni tímum, þar sem bæði blöð og Kaupmannahafnar-stúdentar hafa farið að predika beinlínis trúleysi og guðleysi — allt í tómri vitleysu og ofan í reynslu allra alda og allra þjóða. Svo hefur átt að hrífa fólkið með nýrri sálmabók, orgelssaung og þesskonar útvortis tildri, en það hefur ekki bætt hjörtun. Í Höfn voru Íslendingar alltaf að daðra við Djúnka, þó þeir ekki nálguðust hann meir en svo — Jón Sigurðsson, Gísli Brynjólfsson, Bjarni Magnússon og fleiri höfðu einhverjar mætur á honum og af því hann fór með katólsku og minnti þannig á gamla tíma, þegar landinu leið vel, eins og var undir hinum sjö fyrstu biskupum í Skálholti. Það skyldi því ekki koma óvart þó Ísland yrði katólskt einhverntíma aptur, fengi tilkomumeira trúarform en lúteskan er, en betri og skynsamari en katólskan gamla var.

Jeg hafði fengið brjef frá Ólafi, sem þá var í Louwain (eða Löwen), og hafði hann sagt að jeg skyldi koma til sín. Í Löwen er katólskur háskóli, og þar ætlaði Ólafur að disputera fyrir doktorsnafnbót. Klausturstjórinn ljet

mig fá peninga til að komast í burtu, álíka mikið og áður, og varð jeg feginn að fara. Annað gagn hafði jeg í rauninni ekki af þessu »conversion«. Jeg fór þá strax til Löwen, og vildi mjer ekkert merkilegt til á leiðinni. Þegar jeg kom til Löwen, þá mætti jeg Ólafi á götu og hann fór strax með mig til forstöðumanns háskólans, og það var allt í einu afgert að jeg skyldi vera þar — missionin eða hin katólsa propaganda hefur borgað fyrir okkur, án þess jeg skipti mjer neitt af því — jeg hugsaði ekki um neina framtíð. Við Ólafur bjuggum í stórri byggingu, líklega gömlu sloti, sem hefur verið tekið handa stúdentum; þar bjuggu margir stúdentar frá ýmsum löndum, frá Englandi, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Perú o. s. frv. jeg held að það hafi verið allskonar samsafn af »ómögulegum subjectum« sem ekki varð tjónkað við og hefur verið komið þarna fyrir — hver okkar hafði tvö herbergi en engin húsgögn, þetta var snemma um vorið og kalt; ofna urðum við að fá sjálfir en eldivið fengum við ókeypis. Stúdentarnir bjuggu ekki saman, en hver hafði tvö herbergi og voru þau ljeleg, kölkuð og óþrifalega, verri en á Garði; flestir þessir stúdentar voru slarkarar og drykkjumenn, og gerðum við lítið annað en drífa og þamba bjór, sem var helmingi verri en baierskt öl. Við vorum þar eitthvað 50 að tölu, og mötuðumst allir í stórum sal; þar voru tvö laung borð og sat einn af kennurunum við endann á hverju borði; þessir háskólakennarar voru vígðir prestar. Við fengum optast nær nautasteik um miðjan daginn, fisk og ávexti, og eitthvað öl sem var edikskent, eða Cider; morgun og kvöld var hveitibrauð og smjör og kaffi eptir því sem hver vildi og var þá ekkert reglulegt borðhald. Lítið tamdi jeg mjer að tala frönsku, því þessir menn töluðu

einnig þýzku og latínu, svo það ruglaði mig. Sumir þessir stúdentar voru óróasamir og börðust stundum eptir borðun með stólum og hverju sem hönd festi á; þegar þeir komu fullir heim, þá brutu þeir upp dyrnar hjá sjer. Ekki þekkti jeg stúdenta fyrir utan þessa; jeg man eptir einum sem nýlega var orðinn doktor, hann var fullur og fór um allar götur og tók allt sem hann náði í, stóla og allt sem stóð fyrir utan húsin, þar sem sölukerlingarnar sátu og höfðu borð með ýmsu á; allt þetta bar þessi doktor á bakinu, en kerlingarnar voru að elta hann og taka af honum það sem hann hafði tekið, og var mjer sagt að þetta væri vani hans og annars væri hann skikkanlegur.

Um þetta leyti var stríðið milli Frakka og Austurríkismanna á Ítalíu; þá voru allir hrifnir af Napoleon 3ja og jeg líka. Þá gerði jeg Heljarslóðarorustuna, og datt mjer mest af henni í hug á meðan við vorum að neyta miðdegisverðarins; kom þá stundum að mjer hlátur svo þeir hjeldu að jeg væri ekki með öllum mjalla; en síðan ritaði jeg upp og las Ólafi jafnóðum, og hlógum við þá allmikið. — Einstöku fyrirlestra heyrði jeg, t. d. yfir metafysik, en mjer þótti lítið koma til þeirra abstractiona; því meira las jeg upp á eigin hönd í heimspeki, sögu og skáldskap, Dante, Camoens og fleiri skáld helst katólsk, því allt var þar katólskt, þótt ekki sæist mikið trúarlíf í þessum »guðsmönnum«. Bókasafn háskólans var mjög óreglulegt, og óvalið samsafn af allskonar rusli; þar í einum salnum var stór mynd af drepsóttinni í Aþenuborg. — Rectorinn hjet Ram, feitur og fallegur, og hjelt jeg hann hefði ekki vitað neitt; einusinni hlustaði jeg á doctorsdisputaziu og þar kom hann inn í hárauðri kápu með gullkeðju, það var eins og í leikhúsi

— þeir töluðu latínu alveg eins og móðurmál sitt og upp úr doctorsefninu vall latínan, svo að mjer bauð við því — allt fór fram í skolastiskum miðaldaranda.

Einusinni vorum við allir reknir í kirkju og þar prjedikaði einhver drumbur á latínu með svo þrumandi röddu, að jeg gleymi því aldrei: »qui facit peccatum, servus fit peccati« þrumaði hann hvað eptir annað, en við vorum jafnmiklir »peccatores« eptir sem áður. Einhverntíma um sumarið kom Bernard, sem var hjer á Íslandi, og gaf okkur Ólafi sinn 50 fránka seðilinn hverjum, sagði það skyldi vera fyrir tóbak.

Þegar jeg hafði verið þarna um sumarið, og engin líkindi voru til að eg gerði neitt — því hvað átti jeg að gera? Jeg hafði hvorki lyst nje þrek til að verða »katólskur doctor«, það hefði verið alveg þýðingarlaust fyrir mig og hlægilegt, enda hef jeg aldrei haft neina tilhneigingu fyrir slíku tildri, þó jeg ljeti til leiðast að reyna það í Höfn, sem síðar mun sagt verða — þá kom okkur Ólafi saman um, að jeg skyldi fara til Hafnar aptur — út í bláinn eins og vant var — og varð jeg raunar feginn að komast aptur norður eptir.

Hvað hafði jeg þá unnið með þessari ferð og dvöl? Í fyrsta lagi hafði jeg unnið það, að jeg ekki fór heim til Íslands, því þar hefði *ekkert* legið fyrir mjer nema verða skrifari eða eitthvað ekki betra. Í öðru lagi hafði jeg í rauninni lært mikið og auðgast af þekkingu, skáldgáfa mín komst á miklu hærra stig en áður, og allar þessar raunir höfðu hreinsað mig, en ekki beygt mig, því jeg gekk út úr þeim alveg með fullum kröptum, eða fremur með meiri kröptum en jeg hafði áður haft, nema hvað flaskan tældi mig alltaf með köflum. Ennfremur hafði þessi ferð haft áhrif á trú mína, en raunar á allt

annan hátt en til var stofnað, því þar sem átti að eyðileggja mína barnatrú og gefa mjer óbrigðula helgidómatrú, þá varð jeg fullur af efasemdum, með því að jeg gat ekki fundið að katólskan bætti fólkið hið minnsta, jeg fann að það var engu betra en hitt og trúarsetningar eða trúarboð, sem eru upp fundin af mönnum og það seint og smátt og smátt laungu eptir Krist, höfðu engin áhrif á mig. Jeg kom því úr þessu sem miklu meiri protestant en jeg hafði áður verið, því jeg protesteraði á móti ótal hlutum sem mjer aldrei áður hafði dottið í hug að neita.

Jeg kom til Kaupmannahafnar í augúst 1859 á gufuskipi frá Kiel, þvínær peningalaus og allslaus, en ekki niðurdreginn eða örvæntingarfullur. Jeg flutti í »Hotel Svendborg« í Nýhöfn. Íslendingar tóku mjer »svona og svona« — litu heldur til mín hornauga og skoðuðu mig sem óhreinan fyrst, en það fór smásaman af. Fyrst framan af hafði jeg ekkert að gera, sem jeg gæti haft ofan af fyrir mjer með, og beiddi jeg þá í vandræðum mínum einn góðkunningja minn, sem jeg annars alltaf hef virt og haldið af, um að lána mjer eða útvega mjer tuttugu dali, en hann fór þannig að því, að hann ljet betlibrjef ganga um mig meðal landa, og vissi jeg það ekki fyrr en nokkru síðar, og þótti mjer smámennislegt, þar sem um svo lítið var að gera. Annars leið ekki á laungu áður en jeg fengi atvinnu, því Oddgeir Stephensen útvegaði mjer skriptir og hjelt hann því áfram um langan tíma, því Oddgeir var tryggur og vildi mjer vel. Svo komst jeg brátt aptur í minn gamla kunningskap við Konráð, og það svo, að hann mátti varla af mjer sjá. Konráð var alltaf kátur og meinhægur, hafði gaman af

að fara með hálfvitlaust vísnarugl, en aldrei neitt af hærri skáldskap, t. d.

„Þundar únga drennu dý
deyfir þúnga móðinn,
hvort mun túnga Homerí
hafa súngið ljóðin;“

þetta hef jeg hvergi annarsstaðar heyrt, svo þetta:

„Vestangúlpur í dag garró“ —

svo þetta:

„Der Kraftdragon, der grösste Mann
schnürt sich den Leib gewaltig an
damit das Herz dem grossen Mann
nicht in die Hosen sinken kann“.

Aldrei hafði hann kesknisvísur sínar yfir. Konráði var það að nokkru leyti að þakka, að Rafn tók mig til að vinna fyrir fornfræðafjelagið, en í rauninni naut jeg mest föður míns, og ljet hann mig fyrst gera Clavis poëtica, sem jeg var nokkuð lengi með, og fjekk jeg 50 krónur um mánuðinn þá og alltaf síðan meðan Rafn lifði, en eins mikið eða meira vann jeg mjer inn í skriptum, svo mig vantaði ekki peninga, og það þó jeg drykki alltaf með köflum, en jeg var þá því duglegri á milli og hamaðist. Við Jón Sigurðsson kynntist jeg og brátt betur en áður — þeir vildu báðir hafa mig Jón og Konráð, en nokkur vandi var á því, þar sem þeir voru engir vinir, eins og jeg hef áður drepið á. Lítið var jeg með hinum yngri Íslendingum, og hændist jeg ekki að þeim, en töluvert drukku þeir alltaf, og höfðu gert það að vana, að fara hópum saman á hverju laugardagskvöldi út til Jóns Sigurðssonar til að jeta, og sátu þar við punsdrykkju langt fram á nótt; en í þeim samsætum var jeg aldrei. Eptir að jeg var búinn með »Clavis«, þá hafði

jeg alltaf prófarkalestur og ýmislegt annað fyrir fornfræðafjelagið, ritaði og stundum í annála sem það gaf út. Fyrir bókmenntafjelagið fjekk jeg aldrei að gera neitt, því Jón Sigurðsson hafði aðra, sem hann ljet vinna fyrir það. Hinir yngri Íslendingar kölluðu Jón aldrei annað en »forseta« (af því hann var forseti bókmenntafjelagsins, en ekki af því hann var alþingisforseti), og þetta nafn hans þekktist ekki meðal hinna eldri landa. En bæði Jóni og Konráði varð kalt í geði til mín seinna, sem jeg skal segja frá síðar.

Um haustið 1859 var veizla haldin fyrir Jón Sigurðsson, þegar hann kom frá alþingi, og var jeg beðinn að yrkja kvæði til Jóns. Í þessu kvæði var lína þannig: »Þitt signað líf er Íslands meina bót« — það var með naumindum að jeg fjekk að láta orðið »signað« standa, því þeir (einkum Gunnlaugur Blöndal) hjeldu það væri »katolskt«, svo heimskir og fávísir voru mennirnir, og var mikið að þeir vildu leyfa að nefna guð eða Krist, sem jeg hygg að vera muni jafn katólskt sem lúterskt, í fornum skáldskap kemur þetta orð og fyrir t. a. m. í sögu Hákonar góða: »að signa full Óðni«; í Ragnarssögu loðbrókar er serkur Ragnars kallaður »*heilög* hjúpa« — »hún var þeim goðum signuð«; í Hyndluljóðum: »þeir voru gumnar goðum signaðir« — hinum fornu skáldum þótti ekkert fyrir að brúka þessi kristnu orð um heiðna hluti og hneyksluðust ekkert á því, en þess ber að gæta, að allt þetta er ort af kristnum skáldum, sem voru katolsk að trú eða þá að minnsta kosti datt þeim ekki í hug að hneykslast á orðinu, þó það sje komið af lat. signare og fyrst brúkað af katolskum klerkum, og þetta er eitt dæmi þess að þessi kvæði eru ort á Íslandi af Íslendingum, og hef jeg getið um þetta í

ritgjörð minni í Gefn um Eddu, þó enginn hafi viljað skeyta henni hið minnsta. — Veizlur voru haldnar fyrir Jón í hvert skipti sem hann kom af alþingi, og jeg gerði kvæði til hans í hverri veizlu þvínær, og þóttu ætíð falleg, enda áleit Jón mig sem »sitt skáld«, og fann jeg vel hve ánægður hann var, þó hann ekki segði það með berum orðum. [Jóni þótti vænt um þessar veizlur og hylli Íslendinga í Höfn, sem von var, því einhverja hvöt eða uppörvun og vinahót þarf maður ætíð til að halda fjöri og geta verkað, en hjer á Íslandi var Jóni aldrei gert neitt til virðingar, nema einu sinni]. Þessar veizlur voru optast haldnar á »Skydebanen« og voru fjörugar og skemtilegar; í veizlunni 1859 eptir borð og saung faðmaði Halldór Melsteð mig og sagði: »mikið anzkoti ertu gott skáld, Gröndal!« Í einni af þessum veizlum urðum við allir svo fullir, að enginn mundi eptir að fylgja Jóni heim; hann hefur farið einn heim og þá meiddi hann sig á höfðinu svo hann hleypti engum inn til sín í hálfan mánuð; en annars var það ekki vant að nokkuð yrði að Jóni, þó hann drykki töluvert.

Páll Sveinsson var þá í Kaupmannahöfn, bróðir Jóns Sveinssonar, sem jeg hef getið um að framan, sonur Sveins Pálssonar læknis. Páll var bókbindari, gáfaður og einkennilegur, skrítinn í máli; hann var það sem þeir kölluðu »Frimester«, það er: hann hafði einungis sveinsbrjef, en mátti halda sveina til að kenna. Seinna fór hann að drekka of mikið brennivín, var þó aldrei eiginlega fullur, en vann alltaf með brennivínsflöskuna fyrir framan sig og staupaði sig allan daginn, og það held jeg hafi dregið hann til dauða um síðir. Páll fjekkst við að gefa út bækur fyrir Íslendinga, en ekki var þá siður að við fengjum neitt fyrir, okkur þótti nóg að geta komið

því út. Hann gaf út Þúsund og eina nótt, sem Steingrímur Thorsteinsson snjeri, og átti Steingrímur að fá part af andvirðinu sem inn kæmi, en lítið mun það hafa orðið. Páll gaf og út nýju sumargjöfina og rituðu ýmsir í hana; ritgjörðir mínar í henni hef jeg talið í listanum yfir verk mín, sem jeg hef látið prenta, en Steingrímur held jeg hafi fengið Pál til að gefa út sumargjöfina. — Svo gaf Páll út Heljarslóðarorrustuna, og var strax gleypt við henni, og jeg er viss um að þeir landar sem þá voru í Höfn hafa skilið hana rjett, nefnilega eins og skemtilega uppáfinningu gjörða á þann hátt sem riddarasögur vorar eru; en hinir seinni vitringar (sem lítið vit hafa á skáldskap) hafa kallað hana »spottsögu« og líkt henni við Gargantua eptir Rabelais, en ekkert getur verið ólíkara, eins og jeg heldur ekki þekti Rabelais fyrr en miklu seinna. — Það var líka Steingrímur sem mestan þátt átti í því að Páll gaf út »Svövu«; við tókum okkur tveir saman fyrst, og ætluðum að vera einir um þetta, en svo fannst okkur að við ættum að hafa Gísla með, til þess að styggja hann ekki, en hann var þá samt stygður út af því, að hann hafði ekki verið látinn vita fyrri af þessu (því prentun var byrjuð), og varð út úr því rifrildi nokkurt; við ljetum það eptir honum að hann ritaði formálann, en hann vildi altaf vera að stagast á Europu-politik, sem ekkert kom þessu fyrirtæki við, og urðum við að hafa það. Konráð tók mín kvæði fram yfir öll hin í Svövu (við Eirik Jónsson).

Á bókasöfnum var jeg stöðugur gestur og get jeg ekki talið allan þann sæg af bókum, sem jeg gleypti í mig, einkum viðvíkjandi samanlíkjandi goðafræði og þjóðmenningarsögu, en þessar vísindagreinar fela í sjer ákaflega margvíslega þekkingu út um allt, fornfræði, nátt-

úruvísindi og sögu. Jeg ritaði upp úr mörgum bókum það sem mjer þótti merkilegt og geymdi það til seinni tíma, en bækur gat jeg ekki keypt þá, enda hjelst mjer ekki á neinu þá. Á þessum lestri er að nokkru leyti bygð ritgjörð mín um átrúnað á Norðurlöndum (Folketro i Norden), sem fornfræðafjelagið gaf út seinna, og svo ritgjörð í Gefn, sem jeg kallaði »fornfræði«. [Einhver auli ritaði aulalega grein út af þessu í »Norðlingi« eða »Norðanfara«, dæmi upp á aðferð íslenzkra blaðamanna, sem ekki hafa vit á neinu sem þeim er boðið. Getið var til að höfundurinn væri sr. Eggert Briem á Höskuldsstöðum. Í minni ritgjörð hef jeg sýnt að »Gimli« sje sama og Jumala og Himalaja og að Bjálkaland (í Örvar-Oddssögu) sje sama sem Belsac, og hygg jeg hvorttveggja sje rjett. En af þessu veit enginn eða hefur tekið eptir því. Þessari ritgjörð snjeri jeg á dönsku, og gerði tvö handrit af henni skrautrituð, sem jeg gaf Hall og Krieger]. En hið fyrsta sem jeg ritaði um fornfræði, var hin danska ritgjörð um Hrúngni, sem prentuð er í annálum fornfræðafjelagsins og kunni jeg þá illa að stjórna mjer, en ljet allt fjúka og tróð öllu inn sem jeg gat, því lestur minn út um allt ruddist inn á mig svo jeg vissi ekki hvað jeg átti að gjöra af öllu sem jeg vissi. Svo gerði jeg kvæði á dönsku um Hrungni, sem einnig var prentað, og er það ekki verra en margt annað. Jeg var á bókasöfnunum venjulega frá kl. 11—3 og var Jón Sigurðsson þar því nær ætíð, þegar hann ekki var á þingi; við urðum ætíð samferða út og gengum þá út á Laugulínu eða eitthvað út fyrir bæinn og töluðum; jeg held að Jón hafi ekki verið eins mikið með neinum þá eins og mjer. Jón var ekki laus við að vera barnslegur í aðra röndina eins og jeg, og var þetta einhver hin mesta

skemtun. Einu sinni mættum við Þorgeiri Guðmundssyni — hann var þá einn lifandi af hinum eldri Íslendingum, svipaður í sjón sr. Þorkeli á Reynivöllum. [Þótti mjer gaman að sjá Þorgeir, því hann var einn eptir af hinni eldri kynslóð, þegar mest var stælan í fornfræðafjelaginu, með Rafn, Baldvin og Rask. Jón sagði Þorgeiri hver jeg væri, en Þorgeir sagði: »hann er líkur honum föður sínum«].

Á þessu tímabili breytti jeg opt um bústað, en alltaf bjó jeg einn og var ekki mikið með Íslendingum. Gunnlaugur Blöndal var þá í Höfn og var að lesa lög; hann var giptur Sigríði systir minni og bjuggu þau fyrst í bænum, en fluttu svo út á Amager og voru þar að minsta kosti eitt ár; jeg hafði alltaf skrifast á við Gunnlaug og fjell vel á með okkur, þó hann kæmi með þessa katolsku-hnykki, sem jeg gat um áður. Gunnlaugur var stór og höfðinglegur, fríður sínum og hendur og fætur mjög litlar; hann var ágætur saungmaður og allvel gáfaður, en lítt lesinn eins og títt er með lögfræðingum. Hann var drykkfeldur og hjartveikur, hneigður til fitu og skalf allur og titraði; og allt þetta eyðilagði hann síðar meir. Jeg flutti út á Amager til þess að vera nær Gunnlaugi og Sigríði, en það var raunar þýðingarlaust, því jeg kom þar sjaldan; þar á móti kom ýmislegt fyrir, sem kom mjer til að flytja aptur inn í bæinn, bæði hávaði og óregla á götunni, stampmylna sem dúnkaði alla nóttina rjett hjá mjer, veggjalús í herbergjunum sem jeg leigði, og svo allt fólkið þar út frá, sem var mjög ljelegt. Seinna bjó jeg í Örstedsgötu hjá Dahl, sem var hofmeistari og aldrei heima, hann átti eldgamla kerlingu, sem hann hafði fengið með 100,000 dali, en var þá búinn að eyða því og hafði ekkert; kerlingin var

fjörug þó hún væri gömul og hrukkótt og var alltaf að koma inn til mín og kjapta um kjóla og allskonar prjál, og leiddist mjer það mikið. Þar hafði jeg tvö stór og falleg herbergi fyrir 24 krónur um mánuðinn, og engan mat nje kaffi, en þess neytti jeg úti; annars bjó jeg ætíð vel og hafði rúmleg herbergi. Dahl var óreglumaður og »dreif« á öllum leikhúsum og saunghúsum og spilahúsum, jeg held hann hafi dáið á Gothenborg og verið öreigi, en hann var ágætur hljóðfæraleikari og erfði sonur hans það eptir hann; hann var drengur þar heima þegar jeg var þar og hjet Holger. Þaðan flutti jeg til Gamle Kongevej og bjó þar við hliðina á Gunnlaugi Þórðarsyni; hann var á einhverri skrifstofu og bjuggum við hjá sænskum kvennmanni, sem hjelt að Gunnlaugur ætlaði að eiga sig, og að hann væri embættismaður, enda ljet hann hana halda það. Gunnlaugur var þá farinn að drekka og spila og kom aldrei heim fyrr en einhvern tíma á nóttinni. Loksins varð hann veikur, jeg held af heilabólgu og andaðist eptir stutta legu; herbergi hans voru innar af mínum, og eina nótt laungu eptir að jeg var háttaður, þá komu fjórir drabantar með kistuna og fóru náttúrlega í[gegnum hjá mjer og ljetu líkið þar í og fóru með allt á burtu, en jeg lá kyrr á meðan og hirti ekkert um þetta og fjekk það ekkert á mig. Flestir landar fylgdu] Gunnlaugi til grafar, og jeg orti kvæði eptir hann sem jeg sýndi engum. Hann var frávillingur í lífinu og athvarfslaus.

Árið 1863 flutti jeg til Hartvigsensfólks, sem þá bjó í Forhaabningsholms-Allee sem er nú líklega breyttur eða horfinn; en eins og hann var þá, var hann romantiskur og skáldlegur. Æfagömul platantrje stóðu beggja vegna og húsin fyrir innan þau til beggja hliða með töluverð-

um millibilum og stórum görðum bak-við, með gömlum trjám og smá skógarlundum; innst lá Forhaabningsholm, hvítt hús og gamalt, inni í dimmum runna, og þar endaði trjáröðin í himinháum píltrjám, sem ekki sást í gegnum og þar heyrði jeg stundum gaukinn á vorin. Þó jeg væri ekki mjög lukkulegur yfir lífinu, þá gaf þetta mjer marga innri gleðistund, sem aðrir ekki vissu af. Hartvigsen var nokkru eldri en jeg, og hafði verið ríkur og keypt sjer grosseratitil (hann kostaði þá 1200 krónur) en fór á höfuðið í peningafári því sem gengið hafði yfir nokkrum árum áður, með því hann ljet aðra rýja sig, þángað til allt var farið. Kona hans var af Gyðinga-ætt, eins og hann og hjeldu þau trú sína; þau áttu fjórar dætur en engan son og ættfólk margt, bæði í bænum og úti á landi. Þetta fólk var mjer þegar í byrjun gott og tók mig eins og jeg væri einn af því sjálfu; það trúði mjer, þó það ekkert þekti mig, og bauð mjer jafnvel peninga, fyrir utan að hafa allt þar í húsinu og borga ekki fyrr en einhverntíma; peninga þáði jeg ekki, og þó það stundum ætti hjá mjer, þá ljet jeg samt ekki standa upp á mig borgunina til lengdar. Hjá þessu fólki var jeg á níunda ár og hafði allt í húsinu nema þvott. [Það kostaði 50 kr. um mánuðinn. Mataræði var eins og hjá kristnu fólki, en aldrei var jetið annað kjöt en það sem slátrað hafði verið og innsiglað af Gyðinga-slátrara, og ekki mátti steikja í smjöri, heldur einhverju floti; af þessu fengu steikurnar eitthvert einkennilegt bragð eða hnyss; á páskahátíðum var haft ósýrt brauð, eins og íslenzkar kökur í lögun, en harðari og á sumum hátíðum fastaði það. Karlmenn voru allan daginn og alla nóttina í Gyðingakirkjunni, en kvennfólkið lá alltaf í rúmunum heima, en þegar þetta var búið, var

það bætt upp með allskonar kræsingum. Jeg var aldrei heima meðan á þessu stóð. [Íslendingar hafa ekkert á móti Gyðingatrú, og einu gildir þá þó menn sjeu hundheiðnir og örgustu skurðgoðadýrkendur, en katólskuna þóttust þeir hata og hræðast; sýnir þetta hversu menn geta orðið alteknir af heimsku og viðrinisskap.]

Konráð bjó þar skamt frá, og endurnýjaðist kunningskapur okkar og óx nú svo mikið, að jeg kom til Konráðs á hverjum degi, en kæmi jeg ekki þá var sent eptir mjer, og einlægt skrifaði Konráð mjer til miða, annað hvort um að skrifa eitthvað, eða koma til að jeta. [Annars gerði jeg ekkert hjá Konráði þá annað en vera hjá honum, því atvinna mín var öðruvísi; hann var alltaf einn og varla nokkur maður kom til hans, en honum þótti skemtilegra að hafa einhvern í kringum sig, sem ætti við hann, honum þótti gaman að fallegri skrift, og svo gat jeg talað um ýmislegt, en hann forðaðist ávallt að tala um málfræði, eða það sem hann fjekkst við, enda lá þá sú stefna ekki fyrir mjer. En hann hjelt mikið upp á excentriskt, fantastiskt tal, það voru leifar af samverunni við Jónas og Brynjólf frá fyrri tímum, og í því var jeg einginn eptirbátur.] Kona hans var systir unnustu hans sem hann missti, ekkja eptir einhvern kaupmann, og átti hún son, George, sem var hálfbjáni, og ljet Konráð okkur suma alltaf kenna honum, og jeg ljet hann skrifa, en vit var ekki í honum. Hjer er nokkuð um þennan George. Jeg bjó í Forhaabningsholms-Allee, skamt frá Konráði, og var grindverk með hliði á fyrir framan húsið, og eikur. Í húsinu bjó prestsekkja, frú Nannestad, og átti eina dóttir, en George var kvennsamur og varð skotinn í dóttirinni. Hann tók það þá fyrir, að þegar hann kom á fætur, þá fór hann út með staf,

og gekk allan liðlangan daginn fyrir framan húsið fram og aptur, og þóttist vera hermaður, en stafurinn byssa, axlaði hann stafinn opt og gerði ýms skrípalæti, en fór aldrei inn. Einusinni fóru þær út mæðgurnar, en George var þar fyrir utan og ætlaði að sýna þeim virðingarmerki, einhendir stafinn á götuna og rífur hliðið af hjörunum og fleigir því niður, en þær skiptu sjer ekkert af honum. Frænda átti George, sem var líka bjáni og var kátlegt að sjá þegar þeir fundust. George var hár vexti og skeggjaður, en óstyrkur og nervous. Einusinni fjekk Konráð mig til að fara með honum inn í bæ, en á heimleiðinni, þegar við vorum komnir á Vesturbrú, þá sundlaði George allt í einu, svo jeg varð í standandi vandræðum. Kom þetta til af því að brúin lá yfir vatnið, en ís var á og var fólk þar niðri á skautum. George settist flötum beinum á miðja brúna, en fullt var af vögnum og hestum, og lá við að ekið yrði yfir hann. Loksins hjálpaði einhver mjer til að hala hann upp í sporvagn og þá var hann hreykinn og hristi sig allan og skók, en jeg kom heim með hann fokvondur og beiddi Konráð að láta mig aldrei gera þetta optar.

Konráð hafði komist í stórskuldir frá fyrri árum sínum, því mikil óregla var á þeim stundum þá, og voru í okurkarla höndum; var sagt að einn hefði hótað að setja Konráð fastan, en Grímur fór til okurkarlsins og hótaði að drepa hann svo hann heiktist. Eptir allt þetta varð K. loks gjaldþrota og gaf upp eigur sínar allar, en þann dag, sem von var á þeim sem áttu að skrifa upp búið, ljet Konráð konu sínu og George aka út í skóg til þess að vera ekki við og fjekk mig til að vera þar með þeim allan daginn, en konan vissi aldrei neitt af þessu, og gerði K. þetta til þess að hún yrði ekki hrædd,

því hann var svo sjerstaklega góður við hana, en hún var svo ómenntuð, að hún las aldrei nokkra bók eða nokkurt blað, og vissi aldrei um neitt, og þó var þetta »Fallit« kunngjört í Berlingi, sem K. hjelt og kona hans á hverjum degi. Konráð var óþreytandi við George — í [tvö ár ljet] jeg hann skrifa Faðir vor, en hann gat aldrei lært það; alltaf var verið að arga í Martensen biskupi um að ferma hann, en hann vildi ekki. George var drykkfeldur og ætlaði stundum að brenna allt upp — einusinni varð að brjóta upp húsið sem hann hafði lokað sig inn í með bókum og kveikt í, og lögregluþjónn sóktur. — George hjelt að Móses hefði verið í stórum selskinnsrosabullum og að Kristur hefði verið ógurlega sterkur maður; ýmislegt vildi til með hann, en Konráð gerði raunar opt gaman að honum og var furða hvernig hann bar þetta. Konráð átti aldrei mikið af bókum og ekki annað en rusl, ekki einusinni allar íslenzkar bækur og er ekki rjett hermt frá þessu í æfisögu hans í Tímariti bókmenntafjelagsins. »Fallitið« er þar heldur ekki nefnt, líkl. til að styggja ekki, eða af ókunnugleik; en einhverjir tóku þó að sjer að koma fjárhag Konráðs í lag, gott ef Madvig var ekki einn af þeim. Um vísindaleg efni talaði Konráð mjög lítið eða svo sem ekkert, og ekki var hann eiginlega iðinn eða alltaf fastur við lestur, og ekki ljet honum að skrifa, því hann var seinn að því; hann gerði það með rykkjum. Hann sagðist aldrei vilja sættast, ef honum þókti við einhvern, og á Jón Sigurðsson minntumst við aldrei.

Milli mín og Konráðs bjó professor Schiern, sagnfræðingur, og kynntumst við einnig nokkuð; hann var orðinn hálf örvilnaður af slarki og kvennafari og örvænti um annað líf, og var stundum að tala um það við mig,

sjer til huggunar, var annars lærður maður og gáfaður. Hann gaf mjer ýmislegt sem hann gaf út. Þetta ár sókti Böving um sýslu á Íslandi, en varð að læra nokkuð í íslenzku, til þess að geta tekið íslenzku próf. Nú voru margir lagastúdentar íslenzkir þá í Höfn, en enginn var búinn að taka embættispróf, þó vel hefðu getað, hefðu þeir ekki alltaf öðru hvoru legið í óreglu og fylliríi, en þeim gramdist að danskur maður skyldi geta keppt við þá þannig og fekkst enginn til að kenna Böving, líklega af samtökum, sem mjer voru ókunn. Loksins kom Böving til mín, líklega að tilvísun Rafns eða Konráðs og tókst jeg á hendur að lesa með honum, en þetta varð ákaflega óþokkað með Íslendingum, en jeg hirti ekki um það, því þeir höfðu aldrei verið mjer hlýjir hvort sem var, borið mig út og spillt fyrir mjer ávallt þá eins og síðar. Böving var fyrirtaks iðinn og framtakssamur, og komst vel upp á að bulla á ekki lengri tíma — en íslenzku-prófið hefur alltaf verið marklaust hvort sem er og ekki nema tóm form. Þeir rituðu jafnvel eitthvert ávarp til Konráðs um að hleypa dönskum manni ekki að nema í fulla hnefana, eða eitthvað þesskonar bull, sem jeg nú ekki man gjörla, og mig minnir að jeg ritaði undir þetta líka, mest vegna Gunnlaugs Blöndals, sem var æfastur, en Konráð tók það lítið til greina, þó honum fremur þætti fyrir, en ekki erfði hann það við mig. Í októbermánuði sendi jeg kröfu til háskólans um að mega taka Magisterconference, og var það einkum af því jeg vissi að Rafn vildi það, og ætlaðist hann til að jeg skyldi fá mjer doktorsnafnbót, því hann hefur haldið að jeg myndi hafa eitthvað gott af því. En jeg hugsaði allt öðruvísi; jeg kærði mig ekkert um slíkt, því jeg met lítils nafnbætur, sem keyptar eru með peningum

og smjaðri, en svo eru einmitt doctorsnafnbætur opt fengnar, og var jeg því fráleitur. Jeg hafði því það ráð, að jeg las *ekkert* undir þetta magisterpróf, en ljet mjer nægja það sem jeg vissi. Hinn 24. Október fjekk jeg spursmálið til hinnar skriflegu reynslu, um forlagatrú á Norðurlöndum — svo umfangsmikið og yfirgripsmikið sem orðið gat, þar sem maður varð að vera gagnkunnugur öllum norrænum fornritum og mörgu fleira, en það vildi nú svo til að jeg var það — jeg pældi í gegnum allar bækur og sat við í sex vikur að lesa og rita upp staðina, og hreinskrifaði síðan, svo jeg skilaði ritgjörðinni hinn 1. December. Sveinn Grundtvig, sem þá var prófessor og einn af prófdómendunum, sagði opinberlega í auditorio frá því sem furðu, hversu fljótur jeg hefði verið og hver feikn jeg hefði rekið saman á svo stuttum tíma.

Um ritið fjekk jeg ekkert að vita fyrst, en svo var þrefallt próf næsta ár hinn 18., 19. og 20. febrúar. 1° um mismun hneiginga í fornri íslenzku og hinni nýju; 2° um Ludvig Holberg, rit hans og áhrif þeirra á samtíðina; 3° um íslenzka rithöfunda í óbundinni ræðu allt fram á miðja 13du öld. Hinn 4. marz var munnlegt próf, og examineruðu þeir Lyngbye og Konráð; Lyngbye í danskri bókmenntasögu en Konráð í vísum í Skáldu. Í rauninni hafði jeg staðið mig fullvel, og sjer í lagi í hinu stóra skriflega spursmáli, sem er aðalhlutinn, hafði jeg leyst af hendi það sem enginn danskur maður hefði getað á jöfnum tíma; en samt sem áður vildu þeir ekki gefa mjer laud, heldur settu þá reglu að enginn skyldi í norrænu prófi fá meira en »admissus«, og það gátu þeir því heldur, sem jeg var sá fyrsti sem gekk undir magisterconferenz í þeirri vísindagrein. Orsök

þessa held jeg hafi verið sú, að Dönum var aldrei hlýtt til mín, þeir vissu að jeg hafði spottast að þeim og var ekki dansksinnaður, og af þessari orsök hefur það einnig komið, að ekki var getið um prófið í blöðunum eins og ætíð er vant. [Sveinn var einn af hinum eitruðustu, sem ekki sá sólina fyrir sjálfum sjer, en þeir vissu að jeg var ekki mikið danskur í lund og hafði ekki leynt því, heldur miklu fremur opt spottast að þeim]. Jeg reyndi ekki til að hafa professorana mjer hliðholla, eins og stúdentar eru vanir að gera við slík tækifæri. Annars breyttist hagur minn ekkert við þetta próf, eins og nærri má geta. Svo andaðist nú Rafn hinn 20. okt. og orti jeg kvæði eptir hann á latínu og dönsku, þetta danska kvæði hefur verið sett á ensku bæði af professor Stephens og Symington, sem ferðaðist hjer einhvern tíma. — Rafn hafði ákveðið sem ósk sína áður en hann dó, að stjórn fornfræðafjelagsins skyldi vera þannig, að Wegener skyldi vera forseti, og Jón Sigurðsson skrifari (eins og Rafn hafði verið), en jeg skyldi vera meðhjálpari með 1600 króna föstum launum. Þetta hefur Rafn þókzt geta til sett, með því hann var stofnandi fjelagsins og þess líf og sál; og Jón Sigurðsson fór með mig út til Wegeners, og þeir sögðu mjer hátíðlega frá þessu, og þókti mjer nú sem hagur minn mundi komast í það horf, sem jeg best mundi æskja. Wegener var konferenceráð og Geheimearchivar, handgenginn konúngi og mesti maður; hann var all-líkur Pjetri biskupi, ekki eins dimmur. En þetta fór allt á annan veg. Rafn hafði aldrei verið vel þokkaður af hinum yngri mönnum, þeim þótti hann halda Íslendingum of mikið fram (og var þó synd að segja að hann borgaði þeim of ríflega) og ýmislegt höfðu þeir á móti honum, sumt ranglega; en nú

þegar hann var fallinn frá, þá rifu þeir til sín völdin og gengu alveg fram hjá Jóni Sigurðssyni og Wegener; Worsac varð forseti, og jeg fjekk ekkert. Samt voru þeir góðir við mig, en ritgjörðir sámdi jeg ekki lengur í tímarit fjelagsins, nema eina ómerkilega um ormagarða. Eptir að Rafn var orðinn sjúkur, þá hafði jeg einn umsjón með prentuninni á Antikvarisk Tidskrift, og þar ljet jeg prenta ritgjörð sem jeg kallaði »Ströbemærkninger« fulla af beiskum sannleikum og svo berorða að jeg hefði aldrei annars komið henni á prent, enda bætti hún ekki um fyrir mjer.

Nokkru seinna ritaði jeg doktor-dispútaziu [því skyldi jeg annars ekki hafa getað fengið doktorstitil fyrir Clavis poetica, eins og Kålund fyrir eitt hefti af Íslandslýsingu? En punkturinn var, að jeg kærði mig ekkert um slíka titla; Rafn vildi endilega, að jeg fengi mjer þetta, og vegna þess var jeg að þessu brutli, sem ekkert hefði gagnað mjer], og tók mjer sem efni skáld Haraldar hárfagra. Jeg sendi ritgjörðina til háskólakennaranna, sem höfðu prófað mig, og sem áttu að dæma hana, en jeg fór ekki til þeirra til þess að tala fyrir henni, eins og sumir hafa gjört, og veit jeg það af því að jeg hef sjálfur verið viðstaddur þegar þeir hafa komið til professora í þeim erindum. Konráð hafði sagt að ritgjörðin væri góð og hann hafði best vit á henni, hvað Lyngbye hefur sagt, veit jeg ekki, en Sveinn Grundtvig, sem var atorkumaður og mikils ráðandi, hafnaði henni, og bar það fyrir, að jeg hefði ekki nægilega rannsakað skinnbækurnar, og var það hálf neyðarleg viðbára. Hitt mun hafa verið, að jeg var ekki inn undir hjá Dönum, eins og jeg hef áður drepið á; en til þess að geta komist áfram, verður maður að vera eins og

einn af þeim og það gat jeg aldrei nje reyndi. Jeg fjekk ritgjörðina aptur, og tók ekki mjög nærri mjer hvernig fór, því jeg stóð jafnrjettur eptir, jafnlærður eða ólærður; jeg sendi ritgjörðina að gjöf prófessor Möbiusi í Kiel, sem var kunningi minn, en hann ljeði hana mörgum árum seinna einum þýzkum manni, sem tók sama efni til disputaziu og hafði úr henni það sem hann vildi; nefndi mig þó alstaðar og sendi mjer sína ritgjörð, og þykktist jeg ekki af því hið minnsta.

Árið eptir að Rafn dó, fengu dætur hans mig til að lesa latínu með Hjálmari, syni Rafns, sem ætlaði að verða málfræðingur, og gjörði jeg það einn vetur. Eptir bón þeirra gaf jeg og út brjef Rafns til ýmsra manna, en þær rjeðu þó mestu, því jeg kærði mig ekki um að halda neinu til streitu í því efni, þó mjer fyndist sumt ómerkilegt dregið fram, en ýmsu merkilegu slept; jeg ritaði og æfisögu Rafns, sem prentuð er framan við brjefin, og tókst hún allþolanlega, þótt jeg mætti ekki vera einn um hituna; fyrir þetta fjekk jeg 400 krónur.

Þetta ár (1865) kom Guðlaug systir mín til Kaupmannahafnar; hún hafði veikst af magasári, sem ekki varð læknað. Hún hafði verið hjá Hannesi Johnsen kaupmanni og ritaði hann Jóni Sigurðssyni — ekki mjer — um hvort jeg mundi ekki geta hjálpað henni til að vera þar til lækninga, en Jón talaði aptur við mig um þetta, og var það fjarri mjer að neita því. Guðlaug var hin fallegasta stúlka, stór og vel vaxin, mjög lík móður okkar, gáfuð og skáldmælt, töluvert lesin og vel að sjer í flestum hlutum, og furðaði fólk sig á því þegar hún kom til mín, hversu fallegur kvennmaður gæti komið frá Íslandi. Einhverja peninga hafði Guðlaug, en ekki nærri nóg til að vera lengi. Hartvigsenshjónin tóku henni fús-

lega og þar var hún að öllu leyti nema þegar hún lá á spítalanum; hún var frísk á milli, en þetta tók sig alltaf upp aptur og varð ekki læknað.

Jón Sigurðsson hlaut að sjá, að þó jeg hefði nóg fyrir mig einan, þá hafði jeg ekki svo mikið að jeg gæti haldið manneskju, sem eins mikið eða meira þurfti að borga fyrir. Þá vildi svo til að Jón hafði fengið eða tekið að sjer að semja registur við Langebek Scriptores rerum Danicarum, til hálfs við O. Nielsen nokkurn (sem jeg aldrei sá nje þekkti, en hann var einhver historicus); en nú var Jón alltaf önnum kafinn í ýmsu öðru, svo hann komst ekki yfir þetta mikla verk, þó hafði hann tekið það að sjer, og svo bauð hann mjer að taka það; en það var svo ríflega borgað að jeg hafði kappnóg fyrir okkur bæði. Þetta gekk allt undir nafni Jóns og vissi enginn annað en að hann gerði það, og þeir hrósuðu honum fyrir hve vel hann skrifaði (sem raunar mátti, en mín var höndin þar); þetta sagði Jón mjer og hlógum við að því.

Þannig leið árið, en á gamlárskvöld frá 7 til 9 um kvöldið og morguninn eptir frá 10—5 gjörði jeg Gandreiðina og hjelt þannig mína innreið í hið nýja ár 1866, en það færði mjer fyrst þann harm, að Guðlaug sálaðist á Friðriks-spítala hinn 4. jan. og var jarðsett hinn 10da. Blædel prestur jarðaði hana, en til grafar fylgdu henni þessir: Hallgrímur Sveinsson, Sigurður Jónasson, Skapti Jósepsson, Þorvaldur Bjarnason, Eiríkur Jónsson, Gísli Brynjúlfsson, Sveinn Guðmundsson, Árni apotekari, Skúli Thorlacius, Júlíus Havsteen, Ferdinand Johnsen, Sivert Hansen, Pjetur Eggerz, Bjarni Sandholt, Ásbjörn Jakobsen, Kristján Jakobsen, Þórður Tómasson, Riedenwaldt, Jón Árnason, Jón Sigurðsson, Capt. Mad-

sen, P. Holm, W. Hartvigsen; jeg sat í vagninum hjá prestinum, og þótti mjer hann ekki mjög hátíðlega stemdur, því hann var alltaf að kjapta út um alla heima, mjer til óánægju. Á kistuna voru lagðir fjórir blómkransar frá frú Rafn, frá Ásbirni Jakobsen, frá Vilhelminu Gunnlögsen og frá mjer. Sama dag og Guðlaug var grafin, var sumarfiðrildi grænleitt að flögra inni í stofunni hjá mjer — veður var þýtt og gott. Þannig var lokið æfi Guðlaugar, einhverrar hinnar bestu, fegurstu og gáfuðustu stúlku, sem frá Íslandi hefur farið; hún var heitin eptir Guðlaugu Aradóttir, konu Bjarnar Gunnlaugsen. Jeg orti kvæði eptir hana sem þó ekki var súngið.

Þessi Madsen, sem jeg taldi fyr, var hermannaforingi og riddari, úngur maður og þægilegur, og átti góða og geðuga konu. Jeg hafði kynst honum þannig, að hann hafði ritað um örnefni í Danmörku, en kunni ekki norrænu svo að nægði til að skilja nöfnin; sneri hann sér því til mín um að yfirlíta þetta, og gjörði jeg það. Ekkert fjekk jeg fyrir það, enda setti jeg ekkert upp, en hann bauð mjer opt heim til sín og var jeg þar opt í boði. Þegar Madsen kom til mín, þá sá hann stundum hjá mjer ýmsar teikningar, og uppástóð að jeg gæti teiknað landlagsmyndir, og þetta var undirrót þess að jeg fór að læra að mála með olíulitum, enda hvatti fólkið mig til þess, sem jeg bjó hjá. Jeg tók mjer kennara, sem var Elev af Kunstakademíinu, en ekki hafði jeg hann nema svo sem tvo mánuði, því mjer fanst jeg ekki læra svo mikið og jeg ljet mjer nægja að fá kenslu í því allra nauðsynlegasta.

Gandreiðina gaf Páll Sveinsson út — jeg fór með hana til hans og bauð honum hana, en hann hafði hana nokkra daga til yfirlesturs og tók hana svo — um borg-

un var ekki að tala. Þar kom Möbius, og lá handritið á borðinu hjá Páli; Möbius fór að lesa og hætti ekki fyrr en búið var, ætlaði að drepast í hlátri. Nú skilst Gandreiðin ekki nema að nokkru leyti, því þesskonar samsetningur á einungis við sinn tíma, en ekki annan. Gandreiðin var lesin meðal allra Íslendinga, og jafnvel á veitingahúsum, og sumstaðar útskýrði Magnús Eiríksson hana fyrir Dönum, og held jeg ekki hafi batnað fyrir mjer, þegar þeir vissu að þeir voru þannig hafðir að háði og spotti; einusinni mætti jeg Oddgeiri á götu og gekk með honum nokkuð og hálfskammaði hann mig fyrir vanþakklæti við stjórnina — nokkuð hafði Oddgeir fyrir sjer, því fyrir nokkru (um 1860) hafði jeg fengið styrk fyrir hans tilstilli, sem jeg nú skal skýra frá.

Mig minnir að svo talaðist til milli mín og Jóns Sigurðssonar, að jeg skildi sækja um styrk til að snúa á íslenzku Berlins Læsebog í Naturlæren; jeg fjekk styrkinn (600 krónur að mig minnir) með því móti að jeg fengi vissu hjá bókmenntafjelaginu, að það gæfi út bókina, þegar jeg væri búinn. Jeg fjekk Attest upp á þetta hjá Jóni Sigurðssyni, áður en jeg fór að rita, og man jeg vel að í því stóð, að ekkert mundi verða til hindrunar fyrir að fjelagið gæfi út handritið. Jeg fór svo með handritið upp í Ministeriið, því einmitt þetta var skilyrði fyrir styrknum, og fjekk jeg hann þannig veittan, og nokkuð af fjenu fyrir fram. Jeg sat við þetta verk í eitt ár; en þegar jeg hafði lokið því, þá fór jeg til Jóns Sigurðssonar og beiddi hann nú að láta fjelagið gefa út bókina, minnti hann á attestið. Þá mundi hann ekki — eða þóttist ekki muna — að hann hefði gefið neitt attest, og sagði jeg skyldi sýna sjer það. Jeg fór upp í Ministeriið og ætlaði að fá attestið, en þá fanst það

hvergi. Þá var ekki nærri því komandi, að fjelagið tæki af mjer handritið, þó það ætti að fá það fyrir ekkert, og var það þá sem endranær, að fjelagið gat aldrei notað mig til neins; jeg fór fram á þetta stundum seinna við Jón, en þá gerði hann sig líklegan til þess, ef jeg útvegaði styrk hjá stjórninni til að fá myndir til bókarinnar, en það vildi jeg ekki, því jeg þóttist hafa átt fullt í fangi með að fá hinn styrkinn og mjer fanst fjelagið eins geta sókt um þetta og jeg. Þannig fór allt þetta að forgörðum, jeg eyðilagði handritið, af því jeg hafði enga von um að það mundi nokkurntíma verða gefið út. Mörgum árum seinna snjeri jeg seinustu köflunum í bókinni fyrir Tryggva Gunnarsson og ætlaði hann að gefa það út, líklega á kostnað Þjóðvinafjelagsins, en þetta hefur aldrei orðið.

Seinna útvegaði Oddgeir mjer styrk til að semja lýsingu Íslands, sem jeg átti að taka saman úr ýmsum bókum, og hafði jeg þann styrk nokkur ár og skilaði handriti alltaf jafnóðum. Líklega hefur ekki verið mikið varið í þetta rit, enda var tilgangur Oddgeirs ekki annar en sá, að hjálpa mjer til að lifa, og þó að ekki væri neitt varið í þetta, þá gerði jeg ýmislegt annað, sem mjer hefði annars verið ómögulegt, þar sem engin ritlaun voru gefin fyrir neitt. En eptir að Gandreiðin var komin út, þá var farið að róta upp í þessu, nýr contorchef (Reinhardt) var kominn og hann sendi handritið til kennaranna við skólann hjer, Hannesar Árnasonar og Halldórs Guðmundssonar, og var brjefið til þeirra þannig stílað, að þeir hlutu að skilja hvað stjórnin vildi, enda hljóðaði svar þeirra eptir því, svo styrkurinn var tekinn af mjer. Oddgeir rjeði engu í þessu.

Í árbók fornfræðafjelagsins 1866 hafði Konráð látið

prenta ritgjörð, þar sem fundið var að ýmsum skýringum föður míns á fornum kveðskap. Jeg þóttist þurfa að taka þetta nærri mjer og láta mjer þykja fyrir, þó jeg í rauninni hefði alveg rangt fyrir mjer, eins og jeg sá eptir á; því Konráð hafði alltaf talað um föður minn með mestu virðingu, þó hann kritiseraði sumt hjá honum, enda var þá ekki kominn sá andi sem nú ríkir meðal sumra stúdenta, að kasta saur á kennara sína og leggja þá í einelti með ósvífni. Hvað sem um þetta er, þá þóttist jeg þurfa að rita á móti Konráði og þá gaf jeg út »Svar til K. Gíslason for Svb. Egilsen«; en jeg fór fyrst með handritið til Jóns Sigurðssonar og ætlaðist til að hann rjeði mjer frá að gefa það út, ef honum sýndist svo; en hann sagði svo sem ekki neitt. Jeg gaf það síðan út, og þar með var vináttunni við Konráð lokið, með því líka að Konráð reiddist, hversu lítið sem andmælt var á móti því sem hann sagði og gerði fullan fjandskap úr, [raunar minnkaði þetta með tímanum; jeg kom ekki optar til Konráðs, en hann sendi mjer samt alltaf seinna það sem hann ritaði, og ljet vinarkveðju fylgja] og þannig fór nú fyrir mjer, þó jeg í rauninni hefði ekki sagt neitt Konráði til hneysu. En það hefði samt betur verið óritað. Nokkru seinna kom ritgerð frá Konráði í »Föðurlandið« með rokna skömmum, að jeg væri Idiot og þar fram eptir götunum. Jeg tók þetta mjög nærri mjer, þar sem Danir aldrei þekktu mig, ekki til hálfs, því jeg var dulur og um skáldskap vita þeir aldrei neitt, sem ekki er von, því það er vandratað inn í innstu djúp og hjörtu manna og þjóða; Íslendingar sýndu þá sem optar hverjir þeir voru: þeir hlökkuðu og glöddust yfir óförum mínum, og jeg stóð aleinn uppi eins og vant var. [Danir þektu mig aldrei nema ofan á, gátu því

ekkert um mig dæmt, en hlutu að trúa því, sem kunnugir menn sögðu þeim.] Jeg beið þó þangað til sviminn var runninn af mjer og ritaði vörn fyrir mig, sem jeg ætlaði að fá Ploug til að taka í »Föðurlandið«. Ploug var vel kunnugur Gandreiðinni, og vissi hann að jeg hafði sett hann þar í; ekki hafði jeg haft neina persónulega viðkynningu við hann og aldrei talað við hann, en hann hafði opt sjeð mig með Jóni Sigurðssyni, sem hann var gagnkunnugur, og vissi hann vel hver jeg var. Jeg fór nú með ritgjörðina til Plougs, og ljet fylgja þar með attest frá Bjarna rektor og Konráði, sem sönnuðu annað en að jeg væri Idiot. Þegar jeg kom inn í kontórið hjá Plougi, þá sá jeg engan fyrst, en eptir nokkra stund skýzt Ploug fram undan afarstórum ofni, sem stóð langt frá veggnum og rýkur framan að mjer og segir með grimdarlegri röddu: »Hvað viljið þjer? Því eruð þjer hjer kominn?« Ploug var stór maður og harðlegur á svip og var nú ákaflega reiðilegur. Jeg svaraði rólega að jeg beiddi hann að taka svar frá mjer á móti ritgerð Konráðs, sem jeg þóttist vera meiddur af. »Jeg þekki yður ekki«, sagði Ploug »jeg þekki professor Gíslason og honum trúi jeg«. »Viljið þjer nú samt ekki lesa svar mitt?« sagði jeg og lagði það á borðið. »Þjer getið komið aptur eptir viku« sagði Ploug. Síðan fór jeg út og fanst mjer sú vika mjög laung, og engan gat jeg látið sjá mig. Þegar vikan var liðin, fór jeg aptur til Plougs, og þá var hann ljúfur og meyr eins og lúnga; ritgjörð mína eða svar kvaðst hann ekki vilja taka, því það væri svo »excentriskt«, en hann sagði að jeg hefði orðið fyrir órjetti, og hann mundi láta prenta attestin frá Bjarna og Konráði, og það gerði hann. Þá sló Íslendingum niður og þeir urðu hundslegir við, því þá var jeg orðinn ofan

á. Þetta viðmót Íslendinga við mig kom ekki til af því að þeir ættu neins að hefna, heldur einungis af þeirri öfund og íllgirni, sem er fyrir laungu eða hefur alltaf verið svo fast í þjóðinni, að hver vill hafa skóinn niður af öðrum, eins og alltaf hefur verið og alltaf er.

Gandreiðin olli mjer einnig nokkurra óþæginda. Þar hafði jeg sett Gísla Brynjúlfsson, og kallað hann Gunnar helming, en Eiríkur Jónsson kallaði jeg Ögmund dytt — fyrra nafnið hef jeg sjálfsagt valið með tilliti til þess að Gísli var alltaf að politisera og var svo sem beggja blands, en ekki alveg Íslendinga-megin; en síðara nafnið af því Eiríkur var bæklaður og eineygður — náttúrlega var þetta drengjaskapur einn af mjer, en í rauninni hafði jeg ekki sagt neitt meiðandi. Eptir að Gandreiðin kom út, þá kom ritgjörð í Föðurlandið eptir Gísla, og þar stóð í (út af henni náttúrlega, þó hún væri ekki nefnd) að jeg væri alkunnur fyrir mínar »forvirrede Ideer«, og annað slúður sem jeg ekki man; [í »Dansk-biografisk Lexikon« er sagt í mjer óvinveittum og ómerkilegum artikula, að Gandreiðin sje »utilladelig personlig« — spurði Aristophanes um, hvað væri »utilladeligt«? Eða má ekki nefna Gandreiðina við hliðina á Aristophanes? Það geri jeg reyndar. Hún vakti svo mikla hreyfingu í Höfn, að hún var lesin upp á opinberum stöðum og Magnús Eiríksson lagði hana víða út, Möbius las hana upp hjá Páli Sveinssyni og gat ekki hætt fyrr en hann hafði lesið hana alla, ætlaði að springa af hlátri eins og áður er sagt. En sumir Danir urðu raunar fokvondir.] þá ritaði jeg »et Spark til Islænderne i Fædrelandet«, og gaf það út sjerstakt, og dró þá hlífðarlaust sundur í háði og spotti. Jeg frjetti að þeir ætluðu að stefna mjer, og varð hræddur, því jeg var óvanur málaferlum, og þá fór jeg einn morg-

un til Magnúsar Stephensens (nú landshöfðingja), sem þá var assistent í íslenzku stjórninni. Magnús var ekki kominn á fætur, en jeg taldi honum raunir mínar og spurði hann til ráða í þessum vandræðum. Magnús reis upp við koddann og byrjaði þann dómadagshlátur sem aldrei ætlaði að hætta — þetta var allt sem jeg fjekk. Magnúsi hefur nfl. þótt allt þetta brölt svo kátlegt, og hann hefur vitað að mjer varð ekkert gert fyrir þetta eins og líka raun gaf vitni um, því ekkert varð úr neinu, en annars var Magnús mjer ætíð góður og velviljaður. Jeg hafði þá, eins og ætíð síðar mesta álit á honum; hann var ekki einungis skarpur og gáfaður, heldur einnig lang-fjölfróðastur allra þeirra lagamanna, sem jeg hef þekt, og hann áttaði sig strax á öllu sem fyrir kom og ruglaðist aldrei, hann vissi alltaf hvað hann átti að gera. Þeir bjuggu alltaf saman, Bergur Thorberg og hann; Bergur var snyrtimaður mikill, ekki sjerlega gáfaður, en lipur og gætinn; þeir voru alltaf vinir.

Þó að mjer sinnaðist þannig við Eirík og Gísla, þá hataði jeg þá ekki samt; þetta var tíðarandinn, að firrtast við alla, sem ekki fylgdu Jóni Sigurðssyni í blindni. Gísli hafði aðrar skoðanir og hataði Jón; orsök þess veit jeg ekki, því hann vildi ekki segja mjer það; jeg held honum hafi sárnað að Jón hefur verið tekinn fram yfir hann í einhverju (kannskje sem »sekretair« í Arnamagnússonarnefndinni) — en Gísli var mislyndur og »misanthropiskur«, varð og enn beiskari við það, að Íslendingar snerust illa við honum og það allt til hins síðasta, og mun það með fram hafa gert hann veikan. Við Gísli vorum æskuvinir og hann var mjer miklu betri en aðrir, þegar jeg kom úr Djúnka-fárinu, en vegirnir skildust nú svona, eins og gengur. [Gísli var verulegur föður-

landsvinur, fullt eins mikið og Jón Sigurðsson, og sjest það bezt á því sem hann ritaði í »Norðurfara«, en þær skoðanir ríktu ávallt hjá honum í rauninni.] Nú er Gísli dauður, og þeir þurfa nú ekki að amast við honum, en tilkomumeiri þykir mjer kvæðabók Gísla, heldur en sum önnur vísnakver. Kvæði Gísla eru víða stirð og ómerkileg, en víða ágæt og innihaldsmikil, og það er auðsjeð að það er maður sem eitthvað hefur vitað. Honum hættir við (eins og Eggert) að brúka úrelt orð, sem fáir skilja nú. Hann var svo gagntekinn af fornöldinni, að hann sjer hana allstaðar og heimfærir því nær allt til hennar.

Einhverntíma um þetta leyti ritaði jeg enn pjesa á móti Norðmanni, sem hafði brugðið Íslendingum um að þeir væru á eptir tímanum, og eins og draugar á haugum sínum; þetta kallaði jeg brjef til »den norske Draug«. Þó að Norðmaðurinn segði að nokkru leyti satt, þá iðrast jeg ekki eptir þessu svari.

Árið eptir, eða 1867, lauk jeg við það sem jeg átti að semja af registrinu við Scriptores rerum Danicarum. Það var í Martsmánuði, hreinskrifuðu stafirnir voru A. B. D. E. X. Z. Æ. Ö. Nokkru seinna ritaði jeg fyrir bókmentafjelagið diplom handa Moltke greifa, sem gerður var að heiðurslim; jeg man nú ekki hvernig það kom til, að Moltke var ekki sent hið prentaða diplom fjelagsins, og hvernig jeg var beðinn um að skrautrita diplom handa honum; nokkuð var það, að Magnús Stephensen var eitthvað í þessu með, og með ráði forseta var það gert, en jeg fjekk ekkert fyrir það. Jeg sýndi Oddgeiri það og hann virti það strax á 200 krónur, það var ritað á pergament með gulli og allskonar litum, og lagði jeg allt til sjálfur.

Ólafur Gunnlaugson kom til Hafnar 2var eða 3var og vissi jeg eiginlega ekki hvar hann hafðist við. Stefán

gamli faðir hans bjó einn sjer einhverstaðar og var ærið undarlegur, en flutti í hvert skipti til Ólafs, í hvert sinn sem hann kom — við hann varð maður alltaf að segja »Dr. Gunnlaugsen« og hann talaði um hann með einhverri ókunnuglegri Reverentiu — jeg fann Ólaf þá lítillega og var ekkert saman við hann. Ólafur andaðist í París 22. júlí 1894. Hann var sá einasti europæiski stórpolitikus sem fæðst hefur á Íslandi, var aðal redakteur af Le Nord, einhverju hinu álitlegasta blaði í Europu og hinar politisku ritgjörðir Ólafs, sem voru telegraferaðar út um alla álfuna, voru hið ráðandi afl í blaðinu. Enginn gat eins og hann sjeð í gegnum þá europæisku politik, og til þess var hann fæddur. Hann var enginn iðjumaður, hafði lesið margt á stangli og vissi mikið einkum poesi og sögu, hafði »stálminni« (eins og hann komst sjálfur að orði), hann kunni og að grípa það sláandi og fagra úr öllu sem hann las eða heyrði. Aldrei gleymdi hann íslenzku, þó hann væri 30—40 ár alltaf innan um Frakka og aðrar þjóðir, og hann ritaði brjefin á íslenzku, betur en flestir nú; í lund var hann rammíslenzkur, en forðaðist Íslendinga af því þeir voru dáðlausir og óheilir, hann vissi að ekkert var að reiða sig á þá, og vildi ekkert undir þeim eiga. Þeir hefðu líka ekki verið lengi að ríða Ólaf niður, hefðu þeir náð tökum á honum. [Samt sem áður trúði hann því að Ísland ætti einhverja betri framtíð fyrir höndum. Í einu brjefi stendur þetta (30. okt. 1889): »Engin þjóð hefur að tiltölu jafn marga embættismenn, og alltaf eru þeir að stofna ný embætti og það þó að þjóðin hafi nú í mörg ár lifað á hallærislánum og gjafakorni, að minsta kosti hef jeg í langan tíma ekki sjeð önnur orð koma optar fyrir í ísl. blöðum. Í vísindalegu tilliti sýnist það merkilegt að »tyrfa« um rjettritun — eptir framburði vill

Finnur J. Dr. hafa það. Þá fyrst mundu útlendingar segja og með rjettu, að Íslendingar hafi glatað málinu, þegar þeir lesa á prenti »gvöd« (guð), ekki einusinni »jall« heldur »jadl«, »vödlur«, »þistur«, »fistur« og þar fram eptir götunum. Þeim væri nær að laga framburðinn eptir því sem hin gamla rjettritun sýnir þeim að verið hafi, það er enginn efi á því, að menn hafa heyrt r í »jarl« eins og »earl« á ensku. En nú hafa kotungar og stórdónar í margar aldir farið með málið og framburðurinn er orðinn þeim líkur sem tala. Ef sú rjettritun, sem Dr. F. J. vill hafa, (hann hvarf aptur frá henni seinna. B. G.) verður »national«, þá mun jeg segja um íslenzkuna, að hún sje orðin »Dyremaal«, eins og jeg sagði við Björnstjerne Björnson og Jonas Lie fyrir nokkrum árum hjer, þegar við sátum yfir borðum í Cafè Corazza og »Talen kom paa Landsmaal i Norge«. Jonas Lie varð svo hissa, þegar hann heyrði þessa »karakteristik« af »Landsmaalet«, að hann hrökk við og hrópaði til B. B.: »Nei, hörer du hvad han siger!« Þetta sýnir að Ólafur var ekki alveg frá snúinn því að hugsa hingað heim, og ekki víst hvernig honum hefði þá verið tekið, þó hann þyki nú góður í blöðunum hjer, þegar hann er dauður. — Í brjefi frá París (15. okt. 1890) segir hann: »Nú er friður í Europu og víst er um það, að konúngarnir og stjórnirnar vilja ekki stríð (það veit jeg betur en flestir vegna minna connexiona), þeir vilja það, að »celui cui déchaine la guerre déchaine la révolution universelle«, og þá veit enginn hver endirinn verður. En yfir þeim og öllum er þetta »fatum«, sem verður hverjum manni bersýnilegt, þegar hann tekur að eldast«. — Um það leyti sem Ólafur ritaði mjer þetta síðara brjef, var hann hrifinn af Spiritistum, og tók víst allmikinn þátt

í slíkum experimentum; hann sendi mjer töluvert af frakkneskum ritum um það; hann segir: »Það eina sem er »uhyggeligt« við þesskonar studia er að þau draga menn hreint út úr því, sem fólk kallar »Virkelighed«, en sem í rauninni er ekki nema »Illusion«, »Maya«, eins og Indverjar segja. Í stað þess að hugsa eins og dónarnir að »materian« sje *allt*, kemst maður að þeirri niðurstöðu, að materian er *ekkert*. En þessi spiritistiska reaction, sem jeg nefndi, er eitt hið merkilegasta teikn tímanna. Þessi »materiella« »industriella« Europa, eða að minsta kosti »l'elite intellectuelle« segir við sjálfa sig:

„Und mich ergreift ein längst entwöhntes Sehnen
Nach jenem stillen, ernsten Geisterreich",

eins og segir í kvæðinu fyrir (framan) Goethes Faust«. Meira rita jeg ekki um Ólaf. Framan af þessari dvöl minni í Kaupmannahöfn, kom jeg opt saman við Thorsteinsens-syni Theodor og Stefán (Jónas var þá orðinn sýslum. í Múlasýslu). Þeir voru báðir nokkuð líkir föður sínum samt brá Theodor meira til móðurættarinnar, hann var minni vexti, og allur mildari; Stefán var stór og vel vaxinn og sjálfsagt sterkastur allra Íslendinga þeirra er þá voru í Höfn. Báðir komust þeir á ringulreið því þeir voru aðhaldslausir, en höfðu enga lyst til þekkingar eða að stunda nein vísindi, og voru því ólíkir föður sínum, báðir voru þó fullvel gáfaðir, nokkuð mikilfengir, einkum Stefán. Theodor var ágætur skrifari, og held jeg að hann stundum hafi haft nokkuð ofan af fyrir sjer með því, helst fyrir tilstilli Oddgeirs; hann fór tvisvar heim og dó hjá móður sinni úr taugaveiki. Þeir tóku samt báðir annað examen og voru cand. phil. Báðir voru þeir ærlegir piltar, og ekki kendir við neina pretti-

Stefán var lengur í Höfn, og var alltaf á flótta, þó drukku þeir minna en margir aðrir. Stefán varð snemma alsköllóttur eins og faðir hans, hann var nokkuð harðlegur og villtur á svip, magur og beinastór; hann var optast einn, nema hvað hann var stundum með mjer, þegar jeg sló mjer lausum, og þá var jeg ætíð sá veitandi, því Stefán hafði aldrei neitt; hann gat ekkert unnið sjer inn, því hann skrifaði ílla, en það er sú einasta atvinna sem gæti legið fyrir slíkum mönnum, þekkingu hafði hann enga, og annarskonar vinna var óhugsandi. Henrik Herz hafði gert leikrit þar sem einn Íslendingur er í, og kallaður »Skálholt« (það sýnir meðal annars, hversu vel höfundurinn hefur þekkt Ísland); Íslendingar firrtust af þessu, og þótti gert háð að sjer, jafnvel þó mig minni, að þetta væri ekki svo mikið þykkjuefni; Mantzius átti að leika Íslendinginn, en svo kom upp sá kvittur, að Stefán ætlaði að taka Mantzius og dusta hann til; Mantzius hafði heyrt þetta, og það er víst að leikurinn fjell niður um stund; hvort sem þetta hefur nú verið satt eða ekki; en aldrei talaði Stefán við mig um þetta. Mantzius var þrekinn og nokkuð sterklegur, en ekkert hefði hann haft við Stefáni. Þannig lifði Stefán nokkur ár, jeg veit sannarlega ekki hvernig, það var sífeld barátta til einkis; loksins komst hann svo langt, að hann gat orðið lögreglumaður, en það strandaði á því, að Stefán vildi ekki vera á götunni, enda hefði honum verið það lítt hent, því hann var nautsterkur og laus höndin, en lögreglumönnum var þá þegar bannað að berja fólk, eins og áður hafði tíðkast, og var lagt ríkt á við þá að sýna þolinmæði og gott viðmót. Stefán vildi endilega komast í njósnarlögregluna (opdagelsespolitiet), og hann hefði sjálfsagt getað verið þar og gert gagn,

því hann var alltaf — ekki beinlínis saman hið lökustu dóna, heldur á hinum verstu kneipum og innan um óvandaðan skríl, svo hann var því kunnugri en margir aðrir. En þarna komst hann ekki að, því til þess þarf víst undirbúning og ýmislegt, sem Stefán vantaði. Seinast bauð Kristján Kristjánsson mágur hans, þá orðinn amtmaður fyrir norðan, honum að koma til sín, og það þáði Stefán, því þá var fokið í flest skjól. Hann fjekk far með einhverju Brydes-skipi, sem átti að fara til Norðurlands; en skipið strandaði við Vatnsnes (í Húnavatnssýslu) í stormi 12. okt. 1869, og þar fórst Stefán þannig, að skipið komst svo nærri einhverjum klettum, að trje var lagt frá skipinu yfir í klettinn og þar áttu mennirnir að ganga af skipinu; trjeð hefur líklega verið sívalt, vott og hált, en brim og ólga í sjóinn og íllt að standa; þar fjell Stefán niður, milli skipsins og klettanna; skipstjórinn fór sömu leið, en hinir komust af. Þegar jeg frjetti þetta, sem var á Austurgötu, þá varð mjer á munni þetta úr Andrarímum:

„Um lönd og sjóinn lofaður
láða móins var baldur
seinast þó við sókn frekur
svona fór hann Hárekur".]

Jeg fjekk opt brjef frá Ólafi, full af politik; kona hans missti vitið, svo að hann varð að láta hana á spítala nálægt París, hún dó á undan honum.

Þó að jeg væri ekki sem reglusamastur með drykkinn, þá fór hann samt aldrei svo með mig að mjer yrði misdægurt, eða jeg missti líkams- og sálarkrapta; eptir túrana reif jeg mig alltaf upp aptur með nýjum kröptum — það var eins og jeg yrði þá miklu fjörugri og

styrkari, og jeg afkastaði þá opt ótrúlega miklu á stuttum tíma, svo jeg vann alltaf upp tímann sem jeg hafði misst. Bókaverðirnir á hinum opinberu bókasöfnum voru mjer góðir og lánuðu mjer eins margar bækur í einu og jeg vildi, stundum yfir tuttugu, þegar jeg var að rita eitthvað. Bruun var yfirbókavörður á konunglega safninu, og skrifaði jeg fyrir það nokkuð af Katalog og fjekk vel borgað; P. G. Thorsen var yfirbókavörður á háskólabókasafninu og var vinur Konráðs, hann var mjer einnig góður. Mjer veitti heldur ekki af að geta lánað bækur, fyrir utan það sem jeg hafði lesið og alltaf las, því einhverntíma um þetta leyti stóð í blöðunum áskorun frá Strassborgarháskóla til allra menntamanna í allri Europu, að vinna til verðlauna (mig minnir 1000 fránka) með því að rita um ágæti hinna klassisku rithöfunda og skálda. Þetta fannst mjer liggja fyrir mjer, enda hvatti Vilhjálmur Finsen mig til þess — hann var þá orðinn yfirrjettardómari og bjó í Kaupmannahöfn. Þetta rit samdi jeg á latínu 1869—70, og Vilhjálmur hjápaði mjer til að koma því á póstinn — ritið átti að vera nafnlaust en lokaður seðill með motto og nafni. En svo kom mikli ófriðurinn milli Þjóðverja og Frakka og Strassborg var brend og þar hefur rit mitt sjálfsagt farist, enda mundi jeg ekki hafa hreppt verðlaunin, því þesskonar er annaðhvort gjört vegna vissra manna, sem á að hjálpa, eða þá skoðanir og dómar manna eru svo og svo. En þetta ritstarf og þar tilheyrandi studia veittu mjer mikla ánægju; jeg kallaði ritið »de studiis classicis« og á jeg eptirrit af því og mig minnir conceptio. Jeg hef frá barnæsku verið hrifinn af hinum klassisku verkum Grikkja [Í Sunnanfara (Mai 1893) stendur, að Jón Þorkelsson (rektor) hafi sagt, að »nú væri svo komið á Ís-

landi, að enginn líti í gríska bók, nema Dr. Grímur Thomsen« — og í neðanmálsgrein: »Það segir sig sjálft að grískukennararnir við skólann eru hjer undanþegnir (rektor sjálfur, Steingr. skáld Thorsteinson og Dr. Björn Ólsen)«. Mætti jeg þá auðmjúklegast biðja að lofa öllum skólapiltum að vera með, því þessir kennarar lesa ekki hót meira í grísku en skólapiltarnir, og það sem þeir hafa lesið í grísku til málfræðis examens, er harla lítið. En mig mátti ekki nefna hjer, heldur en vant er, þó enginn hafi vísað í ritum til gríska rithöfunda eins mikið og jeg — eða eiginlega hefur enginn gert það nema jeg og jeg hef ekki haft það upp úr neinu öðru en lestri í rithöfundunum sjálfum. En þetta segir rektor um Grím, af því Grímur hefur stundum fengið gríska höfunda til láns af skólabókasafninu. Að Rektor undanskildum, þá á hjer enginn eins mikið af grískum bókum og jeg, og jeg hef ekki keypt bækur til þess að láta þær standa í hillunum ólesnar. En Grímur er raunar einhver fjöllærðasti maður hjer á landi. En um philologiskan torflestur er hjer ekki að tala.] og Rómverja, og jeg vona að jeg verði aldrei svo á eptir tímanum, að jeg þykist mega án þeirra vera; það væri sama sem að útskúfa myndlist þessara þjóða — að fyrirlíta Feidias, Praxiteles og slíka menn — því þá ekki líka Raphael, Tizian, Leonardo da Vinci og alla? Náttúrlega Homer líka. En þó er þetta predikað af ýmsum peisum, sem ekkert vita í sinn haus, og undarlegt að svo gáfaður maður sem Eiríkur Magnússon skuli taka í þann streng (í form. fyrir Storminum). Öll höfuðskáld hinna síðari tíma, meðan skáldskapur var (ekki nú), voru latinulærðir menn og vel að sjer í classicis — dæmin þarf ekki að telja. [Jeg skal skýra þetta með dæmum. Ekki einungis öll okkar

þjóð, heldur og mýmargir útlendingar hafa fundið hversu fagrar og tignarlegar fornsögur vorar eru, og Gibbons »Destine and Fall« hefur ávallt verið álitin eitthvert hið ágætasta og merkilegasta rit — það er ekki einúngis vegna málsins fornaldarinnar, heldur vegna andans og atburðanna, þó að mörg hryðjuverk komi fyrir og margt sem vjer nú ekki viljum hafa, en það er allt svo tilkomumikið og stórkostlegt. En vor únga kynslóð, sem er pappírsbúkar og ekki hugsa um annað en nautnina, en vill þó gjarnan vera eitthvað, hún tekur það fyrir að níða þetta, og predika að það sje óhafandi, »vjer lifum ekki á dauðum draugum« og þar fram eptir götunum; bullar um »nýja stefnu«, sem enginn fær að vita hvernig er, af því að hún er ekki til, þekkir ekkert af því hún hefur aldrei nent að gera neitt, og svo þykjast þessir menn vera »skáld« — predika hástöfum að allt sje ónýtt nema þeir sjálfir.]

Jeg samdi einnig stóra ritgjörð um það, hversu lúalega dönskum blaðamönnum færist alltaf við Íslendinga, með því að skamma þá og hæða án afláts, og á allar lundir, og hafa hin dönsku blöð alltaf verið að peðra þessu úr sjer öðru hvoru; flest af þessu ritaði jeg upp og setti saman, en jeg hef aldrei gengið frá þessari ritgjörð nje lokið við hana, og með tímanum hætti jeg að fást við þetta, en það sem jeg hef gjört af því, er raunar sæmilegt sýnishorn. En það væri alveg rángt, að kenna hinni dönsku þjóð um allt það þvaður, sem blaðamenn hennar moka upp — allt eins stendur á hjá oss.

Jeg hef nefnt »Ragnarökkur« að framan, jeg hafði byrjað á því fyrir laungu, en svo hafði jeg ekkert hugsað um það í mörg ár, og tók jeg það nú fyrir og lauk við það, en Páll Sveinsson gaf það út — náttúrlega borg-

unarlaust, enda er það ekki alþýðlegt verk. Þesskonar skáldskap nennir fólk ekki að lesa, og getur ekki notið hans, því hann er of háfleygur og þungur fyrir hugsunarlausan almenning; það eru einungis einstakir menn, sem hafa gagn eða skemtun að honum, en einmitt þetta á bezt við mig; jeg hef aldrei verið alþýðlegur. [»Did I ever write for popularity? I defy you to show a work of mine (except a tale or two) of a popular style or complexion«. Byron. Letters.] »Ragnarökkur« hefur verið kallað »Drama« og »dramatiskt« (af Poestion og Schweizer), en þetta er í rauninni ekki rjett; jeg veit vel að jeg er ekki dramatiskur, og einmitt þess vegna kallaði jeg það »kvæði« um Norðurlanda guði; en af því það er dialogiskt, þá hafa menn leiðzt til að nefna það »drama«. Samt er margt miklu torskildara ort á íslenzku.

Jeg skrifaðist á við ýmsa vísindamenn í útlöndum, einkum í Þýzkalandi, Svíaríki og Frakklandi, og jeg var kosinn meðlimur af »Société d'Ethnographie«, sem seinna breytti nafni og nefndist »Congrès international des Américanides«; ekki vissi jeg hver hafði látið þá vita af mjer. (Sama vildi til laungu seinna, þegar jeg var kosinn meðlimur af Congrès international d'Ornitologie í Wien; jeg vissi ekkert um hvernig þeir grufluðu mig upp). Seinna varð jeg »heiðurslimur« (fyrir lítið). [Eptir að Rafn var dáinn, þá varð jeg ásamt ýmsum ýngri mönnum meðlimur fornfræðafjelagsins, en meðan Rafn lifði, þá gátu engir komist í það nema tignarmenn eða ríkismenn, og frægir vísindamenn].

Árið 1867 var alþingissumar, og var Jón Sigurðsson á þingi; kona hans Ingibjörg var með honum eins og vant var. Þetta sumar voru þau í Höfn, Jón Hjaltalín og Guðrún. Jón Sigurðsson bjó á horninu á Stokkhúsgötu

og Austurvegg, og var langt til hans; húseigandinn var Wilhelm Schram, tóbaksverzlunarmaður ríkur og í ætt við Skramana, sem voru fyrir norðan — hvurt það hefur staðið í sambandi við það, að Jón leigði þar, veit jeg ekki. Þar hafði Jón allmikil húsakynni, en illa fyrirkomið, að mjer þótti, því fyrst var langur gangur, og lágu dyr þar út á; var fyrst komið inn í stásstofuna og þaðan inn í herbergi Jóns eða daglegu stofuna, þar sem Jón sat og kona hans. Herbergið var skakkt, og stóð skrifborð Jóns fyrir horninu; og bækur hafði hann þar í skáp einum eða tveimur, en bókasafn hans var hinumegin við stásstofuna. Innar af daglegu stofunni, var svefnherbergi þeirra hjóna, en annars var mjer ókunnugt um herbergjaskipun. Nú var Jón á þingi, en frú Thorgrímssen, ekkja Sigurðar landfógeta, var þar í húsinu og bjó þar, hin virðulegasta og bezta kona; hún hafði verið þar lengi, en flutti þaðan seinna, jeg veit ekki hvers vegna. Einhvern tíma fyrst í august kom jeg þangað — jeg man ekki hvað jeg var að vilja — og þá sá jeg tvo kvennmenn standa við gluggann innst í ganginum; önnur var Magðalena Lichtenberg, sem þá var orðin ekkja, en hina þekti jeg ekki; hún var há og vel vaxin, og leizt mjer strax á hana, þó jeg ekki sæi hana nema álengdar. Það getur verið, að jeg hafi örvast af því að mig var farið að langa til að fá mjer konu, og svo var mjer og farið að leiðast Hafnarlífið, en jeg hafði enga útsjón til að losast við það. Jeg man nú ekki hvernig þetta fór, nema hvað Guðrún Hjaltalín kom mjer til Magðalenu, sem þá var flutt út í Istedgötu, og þar bjó Ingigerður hjá henni sem frændstúlka, en enga þjónustustúlku höfðu þær. Svo er ekki að orðlengja það, við trúlofuðumst hinn 19. october og allt var í gleði og

ánægju. Jeg get sagt um mig eins og Wilson: »falling in love with her at first sight, wooed and won with romantic rapidity«. [Með leyfi að segja, var þetta ekki agentinn Wilson, sem ásamt tveimur öðrum agentum vildu gera járnbraut hjer, svo ýmsir Ameríkuvinir urðu svo hrifnir, að þeir stóðu á blístri út af framförunum og miljónunum, sem við áttum ekkert í sjálfir. Minn Wilson var professor í Edinborg, fæddur 1788, einhver hinn fallegasti maður sem til hefur verið; hann var skáld og hefur ritað ýmislegt um Byron. Hann dó 3. april 1854]. Magðalena var okkur svo góð, sem unt var að vera. En þann 9da Novembr kom póstskipið með Jón og Ingibjörgu, og þá breyttist veður í lopti. Óðar en Ingibjörg fjekk að heyra þessa trúlofan, þá byrjaði um mig sá dómadags rógur og bakmælgi að jeg væri hvorki hæfur nje kirkjugræfur, og hefði ekkert við konu að gera, og þar fram eptir götunum, og Jón ljet leiðast á sömu skoðun, en Magðalena snjerist alveg á móti mjer. Þann 20. Novembr var Jónsveizla, og orti jeg kvæði til Jóns eins og vant var, en það var ekki með eins miklum gleðibrag og vant var, af því jeg var í þessum raunum; jeg orti og kvæði fyrir minni frú Imbu, til að blíðka hana, en það dugði ekki. Þannig liðu nokkrar vikur; Íslendingar, eða allur sá flokkur sem var vanur að heimsækja Jón, og það voru flestir hinir ýngri studentar, þeir fylgdu þessum látum, fyrirlitu okkur og enginn óskaði okkur til lukku nje minntist á þetta, nema Stefán Thorsteinsen og Sivert Hansen. Jón Sigurðsson sjálfur minntist ekkert á þetta við mig, en gekk alveg fram hjá því, og við stóðum þannig ein uppi, og hefðum verið enn ólukkulegri, hefði ekki ýmislegt danskt fólk tekið þátt í lukku okkar. [Frú Thorgrímssen var okkur alltaf hlý og

góð, og hjelt með okkur, en hún hefur ekki haft neitt að segja]. Smátt og smátt hættu þessar skilnaðartilraunir, og Magðalena varð aptur góð eins og áður.

Jeg bjó alltaf hjá Hartvigsen, og gekk jeg opt einn út í Friðriksberg-garði, eða þá í Söndermarken — áður hafði jeg opt gengið þar með frú Hartvigsen einni, eða þá dætrunum. Þar naut jeg opt náttúrunnar og fuglasaungsins og blómanna, og þar var einn hóll, sem jeg kallaði Byronshól; í honum stóðu tólf trje í hring og skygðu laufin yfir — Byron segjir í »The Dream«: »the hill was crown'd with a peculiar diadem of trees in circular array, so fix'd not by the sport of nature, but of man« — þar sat jeg opt á bekk og horfði út yfir landið milli trjánna. Þar sátum við Inga opt og um þessa staði gengum við og undum okkur.

Kuldi kom milli mín og Jóns út af þessu, sem von var, en samt fundumst við, og jeg skrifaði ýmislegt fyrir hann og teiknaði á bækur, sem vantaði í, t. a. m. Jónsbók &c., og mun það vera í safni hans, sem nú samkvæmt smekkleysu og vandalismus bókasafnsstjórnarinnar hjer hefur verið tvístrað út um allt bókasafnið í stað þess að láta það standa sjer í lagi til minningar um Jón Sigurðsson, og hefði það verið fegri og hæfilegri minning heldur en sú smekkleysa, að kaupa nokkuð af húsbúnaði Jóns og teppa stórt herbergi í alþingishúsinu með því að láta það standa þar, því að, þó sumstaðar í útlöndum sje nokkuð svipað gert, þá er það öðruvísi, því þá eru sjálf herbergin eða húsin geymd óröskuð, eins og t. a. m. Göethes hús í Weimar, en hjer eru ljelegar »meublur« settar þar sem þær aldrei hafa verið og ekkert eiga við. Þrátt fyrir þessi ærsl út af trúlofun minni, bar jeg eins mikla virðingu fyrir Jóni og áður.

Árið eptir (1868) var »Ragnarökkur« prentað, og um sumarið (í Juli) kom Bjarni Rector og bjó hjá dóttir sinni Mariu, sem var ekkja eptir P. C. Knudsen, úng og falleg, en hroðaleg og ófyrirleitin. [Jeg var þá mikið saman við Bjarna, því hann vildi hafa mig hjá sjer. Ekki bjó hann fyrst hjá Maríu, heldur í Dronningens-Tværgade, og þar svaf jeg stundum hjá honum, því tvö rúm voru í herberginu]. Bjarni var þá orðinn veikur af stöðugri ofnautn matar og drykkjar, en hann var ætíð heiðvirður og merkilegur maður, þótt ekki væri hann vísindalegur maður, og ekki ljet honum að rita eins og sjá má af sumum skólaskýrslum hans. Loksins lagðist hann í lungnabólgu og andaðist hinn 21. september. Hann var guðhræddur með allri sinni lífsnautn, og ljet lesa sjer sálma úr íslenzku sálmabókinni á banasænginni, annars var hann áður vanur að hafa sálmabókina hjá sjer í rúmið og lesa í henni, og held jeg það hafi verið það einasta guðsorð sem hann hefur haft um hönd. Allmargir danskir merkismenn fylgdu honum til grafar, og jeg orti eptir beiðni Maríu kvæði eptir hann á dönsku; jarðarförin fór fram frá Heilagsandakirkju, og þar var kvæðið sungið, og súngu það allir, jafnvel Madvig. Annað kvæði orti jeg eptir hann á íslenzku, sem var prentað í Þjóðólfi. — Jeg var staddur hjá Maríu þegar »skiptarjetturinn« kom til þess að skrifa upp þá muni, sem Bjarni ljet eptir sig þar, og hef jeg ekki sjeð óyndislegri sjón: ókunnugir og ógeðslegir dónar, sem enginn þekti, og svo óð María inn og fleygði öllu á gólfið, bæði fötunum og þeim ógurlegu rosabullum, sem Bjarni var vanur að ganga í, og sem menn skyldu ætla, að fremur væri af jötni en manni. —

Jeg sókti um mörg pláss til þess að leita mjer fastrar

atvinnu, en fjekk ekkert til allrar lukku. Samt sem áður fjekk jeg skriptir á grænlenzku verzlunar kontornum og var þar á hverjum degi frá 10—3 og fjekk 40 kr. um mánuðinn, það var þrælavinna og jeg óþektur öllum þar, enda voru allir þar á skrifstofunni ómenntaðir menn og drykkfeldir; sem skrifari var jeg náttúrlega í djúpustu fyrirlitningu, því þesskonar menn kunna lítið að jafnaði annað en skrifa, þangað til að einusinni kom brjef á frakknesku frá Belgiu og skildi það enginn; einn fleygði í mig brjefinu og spurði hvert jeg skildi þetta, jeg las brjefið og hjelt að það væri ekki mikill vandi — síðan snjeri jeg því á dönsku fyrir þá; en eptir þetta voru þeir allt öðruvísi við mig. Þeir vissu náttúrlega ekkert um mig og höfðu enga hugmynd um hver jeg var.

Frá Forhaabningsholms-Allée höfðum við flutt út í Friðriksberg-Allée og búið þar í nokkur ár; nú fluttum við út á Taarnborgvej í nýtt hús, sem var ákaflega saggasamt, svo allt rann og flaut, af því það var ekki nærri þornað, þegar inn var flutt, þar keypti jeg mjer nokkurn húsbúnað, svo sem skrifborð og bókaskáp — bækur átti jeg nokkrar og nú hjelt jeg öllu saman, en áður hafði jeg aldrei getað átt neitt, því allt fór til forgarðs jafnóðum og jeg keypti eitthvað; fyrir Jón skrifaði jeg alltaf öðru hverju, en loksins hætti það, og Jón hætti að skipta sjer af mjer. Jeg hafði alltaf hneigst að Jóni, og frelsismaður var jeg eptir minni náttúru, og aldrei stjórnarmaður, en jeg var ekki politiskur í því formi, sem þessir politici heimtuðu; það var allt meira poetiskt hjá mjer, og aldrei vildi Jón nota mig til neins verulegs, heldur dró hann aðra fram; Steingrímur Thorsteinsen tók nú upp eins mikið rúm í Fjelagsritunum og hann vildi handa sínum kvæðum, en jeg var rekinn aptur með mín, þó

jeg hefði ort ýmislegt í þau, og aldrei komst jeg í ritnefndina (sem jeg raunar ekki reyndi) en Steingrímur var þar sjálfsagður. [Jeg hafði áður lagt ýms kvæði til Fjelagsritanna, og hafði Jón beðið mig um þau, en eptir að Steingrímur komst inn í forstöðunefndina, þá var hætt að taka mín kvæði, þau voru rekin aptur, og er ekkert síðan eptir mig nema eitt kvæði. Jeg var alltaf eins hrifinn af Jóni, eins og aðrir og það sýna þau kvæði sem jeg hef gert til hans, en Steingrímur og Matthías voru öðru vísi, þeir ortu til hans til þess að »vera með«. Jón tók Steingrím að sjer af politik, til þess að þóknast föður hans og Hilmar Finsen; Matthías gerði margar tilraunir til þess að komast inn á Jón, en Jón gat aldrei liðið hann.] Þegar Árnamagnússonar-stipendiið losnaði við burtför Guðbrandar, þá sókti jeg um það, og skyldu menn hafa haldið, að jeg væri sjálfkjörinn til þess, en Steingrímur fjekk það, þó hann ekki væri kunnur að neinu — líklega hefur óreglunni verið borið við hjer, eins og vant er, þegar ekki er annað til — og jeg held að Jón hafi þá viljað þóknast Finsensfólki og gamla Bjarna amtmanni, til að blíðka þá eða milda í þeim politisku skoðunum, en Jón hafði mikið að segja í þessu; svo þegar Steingrímur fór til skólans, þá losnaði stipendiið aptur, og jeg sókti; Eirikur Jónsson sókti og hann fjekk það — þeir sögðu að hann yrði að fá það, af því hann væri bæklaður, en jeg væri friskur og sterkur — samt ljetu Ephorarnir mig þá fara að búa til registur við Snorra Eddu og launuðu mjer jafnt og stipendiario; þegar jeg fór, þá var jeg búinn að hreinskrifa aptur í L, en svo stanzaði verkið, og seinna var hætt við það og Dr. Finnur Jónsson gerði annað registur miklu ófull-

komnara og verra; var það auðsætt, að mitt var rekið til þess að veita honum atvinnu.

Eins og jeg hef drepið á áður, þá var nokkur kuldi kominn á milli okkar Jóns, bæði fjekk jeg ekkert að gera hjá honum lengur og svo sveið mjer það sárt, að hann gekk alveg fram hjá trúlofun minni, og langflestir Íslendingar fylgdu honum í því. Jeg mátti til að hafa einhver ráð til að útvega mjer eitthvað, og þá rjeð jeg það af að sækja um styrk til stjórnarinnar til að gefa út tímarit, og hann fjekk jeg, og þannig kom út fyrsta heftið af Gefn. Jeg þóktist finna á mjer, að jeg mundi eiga að sýna þakklæti við stjórnina með því að politisera í hennar anda, en aldrei var það sagt við mig, enn síður heimtað; en í þessari ímynduðu þakklætistilfinningu ritaði jeg í annað heptið þá ritgjörð, sem jeg kallaði »frelsi, menntun, framför«. Jeg ritaði þá eptir minni þekkingu og sannfæringu, og jeg reyndi til að miðla málum milli okkar og Dana eins og mjer var lagið, en mjer varð ekki mikil ánægja að þessu. Jón Sigurðsson varð fokreiður, Íslendingar töluðu um að berja mig, og jeg var alstaðar útskúfaður. Þá mátti ekkert koma við alþing og ekkert segja; en þó að jeg segði eða ritaði þessar skoðanir, þá höfðu stjórnarblöð verið gefin út á íslenzku áður t. a. m. Landstíðindin, en enginn reiddist *þeim*, þar á móti var sjálfsagt að úthúða *mjer*, ef jeg ekki fylgdi þessum flokki, sem alltaf hafði sett mig alstaðar hjá og aldrei álitið mig hæfan til neins, og þó hafði jeg í þessari ritgjörð haldið Íslandi svo fram, að Dönum líkaði það stórílla flestum — jeg hafði t. a. m. sagt, að þeir mundu aldrei geta innlimað okkur í Danmörk, en þetta var ein af þeirra uppáhaldsóskum. [Hin nýja stjórn fornfræðafjelagsins, sem kom eptir Rafn, telur

Reykjavík alltaf sem bæ í Danmörku, en nefnir ekki Ísland. Þar á móti nefnir hún Finnland sem land sjer, til þess að daðra við Svía og Finna. Ef Rússakeisari vissi þetta, þá mundi hann banna þeim það, en þeir vita sem er, að Rússakeisari þekkir ekki vel danskar bækur. Þessi aðferð fornfræðafjelagsins er því lúalegri, sem allir vita, að það hefur allan sinn veg og sóma af Íslandi]. Oddgeir sagði við mig, að þeir hefðu alls ekki ætlast til að jeg ritaði svona, og yfir höfuð höfðu bæði Danir og Íslendingar svo mikið út á þetta að setja, að jeg einsetti mjer að rita aldrei optar politiska ritgjörð í Gefn. [Jafnvel mörgum árum seinna fjekk jeg ákúrur í ísl. blaði fyrir þessa ritgjörð, sem sagt var jeg hefði verið keyptur til að rita — það var lapið upp úr Fjelagsritunum! Hversu kunnugir Danir eru Íslandi og íslenzkum ritum, sjest meðal annars á því, að ritgjörð mín, sem heitir »Om islandske Forhold« hefur verið talin meðal náttúrufræðisrita. Þeir hafa aldrei litið í hana.] Jeg var vanur að fara með hvert hefti til ráðgjafans, þegar það kom út; þegar jeg nú kom seinna með heptin til Halls, sem þá var ráðgjafi, þá spurði hann mig, hvort jeg hefði ritað um politik, en jeg kvað nei við, þá fleygði hann heftinu á borðið, einhvernveginn hryssingslega. Af þessu ræð jeg, að þeir hefðu þó heldur viljað, að jeg ritaði stjórnarpolitik, en mjer hefur aldrei tekist að ná þeirra þurra stíl, hef heldur ekki sjerlega sympatiserað með þeim. Jeg fjekk hnútu í Þjóðólfi fyrir stóru ritgjörðina, og svaraði skömmum; annars voru margir Íslendingar hjer og það frjálslyndir, sem þótti margt gott í ritgjörðinni, eins og það líka er; professor Hjort (sem hafði gefið út lestrarbókina þýzku) ritaði mjer brjef og viðurkenningu (»Den Sikkerhed og Aabenhed, hvormed De i Deres

Skrift om islandske Forhold har talt imod Separationen samt den Rolighed og Klarhed, med hvilken De overhoved bedömmer mange beslægtede Ting, har tiltalt mig meget . . . . . Tillad mig derfor at bevidne Dem min Agtelse og Tak . . . . . Det karakteriserer den store »nationale« Masse hos os, at den saaledes tier om Deres vigtige Bog«). Þeir fóru að eins og ritstjórarnir hjerna þegar jeg ritaði um Vesturheimsferðirnar: þögðu skíthræddir, þegar jeg var einmitt að rita í þeirra eigin hag og allra.

Eptir að við höfðum um nokkurn tíma búið á Taarnborgvej, þá fluttum við út á St. Knudsvej — jeg vissi eiginlega aldrei um orsökina til þessara flutninga. Þá sókti jeg um styrk til að safna til Þjóðmenningarsögu Norðurlanda; jeg sókti til stjórnarinnar fyrir »den Hjelmstjerne Rosenkranske Stiftelse«, sem Hall var fyrir, og fjekk styrkinn, 800 krónur á ári, að miklu leyti með aðstoð Vilhjálms Finsens, sem var handgenginn kunningi Halls. Hall var svo mikill ágætismaður, að hann hafði á sjer almenningslof, svo ljúfur var hann í viðmóti, og ekki síður að skaplyndi. Hvurt allar hans pólitisku skoðanir hafi líkað öllum, varðar mig ekkert um. [Hall var stór raumur, ekki fríður, en þægilegur á svip, með hrokkið hár. Einhverju sinni áður hafði jeg sótt um eitthvað, þá var Monrad ráðgjafi. Jeg fór upp til hans til að tala um þetta. Monrad var nokkuð harðlegur, annars var hann góður við mig en segir: »Man siger at De lever noget uregelmæssigt«. Þá sagði jeg: »Det samme har jeg hört om Dem, Deres Excellence« — en jeg varð hræddur, því mjer varð þetta á óvart. Konráð hafði einhvern tíma sagt við mig, að það væri auðsjeð að Monrad drykki, því hann væri svo rauður og bólginn,

og hefur þetta vakað fyrir mjer. Monrad reiddist ekki, en hnussaði við. Ekkert varð úr neinu þá, því Monrad fór frá nokkrum dögum seinna.] Þegar jeg fjekk styrkinn sagði jeg upp á grænlenzka »kontorinu«, en þeir urðu hundslegir við og höfðu þó alltaf verið að staglast á því við mig, að þeir þyrftu mín alls ekki með. Jeg varð feginn að losna við þessa þrælavinnu, því nú fjekk jeg nóg næði til að leggja mig eptir því sem jeg vildi, og þá tók jeg aptur fyrir náttúrusögu, sem jeg í mörg ár ekki hafði fengist við, en þar að auki las jeg ákaflega mikið áhrærandi þjóðmenningarsögu og ritaði upp úr bókum. Hin málfræðislega grammatíkurstefna hinna seinni philologa hafði aldrei fest rætur hjá mjer, því hún var svo þur og full af vitleysum og tilbúningum, sem nú eru orðnar eins og heilagur sannleikur, af tómu professoravaldi og complimentsnakki hver við annan, því einn fellst á annars ímyndanir. Þannig er t. a. m. sú skoðun að fornmenn hafi aldrei getað skrifað rangt, og aldrei vikið frá vissum reglum í ríminu, sem eru ekki annað en uppáfindingar philologanna, og svo er ort upp aptur til að láta það koma heim við þessar uppfundnu reglur — en sú philologiska klikka er í þessu orðin svo sterk, að ekki er til neins að skipta sjer af því.

Þann 25. April flutti jeg loksins frá Hartvigsensfólki og leigði okkur bústað í Dannebrogsgötu á 4ða sal, þar voru 92 tröppur að ganga upp; þar voru tvö herbergi, búr og eldhús og geymslukamers. Við giptumst hinn 28. April 1871 og vorum gefin saman í Friðriksbergkirkju af Hall prófasti; enginn var við og enginn saungur, en við vorum lukkuleg. Svaramenn voru Oddgeir og Vilhjálmur, en þeir komu ekki í kirkjuna, og er það ekki siður ytra. Um þetta hef jeg ritað í Almanakið þannig:

»28. Apríl, giptingardagur Gröndals og Ingigerðar. Hall prófastur gaf okkur saman í Friðriksberg-kirkju kl. 11. Þá skein í heiði þrotlangan dag, sól af blásölum í sefa okkrum, og Vilhjálmur hinn vegsæli Gröndals og Gerðar á gleði jók«. Við giptumst frá Magðalenu og fórum til hennar eptir hjónavígsluna; engum var boðið en Vilhjálmur kom og var lengi, og við drukkum vín; seinna kom Sveinbjörn Jakobsen og þá fór Vilhjálmur; svo komu Jakobsenssystur, Sigríður, Anna og Inga, Lichtenbergs og Hartvigsens-fólk, og við átum öll til kvölds og svo fórum við Inga heim í okkar nýja bústað, en Magðalena fylgdi okkur. Hún gaf okkur hjer um bil allt sem við þurftum til að byrja með, rúmföt og annan húsbúnað, og gleymi jeg aldrei hversu ágæt og rausnarleg hún var. Seinna fengum við ýmsar gjafir, en engar frá Íslendingum, Oddgeir kom út til okkar og óskaði okkur til lukku. Í Dannebrogsgötu bjuggum við í tvö ár og fluttum þá til Lykkesholmsvej, þar fengum við nettan bústað á 1sta sal og betri en hinn; þar fæddist okkur þann 10. júní 1873 hin fyrsta dóttir, sem var skírð Magðalena-Þuríður, hún var skírð í Friðriksberg-kirkju hinn 27. júlí, af presti nokkrum sem hjet Sörensen, þá voru skírð yfir 20 börn í einu og skírði presturinn þau grenjandi — hann grenjaði, en ekki þau — það er sú ógeðslegasta aðferð sem jeg hef sjeð, tóm hrá form án nokkurrar tilfinningar eða guðræknisanda; konan mín hjelt barninu sjálf undir skírn, skírnarvottar voru engir nema við sjálf. — Það var ekki eins mikið haft við þetta eins og fólk heimtar hjer. Skírnarveizla var náttúrlega engin, en við þetta tækifæri kom frú Thorgrímsen til okkar og gaf þeirri litlu specíu og eitthvað meira, Jakobsenssystur komu líka, Magðalena og Hartvigsens

fólk. Þessi ár voru mín lukkulegustu ár í Kaupmannahöfn, mjer fannst jeg ekki þurfa að óska mjer neins. Jeg hafði allviðunanlega atvinnu, og við gerðum ekki háar kröfur til lífsins. Lætin út af okkur voru hætt, og ýmsir Íslendingar voru farnir að koma til okkar, eins og raun gaf vitni um á fæðingardag Ingu árið eptir, þá voru hjá okkur þessir: Jón Guðmundsson (Þjóðólfs), Tryggvi Gunnarsson, Kristján Jónsson (ass.), Björn Jónsson (ritstj.), frú Thorgrimsen, frú Imba (J. S.), Halldóra kona Tryggva, Vala (Valgerður nú kona sjera Þórhalls), Sigríður, Anna og Ingigerður Jakobsens dætur, Lovisa Ásgeirsen, Helena og Henrietta Hartvigsensdætur, Þóra og Emma, tvær systur danskar; þetta fólk var hjer allt um kvöldið og höfðum við rjúpnasteik og annað. Einusinni kom Jón Sigurðsson með konunni sinni heim til okkar, en við vorum þá ekki heima og sárnaði okkur það mikið að geta ekki tekið á móti Jóni og Ingibjörgu, sem við alltaf virtum svo mikils, þó þessi hornriði kæmi fyrir snöggvast. — Jeg fjekkst alltaf öðru hvoru við þjóðmenningarsöguna; þar að auk samdi jeg að nokkru leyti katalog yfir bókasafn gamla Grundtvigs, sem átti að selja á uppboði; það var hálf leiðinlegt verk, því bókasafnið var ákaflega mikið og allt í ruglingi og bækurnar svo rykugar og óhreinar að jeg var mikið verri eptir en þó jeg hefði verið í mógröfum, en þetta var vel borgað. Þá fjekk jeg og brjef frá sjera Þórarni í Görðum, frænda mínum, um að lesa prófarkir af lesbókinni, og teiknaði jeg kortin til hennar og samdi nokkurn kafla af sögunni, sem vantaði; þetta borgaði sjera Þórarinn mjer vel, jeg ritaði í Föðurlandið artikula um útgáfu Vilhjálms Finsens af Grágás, og gaf Vilhjálmur mjer 10 dali, en

laungu seinna, þegar jeg var búinn að gleyma þessu, sendi Plógur mjer 8 speciur.

Ýmsir menn komu heimanað; þann 24. April 1870 kom Þorsteinn bróðir minn, og fór til Noregs hinn 28da; Egill bróðir minn kom 3. April 1872 og fór daginn eptir til Björgvinar, þeir voru báðir í verzlunarerindum. — Sigurður Sæmundsen kom 1869 og var um veturinn í Höfn; hann var svo fínn að hann var kallaður Sigurður gentlemaður, bezti drengur; Benedikt Sveinsson kom í December 1873, og ritaði jeg fyrir hann akt í Elliðármálinu; Sveinbjörn Jakobsen var um veturinn 1871—72 og kom til Magðalenu stundum og bauð okkur nokkrum sinnum á leikhúsið. Sveinbjörn Ólafsson frá Keflavík kom 1869 og var stöðugur, bráðskotinn, gestur hjá Magðalenu; Jakob Sveinsson 1872; Ole Finsen 1872 og Hans Robb, sem ekki þurfti annað en láta sjá sig, þá missti hann alla Credit, því hann var alltaf fullur; Helgi Helgason kom einnig þá og beiddi nokkru síðar Magðalenu, og fór hún heim til hans 1. Marts 1873; Sjera Matthías var um veturinn 1871—72 og fótbrotnaði, að sögn í drykkjuslarki af völdum eins Íslendings, en það fór leynt, eins og viljað hafði til með Eirík Jónsson, þegar hann fótbrotnaði; Sjera Matthías kom aptur 1874; Jón Guðmundsson 1873; Sjera Isleifur Gíslason með Markús son sinn veikan 1873, þá kom og Þórunn Halldórsdóttir frá Hofi, ætlaði ekki til Hafnar, en hafði orðið innliksa með póstskipinu nauðug; Tryggvi Gunnarsson og Halldóra kona hans 1874 með Völu. Allt þetta fólk kom til okkar.

Árið fyrir þjóðhátíðina fór mjer að detta ýmislegt í hug, hvort jeg mundi ekki getað teiknað eitthvað þar að lútandi, að gamni mínu og var jeg að þessu fikti frá því í

August og þangað til seint í December, þá hafði jeg fengið út uppkastið, sem mjer þó ekki líkaði, jeg ljet samt setja það í umgjörð og ánafnaði Magðalenu litlu það í tannfje. Jeg fór þá þegar að búa til aðra mynd, nokkuð öðruvísi og var kominn langt með hana. En mjer datt alls ekki í hug að reyna til að gefa hana út. Þá kom Tryggvi til mín einn dag og sá þetta hjá mjer, og spurði mig hvort jeg vildi selja myndina, svo hann gæti gefið hana út, en jeg var fús á það strax og gaf Tryggvi mjer 50 dali (100 krónur) fyrir. Annað hef jeg ekki fengið fyrir þjóðhátíðarmyndina. Jeg hafði haft töluvert ómak með hana, en jeg taldi það ekki eptir mjer, því jeg gerði þetta mjer til skemtunar, en ekki í neinu öðru skyni. Frummyndin sem Tryggvi fjekk var með litum, bæði gulli og silfri, en hún var mikið stærri en sú prentaða mynd er, og hefði raunar orðið óhandhægari. [Tryggvi vildi láta hina ríku kaupmenn, Ásgeir og Hjálmar, taka þátt í kostnaðinum, hinn fyrri mun hafa skorast undan því, en Hjálmar tjáði sig fúsan til að efla þetta fagra fyrirtæki, og vildi gefa til þess 10 dali, en Tryggvi þáði ekki, svo hann var einn um þetta.] Fyrri hluti ársins 1874 gekk til að hreinteikna myndina, sem jeg gjörði frá 8. Marts til 1. April, en síðan var hún teiknuð á stein og prentuð og varð jeg alltaf að vera þar í og með. Skýringuna við myndina ritaði jeg á íslenzku, dönsku og þýzku, fyrir ekkert; en Sigurður Jónasson (eldri), sem snjeri henni á ensku, tók 8 dali (16 kr.) fyrir þessi fáu blöð, og var það að tiltölu töluvert meira en jeg hafði fengið fyrir sjálfa myndina. Að gefa myndina út, hafði kostað 600 dali, en þeir sögðu það mundi kosta helmingi meira, ef litirnir hefðu verið hafðir. Hinn 13da júni var myndin alprentuð. [Mjer hefur orðið það

á, að gleyma Brynjúlfi Sveinssyni, sem var miklu merkilegri maður en margir hverir sem á myndinni standa. Í skýringunum er sú ritvilla, að Jón Vídalín er talinn Hólabiskup og ekki sá Sigurður Jónasson það heldur, þó hann sneri ritgerðinni á ensku.]

Um þetta leyti kom Sehested, Hofjægermester. Hann ætlaði að gefa út eitthvert verk um danskar fornleifar, og leitaði til mín um aðstoð, en hugmyndir hans voru svo stórkostlegar og yfirgripsmiklar, að jeg varð að njóta alls þess sem jeg vissi út um allt; það lakasta var, að jeg þóttist finna að maðurinn mundi vera ólærður eða illa lærður, svo jeg átti illt með að tala við hann og setja hann í skilning um hvað hann vildi; samt sem áður starfaði jeg talsvert að þessu fyrir hann, og hann gaf mjer 100 dali — en hvort hann hefur notað nokkuð af þessu, er mjer ókunnugt. Jeg ritaði þá og teiknaði fyrir professor Thorsen ýmislegt úr gömlum skjölum og bókum, einkum úr Pontoppidans danske Atlas, og fjekk ekkert fyrir sjerstaklega, en Thorsen átti það skilið af mjer, því hann var mjer góður og velviljaður; einusinni, þegar jeg hafði teiknað fyrir hann, þá fór jeg til hans með verkið, og bauð hann mjer inn í stofu, þar var engin sál, en allt svo »gamal-danskt« sem verða mátti — svo kom Thorsen nokkru seinna sjálfur inn, með stóran bikar í annari hendinni, fullan af einhverju víni eða messuvíni, en í hinni hendinni hjelt hann á piparköku, þetta gaf hann mjer. Thorsen var lítill vexti, alltaf veikur og væskilslegur, mjóhljóðaður og skrítinn, með plástur á höfðinu, fótaveikur og aumingjalegur, en ákafamaður, og ef hann lagðist að einhverju eða vildi fylgja einhverju fram, þá hefði mikið mátt vera ef hann ekki fengi því framgengt. [Það hefur víst verið Thorsen sem

hefur vísað Gossh á mig til að skrifa fyrir sig. Hann var þá að gefa út »Danmarks zoologiske Literatur«, stóreflis verk og vár lærisveinn I. C. Schiödte og kom jeg þá til hans eitthvað í þeim erindum. Gossh var þurlegur, og gerði jeg annars engan kunningsskap við hann, heldur ekki við Schiödte. Þeir voru báðir óvinir Steenstrups.]

Mörgum í Höfn var kunnugt að jeg teiknaði og skrautritaði, og af þeirri ástæðu var jeg fenginn til að rita heillaóskirnar til Íslands, frá háskólanum og fornfræðafjelaginu. Eiginlega ætluðu Danir engar heillaóskir að senda; en þegar þeir sáu að Norðmenn og Svíar virtu okkur viðlits, þá þótti þeim sæmra að gjöra það líka, en þá var raunar komið í eindaga, svo jeg mátti hafa mig allan við að vera búinn í rjettan tíma. Fyrir hverja af þessum adressum fjekk jeg 40 dali og svo ritaði jeg einnig hina dönsku adressu fyrir fornfræðafjelagið fyrir 10 dali. Engin eða mjög fáar af þessum heillaóskum voru prentaðar, nema á stöku stöðum í íslenzkum blöðum, eins og ekkert minningarrit var gefið út um þjóðhátíðina, þó hún væri einstök að minsta kosti að því leyti, að *ekkert* land hefur getað haldið aðra eins minningu, því ekkert land hefur landnámssögu í líkingu við Ísland. Flestar þær heillaóskir sem frá útlöndum komu, voru skrautritaðar og bundnar í flöjel og fegurð, en þeim var fleygt á gólfið og undir borðin á landsbókasafninu, og þar lágu þær í reiðileysi og óþrifa meðan Jón Árnason var bókavörður, og var það undarlegt, svo merkilegur maður sem Jón var að mörgu, en hann var ónýtur bókavörður, og þekti mjög lítið til bóka og Bibliografiu, og hafði engan »takt« í því, eins og sjest á þeim bókaskrám sem hann hefur samið og miklu fje hefur

verið varið til að prenta, því þær eru allar mjög illa gerðar og smekklausar.

Þjóðhátíðina hjeldum við eptir því sem faung voru á. Flestir stofnuðu til samsætis á Skydebanen, þar var Jón Sigurðsson, því ekki hafði honum verið boðið heim til Íslands til þjóðhátíðarinnar þar, og mun það verða Íslendingum eilíflega til skammar; það hefði ekki verið of mikið, þó skip hefði verið sent eptir Jóni sjerstaklega, því hann var miðpunktur og aðalgrundvöllur þjóðhátíðarinnar, en ef satt skal segja, þá hafði Jón ekki efni á að fara heim við það tækifæri, enda gaf honum enginn gaum á Íslandi nema með einhverju ómerkilegu skálaslúðri. Jeg gerði kvæði til Íslands og Jóns, og voru þau súngin í samsætinu, en jeg var þar ekki, jeg var með konunni og nokkrum fleirum úti í skógi og nutum við þar einhvers — var allt það hátíðahald mjög ómerkilegt.

Skemtanir hafði jeg aldrei mjög mikið sótt og var hægt að telja þau stykki sem jeg hafði sjeð á leikhúsum; á konunglega leikhúsinu hafði jeg sjeð Macbeth, Don Juan og Ninon fyrir mörgum árum — þar sá jeg Farinelli, den Stumme i Portici, Fra Diavolo, Murmesteren, la Ventana, Rósa og Rosita, Cymbelina, Lohengrin, Kongsæmnerne, Tre Dage i Padua, En Söndag paa Amager, Elverhöj, Dina; [aldrei gleymi jeg Ouverturunum sumum: til Don Juan, »Möllen i Bjærgklöften« af Reissiger o. fl.] á þjóðleikhúsinu Gustav 3ja, den skönne Helene, Orpheus i Underverdenen, Herren ser dine Veje, den Trekantede; á Casino Meer end Perler og Guld; Bajads; Kalifen paa Eventyr; á Vesturbrú-leikhúsi: ýmislegar sýningar og spilverk, hrottadansa og fleira þesskonar á Circus Reuz og Circus Salaminsky, í Tivoli hljóðafæraslátt, flugelda, Pierrot, aflraunir og allskonar

leiki; á Friðriksbergi svertingjasaung með hræðilegu trjeskóklappi og annan saung og spil; á Odeon saunglist og leiki, þar á meðal »Shaen i Köbenhavn«, sem var háðleikur upp á Persiusoldán, sem þá ferðaðist um Europu og kom í flestar höfuðborgir, en Danir voru reiðir yfir því, að hann kom ekki einnig til Hafnar og var þetta gjört í hefndarskyni; þar komu og frakkneskir leikarar, meðan stríðið mikla var (1871) og ljeku undarlega draugaleiki, og súngu Marseillaisen og aldrei hef jeg heyrt hann eins vel sunginn og aldrei sjeð föðurlandsástina jafn fagra og heita — jeg kom og stundum á ítalska Operu og sá il Barbieri di Seviglia og Zauberflöte og eitthvað fleira; í Valhöll kom jeg líka, þar var saungur og spil, og þar sá jeg einu sinni gamlan kall, sem hjet Jörgensen, hann var candidatus philosophiae, en lífið hafði allt mislukkast fyrir honum, svo hann lifði á að improvisera sem »skáld« — og gera sig hlægilegan; jeg kendi í brjósti um hann og gaf honum spesiu, en hann sagði að nú væri sín lukkusól upprunnin, og þegar hann heyrði að jeg væri Íslendingur, þá sagði hann mjer, að hann hefði lesið frönsku með gamla Jónassen. Yfir höfuð man jeg ekki allt sem jeg sá af þessu, og ekki nenni jeg að lýsa því nákvæmar; jeg fór sjaldan á þessi leikhús, enda hef jeg aldrei verið dramatiskur — það held jeg raunar að aðrir hafi heldur ekki verið, þó þeir væru einlægt að rápa á þessa staði og eyddu öllu í það, sem þeir gátu. Aptur á móti var jeg stöðugur gestur á hverju ári á málverkasýningunni í Charlottenborg, á myndasafnið á Kristjánsborgar-sloti kom jeg einusinni eða tvisvar. Á Thorvaldsens-Museum kom jeg opt, bæði til að skoða skurðsmíðið og svo voru þar mörg ágæt málverk, sem Thorvaldsen hafði fengið að gjöf frá ýmsum meisturum; þar

var og fullt af merkilegum forngripum frá Egyptalandi, Ítalíu og Grikklandi, en dýrindis listaverk stóðu í skápum með járnneti fyrir, og voru þau ekki neinum sýnd, en jeg horfði á titlana. — Út á skóg fór jeg mjög sjaldan, því bæði var það dýrt, og svo hafði jeg mjög lítið gaman af slíku smáskítlegu »tildri«. Stundum kom jeg út í dýragarð Kjærböllings, þar sem lifandi dýr og fuglar voru haldin; villudýrin voru í búrum með sterkum járngrindum: ljón, birnir, tígrar, ernir o. s. frv., en vaðfuglar og sundfuglar á tjörnum og flötum, og voru svo vængjastýfðir, að þeir gátu ekki flogið. Annars fór jeg opt á skemtistaði annara vegna, bæði í leikhús og saunghallir, en optast kom jeg þaðan tómur og leiður.

Um leið og jeg gipti mig, þá keypti jeg nauðsynlegasta húsbúnað eptir því sem jeg gat, borð og stóla og þesskonar; sumt gaf Magðalena okkur, eins og jeg hef áður minzt á, en við gerðum raunar ekki miklar kröfur til lífsins. Bókum var jeg farinn að halda saman meir en áður, og nú fargaði jeg engu; jeg komst í nokkrar skuldir fyrir ýmsar bækur, en annars vorum við alveg skuldlaus í Höfn og brúkuðum aldrei meira en við gátum borgað. Margar bækur fjekk jeg gefins hjá fornfræðafjelaginu, sumar íslenzkar en sumar þýzkar, og stóð þannig á því, að þegar Rafn dó, þá hafði jeg ýmsar bækur að láni hjá bókasafni fjelagsins; en þeir sem við stjórninni tóku eptir Rafn tvístruðu bókasafninu eða nokkrum hluta þess milli ýmissa manna og fjelaga, og sögðu að jeg þyrfti ekki að skila bókunum. Rafns dætur gáfu mjer alla annála fjelagsins, og svo fleira, yfir 20 bindi; það sem Thorsen gaf mjer, hef jeg nefnt áður. Ýmsir menn aðrir sendu mjer þá það sem þeir gáfu út.

Hvað frumverk snertir, þá fjekkst jeg ekki við annað en að rita í Gefn, og í hana ljet jeg og ýms kvæði, sem jeg hafði ort áður, og sem voru óprentuð. Á skáldskap minn hafði giptingin íll áhrif, að því leyti, sem jeg hætti þá að yrkja, og yfir höfuð á hjónabandið ekki við skáldgáfu þeirra manna, sem eru eins skapi farnir og jeg, en það drepur þesskonar öllu niður; þar á móti komst meiri regla á allan hag minn og jeg varð ánægðari og rólegri, jeg fjekk jafnvel von um, að jeg mundi geta jafnast á við meðal-oddborgara. Annars er ekki mikilsvert að yrkja fyrir Íslendinga, því þá vantar alveg alla »kritik«; hverr sem yrkir vísu er kallaður »skáld«, og sú lukka sem maður gerir, er optast nær byggð á einhverjum kunningjum og skjöllurum, sem í rauninni ekkert vit hafa á skáldskap. Þessir skálddómar, sem ritaðir hafa verið hjer í seinni tíð, eru allir ómerkir.

Mig var fyrir laungu farið að langa burt frá Höfn, en leiður var jeg orðinn á því, að jeg þurfti alltaf að sækja um það sem jeg hafði til að lifa á; Linde, sem borgaði út styrkinn til þjóðmenningarsögunnar, var mjer aldrei hlýr, og var seinast farinn að segja við mig, að lengi gæti jeg ekki búist við að hafa þennan styrk — jeg hef sjálfsagt verið rægður við hann, því hann þekti mig ekkert, en hann hafði mikið að segja. Jeg fór því að sækja um embætti við skólann í Rvík; það varð þá laust, en Steingrímur fjekk það, í rauninni vildi hann ekki fara heim, en gerði það fyrir föður sinn. Jeg ljet mjer vel lynda, þó jeg ekki fengi embættið, og beið jeg nú þangað til pláss losnaði aptur. Þá sókti jeg, og fjekk það, mest fyrir tilstilli Vilhjálms og Thorsens, sem töluðu um mig við ráðgjafann án þess jeg beiddi þá um og án þess jeg vissi af, fyrr en á eptir. [Július Havsteen

lagaði umsóknarbrjef mitt, og svo fór jeg með það upp í ministeríið; Oddgeir kom þar ekki nálægt, en hann mætti mjer á götu nokkru eptir og spurði mig hvort jeg hefði verið hjá Klein (ráðgjafanum), jeg kvað nei við og hjelt að ekki mundi verða af því að jeg færi til hans. Klein var þá nýkominn frá Íslandi úr þjóðhátíðarförinni. Nokkru seinna mætti jeg Gísla Brynjúlfssyni og þá sagði hann við mig: »Þú verður endilega að fara sjálfur og tala við Klein«. »Jeg fer ekkert til Kleins« sagði jeg. Daginn eptir mætti jeg Oddgeiri aptur, og hann segir: »Þjer verðið endilega að fara til Kleins, hann vill fá að sjá yður.« Þá hugsaði jeg að mjer væri bezt að fara, og fór jeg því til ráðgjafans; jeg hafði ekki sjeð hann áður. Klein var meðalmaður vexti, þrýstinn, nokkuð harðlegur eða einbeittur á svip, gerði samt góð áhrif á mig. Þegar jeg kom inn í fremra herbergið, þar sem menn biðu (eptir röð), þá var þar maður sem átti að fara inn á undan mjer. Jeg hafði margopt sjeð þennan mann á götunum, opt sitjandi á bekk í trjágaungunum fyrir utan Vesturbrú og vera að jeta brauð framan í öllum; hann var stór vexti og ljelega klæddur og jeg hafði enga hugmynd um hvað hann hafði verið — gamall trumbuslagari? eða hvað? Nokkuð var það, að maðurinn fer inn til ráðgjafans á undan mjer, en kemur út aptur eða rjettara sagt steyptist út aptur að vörmu spori, og hefur ráðgj. auðsjáanlegu rekið hann tvöfaldan út. Svo fór jeg inn og talaði við ráðgjafann lengi; ekki man jeg neitt hvað hann sagði, en hann var vingjarnlegur við mig. Seinna heyrði jeg að hann hefði sagt, að þetta væri eitthvað undarlegt; á Íslandi hefði sjer verið sagt, að jeg væri útlifaður hjassi og örvasa, en sjer hefði litist allt öðruvísi; má af þessu sjá, að eitthvað hefur verið talað um mig

í Reykjavík. Sumir merkismenn sem þekktu mig, láðu mjer að jeg skyldi »fara þennan veg« eins og þeir komust að orði og ljetu mig vel skilja á sjer, að þeim þætti jeg taka niður fyrir mig, eins og líka var í rauninni; því það er sitt hvað, að vera embættisþræll og ekki betur settur en ljelegur vinnumaður og hitt: að vera frjáls maður og embættislaus, og starfa í fullu frelsi. Jeg neyddist til að fá mjer eitthvað áreiðanlegra til að lifa á, en jeg hafði þangað til haft ekkert nema tóma mola, sem jeg hafði orðið að betla mjer til, og var jeg kominn yfir fertugt]. Hjer á landi eru embættislausir vísindamenn skoðaðir sem ómagar og iðjuleysingjar, af því fólk heldur að enginn geri neitt nema embættismenn eða þá vinnumenn.

Mjer fannst vera ljett af mjer einhverjum ógurlegum þúnga — ný framtíð lá fyrir mjer, sem jeg raunar ekki sá fyrir hvernig verða mundi, en jeg hafði engan kvíða — jeg hafði nú fengið ósk mína uppfylta, að komast frá Höfn, því að þó að margir danskir menn þar hefðu verið mjer góðir, og þó að jeg ætti þeim jafnvel lífið að þakka, þá var jeg samt orðinn fjarska leiður af að sjá í blöðunum þessi sífeldu ónot til Íslendinga — þó jeg ergjaði mig yfir þeim, þá tók mig sárt til þeirra — kannskje enn sárara af því jeg var utanlands. Einu sinni stóð það í Þjóðólfi, að Íslendingar hefðu helzt ort föðurlandsástarljóð, meðan þeir voru utanlands; þetta er náttúrlega ekki allskostarrjett, en hitt má segja, að menn finna meira til föðurlandsins í fjarlægð, að minsta kosti fundum vjer svo til þá, enda var þá ekki farið að tíðkast með Íslendingum, að rita skammir um föðurland sitt, eins og þeir gjöra í Ameríku, og er það eins dæmi og finnst hvergi annarstaðar. Í Gefn hafði jeg ekki dregið

af Íslendingum, en þeir eru síðan orðnir miklu verri og spilltir af blöðunum, Goodtemplarafjelögunum, og skakkri framfarastefnu. Gefn fjekk annars góðar viðtökur og vildu margir eiga hana; ýmsir borguðu það sem inn hafði komið, en mikið af upplaginu hefur farizt, og aldrei verið gjörð grein fyrir; jeg sendi hana ýmsum mjer ókunnum mönnum til sölu, og veit svo ekki meir um það.

Þann 14. September (1874) kom brjefið frá Klein um að jeg hefði fengið kennara-embættið, og daginn eptir fór jeg að þakka honum fyrir, að hann tróð mjer inn í það mesta skíta-compagni, sem jeg hef nokkurn tíma í komist, en þá hugsaði jeg ekki um hvernig þetta mundi verða, eða hvernig það mundi fara — »glaðr at mörgu þótti ek gumum vera, því at ek vissa fátt fyrir« stendur í Sólarljóðum — og ekki datt mjer í hug, að jeg mundi verða guðsfeginn að komast aptur þaðan. Svo fórum við að búa okkur út og kaupa ýmislegt, og pakka dótinu okkar inn, og til þess urðum við að halda snikkara og ýmsa menn, því við höfðum ekki svo lítið. Upp á síðkastið var æði mannmargt hjá okkur [til að mynda sunnudaginn þann 20. September: Kristján (assessor), Indriði Einarsson, frú Hartvigsen og hennar dætur fjórar: Fridrikka, Henrietta og Helena og Lovisa, frú Thorgrímsen, Halldóra Tryggva kona og Vala, frú Imba (Jóns Sigurðssonar), Þuríður Hallgrímsdóttir frá Hólmum, Oddbjörg (dóttir sr. Bj. Þorsteinssonar), Jakobsenssystur: Sigríður, Anna og Ingiríður, Jakobsen snikkari og hans kona, frú Würtz og hennar börn: Ernst, Georg og Dagmar].

Sjálfsagt höfum við kvatt flest af kunningjafólki okkar, en nú er jeg búinn að gleyma því. Jeg varð feginn að losast við Höfn, því jeg hef aldrei verið mikið hrifinn

af »fínheitum Civilisationarinnar«, þar sem fögur svikablæja hylur margt viðbjóðslegt og saurugt. Það grófara, einfaldara náttúrulíf hefur verið mjer alltaf nær og jeg hlakkaði til að komast aptur nær því. Snemma um morguninn hinn 27. September ókum við á vagni heiman að frá okkur — dótið höfðum við sent á undan — og gengum á skipið, sem lá við Gammelholm — það var »Diana«, sem þá var póstskip, en sem síðar var breytt og gerð að herskipi; hún var ekki eins stórt skip og hin síðari póstskipin, sem hingað hafa verið send. Fyrst komumst við til Humlebæk, og var einhver töf á, sem jeg nú ekki man neitt um. Samferðafólk okkar var Símon Johnsen, kaupmaður, Aagaard, sem fór til Vestmanneyja, sem sýslumaður, Sörensen einhver, sem átti að verða prestur á Færeyjum og kona hans [ennfremur einhver Guðmundur, færeyskur sýslumaður(?), stór og kraptalegur, en ákaflega sjóveikur, í hvert skipti sem farið var á stað, þá fór hann í rúmið til að spúa; enn var Effersö, færeyskur stúdent, skyldur Engeyjarfólkinu; þá var og Flensborgar-Johnsen og Hildebrandt, úttaugaður slarkari og allur veikur og spilltur]; þau voru alltaf sjóveik, en þess á milli var Sörensen uppi og var að syngja sálma og súngu lautinantarnir þá með honum, hann hafði með sjer riffil og var annars únggæðingslegur og góðlegur maður, blátt áfram og óbrotinn. Á þrem dögum fórum við um Norðursjóinn og komum hinn 1sta Novembr til Leirvíkur á Hjaltlandseyjum, því þá kom skipið ekki til Skotlands; þrjá daga lágum við í Leirvík í stormi, og fórum þá til Moss Bank og lágum þar enn í stormi til þess 6ta, þá fórum við þaðan og lágum til drifs í roki; hinn 7da sáum við Færeyjar, þær eru háar og klettóttar; við komum í Trangisvaag um kvöldið — þar er svo

þraung innsigling, að stökkva mætti á land af borðstokkunum beggja vegna, held jeg, og þar var alveg ljóslaust. Þar komu Færeyjingar um borð, og hafði jeg gaman af að heyra þá tala, mjer fannst það vera bjöguð íslenzka, og hálf-íslenzkulegir voru þeir; jeg fann að við vorum komin frá Danmörku og heim á leið.

Í Leirvík voru húsin öll úr steini og litlir gluggar, líktust fremur kastölum en öðrum húsum, þar voru engin trje, en stórir og vel hlaðnir garðar, og líktust til að sjá íslenzkum túngörðum; jeg teiknaði eitthvað af þessu.

Í Trangisvaag lágum við þrjá daga í stormi; aldrei fór jeg í land, enda leizt mjer ekki svo dýrðlega á byggingarnar eða landið; en svo fórum við til Kóngshafnar og lágum þar í roki til þess 12ta, og komum til Þórshafnar þann dag, var þá orðið lygnara. Hannes Finsen var þá amtmaður í Færeyjum og vorum við skólabræður; hann kom á bát með mönnum í einkenningsbúningi og bauð mjer heim til sín, en jeg vildi ekki fara neinstaðar í land; hann bauð mjer að láta sækja mig seinna, en jeg fór hvergi — ekki af því jeg misvirti þetta góða og vinsamlega tilboð, heldur af því að jeg hef megna óbeit á þeirri aðferð margra ferðamanna, karla og kvenna, að hlaupa á land alstaðar þar sem skipið stendur við, og hefur opt viljað til, að allt í einu er gefið burtfararmerki, svo fólkið hefur varla náð í skipið — í þessu hef jeg aldrei nennt að standa. Frá Þórshöfn fórum við aptur til Kóngshafnar, því alltaf var rok, og svo aptur til Þórshafnar og loksins þaðan hinn 13da í ágætu veðri. Skipstjóri var Holm, sem var menntaður maður og rithöfundur, ekki alveg laus við skáldskap, drakk stíft, en var aldrei drukkinn, en víndrykkja og sællífi held jeg hafi dregið hann til dauða; hann var bezti drengur. —

Eptir þriggja daga siglingu sáum við Krísuvíkurfjöllin, rauð og vilt, og þótti mjer ekki sem vinalegust, en þá varð jeg feginn. Við komum á Reykjavíkurhöfn í myrkri um kl. 11 hinn 15da Oktober, og gekk innsiglingin tregt, þótt blæjalogn væri, því enginn viti var og ekkert varð greint til fjalla, bláljós og flugeldar voru alltaf sendir upp og skipið látið fara svo hægt sem unt var; loksins eptir langan tíma kom Jón hafnsögumaður, en gerði ekki vitund, heldur fór strax niður í »salinn« og var honum þar gefið púns.

Þar með endar þessi historia.

Ritað 1893—1894. Endað 28. sept. 1894.

Jeg er 64 þumlungar á hæð, vel vaxinn og kviklegur, en sjaldan held jeg mönnum hafi greint meir á en um mig, hvort jeg væri »laglegur« eða »ólaglegur«. Sumir hafa fengið óbeit á mjer, einúngis af að sjá mig, en margir hafa og getað fellt sig við mig, þegar þeir kyntust mjer betur. Í rauninni er jeg eptir mínum dómi »ólaglegur«, mig vantar alveg það sem kallað er fríðleikur eða andlitsfegurð. Jeg hef allsæmilega krapta, samsvarandi minni stærð, hörku og fylgi, en ekki þol að því skapi. Heilsu hef jeg alltaf haft góða, og mundu ekki allir hafa þolað það sem jeg hef gengið í gegnum. Gáfur mínar eru ekki neitt framúrskarandi næmi, en jeg man alltaf það sem jeg les eða heyri, flestallt, en ekki orðrjett utanað, nema sumt óvart. Hugmyndaflug mitt er fjörugt og ríkandi, og þó jeg þyki excentriskur og undarlegur, þá hef jeg samt getað haldið mjer meir í skefjum en margur mundi trúa, ef hann þekti mig alveg. Hugmyndir mínar hafa fylgt mjer ávallt, og jeg hef aldrei misst sjónar á þeim, og

þær hafa aldrei dofnað, þó jeg hafi orðið að bíða árum saman. Jeg er hamhleypa að lesa og fljótur að skilja; en að ritverkum er jeg misjafn, eptir því sem það grípur mig; hugmyndirnar veltast stundum svo ótt inn á mig, að jeg hef ekki við, og missi helminginn af þeim. Þetta kemur raunar af því, hvað jeg hef lesið mikið af allskonar ritum, en jeg hef aldrei tekið neitt frá neinum, nema jeg hafi getið um það. Kvennamaður er jeg ekki, eða flagari, en jeg er skáldlega »forliftur« í öllu kvennfólki. Mjer þykir meira gaman að almúgafólki en hinu fína, því okkar »fínheit« eru carrikeruð Civilisation, en hitt er grófara og náttúrlegra. Fyrir hinum yngri skáldum ber jeg litla virðingu, þeir eru smámenni í poetisku tilliti, hversu mikið sem látið er með þá í blöðunum. Latínu og grísku skoða jeg sem óumflýjanlegan grundvöll æðri menntunar, hvað sem þjóðbusarnir segja. Hin íslenzku fornrit og skáldskapur eru mínar aðalstoðir fyrir utan classicos, þeir sem ekki þekkja þetta eru ónýtir — því þó að menn haldi fram því sem menn kalla »Folkedigter« á dönsku (sem er allt annað en það sem með ljótu nafni er kallað »þjóðskáld« hjer), þá er sjóndeildarhringur þessara skálda ætíð mjög þraungur. Yfir höfuð hef jeg aldrei haldið mjer til annara en höfuðskáldanna, í þeim málum sem jeg annars skil (dönsku — sænsku — þýzku — ensku — frakknesku — latínu og grísku) — um hina varðar mig ekki. — Föðurlandsást mín er hrein og stöðug, en jeg held jeg haldi meir af landinu en þjóðinni, að minsta kosti eins og hún er nú orðin. — Í kunningskap og vináttu er jeg stöðugur og tryggur, og það hefur aldrei verið mjer að kenna þó slíkt hafi losast upp — annars á jeg lítið af vináttu manna að segja, enda finst mjer hún vera orðin eins og annað hjá

flestum. Dani hataði jeg lengi framan af, en jeg hef hætt því við nánari skoðun, þegar jeg lít á hversu mikla yfirburði þeir hafa yfir okkur að ýmsu leyti. Föðurlandsást vantar Íslendinga gjörsamlega, og hefur alltaf vantað, því þótt einstakir fáir menn hafi verið svo, þá hefur þetta aldrei gengið í gegnum alla þjóðina. Nú sem stendur er hjer ekkert prentfrelsi nema á pappírnum, blöðin »tyrannisera« allt hjer með sínum vitleysum og ofstæki, óþrifa ritgjörðum og allskonar slúðri og eru ekkert annað en vopn í hendi beinasna til að yfirfalla hvern þann, með persónulegum skömmum, sem þau þora til við, eða sem ekki er samdóma öllum þeirra uppáfinningum — þjóðin er vjeluð, og mest af blöðunum.

Eptir að við vorum komin á land, þá fórum við strax til Helga Helgasens og Magðalenu, Helgi var yfirkennari barnaskólans og hafði dvalið um hríð í Kaupmannahöfn, að nafninu til sem »guðfræðingur«, en fór heim svo búinn, var alltaf heilsutæpur; kom seinna til Hafnar og leizt þar á Magðalenu, svo fór hann heim aptur og beiddi hennar hjeðan skriflega, en hún tók því strax; voru samfarir þeirra góðar, en Helga naut ekki lengi við. Þegar við komum þá var afmæli Helga, og var Lárus Sveinbjörnsson þar þá, og var veitt puns, en annars var þar ekkert samkvæmi, og ekki bar neitt merkilegt við seinna, en mönnum kom mjög á óvart, að jeg skyldi hafa orðið sá »lukkunnar Pamfilius«, að hreppa þetta kennaraembætti, því allir töldu það víst að Steingrímur Johnsen mundi fá það; jeg frjetti hjer að spurzt hefði að jeg mundi sækja um skólann, og var jeg þá rægður við Klein og ekki dregið af; honum hafði verið sagt að jeg væri örvasa gamalmenni, sem varla gæti

staðið á fótunum, og hef jeg minnst á þetta hjer að framan, en »stiptsyfirvöldin« höfðu gefið Steingrími meðmælingu, sem mun vera alveg óvenjulegt. Morguninn eptir var rigning og íll færð, og allt ömurlegt hjer, fannst mjer bærinn ekki sem bezt útlítandi og gat jeg varla sagt að jeg kynni vel við mig fyrst, en ánægjan með að vera sloppinn úr Hafnarverunni og kominn hingað heim kæfði niður allt sem mjer fannst miður fara. Jeg fór fyrst að heilsa upp á Hilmar Finsen sem »embættismaður«, og svo til Rektors svo sem »skólakennari«, því nú var jeg kominn í »vinnumennskuna« sem jeg hafði sókst eptir, en var mjer alltaf ógeðfeld. Ekki fór jeg að heilsa upp á annað af »heldra fólkinu«, jafnvel þó það sje siður, nema Geir Zoëga og Jón Árnason (sem þá var umsjónarmaður í skólanum og landsbókavörður); hitt hirti jeg ekkert um og líkaði konunni minni það ekki, því hún var meira en jeg gefin fyrir »höfðingjafólk«. En mjer fannst það vera eitthvað undarlegt, þar sem jeg var alveg ókunnugur öllum, og gat svo litið út að jeg vildi með þessu gera byrjun til kunningskapar og trana mjer fram, en þetta leiðir af sjer heimboð og gestagang, en hagur okkar var ekki svo, að hann leyfði okkur að keppa við fólk, sem hafði þrisvar eða fjórum sinnum meira að lifa af, en við höfðum. Við vorum nokkra daga hjá Helgasen, því þá var ekki auðvelt að fá húsnæði, og loksins fengum við »Doktorshúsið«, herbergin öll niðri, fyrir 24 kr. um mánuðinn, og var það dýrt fyrir mig, þar sem að launin voru þá ekki nema 1200 kr. á ári. Þá átti Sigurður Vigfússon gullsmiður »Doktorshúsið«; hann var kallaður Sigurður »fornfræðingur« og »forni«; hann átti Ólínu fyrir konu, dóttur Bennesens sýslumanns, og var þriðji maðurinn hennar, en bróðir

Guðbrands Vigfússonar málfræðings, sem fór til Öxnafurðu og gaf þar út ýms fornrit og andaðist þar. Við Sigurður höfðum kynst nokkuð í Kaupmannahöfn, svo jeg var honum ekki ókunnugur, enda samdi okkur vel, eins og mjer hefur jafnan samið við þá, sem hafa leigt mjer hús, því að jeg hef ætíð borgað þeim á vissum degi.

Þegar við fórum nú að búa í Reykjavík, þá kom það fljótt fram, að við höfðum varla það sem við þurftum nauðsynlega; lífið heimtaði svo margt, og fleira þarf til lífsins en húsnæðið, matinn og fötin, og þó að við værum alls ekki eyðslusöm, þá vorum við heldur ekki svo íhaldssöm sem þurft hefði, enda heimtaði bæjarlífið ýmislegt fleira en lífið okkar í Kaupmannahöfn. Egill og Þorsteinn bræður mínir hjálpuðu okkur í mörgu, enda óbeðið, og gáfu okkur margt; Egill borgaði jafnvel töluverða peninga mín vegna fyrir flutning á farangri okkar og margt fleira gerðu þeir fyrir okkur, og ekki var Geir Zoëga eptirbátur þeirra í því; má jeg ætíð með þakklæti minnast allrar þeirrar hjálpar sem þeir ljetu okkur í tje.

Herbergin í Doktorshúsinu voru fremur ljeleg, eptir því sem nú tíðkast; enginn ofn sem notaður varð nema einn »bíleggjari« upp á gamla móðinn, og opt rauk hann — enda er nú hætt að hafa þesskonar ofna, og munu þeir varla sjást nema sem fornleifar. Samt sem áður sættum við okkur við þetta; að vera kominn á fastan fót deyfði alla óánægju og aðfinningarsemi, einkum þar sem þá var nær ómögulegt að fá húsnæði í bænum. Má nærri geta að jeg komst ekki af með 1200 króna laun, þar sem nær 300 krónur gengu til húsaleigu og þar með fylgjandi ýmislegs annars; seinna voru launin hækkuð upp í 2000 krónur og þar af hlaut jeg að borga 300 kr. sem húsaleigu og 211 kr. í ekkjukassa, því jeg var miklu

eldri en konan mín; voru þá eptir 1400 kr., og má nærri geta að ekki varð hjá skuldum komist, einkum af því við gátum ekki einangrað okkur svo, að við tækjum engan þátt í lífinu.

Við embættafólk höfðum við svo að segja engan kunningsskap; jeg hef ávalt verið því frásneiddur, og það myndaði hálfdanska »klikku«, ógeðslega og ómenntaða, eins og ætíð síðan. Við höfðum orðið samferða Símoni Johnsen, sem var sonur Hannesar Johnsens Steingrímssonar biskups, og bróðir Steingríms, sem hafði sótt um skólann á móti mjer, en fjekk ekki; skyldu menn halda að einhver kali mundi vera frá þeirra manna hálfu til mín út af þessu, því slíkt hefur oft orðið fyrir öðrum. En því fór fjarri að svo væri.

Við komum til Símonar og þeirra nokkru eptir að við komum heim, og var okkur svo vel tekið sem ekkert hefði fyrir komið, og aldrei hef jeg orðið annars var frá þeim en ágætishugar og drenglyndis. Hversu margir hafa ekki farið í fullan fjandskap út af því að þeir urðu undir? Annars höfðum við kunningsskap við Helga og Magðalenu, við Geir Zoëga, sem seinna gerðist kaupmaður, við Egil bróðir minn og Ólínu, sem þá voru í »Glasgow«. Svo þekti jeg líka Jón Guðmundsson frá eldri tíðum, Jón Árnason, Árna Gíslason (leturgrafara) og fleiri, en enga embættismenn svo að við kæmum saman við þá.

Þarna vorum við nú fyrsta veturinn, en um vorið seldi Sigurður húsið sjera Sveini Níelssyni, og hlutum við þá að fara þaðan, húsnæðislaus stóðum við þá í mestu vandræðum, og leituðum víða fyrir okkur, sumir gátu ekki en sumir vildu ekki — sumstaðar var ekki annað að fá en háð og ónot. Þá bauð Jón Guðmunds-

son okkur að fyrra bragði húsnæði hjá sjer; hafði hann heyrt um vandræði okkar, og átti jeg þó þetta ekki skilið af Jóni þar sem jeg hafði ritað þjösnalega um hann í »Gefn« út af einhverju sem jeg hafði heyrt að hann hefði átt að segja um katólskuna í okkur Ólafi Gunnlaugssen, sem líklega hefur verið ómerkilegt; en það var eins og ekkert hefði komið fyrir, og voru þau hjón okkur svo góð að ekki varð betur á kosið. Þarna, í húsi Jóns Guðmundssonar, dvöldum við eitt sumar, og þar fæddist Helga mín; frú Hólmfríður gaf henni nafn móður minnar. Á meðan konan mín lá á sæng var Magðalenu-Þuríði komið fyrir hjá Geir Zoëga og Guðrúnu konu hans. Um haustið gat jeg fengið Bjarna á Esjubergi til að leigja mjer herbergi í húsi því er hann hafði keypt þá; það var »Arents-hús«, sem Helgi biskup hafði keypt og búið í (jeg hef getið um það áður), en var þá til sölu, og vildi Sigurður Melsted að jeg keypti það, en jeg sá mjer ekki slíkt fært. Þar settumst við þá að niðri; en í efri herbergjunum bjó Pjetur Pjetursson (sem síðar varð bæjargjaldkeri, hafði áður verið við verzlun og lögreglumaður). Konan mín var borin þangað, því hún var enn svo óstyrk; annars voru þau herbergi slæm, köld og súgsöm, ofnar slæmir; þar dó Magðalena litla (22. Marts 1876). Þá var hjer í bænum Þorlákur Johnsen, sonur sjera Ólafs Johnsens á Stað á Reykjanesi vestra, hann var mágur Jóns Sigurðssonar og þannig nátengdur honum, en þetta hafði afarmikil áhrif á Þorlák. Bjarni á Esjubergi var stórauðugur, kona hans hjet Kristín, og voru þau hjón bæði samtaka um að varðveita auðinn, þau áttu eina dóttir barna, Ingibjörgu, laglega og góða stúlku. Þorlákur fór að kenna henni ensku og varð brátt »skotinn« í stúlkunni og var ekki lengi að fá hana sem

von var, því Þorlákur var einhver hinn snyrtilegasti maður, sem hjer var þá, fríður og fjörugur, og vel klæddur, gáfaður frelsisvinur og allra hugljúfi. Þá hjelt hann hvert trúlofunargildið á fætur öðru, allt upp á Bjarna pýngju, og hann sem alltaf hafði haft orð á sjer fyrir naumleik og fjeglöggni ljet nú undan og vasaðist í öllu þessu, gekk allt í gleði og glaumi og var mörgu fólki boðið til þessara festardaga, þá var og Matthías hjer, mágur Þorláks, og fleiri fjörmenn, en samt þókti nóg um þetta. Svo giftist Þorlákur eptir nokkurn tíma, og þá urðum við að flytja upp í herbergin, en Pjetur fór þá burtu; Þorlákur og Bjarni bjuggu niðri. Þarna vorum við eitthvað sjö ár; húsið var gott, tvær stórar stofur og tvö minni herbergi og eldhús; en svo fór Þorlákur að eiga börn, og þurfti að hafa meira um sig, svo við gátum ekki verið þar lengur. Annars er ekki mikið um veru okkar þar að segja, jeg var þar meginhlutann af skólaveru minni, sem síðar skal skýrt frá. Þar eignuðumst við eina dóttir, sem var skýrð Magðalena, eins og hin fyrri, en nafnið vildi ekki lánast, hún dó 3. November 1879, fárra ára gömul. Helga var alltaf frísk. Ýmislegt fólk kom þá til okkar og við aptur til þess, voru þá alltaf smágildi á víxl; þetta fólk var Sjera Matthías og Guðrún kona hans. Jón Steffensen kaupmaður, Helgi Helgason og Magðalena, við aðra höfðum við ekki kunningskap, en í rauninni var þetta þó nokkuð kostnaðarsamt, einkum þegar stórveizlur urðu — um 30 manns voru hjá okkur stöku sinnum, því við vildum þá steypa öllu saman í einu, heldur en að vera að sífeldum smágildum; embættafólk var ekkert nema kannskje einn eða tveir kennarar af lægri tegundinni eins og jeg. Þann 13. Apríl 1878 sátum við í brúðkaupi Jóns Steffensens

og Sigríðar, og þann 29. Oktober sama ár í brúðkaupi Markúsar Bjarnasonar og Bjargar. Það hjeldu þeir Jón Rektor og Geir Zoëga og voru þar um 100 manns; þá orti jeg kvæði og var súngið yfir borðum og svo eptir að upp var staðið; Sjera Matthías hafði og ort, og undir raularalagi sem alls ekki tók sig út í saung; (hann gekk á milli manna og sagði við alla »æ, sýngið þið líka mitt kvæði« — en það varð ekki). — Landshöfðinginn hjelt öllum embættismönnum veizlu einusinni á vetri, en tvo fyrstu veturna var okkur ekki boðið þangað, jeg veit ekki hversvegna þannig var gengið fram hjá okkur einum, en víst hefur eitthvað verið sagt um okkur; seinna var okkur samt boðið, eins og öðru embættafólki, en ekki voru þær »veizlur« mjög skemtilegar fremur en vant er og hefur verið fyrr og síðar. Eitt alþingissumar voru þau hjá okkur þingtímann, Eiríkur Kuld mágur minn, og Þuríður systir mín, kona hans, varð þá mjög kostnaðarsamt og skuld mikil ofan á; þá voru þau hjónin ásamt Egli bróður mínum og Ólínu konu hans boðin í gildi til Pjeturs biskups, en ekki þótti sæma að láta okkur vera með. — Annars var konan mín aldrei vel heilsugóð, og hafði aldrei verið; var alltaf verið að leita lækna, allra sem komu á herskipunum — við höfum líklega verið eins og gerist, ætlað að þeir vissu meira en læknarnir hjer, en enginn gat sagt hvað að henni gengi, ekkert hjálpaði, raunar lá hún ekki, en þetta sló þó deyfðarblæ yfir lífið, og enga skemtun hafði jeg nema að fást við að leita að kvikindum í fjörunni og teikna þau, hafði jeg til þess öll hjálparmeðöl, sem jeg náði í, en enginn styrkti mig til þess og ekkert vinalegt orð fjekk jeg. Stöku sinnum var riðið út, hafði jeg ekkert gaman af því, þar sem jeg er enginn reiðmaður, gerði

jeg það fremur af þægð en fýsi. Jeg fór eitt sumar í Þerney, ætlaði að safna þar kvikindum; þar var þá verið við heyvinnu frá Geir kaupmanni Zoëga og Sigurði Arasyni, sem báðir áttu eyjuna. Þar var jeg eitthvað viku, og fann ýmislegt, en hafði engan frið til að vera þar, því það var svo hrætt um mig, hjelt jeg færi mjer að voða, eða mundi drekka, eða jeg veit ekki hvað, svo jeg var sóttur eptir lítinn tíma, hálfnauðugur. Hafði jeg litla ánægju af þeirri ferð. Geir mágur minn (bróðir konunnar minnar) sigldi til háskólans 5. August 1878, og daginn eptir riðum við að Þingvöllum, ásamt sjera Matthíasi og konu, og frú Benediktsen og Ingileifu dóttur hennar; ekki varð mjer þessi ferð til skemtunar fremur en aðrar útreiðar. Seinna um haustið kom stórviðri um nótt, svo jeg fór á fætur og byrjaði að yrkja »Þingvallaferðina« — þar er sagt frá því sem þar gerðist, en sama má segja, eða svipað, um þetta eins og Goethe segir: »dass darin kein Strich erhalten, der nicht erlebt, aber kein Strich so, *wie* erlebt worden« — það var svona og þó ekki svona. Þetta kvæði gaf jeg út í kvæðabókinni minni miklu seinna, en vorir »gáfuðu« nútíðarmenn gátu ekki fundið mikið við það, að segja þeir sem þá voru farnir að eldast, þeir voru orðnir of gamlir til þess, enda allur skáldskapur þá orðinn eptirstæling eptir Dönum og Norðmönnum. — Svo er fljótt yfir sögu að fara, nema hvað Willard Fiske kom hingað frá Ameríku og með honum stúdent nokkur, Carpenter að nafni, dvöldu þeir hjer um veturinn og komu opt til mín; svo komu og ýmsir aðrir, einkum Englar og Þjóðverjar. — Síðan var okkur sagt upp húsinu sem við höfðum búið í og var þá ekki annað fyrir en að koma sjer upp kofa yfir höfuðið á sjer, þótt engin væru efni til og enginn hjer að

leita til. Jeg fór þá suður að Görðum til sjera Þórarins frænda míns, og lánaði hann mjer 500 króna veð, en Egill Hallgrímsson í Vogum aðrar 500 krónur. Egill og jeg vorum systkinasynir, hann mun hafa verið einna ríkastur maður þar syðra; einkennilegur að ýmsu, gáfaður og vel að sjer á sinn hátt, afar mikill forkur og aflamaður. Við fengum Helga snikkara til að taka að sjer bygginguna og hann lofaði að fyrra bragði að byggja handa okkur gott og nægilegt hús fyrir 4000 krónur, en þegar til kom kostaði það 7000. Dr. Jónassen hjálpaði okkur með því að fá August Thomsen til að leggja til efnið, og gerði hann það vel og rækilega. Reisugildi mikið var haldið þann 16. Julí 1881 og gekk þá allvel, en konan mín var alltaf lasin og tók ekki á heilli sjer, og við vorum varla flutt í húsið fyrr en hún andaðist þar (19da November 1881) — þá byrjuðu aðrir dagar.

Eins og allir sjá, þá er í þessum minnisblöðum ekki fylgt áratali eða nákvæmri rás viðburðanna, enda gerist þess ekki þörf, og slíkt kemur fyrir í öðrum æfisögum. Jeg verð því nú að fara aptur í tímann og segja frá ýmsu, sem gerðist laungu fyrir þann tíma, sem jeg er þegar búinn að rita um.

Jeg byrjaði að kenna í skólanum þann 26. Oktober; ekki var jeg »præsenteraður« fyrir kennurunum sem collega novus, enda þurfti þess ekki, þar sem þeir þektu mig allir, og ekki kom jeg til neins þeirra nema Halldórs Friðrikssonar. Jón Árnason var þá umsjónarmaður í skólanum og bjó þar; var okkur þar ætíð vel tekið, enda voru þau hjón gestrisin og vel metin af öllum. Annars sýndu kennararnir mjer engan hlýleik, þeir voru mjer raunar ekki afundnir, en heldur ekki meir, var auðfundið að þeir hlutu að láta sjer lynda að jeg kæmi.

En sama mátti raunar segja um þá alla saman innbyrðis: enginn kunningskapur nema ofan á, hver pukraði út af fyrir sig. Jeg var látinn kenna í neðri bekkjunum latínu, dönsku, landafræði og teikningu seinna; svo tók jeg við kennslunni í dýrafræði og steinafræði eptir Hannes Árnason. Þá bjó Smith kaupmaður í »Smithshúsi«, sem Stefán Gunnlaugsen hafði áður bygt og búið þar; seinna keypti Hannes Hafstein húsið og loksins Guðmundur Björnsson hjeraðslæknir (sem býr þar nú 1905). Þau Smithshjónin höfðu ávallt verið mjer góð; Smith var aldrei heima, því hann stundaði verzlunina og þar verzlaði jeg einna mest; frúin ljet mig jeta morgunverð á hverjum degi ókeypis, en svo langt var heim til mín, að ómögulegt var að eiga við það fyrir mig á þeim hálfa tíma sem til þess var ætlaður eða í »korterinu« sem kallað var. Jeg kom ætíð fyrstur í skólann á morgnana, í hvaða veðri og færð sem var, enda var mjer ekki hlíft, og optast nær varð jeg að kenna allar kennslustundirnar frá 8—2, og tók jeg það ekki nærri mjer, þar sem jeg var nýr af nálinni og fullur af fjöri. Náttúrlega var jeg fyrst framan af í áliti eins og allir sem eru nýjir — eiginlega alltaf hjá piltum; jeg átti að kunna allt og geta allt, eins það sem jeg hafði aldrei fengist við og ekki hafði neina hugmynd um — einu sinni þraungvuðu þeir mjer til að vera »instructeur« við sjónleiki, jafnvel þó jeg ekkert vit hefði á, eða grip á slíku; þeir sem síðan hafa tekist þetta á hendur, hafa heldur ekkert vit haft á því. Fyrsta veturinn var ekki skipað að kenna teikningu í skólanum, en af því það var alkunnugt að jeg var teiknari, þá tóku allir piltar sig saman um að fá mig til að segja sjer til í þessu, og gerði jeg það þá, þótt jeg vissi að þetta var aðeins nýjunga uppþot, enda lærðu þeir

ekkert af mjer í því efni; þeir hjeldu að þetta væri einhver galdur eða svartakonstir, en þegar þeir sáu að það er ekki annað en æfing, sem mest er komin undir náttúrugáfu, trjenuðust þeir skjótt upp á því; sumir vildu líka strax teikna eptir stórum og flóknum myndum, landsplássum og þesskonar og ljet jeg þá ráða því, jeg vissi hvort sem var, að þetta var tómt humbug. Jeg get ekki stilt mig um að tilfæra hjer orð Collingwoods, sem var teiknari sjálfur og ferðaðist hjer og gaf út myndir af íslenzkum stöðum; hann hefur samið bók sem heitir »the philosophy of ornament« (prentuð 1883); hann segir: »There is nothing more lamentable than the attempt to teach design by rote and rull. It can only be taken by natures wich are born for it . . . «. Opt er talað um að einhver »læri« hjá málara, en þessi »lærdómur« er eiginlega ekkert annað en æfing, að draga upp og mála eptir öðru, annaðhvort eptir mynd eða þá náttúrunni; hafi nemandinn enga gáfu til listarinnar, þá getur hann enga list »lært«; kennari getur fundið að og bent á ýmislegt, að það sje rangt eða fari betur, en hann getur ekki gefið nemandanum neitt nema hann (nemandinn) geti tekið á móti því. Skussar og klaufar eru opt hafðir í hávegum, ef þeir hafa hangið við teikningar hjá einhverjum meistara um hríð. Fyrir þessa »kennslu« vildi jeg ekkert taka, en piltar gáfu mjer fiðlu sem þeir pöntuðu utanlands frá og kostaði 60 krónur. Eins fór líka seinna þegar teikning var skipuð, þá kenndi jeg í 1sta og 2m. bekk, en fáir sinntu því; jeg gekk heldur ekkert eptir því, þar sem ekki voru neinar einkunnir gefnar, þetta aldrei sett í próf enda fyrirlitið af skólastjóra og skólastjórn. Annars var þetta skólaverk leiðinlegt og tilbreytingalaust, en piltar voru mjer ávallt ljúfir og gerðu

enga útúrdúra nje »kúnstir« við mig, enda gaf jeg enga ástæðu til þess. Á fyrsta kennarafundi átti jeg að rita nafn mitt í »protokollinn« ásamt með hinum kennurunum; þá var Hannes Árnason enn kennari í náttúrusögu; skipaði Rektor mjer þá að skrifa undir, en Hannes mótmælti að jeg skrifaði undir á undan honum og sagðist vera settur kennari með konunglegri Resolution og varð þras út úr þessu milli hans og Rektors; en svo fór að Rektor rjeði, en jeg hirti ekkert um þennan matning og stóð mjer öldungis á sama. Piltum varð þegar vel til mín; raunar hafði jeg enga nánari viðkynningu af þeim og gaf mig ekki að þeim meir en jeg þurfti, en jeg setti mig ekki út til að finna að smámunum sem strax duttu niður, og aldrei kom það fyrir, að jeg hefði ástæðu til að klaga eða »notera«, og var fundið að því við mig, jafnvel í áheyrn piltanna sjálfra, svo mikið var »taktleysið« og smámennskan. Annars bar lítið merkilegt við í kennarastöðunni; á kennarafundum gekk allt ómerkilega til, sem nærri má geta, og gat jeg enga virðingu fengið fyrir öllu þessu; fyrst framan af gat jeg raunar fengið nokkrar góðar bækur keyptar til skólans — hinir kennararnir hirtu ekki um slíkt, enda munu þeir ekki hafa þekt mikið til bóka; en annars fór ætíð svo, að legði jeg eitthvað til, eða ljeti einhverja meiningu í ljósi, þá var ætíð siður að skeyta því ekki, en láta sem jeg hefði ekkert sagt. Eitt dæmi man jeg, sem sýndi aðferðina (jeg man nú ekki árið): eitthvert vor rituðu piltar bónarbrjef til Rektors um að vorprófið yrði haldið nokkru fyr en til var ætlast, svo þeir gætu notað póstskipið, því það var ódýrara og þægilegra en að fara landveg. Var þá haldinn kennarafundur, og spurði Rektor kennarana, hvort þeir sæi sjer fært, að halda prófið eptir ósk pilta.

Jeg kvaðst vera búinn að undirbúa þá í mínum kennslugreinum, og væri ekkert því til fyrirstöðu frá minni hálfu. En allir hinir hófu upp dómadags hrókaræður um að þeim væri þetta ómögulegt, það þyrfti svo ítarlega að fara í með piltunum, svo árangurinn varð sá, að piltunum var tilkynnt, að þetta gæti ekki fengist. Þá rituðu piltar landshöfðingjanum (Hilmari Finsen), en hann ritaði aptur Rektor, og mælti með að piltar fengi óskina uppfyllta. Þá var aptur skotið á kennarafundi, og kennurunum tilkynnt brjef landshöfðingjans, en þá var ekkert til fyrirstöðu, þá sögðu þeir að þetta væri lafhægt! Annars var eins og jeg væri látinn verða fyrir meiri útásetningum en aðrir, jeg stundaði embætti mitt jafnvel reglulegar en flestir hinir og kom í skólann á morgnana fyr en þeir — Jón Árnason, sem þá var »inspector« sagði að þetta væri »peccare in meliorem partem« (hefur heyrt eða sjeð þetta einhverstaðar). Jeg kendi latínu í 1sta bekk (hærra komst jeg ekki), en hún var óskabarn Rektors, sem jeg ekki lái honum. Nú á fyrsta miðsvetrarprófi prófaði jeg, sem sjálfsagt var, og var Rektor sjálfur þá prófdómandi. Jeg þóttist spyrja full-ítarlega, en þá fór hann að spyrja líka, og spurði að mýmörgu sem piltarnir ekki höfðu lært og lá fyrir utan kennsluna t. a. m. að mynda tempora, sem hvergi kom fyrir í nokkurri skólabók, og kannskje hvergi, og varð loksins úr, að jeg hætti að spyrja, en hann spurði einn, og má nærri geta, að mjer mislíkaði, þó jeg þegði, en þannig var tekið fyrir hendurnar á mjer framan í öllum piltum. Eptir að þetta latínupróf var af staðið, þá ætlaði Rektor að lesa upp einkunnirnar, eins og vant er, en þá fór jeg strax út og allir piltarnir þutu á eptir mjer, en Rektor stóð einn eptir. Þetta var nú kannskje ekki rjett gert

af mjer, en jeg var orðinn svo sár af þessari aðferð, að jeg gleymdi mjer, og kom þetta samt alls ekki til af kala við Rektor eða mótþróa, því hann var ætíð ljúfur og góður, þó hann væri heldur talhlýðinn, en þetta var »taktleysi«, sem særði mig. Fyrir kom það og, að jeg fjekk ávítur, að mörgum piltum áheyrandi, fyrir það, að jeg hefði verið of fljótur í opinberu prófi, að prófa; utanskóla-censorinn sagði ætíð til, hvenær hætta skyldi, og þegar piltarnir kunnu reiprennandi og svöruðu fljótt, þá þurfti engin viðstaða að verða; en auðsætt er að öðru máli er að gegna þegar pilturinn kann ekki og þarf að leiða hann og bíða eptir svarinu. Þá fjekk jeg einnig ávítur í áheyrn pilta fyrir það, að jeg »noteraði« aldrei, en fyrir hvað átti jeg að »notera«? — Piltar gerðu aldrei neitt af sjer í mínum kennslutímum, og annars vissi jeg ekkert um þá, en jeg var ekki á hælunum á þeim til að njósna, og fráleitur öllum milliburði eða rógi, sem sumir hafa til þess að koma sjer vel — ef nokkur vill hlusta á slíkt. En allt þetta og fleira gerði mig leiðann á þessari »vinnumennsku«.

Þannig gengu þessi skólaár, slysalaust að kalla; piltar hjeldu meira upp á mig en hina kennarana, og mun það ekki hafa bætt fyrir mjer hjá þeim, þó þeir ekki ljetu bera á því. Jeg hef áður minnst á að jeg ljet það eptir þeim fyrsta veturinn að láta þá teikna, og var það í rauninni rangt, þar sem öll áhöld vantaði og fleira var til fyrirstöðu; af því jeg vildi ekki taka borgun, þá gáfu þeir mjer fiðlu, sem kostaði 60 krónur; var sú gjöf raunar gefin af góðum hug, en betur hefði mjer komið að fá eitthvað annað t. a. m. vísindalegt verk, því þó jeg hefði áður klimprað eitthvað á fiðlu, þá hafði jeg lagt það niður fyrir mörgum árum. Þeir gáfu og stóran

og dýran silfurskjöld á kistu konunnar minnar, þá er hún var jörðuð, og alltaf voru þeir mjer ljúfir og góðir, þótt jeg ekki sæktist eptir því. En þetta fór allt út um þúfur seinna, þegar þeir þroskuðust og voru komnir úr skólanum — að minnsta kosti þeir sem gerðust rithöfundar og skáld og var það samkvæmt eðli tímans, að lýsa allt hið eldra ónýtt, en trana sjálfum sjer fram með hroka og sjálfbyrgingsskap, en þó með magurri og einhliða þekkingu. Kom þetta þegar í ljós þá er »hið únga-Ísland« settist í hásætið og hafði ekki annað að nærast af en smáskáld Dana og Norðmanna og Georg Brandes. Þá átti að koma tómur »Realismus«, það rómantiska var útskúfað (þótt þeir vissu ekkert hvað rómantiskt var) hugmynda og hugsjóna skáldskapur var lýstur óhæfur og ekki mátti yrkja um annað en það »sem er«. Það sem mest skemti mjer á þessum skóla-árum var náttúrusagan, einkum dýrafræðin og að fást við íslenzk dýr; jeg var alltaf að safna kvikindum og teikna þau, þegar jeg komst höndunum undir, stundum fjekk jeg dálítinn styrk til þess, og var þá ákveðið að skólinn skyldi eiga þetta sem jeg teiknaði, en því hefur ekki verið fylgt; seinna fjekk jeg styrk frá Alþingi, ónógan og með eptirtölum, og þá átti landið að eignast þetta; þessu hefur heldur ekki verið fylgt eða haldið fram, og aldrei til tekið, að það skyldi látið af hendi fyrir ekkert, enda er alstaðar siður að menn eiga sjálfir verk sitt, þótt styrkur hafi veittur verið, og þannig var það með »þjóðmenningarsöguna«; jeg hafði fengið styrk til hennar af stofnun þeirri sem kend er við Hjelmstjerne — Rosenkrone, jeg hafði safnað á marga seðla (c: 40.000) og skildi jeg það eptir á háskólabókasafninu hjá Professor Thorsen, en þegar jeg var kominn hingað heim, þá voru mjer sendir

allir seðlarnir, alveg óbeðið. Þessi undirbúningstilraun til þjóðmenningarsögu Norðurlanda hef jeg alls ekki haldið áfram, því jeg hef engan styrk fengið, sem gerði mjer það mögulegt; í styrkveitingu sinni ætlaði Alþingið til þess 400 krónur, þar sem enginn mundi hafa látið sjer nægja minna en 1000 eða 2000, en þingið sýndi fávizku sína í þessu sem öðru.

Jeg fekkst því eingöngu við dýra-safnið, en tilgangur minn var aldrei sá, að uppgötva eitthvað nýtt, heldur að safna á einn stað því sem til var, og þekt áður; nú gat jeg ekki fengið allt sjálfur, og varð jeg því að teikna margt eptir öðrum myndum, eins og algengt er í slíkum safnverkum, en jeg valdi aldrei aðrar en áreiðanlegar myndir til fyrirmyndar. Svo var jeg þar að auki einn míns liðs, jeg hafði engin ráð til að fá aðstoðarmenn, enginn tók þátt í þessu með mjer, og enga upphvatningu fjekk jeg, hvorki til þess, nje annars sem jeg hef gert, miklu fremur ónot og fyrirlitningu, sem við var að búast, þar sem enginn hjer hafði vit á að hirða um annað en matinn og peningana, lifa í eyðslu og býlífi, en allt frá snúið öllu andlegu. — Svo fyrst, þegar jeg fór að kenna dýrafræði og steinafræði, þá samdi jeg kennslubækur á íslenzku, og kenndi eptir þeim (en nú er alltaf kennt á danskar bækur, sem nemendurnir varla skilja, sumt á blöð full af vitleysum). Jeg fjekk styrk til þessa og gaf hann ásamt upplaginu Birni ritstjóra — jeg hugsaði ekki um ábata — þá samdi jeg einnig landafræði, en ekkert af þessu var notað til kenslunnar lengur en jeg var við skólann, þá var öllu fleygt og allt lýst ónýtt (öfund, illgirni og leti hafa lengst af ráðið hjer) og þannig var öllu því fje, sem til þessa hafði verið veitt

sóað til einskis, án þess Rektor eða skólastjórn skipti sjer nokkurn hlut af.

Árið 1878—79 var Jón Sveinsson settur kennari, einkum í frakknesku, en hann var svo latur og værugjarn, að hann nennti engu, hýmdi hjer einn vetur og fór síðan, annars góðmenni og fylgdi reglunni »leben und leben lassen«, rólegur og meinlaus drykkjumaður. Hann andaðist seinna í Kaupmannahöfn, nennti ekki að lifa, að sagt var, hjeldu menn hann hefði tekið eitthvað inn. Hann hefur ekkert ritað (var hálfbróðir Hallgríms biskups og sonur Guðnýjar, sem orti fallega kvæðið: »Endurminningin er svo glögg«, sem prentað er í 3ja ári Fjölnis).

4ða Mai voru þau jörðuð hjónin Jón Sigurðsson og Ingibjörg; þá var mikið um dýrðir. Ekki var jeg kvaddur til að yrkja við það tækifæri, það var fyrst allra seinast, að jeg var beðinn að yrkja eitthvað, sem var seinast sungið við gröfina — hefði jeg að rjettu lagi átt að neita því.

Nokkru áður komu þeir til skólans: Sigurður Sigurðsson og Björn Magnússon Ólsen. Báðir voru kandidatar í málfræði og má nærri geta að Rektor var í sjöunda himni út af þeirri »acquisition«, hann sem lifði og hrærðist í latínu og mat enga menn, nema þá sem höfðu »philologicum magnum«. Sigurður var gæfur maður og letilegur, fjörlítill og þunglamalegur, hafði lagt sig eptir frönsku, en ekki ímynda jeg mjer að hann hafi haft liðugleika nógan til góðs framburðar. Hann átti hina afar stóru orðabók Littrè's, sem fáir eiga nema bókasöfn, en þetta þótti Rektor svo merkilegt, að þegar hann fann Steenstrup í Höfn seinna, [Jón Rektor var þá á ferð til Uppsala, hafði verið kosinn til að vera við afmæli há-

skólans þar. Jeg skrautritaði ávarp í því tilefni.] þá sagði hann honum frá Sigurði, sem einhverjum fyrirtaks-vísindamanni, og taldi honum það til gildis að hann átti Littrè. Sigurður drakk drjúgum og gekk drukkinn svo lítið bar á, en hann var meinlaus og hægur, og var ekkert fundið að því þó hann væri drukkinn í kenslustundum sínum, ekki fremur en við hina tvo Gísla Magnússon og Halldór Guðmundsson, sem báðir voru þráfaldlega drukknir í kennslutímunum; það þótti nóg að þeir kæmu en ekkert hirt um *hvernig* þeir kæmu. Veturinn 1876—77 voru þeir drukknir í kennslustundunum hjer um bil hvern virkan dag, þeir Halldór og Gísli, og svo í opinberum prófum, framan í öllum, og var ekkert um talað. Sigurður drukknaði seinna um sumar, ásamt Larsen, verzlunarfulltrúa Thomsens; voru þeir á leiðinni yfir í Elliða-ár á báti í blæjalogni, einn drengur fór með þeim nauðugur, og veit enginn hvernig það slys atvikaðist.

Björn Magnússon Olsen (hann kallar sig ætíð svo, líklega til þess að minna á föður sinn) kom nú sem »settur« til skólans, og var það mjög óheppilegt »element« sem þar kom inn í skólalífið og eitraði það frá rótum. Björn var framgjarn mjög og þó óhreinlyndur, hjelt sjálfum sjer fram og komst þegar í spenningu við pilta og mig. Hann elti Rektor á röndum eins og hundur, og bar allt í hann, hvern smáhlut sem honum fannst aðfinnsluverður, svo alltaf gekk á tómu bulli við pilta; Rektor talhlýðinn og hrifinn af þessum latínu-kandidat, trúði honum eins og nýju neti, og allir hlutu að blikna fyrir þessari upprennandi latínusól. Sem dæmi þess hvernig Björn tranaði sjer fram má nefna það, að hann fjekk Rektor til að láta prenta í skólaskýrslunni 1880—81 æfiágrip þeirra Bjarnar og Sigurðar (þeir urðu að

fylgjast að, eða Björn dró hann eptir sjer, því þeir komu báðir saman til skólans og voru skólabræður og latínukandidatar); þar stendur að þessi æfiágrip sje samin eptir tilmælum Rektors, en nærri má geta að það er ósatt, hvernig sem á því stendur, að þannig er í skýrslunni; það er Björn, sem talið hefur Rektor trú um að það ætti svona að vera, hver sem þekti Jón Þorkelsson vissi og veit að honum mun aldrei hafa dottið þetta í hug, en Sigurður, stallbróðirinn varð náttúrlega að fylgja með, þetta hefur aldrei verið gert, hvorki fyr nje síðar, jafnvel ekki við Rektorana og er ekki siður nema við Doktors-disputaziur við háskóla — en Björn Magnússon Olsen þurfti endilega að trana sjer þarna fram. Hann vildi þegar fá fram ýmsar nýjúngar, sem þóttu og voru óþarfar; eitt var það, að piltar voru látnir kaupa smábækur óskrifaðar, og áttu kennararnir að rita þar á lýsingu á hverjum pilti, um gáfur hans, lunderni og jeg veit ekki hvað. Rektor hlýddi þessu eins og fleiru. En úr þessu varð tóm komik hjá mjer, og olli það misklíð, en Björn varð ávalt ofan á, þar sem hann hafði Rektor í vasanum til hvers er hann vildi, hinir kennararnir þögðu og ljetu allt gott heita. Eitt varð og til þess að fella mig. Það hafði komist upp um einn pilt, að hann hafði tekið bók annars pilts, rifrildis-skruddu og varla 10 aura virði, og látið binda og sett nafn sitt á; þetta klagaði eigandinn, sem hefur verið einhver ræfill, svo nú komst þetta fyrir og var skoðað sem stór-þjófnaður. Ekki veit jeg hvort Olsen hefur átt þátt í þessu sem á gekk, út af þessu. En svo átti að reka piltinn úr skóla, en jeg setti mig á móti þessu, því mjer fanst þetta allt svo ómerkilegt að ranglátt væri að láta piltinn gjalda þess svo freklega; jeg skoðaði þetta sem drengjaskap og

hugsunarleysi. Sjera Þórarinn var fjárhaldsmaður piltsins og skrifaði jeg honum til og sagði frá öllum málavöxtum (þetta var seint í December 1882); var svo haldinn mikill kennarafundur, og þar ákveðið með öllum atkvæðum nema mínu að reka piltinn úr skóla — varð jeg illyrtur og beiskur út af þessu og stillti mig lítt. Nú á meðan öll goðin sátu þarna á rökstólum, þá er lokið upp hurðinni og vinnukona biður Rektor að koma fram. Rektor fer fram og kemur aptur eptir eina eða tvær mínútur og segir að málið eigi að »falla niður«. Sjera Þórarinn hafði þá komið ríðandi og farið til Bergs Thorbergs. En jeg fjekk þúngar og ósvífnar ávítur fyrir það, að jeg hafði sagt sjera Þórarni frá hvernig á stóð, svo jeg fór til Bergs, en hann sagði að jeg hefði verið skyldugur til að segja frá öllu, sem jeg vissi í málinu. En með sjálfum mjer furðaði jeg mig á hversu miklir asnar — og óhreinlyndir — kennararnir gátur verið. Ekki man jeg til að Halldór Friðriksson skipti sjer af þessu, en hann mátti sjer mikils, en hefur með vilja dregið sig til baka. Svo lá nú Björn Magnússon Olsen í stríði við pilta út af ýmsu ómerkilegu smáræði, enda báru þeir enga virðingu fyrir honum nje fengu velvild til hans; kom þetta meðal annars fram við Jón Þorkelsson ýngra, og fór jafnvel í handalögmál; í klókindum hafði hann ekkert við Jóni, og einusinni var stofnaður alsherjarfundur í skólanum og allir piltar og kennarar þangað kvaddir; þar átti Jón að biðja Björn Magnússon Olsen opinberlega fyrirgefningar á sínum syndum, og hafði Olsen tekið saman fyrirgefningarbón, til þess að lesa upp yfir höfði Jóns; líkti hann sjer við frelsarann og þar var eitthvað úr »drottinlegri bæn« — þetta fór Olsen svo að lesa yfir Jóni, og átti hann að hafa það

eptir. Jeg man nú ekki nákvæmlega um þessa komediu, nema hvað Jón flækti allt saman einhvernveginn, svo ekkert varð úr neinu, og varð þetta að tómu athlægi. Um þetta og ástandið í skólanum þá, ritaði Jón Þorkelsson (yngri) í Kaupmannahöfn og ljet prenta 1883, og er þar ítarlega lýst aðförum Bjarnar Magnússonar Olsens og hinna kennaranna sumra, sem voru eindregnir drykkjuhrútar og knæpumenn þó að þeim slægi aldrei saman við Olsen, af því þeir ömuðust ekkert við yfirgangi hans og undirferlis-bralli. Náttúrlega hefur þessi ritgerð Jóns og hin 3 brjefin frá Velvakanda engin áhrif haft, heldur en annað sem ritað er á móti ýmsu því sem miður fer, menn gera sjer einmitt að skyldu að sitja sem fastast og skeyta engu. Jón Rektor var góðmenni og ljet óvandaða menn hafa sig til ýmislegs, og var svo honum kennt um; »stiptsyfirvöldin« ónýt, eins og þau hafa ávallt verið, ráðgjafinn ókunnugur öllu eins og vant er, og yfir höfuð engin stjórn nje vilji til reglu og umbóta.

Eptir að jeg hafði misst konuna mína, þá hvarf mjer sá engill, sem hafði staðið mjer við hlið og varið mig þeim freistingum sem áður höfðu hvað eptir annað fellt mig — nú var jeg orðinn einn og aðstoðarlaus, enginn hirti um mig, nema til að amast við mjer, rífa mig niður og nota tækifærið, sem ekki vantaði, þeim til ánægju og unaðsemdar. Það var nú horfið, sem hafði haldið mjer við heimilið, en nú átti jeg eiginlega ekkert heimili, því þó jeg tæki hverja stúlku eða kvennmann eptir annan, þá var það þýðingarlaust og gat ekki haft nein áhrif á mig eða haldið mjer í taumi. Mitt gamla villilíf vaknaði aptur og jeg gat ekkert við mig ráðið. Mjer leiddist heima, þar var ekkert sem dróg mig að sjer; jeg var á sífelldum erli niður í bæ — það var í rauninni miklu

fremur óþreyja og leiði en drykkjuskapur. Af þessu leiddi að jeg forsómaði kennslustundirnar og kvað svo mikið að því, að jeg kom ekki í marga daga í skólann; en þegar kennarann (ɔ: mig) vantaði, þá rjeðu hinir ekki við neitt; má og vera að sú óregla, sem annars var komin á skólalífið allt, hafi haft áhrif á mig og fengið þar góðan, frjóvan jarðveg, svo excentriskur sem jeg var undir. Má nærri geta að þetta kom sjer vel hjá Olsen, þar sem hann nú fjekk tangarhaldið á mjer. Hann var alltaf að klaga mig fyrir Rektor og senda hann til Bergs Thorbergs, og var einlægt farið fram á að setja mig af eftirlaunalaust, fleygja mjer burtu hjálparlausum. Var þetta í rauninni merkilegt ofstæki og hatursfull aðferð. Einusinni fengu þeir Pjetur biskup og Berg til að koma í skólann til Rektors, og var jeg þar kallaður fyrir og áminntur, en það var allt í góðu og jeg sagði ekkert. En þegar þetta hafði engin áhrif á mig, þá fjekk jeg seinna brjef frá stiptsyfirvöldunum, en jeg las það ekki og fleygði því í ofninn. Þá, einn sunnudag snemma kemur Jón Árnason heim til mín og kallar mig á eintal, og spyr mig að hvort jeg hafi heyrt að búið sje að setja aðra kennara í minn stað. Jeg hafði ekki heyrt það, og grunaði í rauninni ekkert, því jeg var þá hættur þessu bæjardriverii og hafði komið í skólann í heila viku reglulega eins og jeg var vanur, en þeir vildu ekki verða af bráðinni. Jeg sagði þá ekkert við Jón, og hann fór; sagði jeg skyldi nú hugsa um hvað jeg mundi gera; hann var mjer ætíð velviljaður og hollur. Jeg fór þá til Halldórs Friðrikssonar, því hann var alltaf fyrir utan óstandið í skólanum, fóstbróðir minn frá æskuárunum, en honum gátu þeir ekkert gert; því bæði var hann gamall kennari og reglumaður, og svo var hann praktiskur og úr-

ræðagóður. Hann var enginn vinur Olsens, því hann sá strax hvernig hann var; heldur ekki vinur Rektors, sem hafði verið tekinn fram yfir Halldór, einungis af því að Rektor var málfræðingur, en þá ríkti enn sú skoðun að enginn dygði til að vera Rektor nema málfræðingur, eins og áður að enginn átti að geta stjórnað skólanum nema guðfræðingur. En Halldór lifði alltaf í þeirri von að Rektor mundi verða látinn segja af sjer vegna óreglunnar, sem komin var í skólann, og mundi hann þá komast að í hans stað. En hvað aðferðina við mig snertir, þá kom þar fram taktleysi »stiptsyfirvaldanna« eða þó helzt Thorbergs, því jeg hafði beðið um lausn frá skólanum hvort sem var, og það brjef var komið til Thorbergs fyrir laungu; hvað lá þá beinna fyrir en að segja þeim að bíða, jeg færi um vorið hvort sem væri? En þeir gátu ekki beðið, þeim dauðlá á að hrekja mig burtu og ætluðu að gera mjer verulega persónulega smán með því að narra mig til þess að koma sjálfur, svo þeir gætu vísað mjer út, en það mistókst, því jeg kom ekki á þann kennarafund, sem þessi ceremonia átti að verða á, þar sem Olsen átti náttúrlega að vera djáknninn og ceremoniu-meistarinn. Þeir voru líka í standandi vandræðum, piltarnir fyrirlitu þá, og skeyttu ekkert um að hlýða þeim, þeir hlýddu engum nema mjer og Halldóri Friðrikssyni. Jeg fór þá til Halldórs og spurði hann hvað honum sýndist um þetta; jeg sagðist vilja tala við Thorberg, og spurði jeg Halldór hvort jeg ætti að friðmælast við hann eða fara að reyna að milda þetta. En það sagði Halldór að jeg skyldi ekki gera. Jeg fór þá til Thorbergs og spurði hann hvort jeg ætti að fara í skólann daginn eptir. Thorberg ýgldi sig eitthvað, eins og hann var vanur, þegar eitthvað kom fyrir, sem hon-

um var illa við; hann var í rauninni góðmenni og var auðfundið að hefði verið lagt að honum, þá hefði hann ef til vill breytt þessu mjer í hag; hann þagði lengi og sagði síðan »það er bezt þú farir ekki«. Svo töluðum við eitthvað saman, sem jeg nú ekki man, en jeg sagði meðal annars: »Halldór Guðmundsson drekkur þó ekki minna en jeg«. »Hann fer öðruvísi að því« sagði Thorberg — því Halldór kom alltaf í skólann, þó hann væri blindfullur, en jeg var aldrei kendur í kenslustundum; bæri svo við, þá kom jeg ekki. Það er merkilegt hversu mikil æsing var í öllu þessu frá Rektors hálfu, enda var Olsen búinn að róa undir það sem þurfti, en það var eins og margra manna líf væri í veði. Aðrir embættismenn eru látnir sitja óáreittir, þótt þeir drekki eins og svampar og sjeu blindfullir og óhæfir til allra verka, og mætti nefna til þess bæði sýslumenn, presta og lækna — þótt þeir gefi vitlaus Recept og valdi dauða manna, sem optar en einusinni hefur komið fyrir, og þó að fólkið kvarti yfir þessu, þá er því ekki sinnt — landlæknir og háyfirvöld vilja ekki gera þessum sínum dýrðlingum neitt — en þegar *jeg* kom ekki í nokkra kennslutíma, þá var allt annað, þá var farið að við mig eins og væri jeg ómerkilegur fjósastrákur, jeg var hvorki látinn njóta föður míns, (sem hafði verið kennari Rektors og haldið hann á heimili sínu) nje heldur þess að jeg var frægur hjer um allt land og vel metinn af lærðum mönnum utanlands; og það sagði mjer einn mikils metinn maður, að Jón Rektor hefði sagt við sig (eptir að Jón var farinn frá skólanum af undirróðri Olsens) að allt þetta væri Olsens verk — þá fyrst sá hann það — hann (Olsen) hefði spillt öllu frá því fyrsta hann komst inn í skólann. — Yfirmenn skólans hjer höfðu náttúr-

lega ekkert vald til að »setja mig af« á þann hátt sem Rektor (að undirlagi Olsens) ætlaðist til, nefnilega fyrir fullt og allt eptirlaunalaust; þeir gátu ekki annað en vikið mjer frá um stundarsakir, og það heyrði jeg hjá ýmsum mönnum að til væri ætlast að jeg færi aptur að skólanum. Þess má líka geta, að í rauninni kom það Olsen ekkert við, hvort jeg kom í skólann eða ekki, því hann var ekki settur inspector yfir kennurunum, og jeg var á hærra stigi en hann; en hann sletti sjer fram í eins og víðar, og var þá svo heppinn að finna trúgirnina fyrir. En jeg skrifaði Oddgeiri Stephensen til og beiddi hann að sjá til þess að jeg kæmi aldrei aptur í skólann, og það gerði Oddgeir, og hafði hann sett ofan í við Thorberg fyrir þessa aðferð.

Raunar fjell mjer þetta allt saman ílla, þó jeg ekki legðist flatur undir því, — þá skrifaði jeg »Skólafarganið«, sem kom út 23. júní (1883); það rann út á svipstundu, því piltar voru svo æstir, að jafnvel var að því komið að einn bekkurinn gengi úr skólanum. Halldór Friðriksson var alltaf að æsa mig til að gefa þetta út, því hann vonaðist eptir að Rektor yrði látinn fara frá. En Olsen hafði sjeð svo um, að hann yrði látinn í friði, því ekki hefði orðið eins ljett að snúa Halldóri eins og þeytispjaldi. En í rauninni var þessi mín ritgjörð órjettvís og bygð á raungum grundvelli, þar sem jeg kendi Rektor um allt; jeg hafði þá ekki gripið undirróður Olsens og ódrengskap. Sagt var að einhver hefði viljað láta Rektor stefna mjer, en það hefur hann ekki þorað, því þá hefði kann skje eitthvað óþægilegt komið fyrir. En allt þetta bitnaði raunar seinna á Rektor sjálfum, því það var sögn manna, og hefur sjálfsagt verið satt, að af undirróðri Olsens var Rektor látinn segja af sjer;

Hallgrímur biskup hafði farið til hans (eða var látinn fara) til þess að sýna honum fram á að ekki væri venja að Rektorar væru við embætti eptir að þeir væru orðnir sjötugir, en Jón Rektor sýndi það svart á hvítu að svo var ekki. Samt varð Rektor að láta undan, þótt hann væri óbreyttur og ekkert örvasa. Olsen hafði disputerað og keypt sjer Doktors nafnbót með rúnaritgerð nokkurri, sem raunar er ekkert annað en tómar getgátur og vaðall út um allt, en þetta mun þó hafa hjálpað honum til að troða sjer fram.

Raunar greip jeg ekki þá allan karakter Olsens, svo við vorum í hálf kunningsskap ofan á fram eptir, en ávallt kom fram tilhneygjing hans til að trana sjer fram; svo sem eitt dæmi af mörgum er það, að jeg hafði samið ritgerð, sem átti að fara í Tímarit Bókmenntafjelagsins, og hafði jeg þar borið Hrafnistulist saman við einn stað í Tacits Germanía; Olsen var þá í ritnefnd fjelagsins. Hann gerði þá boð eptir mjer (15. júní 1892) til þess að segja mjer, að honum fyndist þessi samlíking ekki rjett, og væri betur að jeg sleppti henni, og gerði jeg það til þess að spilla ekki fyrir ritgerðinni, því annars hefði Olsen kannskje látið reka hana aptur, en mjer reið á að það yrði ekki, því jeg þurfti að kvitta skuld við fjelagið. En raunar kom Olsen þetta alls ekki við, það var hans venjulegi slettirekuskapur. Annars tók hann snemma til að trana sjer fram í tímaritinu með ýmsu ómerkilegu tildri, svo sem vitnisburðarsálmi um föður hans eptir Bjarna Thorarensen, ómerkilegu kvæði og illa ortu; og svo með ritgerðirnar, sem eru tómar getgátur, um Ávellingagoðorð, um Ara fróða, sem er eiginlega ekkert um Ara sjálfan, heldur um Íslendingabók Ara; svo æfisaga Rasks, lapin öll upp úr dönskum

ritum og varla annað en þýðing; þá er æfisaga Konráðs, sem er engin æfisaga, heldur hjer um bil ekkert annað en um vísindastörf Konráðs, sem mest megnis er fyrir Dani og útlendinga, en lítið sem ekkert fyrir Íslendinga. Björn Olsen þekti Konráð ekkert fyr en hann (K.) var orðinn gamall, og má nærri geta hvort Konráð hafi sagt Olsen frá því, sem við hafði borið á yngri árum — um þetta hef jeg getið hjer að framan sumstaðar; en tólfunum kastar þegar Olsen fer að telja upp kunningja Konráðs: enga nema þá sem komu stöku sinnum til hans eptir að Jón Sigurðsson var fallinn frá, t. a. m. Sigurð Jónasson, sem aldrei kom til Konráðs meðan Jón lifði — jeg var handgenginn Konráði í tíu eða tólf ár, og hef jeg getið þeirrar samveru hjer að framan, en þess er alls ekki getið, þar á móti að jeg hafi komist í ritdeilu við Konráð, sem ekkert varð úr, það er allt og sumt; en Olsen gleymir ekki að kunngjöra að *þá* (hvenær og hvaða dag?) hafi hann náð »fullri vináttu« Konráðs (í hverju skyldi þessi »fulla vináttа« hafa verið innifalin?) og hann hafi leyft sjer að kalla sig »föðurbróðir!« Hefur annað eins hjal sjest í nokkurri æfisögu?

Haustið eptir þennan viðskilnað minn við skólann (1883) sýndu skólapiltar sitt hlýja hugarþel til mín, með því þeir færðu mjer dýrindis sigurverk, sem hefur kostað allt að 200 krónum; þetta færðu þeir mjer 2. Oktober, en jeg var annað hvort svo utan við mig eða svo hugsunarlaus, að jeg þakkaði þeim ekki fyrir það — kom það ekki til af því að jeg misvirti gjöfina eða vildi ekki meta göfuglyndi pilta við mig, en slíkt fer nú stundum út um þúfur hjá mjer. Jeg hef áður minnst á það sem piltar gáfu mjer — í minningarriti skólans getur Olsen þess, að piltar hafi gefið Halldóri Friðrikssyni heiðurs-

gjöf — en að minnast mín til nokkurs sem mjer væri til heiðurs, það hefði verið »skandale«, og auðskilin þögn! Í þessari skólaskýrslu eru myndir af öllum Rektorunum og Olsen neðst á horninu — nýji tíminn og eyðilegging skólans!

Þá var jeg nú orðinn laus við þetta skólalíf, og þótti mjer ekki mikið að því að losast við þessa vinnumennsku og verða frjáls, eins og jeg hafði alltaf verið áður. Jeg hafði aldrei verið upplagður til að kenna, sýna mig framan í öllum dag eptir dag sem vinnumaður og undirtylla, og fremur en aðrir útsettur fyrir aðfinningar og ýms ónot. [Jeg fann vel að jeg hafði verið rægður hjeðan við ýmsa vísindamenn sem jeg þekti og höfðu opt sent mjer rit sín, bæði Steenstrup, Möbius og fleiri. Allt þetta hætti þá, og var auðvitað hvaðan sú verkun kom.] Jeg fjekkst þá alltaf óhindraður við að safna kvikendum og teikna, og mjer er óhætt að segja, að jeg hafi starfað mikið meira eptir að jeg fór frá skólanum, en meðan jeg var bundinn við hann. En fólk kannast ekki við, að maður geti unnið meira embættislaus en í embætti; jeg var einn þeirra sem þrífast best og njóta sín best í fullu frelsi — en þá er sagt að maður geri ekkert, en embættismönnum er síður brígslað, því að embættisnafnið þykir nóg, þó lítið sje afrekað. Jeg hafði annars enga upphvatningu nema mína eigin lyst og áhuga, ekkert vinalegt orð. Þó lifnaði upp fyrir mjer þegar Geir mágur minn kom (17. August 1888) frá háskólanum sem candidatus philologiæ, varð hann brátt kennari við skólann. Stundum fór jeg suður í Hafnarfjörð til Þorsteins bróðir míns og Elizabetar, venjulega á hverju sumri, þangað til Elizabet dó hjer (14. nov. 1901); var mjer skemtun og tilbreyting að dvelja hjá þeim um stundar-

sakir. Helga mín var alltaf hjá mjer nema um tíma, meðan konan mín lá; þá var hún hjá Halldóri Friðrikssyni, og voru þau hjón henni einkargóð, og þar var hún eptir það um tíma, þangað til hún fjekk þar mislingana, sem gengu þá og tóku alla skólana og fjölda fólks, enda var ekkert af yfirvalda og lækna hálfu til þess gert að hamla þessu eða að minsta kosti líkna fólkinu. Helga varð mikið veik, og veit jeg ekki hvernig farið hefði ef frú Friðriksen og Þóra dóttir hennar hefðu ekki stöðugt vitjað hennar og hjálpað.

Þorvaldur Thoroddsen hafði verið kennari við Möðruvalla-skólann, en ætlaði nú að fara utan, og þurfti að fá mann í sinn stað. Vildi Jón Hjaltalín, sem þá var skólastjóri, helzt fá mig í stað Þorvaldar, og varð það úr að jeg fór norður með »Thyra« þann 28. Sept. (1884). Þorvaldur fór einnig norður þá, og Helgu varð jeg að taka með mjer, enda bauð enginn mjer að taka hana meðan jeg væri að heiman. Þessa ferð fór jeg mest vegna peninga, til þess að minka skuldir sem jeg var í; jeg gaf Geir mági mínum umboð til þess að borga fyrir mig ýmislegt á meðan. Við fengum dágott veður, en jeg fór hvergi í land, og jafnvel ekki í Stykkishólmi, þar sem Þuríður systir mín bjó, því viðstaðan var svo stutt, að jeg vildi ekki eiga undir því; furðaði mig á, hversu dónalegir og hrottalegir Íslendingar voru, þeir sem komu þar í sauða-erindum, og ekki voru Danir betri — einn af dönsku hásetunum brá sjer ofan í bát og gaf einum sem þar var hnefahögg í andlitið, svo hann varð alblóðuður — ekki sá jeg að neitt tilefni væri til þessa þá, en landi vor hefur kannskje gert eitthvað fyrir sjer áður, enda tók hann þetta með kristilegri þolinmæði. Við komum á Bíldudal, þar þótti mjer ljótt, há og mar-

brött fjöll ofan í sjó; þar hlupu farþegar á land og voru rjett orðnir strandaglópar, enda mun þetta vera altítt hjer. Á Ísafjörð komum við og lágum þar nokkuð lengi, en jeg fór ekki í land að heldur. Með okkur fór frá Reykjavík maður nokkur, sem jeg ekki þekti, stór og faungulegur, nærsýnn mjög og töluðumst við ekki við fyrst um sinn; en er jeg yrti á hann, kom það upp, að þetta var einn af tilvonandi lærisveinum mínum, sem ætlaði til skólans á Möðruvöllum, Jóhann Bjarnason frá Knaranesi á Mýrum. Varð hann brátt ræðinn og þægilegur; hann varð þess var að mig vantaði neftóbak — bregður sjer í land og kemur aptur með tóbak og dósir, sem hann gaf mjer, og á jeg þær enn. Þá komum við á Siglufjörð og svo til Akureyrar. Það var 5ta Oktober. Jeg man hvernig allt breyttist undir eins og við komum fyrir jökulinn: þegar við fórum þá var allt grænt fyrir sunnan, en varð hvítt og grátt strax fyrir norðan Snæfellsjökul, enda var veðrátta fremur hráslagaleg og dimt í lopti alla leið. Samt fanst mjer batna við Siglufjörð.

Við komum til Akureyrar um kvöld, var samt ekki orðið dimt mjög, svo jeg sá vel til. Þótti mjer þar ljótt, og brá mjer í brún, þar sem jeg hafði ávalt heyrt til þess tekið hvað þar væri fagurt, en þetta var raunar lítið að marka, svona seint um haust, og allt fullt af for, enda þá lítið um vegagerð; svo er maður ókunnugur eins og frávillingur; þannig segja margir Norðlendingar að ljótt sje í Reykjavík, og þykir það ekki standa heima, svo finst útlendingum ekki. Götur sá jeg engar, en alstaðar for og leðju. Okkur var vel tekið af Eggert Laxdal, var hann hinn þægilegasti og vildi okkur allt í tje láta; þar var Helga mín meðan við stóðum við, sem ekki var nema tvær nætur. Jeg komst á gistihúsið, sem var kallað

»Baukur«, fjekk þar einhvern klefa uppi, og þó saman við einhverja tvo hrotta fulla eða hálffulla; billiardklefi var undir niðri og allt mjög ógeðslegt. Jeg kom snöggvast til Júlíusar Havsteens amtmanns, gamals kunningja; hann bjó í lágu og ljótu húsi; jeg man ekkert hvernig þar var inni, kona hans var falleg og mikilhæf, dóttir Oberts í Danmörku; þá kom jeg snöggvast til Stefáns Thorarensens sýslumanns, við vorum háskólabræður; svo til sjera Matthíasar, hann bjó í litlu húsi og ljelegu. Er svo ekkert að segja af þessu, nema jeg fjekk hesta og fylgd að Möðruvöllum, og kom þá fyrst að Lóni, í myrkri, þar var ljótt og ógeðslegt; var þar ferja, en jeg reið og fór á sund; kom svo votur til Jóns og Guðrúnar Hjaltalín, og urðu þar fagna fundir. Í sjálfan skólann fór jeg ekki tvo fyrstu dagana, en jeg varð var við að piltarnir voru á gægjum eptir mjer; hefur þeim líklega þótt merkilegt að sjá og fá þennan merkilega pinna sem alkunnur var um allt land. Svo fór jeg að kenna, en ekki get jeg hrósað mjer af kennslunni, því jeg varð þess brátt var, að piltum var ekki sjerlegt áhugamál að læra og afla sjer þekkingar; aðalhugsunin var sú að »vera í skóla« = vera á »Möðruvöllum« eða Realstudent; þar var einungis einn, sem var algerlega hneigður fyrir þekkingu og hafði verulegan áhuga á að fræðast, það var Jóhannes Þorkelsson, sem varð bóndi á Fjalli, en raunar held jeg hann hafi lesið einna mest það, sem ekki var kennt í skólanum, eins og verður flestum þeim, sem verða vel að sjer. Af þessu almenna áhugaleysi leiddi það, að jeg sló slöku við að kenna, nema það allra minnsta; jeg trjenaðist fljótt upp þegar jeg fann að enginn hirti um að læra. Svo var jeg heldur ekki nógu vel að mjer í sumum fræðigreinum t. a. m. eðlis-

fræði og efnafræði; jeg hef heldur ekki mikla trú á kennslu annara í ýmsu, þar sem svo mörgum fræðigreinum er dengt upp á einn kennara, þótt hann kunni lítið sem ekkert í þeim. Sá því ekki annað fyrir en þrauka þetta af einhvern veginn eins og bezt varð. Jón Hjaltalín hefur án efa verið góður kennari, samvizkusamur og rólegur; Halldór Briem var víst ekki meir en í meðallagi; hann var látinn kenna saung og leikfimi, sem hann var alveg óhæfur til. Annars gekk allt vel í skólanum, tilbreytingalaust og ómerkilega; jeg fjekk það herbergi sem Þorvaldur Thoroddsen hafði haft; þar var jeg allan daginn þegar jeg ekki kendi, og teiknaði dýramyndir úr ýmsum bókum, sem jeg fann í bókasafni skólans, það var gott safn að ýmsu leyti, en skólanum að mestu óþarft. Gerði jeg þetta mjer til stuðnings framvegis, og komu þessar myndir mjer að góðum notum síðar meir. Í rauninni þókti mjer ekki sjerlega skemtilegt að kúra þarna, og hefði verið hreint óþolandi, ef þau hjónin hefðu ekki gert mjer allt viðunandi eptir megni. Ýmsir menn komu til að sjá mig — þar á meðal Arngrímur málari, sem var í rauninni útvalið Geni; hann var ekki ósvipaður Sigurði Breiðfjörð í hátt — en annars leizt mjer ekki neitt tiltakanlega á þá sem jeg sá þannig, því annars hafa Norðlendingar verið taldir fjörugir og mannalegir, enda opt borið fram að þeir væru öðrum á landinu fremri, ekki sízt Sunnlendingum, en jeg sá einungis fáa, og þá kannskje helzt þá sem voru af lakara taginu. Svo hef jeg aldrei verið skemtilegur í viðræðum, dulur fremur og ófús á að sýna mig eða glamra við ókunnuga menn. Annars var lífið á Möðruvöllum mjög ógeðslegt, sífellt kjaptæði og milliburður, og flokkadrættir, tómar pukurklíkur, alveg á íslenzku;

þar var einn flokkurinn hjónin, annar nemendurnir, þriðji vinnukonur hjónanna, fjórði vinnukonur brytans — allt hvað upp á móti öðru, rógur og bakmælgi, útásetningar og bull; alla daga hugsað um að dansa á laugardags- og sunnudagskvöldum í leikfimishúsinu, með venjulegu og sjálfsögðu daðri og falsi; svo lagði tóninn frá Akureyri, náttúrlega mest frá »fyrirfólkinu«, sem þar eins og annarstaðar hjer var og er sá eiginlegi »skríll«. Datt mjer opt í hug, að ef sveitalífið okkar er þannig, þá væri ekki mikið gefandi fyrir það. Má nærri geta að jeg þráði að komast út úr öllu þessu, þótt jeg væri fyrir utan það. Loksins komst jeg úr þessari ánauð í byrjun Maímánaðar og fór til Akureyrar til þess að komast heim með »Thyru«, þau fylgdu okkur Helgu, Hjaltalínshjónin og Jóhann frá Knaranesi, sem fór einnig suður. Við höfðumst við í gistihúsi á Oddeyrinni, en á sjálfa Akureyi kom jeg þá ekki. — Þar vorum við nokkra daga, og fengum góðan mat, en ekki kunni jeg við það að gestgjafinn sjálfur mataðist með okkur, enda mun það hvergi vera siður. Svo kom »Thyra« og við komumst loksins úr þessari útlegð; veðrið var hið bezta, en vegna íss var snúið við þegar að Horni kom, jeg svaf allan þann tíma og vaknaði ekki fyr en við Langanes; fórum við svo í kringum allt landið í blæja-stilli-logni og komum til Reykjavíkur 22. Maí (1885).

Jeg fór þegar að fást við dýrasafnið og myndirnar, sem jeg hafði byrjað á undir eins og jeg kom til skólans, og dró jeg ekki af mjer, þótt engin uppörfun væri nokkurstaðar frá, eins og jeg hef áður minnst á. Jeg ætlaði einusinni að sækja um lítinn styrk til að kaupa nokkrar bækur, sem þurfti til stuðnings við þetta verk, en ekki var nærri því komandi, annars hafði jeg alltaf

dálítinn styrk til þess, fyrst fyrir velvild landshöfðingjans (Hilmars), og seinna frá Alþingi; stundum meira og stundum minna; en þó að þessi styrkur væri lítill og í engu hlutfalli við verkið, þá var hann samt betri en ekkert; hefur samt opt verið talinn eptir, og aldrei hefur Alþingi metið það nokkurs, nje litið við því, þó jeg hafi lagt verk mitt fram. En margir útlendir menntamenn og vísindamenn hafa hrósað mjer fyrir þetta, og sannast hjer sem optar spakmælið, að enginn er spámaður í sínu föðurlandi.

Þannig liðu nú þessi ár, og bar ekkert merkilegt við, nema 2. August 1885 að »afhjúpuð« var þessi skammarstytta, sem átti að vera heiðursminning Hallgríms Pjeturssonar, reist í kirkjukróknum að tilstilli Gríms Thomsen, sem þá hafði bitið sig fastan í Hallgrím. Svo var jeg opt að mála húsið mitt innan og dunda við ýmislegt. Eptir að Þorvaldur Thoroddsen kom til skólans, þá var hann mjer ávalt vinveittur og kom alltaf stöðugt heim til mín — annars leit enginn við mjer — hann hjálpaði mjer til þess að lána bækur af skólabókasafninu, því annars hefði mjer verið það ómögulegt. — Eins og jeg hef áður sagt, þá var aldrei tilgangur minn með dýrasafninu að uppgötva eitthvað nýtt, heldur safna því sem til var, eptir því sem unt væri, því hjer var ekkert til af því, og svo gera myndir af því í eina bók. Þessu framfylgdi jeg eins og mjer var mögulegt, þrátt fyrir hinn litla styrk, sem jeg gat betlað mjer út til þess, því ekki var hann veittur með ánægju, sízt af Alþingi, og opt með ónotum og hálf-illu. Fyrst framan af fann jeg að mig vantaði sjónauka (Mikroskop), en í Kaupmannahöfn hafði jeg ekkert fengist við þesskonar og hafði enga hugmynd um hvað slíkt verkfæri mundi kosta,

nema hvað jeg vissi að það mundi vera dýrt, ef duga ætti. Jeg fann þá einusinni í Thomsensbúð lítinn sjónauka, sem jeg keypti fyrir 30 krónur, sem var »snyderi«, þar sem hann kostaði aðeins 8 eða 10 krónur, eptir því sem jeg komst að seinna; með þessu þraukaði jeg fyrst; seinna keypti Jón Hjaltalín (sem þá var í Edinborg) annan sjónauka fyrir mig fyrir 1 £, ónógan samt. Jón Þórarinsson keypti hann af mjer. En lítið fann jeg með þessum verkfærum. Nú, þegar professor Fiske var hjer, þá var hann alltaf að segja mjer að biðja sig um eitthvað, sem mig langaði til að fá — en sjónaukinn vakti alltaf fyrir mjer, þorði samt aldrei að nefna hann — svo fór Fiske að ekkert varð úr neinu, en konan mín var alltaf að hvetja mig til að taka tilboði Fiskes. Loksins skrifaði jeg honum og sagði honum frá, leið svo langur tími. Þá einn dag — við vorum þá í Þorláks húsi — var Þorvaldur Thoroddsen staddur hjá okkur (6. sept. 1881) þá kemur stúlka frá Rektor með öndina í hálsinum og biður mig að kom fljótt, það sje eitthvað komið, sem jeg verði að taka við. Jeg brá við skjótt — mig grunaði eitthvað — og fór til Rektors — þar liggur þá Mikroskopið á gólfinu, allt í stykkjum og ýmislegt þar til heyrandi dót í kring — Rektor hafði tekið allt þetta upp úr kassanum og beiddi mig nú, að taka þetta sem fljótast burtu. Jeg fór náttúrlega heim með þetta, en þótti samt fyrir, þar sem Fiske hafði sent skólanum þetta, en ekki mjer privat, eins og hann alltaf hafði boðist til, því það var allt annað að nota sína eigin eign, eða hafa hlut að láni, sem verður tekinn þegar minst varir. Samt sem áður var jeg feginn að geta notað þennan sjónauka, enda lá jeg nú ekki á liði mínu að nota hann, jeg fann með honum

fjölda smá kvikinda, bæði í læknum, sjónum og mógröfunum og teiknaði allt jafnóðum. Svo hafði jeg fengið góðar bækur um notkun sjónauka og þær studeraði jeg mikið. En þegar jeg hætti við skólann, þá varð jeg að skila sjónaukanum, en þá tók jeg það til bragðs, að jeg skrifaði Nashet i Paris, einhverjum helsta opticus á Frakklandi, og beiddi hann um sjónauka sem mjer væri hentugur. Svo leið langur tími, þangað til jeg fjekk loksins þann sjónauka (30. juni 1882), hann kostaði 149 kr. 65 aur., en burðargjald 10 kr. 90 aur. Þótti mjer ekki lítið vænt um þetta. Þorvaldur Thoroddsen útvegaði mjer ýmsar bækur til láns, svo sem Bütschli Protozoa (Brumn Klassen und Ordnungen) og teiknaði jeg allt, sem jeg komst þannig yfir, mjer til stuðnings og samanburðar.

Þannig leið nú tíminn, jeg var alltaf að fást við þessi störf, sem enginn kunni nje vildi meta neins, jeg vann aleinn án nokkurrar hluttekningar annara, enda vildi enginn nota þekkingu mína til neins, en starfið veitti mjer þá ánægju, sem menn annars hafa ekki hugmynd um. Aukreitis vann jeg mjer því ekkert inn, nema hvað jeg skrifaði stundum einstöku skrautbrjef fyrir Alþingið, sem þó voru ílla borguð og þótti dýrt, þótt jeg tæki ekki helming fyrir af því sem ytra er borgað fyrir skrautrit, því þau eru talin með listaverkum og borguð sem listaverk.

Þann 11ta September 1886 fór jeg að Hliði með Steingrími snikkara, sem lengi hafði verið á mínum snærum, bezti drengur og dugnaðarmaður; fór jeg sem svaramaður Halldórs Þórðarsonar bókbindara, sem þá giftist Maríu dóttir Kristjáns Matthiesen; þá kom jeg í Bessastaðakirkju, og þótti mjer nýstárlegt að sjá gamlar

æskustöðvar, eptir svo langan tíma, en ekki kom jeg til Gríms Thomsens, sem þá bjó á Bessastöðum. Var þar ekki mjög mikið breytt, en »salurinn« var horfinn. Annars var brúðkaupsveizlan stórmannleg og samboðin Kristjáni, því hann var stórauðugur og sparaði ekki þegar því var að skipta, búmaður ágætur og einna mestur styrktarmaður sinnar sveitar; hann gaf barnaskólann á Álptanesi, en varð ekki langlífur. Halldór var snyrtimaður mikill og góður drengur; hann flutti nú til Reykjavíkur í fallegt hús, sem hann hafði látið byggja þar.

Jeg get ekki sagt, að jeg hafi verið eyðslusamur, hef heldur aldrei haft úr miklu að moða, ekki annað teljandi en laun mín og síðan lítil eptirlaun og nokkurn styrk frá Alþingi, enda vildi enginn nota mig til neins sem nokkra þekkingu útheimti. Jeg komst því fljótt í skuldir og hef aldrei síðan úr þeim losast, þótt ekki sjeu stórskuldir, enda hef jeg aldrei verið peningamaður. En nú var mjer orðið svo dýrt að búa í þessu húsi, sem jeg hafði látið byggja í Þingholtsstræti, að jeg vildi gjarnan losast við það, og tókst það með því að assessor Jón Jensson tók við því, og voru þau kaup fullger 17. Maí 1887. Varð jeg feginn að losast við þessa byrði, og nú ætlaði jeg að flytja út úr bænum og vera nær sjónum vegna kvikindanna, kunningja minna og var þá laust hús nokkurt út á Vesturgötu, sem Thomsen átti (hafði tekið af manni sem ekkert gat borgað). Ætlaði jeg þá fyrst að kaupa húsið, og var Thomsen í sjöunda himni og ljet gera við það vel, því það var allt skemt og rifið; en til allrar lukku varð ekkert af þeim kaupum, því þetta hefði orðið mjer um megn. Jeg leigði húsið fyrir 200 kr. um árið og flutti þangað fyrst í Júlí 1887, afsalaði Jóni Jenssyni hinu húsinu 13. Júlí og fjekk

136 kr. — Helga mín var þá vestur í Stykkishólmi hjá Þuríði systur minni, fór ásamt með frú Benediktsen með »Thyru« þann 2. Júní og kom aptur 21. August.

Jeg fór þá að búa í þessu húsi á Vesturgötu, en ekki teiknaði jeg þar mikið, húsnæðið var ekki hentugt til þess; samt safnaði jeg þar ýmsum sjódýrum og mun jeg einnig hafa starfað eitthvað fyrir fjelag, sem nefndist Congrés internationale ornithologique og stofnað var í Vínarborg, meðan jeg var á Möðruvöllum; þá var jeg gerður að fjelaga þess, og vissi jeg ekkert hvernig þeir gátu þefað mig upp, því ekki var mjer haldið fram hjer á landi. Þetta fjelag fekkst eingaungu við fugla og ritaði jeg síðan í ársrit þess, sem kallað var »Ornis«, í því voru greifar og barónar og ýmsir stórhöfðingjar, en ekki galt það nein ritlaun. Jeg var seinna gerður að heiðursfjelaga þess.

Svo fór jeg að rita um Ameríku-farganið, því mjer og fleirum leiddist burtför svo margra manna úr landinu og tóku þeir Þorlákur Johnsen og Björn ritstjóri þátt í því og hvöttu mig til að rita; kom fyrra ritið út 13. Marz 1888, en seinna ritið þann 12. Mai s. á., kostuðu þeir báðir ofannefndir ritið, þó Björn ekki vildi við það kannast seinna, þegar hann fór að koma sjer betur við Ameríku vegna Ísafoldar. Um þetta leyti hafði »það únga Ísland« skriðið úr egginu, stælti allt eptir Dönum og Norðmönnum og lýsti allt ónýtt og úrelt nema sjálft sig; hjelt Hannes Hafstein þá fyrirlestur mikinn um þetta efni og má nærri geta að heldur var ráðist á mig, sem engan bakjarl hafði nje meðhald, enda fráleitur að smjaðra mjer inn hjá nokkrum manni. Þá hjelt jeg aptur fyrirlestur þann 4. Februar (1888) og reif niður þá

óskáldlegu aðferð og rugl, sem þessi nýju og hugmyndalitlu skáld höfðu.

Ekki urðum við Hannes neinir óvinir út af þessu, enda er hann góður drengur og göfuglyndur af náttúru. — Nú komu út þessi tvö Vesturfara-rit mín, og var ekki að neinum sveigt persónulega; líkaði mörgum það vel, en svo er Íslendingum varið, að þótt menn verði fegnir að hönd sje borin fyrir höfuð þeirra, þá þorir enginn að mjamta eða láta hátt í ljósi ánægju yfir því, enda fjekk jeg ekkert vinalegt orð að heyra, allir skriðu inn í holurnar eins og lafhræddir hundar.

Svo kom nú níðið um mig og var mjer sent svo sem sumargjöf á sumardaginn fyrsta; sá jeg strax hvers kyns mundi vera og fleygði því ólesnu inn í ofninn, í eldinn, enda hef jeg aldrei lesið það. Jón Ólafsson samdi það fyrir agentinn Sigfús Eymundsson og í þágu Ameríkumanna. Ætlaði jeg mjer ekki í fyrstu að sinna því, en svo fjekk jeg að heyra utan að mjer, og frá embættismönnum að þessu yrði að svara með máli, og það kom mjer til að stefna höfundinum, sem mjer annars var alls ekki persónulega illa við, og nenni jeg alls ekki að rita um þetta málastapp, sem varaði langan tíma; jeg mætti aldrei í rjettinum sjálfur, en jeg var svo heppinn að eiga þá að, Halldór Friðriksson og Egil bróðir minn og Geir mág minn; vitnaleiðsla var þá og haldin um mig, til þess að sanna að jeg væri óalandi og óferjandi, og mættu þar ýmsir menn, Rektorinn, tveir skólakennararnir, og fleiri, en enginn var svo ærlegur að hann gæti sagt nokkurt orð mjer í vil, allt til lasts eða hnjóðs. Þessar vitnaleiðslur eru annars eitthvað hið skammarlegasta og ódrengilegasta athæfi, sem lögin leyfa, enda þótt þetta ekki hefði nokkra minstu þýðingu. Lauk svo þessu

stappi, að höfundurinn var dæmdur í 400 króna sekt og málskostnað, en ekki var mjer neitt dæmt í bætur fyrir þessa tilraun til að spilla mannorði mínu og gera mig fyrirlitlegan í augum allra manna; þeir sögðu mjer gerði þetta ekkert til, en auk þess að ástæðurnar fyrir dómnum voru mjög kaldar í minn garð, þá stóð þar sú vitleysa, að svo »virtist« sem jeg hefði ritað á móti útflutningunum, en um það þurftu þeir »herrar« ekki að efast. Þá tók ekki betra við, því nú stefndi Sigfús Eymundsen útflutnings-agent mjer fyrir það sama sem stóð í ritgjörðum mínum! Og þá var jeg dæmdur í 70 króna útlát(!), í því sama máli sem fyrri dómurinn hafði dæmt í eins og fór; má hver sem vill hafa virðingu fyrir annari eins »rjettvísi«; en jeg ásetti mjer að fara aldrei optar í mál eða eiga undir dómurum, hvað svo sem um mig yrði sagt. Þessa sekt borguðu þeir Björn og Þorlákur, en jeg varð fegnari en frá verði sagt yfir því að vera orðinn laus við þetta, en seinna hefur margt miklu grófara staðið í Þjóðólfi, óumtalað. Meðan á þessu máli stóð, bar svo við að húsið Nr. 16 í Vesturgötu losnaði, við það, að það var tekið lögtaki fyrir áfallnar skuldir, [Hannes Hafstein var þá landritari hjá landshöfðingjanum og framdi hann lögtakið fyrir hönd landsjóðs], og átti að seljast við opinbert uppboð. Stóðu 2000 krónur inni í húsinu í landsjóði, en 300 kr. ómyndugra fje. Hafði húsið staðið í eyði í 3 eða 4 mánuði og var óálitlegt að utan, en annars vel byggt og ekki nema 5 ára gamalt. Mjer datt þá í hug fyrst, að leigja húsið til lengri tíma, og fór jeg þangað til að skoða það, fyrst með áreiðanlegum húsasmið og síðan einn, og fann að allt var óskemt, nema að nokkuð margar rúður voru brotnar, líklega af götustrákum, þar sem enginn hafði verið til

að gæta að húsinu svo langan tíma. Varð þá það úr, að jeg keypti húsið fyrir 2500 kr. en virðingin var 4670 krónur. Engin lóð fylgdi húsinu, nema gangstígur fyrir framan það, stjett við vesturgaflinn, og lítill blettur við austurgaflinn. Fjögur uppboð höfðu verið haldin á húsinu, en enginn hafði vit á að bjóða í það, svo Björn Kristjánsson kaupmaður tók það að sjer fyrir hönd ómyndugra, sem áttu 300 kr. í húsinu, og af honum keypti jeg húsið með áföllnum og óborguðum rentum. Þetta gerðist 11. júni 1888. Jeg sagði þá upp húsinu á Vesturgötustígnum, sem jeg hafði áður búið í og gekk svo allur júni og júlímánuður til að dubba húsið upp, mála það utan, gera nýtt herbergi í því, þar sem áður hafði verið smiðja o. s. fr. Voru menn þá hissa hvað húsið varð allt álitlegra og vildu sumir þá kaupa það, þótt enginn vildi líta við því á uppboðinu, því formyndari barnanna bauð í það hæsta boð. Hef jeg síðan búið í þessu húsi.

Egill bróðir minn hafði keypt »Glasgow« nokkru áður en jeg kom til Reykjavíkur og búið þar vel; hann leigði þá ýmsum úr þessu víðtæka flæmi og hafði allmikinn hag af því; en svo breyttust tímarnir, hann hætti að geta leigt út, og á húsinu hvíldu afar-miklir skattar, sem Egill gat ekki risið undir og varð það þá úr að hann skipti að sljettu fyrir »Garðana«, sem lágu suður við Skerjafjörð, þar var gott steinhús, og flutti hann þangað í Mai 1889, það var mjer óþægilegra, því þá átti jeg lengra til Egils að sækja, en við höfðum áður fundist jafnaðarlega. Var mjer þó opt skemtun að ganga þangað í góðu veðri, þó nokkuð langt væri.

Mikill söknuður var mjer þegar Jón Árnason dó (4. sept. 1888), hann var jarðaður þann 17da. Jón hafði verið hjá foreldrum mínum frá því hann fór úr skóla,

og eptir það, alla þeirra tíð. Hann var umsjónarmaður »stiptsbókasafnsins«, en var ekki lipur, unni mjög vísindum, en ekki var hann vísindamaður og ekki lipur rithöfundur, hann var lengi umsjónarmaður skólans og hjeldu piltar mikið upp á hann; hann var skyldurækinn, reglusamur og hinn tryggasti vinur, bæði minn og míns fólks. Hann kvæntist Katrínu Þorvaldsdóttir frá Hrappsey, og voru þau í skólanum áður en hann bygði sjer hús á Laufásveginum; þar bjuggu þau nokkur ár en fluttu síðan í hús frú Herdísar Benediktsen og þar andaðist Jón. Til þeirra hjóna komum við opt, bæði meðan konan mín lifði, og jeg seinna; voru þau mjög gestrisin og skemtileg, og hafa margir mátt sakna þeirra. Frú Árnason andaðist í December 1895.

16. Júli 1889 var náttúrufræðisfjelagið stofnað fyrir atorku Stefáns Stefánssonar á Möðruvöllum, var hlaupið upp til handa og fóta og gengu margir í það, nokkrir með 25 krónu æfitillagi, en flestir með þriggja króna árstillagi, sem þó seinna var fært niður í eina krónu af því ekki fjekkst borgað og margir sviku, eins og vant er. Var jeg kosinn formaður í einu hljóði og hafði jeg það á hendi í ellefu ár; þá sagði jeg af mjer. Dálítið meira um þetta síðar.

Eiríkur Kuld andaðist 19da Juli 1893. Hann hafði fyrst verið aðstoðarprestur föður síns, Ólafs »Sivertsens« í Flatey, og var giptur Þuríði systir minni. Var hann með ríkustu mönnum þar vestra, og lifðu þau þar eins og blóm í eggi. En Þuríður eirði þar ekki, hún vildi endilega vera í kaupstaðarglaumnum, og því sókti Eiríkur um Helgafellsbrauðið og settist að í Stykkishólmi, bygði þar stórt hús, og varð það þegar athvarf allra gesta og gangandi, með gengdarlausri eyðslusemi eða

svonefndri »gestrisni«. Þuríður rjeði þessu öllu, því Eiríkur ljet allt eptir henni, enda sjálfur mesta ljúfmenni og linur fyrir. Svo batnaði nú ekki þegar Brynjólfur sonur þeirra kom til sögunnar; hann var alinn upp í mesta eptirlæti, kennarar haldnir handa honum og öllu átti að troða í hann. Hann var einn eptir af mörgum börnum, sem þau hjón höfðu misst öll, svo ekki var furða þó þau vildu gera eitthvað úr honum, en allt átti að vera svo mikið og af þessu varð hann stoltur og sjálfbyrgingslegur, þótt hann að öllu eðli sínu væri bezti drengur og gott mannsefni, hefði nokkurt vit verið haft; ekki mun hann hafa haft gáfur nema í meðallagi; en svo var hann einnig vaninn þegar í barnæsku við áfenga drykki, og reið honum þetta að fullu á endanum, hann hafði aldrei þrek nje stöðvun til nokkurs hlutar. Svo var hann látinn í skóla og gekk upp í 3ja bekk, að mig minnir, og var fyrst farið með hann eins og greifann, var þó varla með slóðum teljandi; sigldi síðan til háskólans og átti að lesa lög, eyddi og sóaði öllu, sem þó ekki var sparað við hann; mun þetta ekki sízt, ásamt eyðslunni heima fyrir, hafa hjálpað til að eyðileggja þetta mikla og auðuga bú, sem við fráfall Eiríks var gjaldþrota með 30.060 króna skuld, að því er Halldór Friðriksson sagði mjer. Enda hafði allt verið keypt, sem nöfnum tjáir að nefna, dýrmætustu húsgögn, heil bókasöfn af Rómönum og alls konar glingri, fyrir utan veitingarnar, þar sem húsið var opið hverjum sem kom, kunnugum sem ókunnugum, allt fór þángað eins og á opinbert gjafahotel, árum saman, og svo bættist Brynjólfur ofan á. Þuríður var annars fyrirtaks kona, fluggáfuð og víðlesin á íslenzkar og danskar bækur, stálminnug og greind þar eptir, hjartagóð og velgjörðasöm

við hvern sem var, en hún var svona eyðslusöm og ófyrirleitin í þeim efnum, en Eiríkur rjeði ekki við neitt. Leið svo ekki á laungu fyr en Þuríður kom til Reykjavíkur (15. maí 1895) og náttúrlega með Brynjólf, sem nú var búinn að spila út, gat ekkert gert og hvergi verið. Urðum við Helga mín ekki mjög fegin þeirri komu, því nú hafði Þuríður ekkert að moða úr nema eptirlaunin, sem þó voru 300 krónur, og jeg hvergi nærri í þeim kringumstæðum að geta tekið hana að mjer eða hjálpað henni svo nokkuð munaði um, enda gat jeg ekki varist því, að hafa nokkra óbeit á öllu þessu ráðleysi, sem keyrði svo fram úr hófi.

Jeg varð að útvega Þuríði húsnæði, því jeg gat ekki tekið hana í mitt hús vegna þrengsla, og svo vegna þess, að jeg vil búa einn, ef kostur er á. Hún fjekk þá fyrst bústað í húsi því, sem Sigurður fangavörður hafði látið byggja og kallað var »ekkjukassinn«; þar fjekk hún 3 góð herbergi, og þar var Brynjólfur náttúrlega líka, og ein þjónustustúlka. En eptir eitt ár (minnir mig) varð henni þetta of dýrt og þá flutti hún í hús Borgþórs Jósepssonar verzlunarmanns, og Stefaníu konu hans (sem varð fræg fyrir sjónleiki), og þar bjó hún til dauðadags; voru þau hjón henni einkar góð og ljúf. Þá fór Brynjólfur frá henni, og hafðist við á ýmsum stöðum, en fjekk alltaf mat hjá henni, því þótt hann ynni sjer stundum eitthvað inn, þá fór það allt forgörðum jafnóðum. Lítið gat jeg hjálpað henni og er það ekki teljandi, hún fjekk mat sendan daglega frá okkur (miðdagsmat), því peningar hennar hrukku ekkert, og þetta mótlæti og enda skort bar Þuríður ávallt með stakri þolinmæði og jafnaðargeði, þrátt fyrir hina stórkostlegu breytingu, sem orðið hafði á högum hennar. Hún gaf allt sem hún gat bæði mjer

og öðrum, og sjaldan heyrðist hún óánægð; hún sat á-vallt við að spinna, eða hún las ýmsar bækur, hún fylgdi alltaf tímanum, og kom stundum til mín, eða annara kunningja frá eldri tímum. Hún andaðist eptir stutta legu 26. Decembr 1899. — Brynjólfur sonur hennar stóð fyrir útförinni, ekki var á honum sorg að sjá; jeg skipti mjer ekkert af þessu, því hann bar sig að sem óviðkomandi maður; jeg hafði ekki skap til að gera grafskript og ekki var Þuríðar getið í blöðunum, nema lítið eitt, eins og hverrar ómerkilegrar manneskju; Matthías var sá eini sem sýndi ræktarsemi við hana með fallegu kvæði, enda hafði hann notið góðs af þeim hjónum. Brynjólfur ljet þvínæst halda uppboð, og mun hann hafa fengið rúmar 200 krónur að frádregnum útfararkostnaði; það fór allt forgörðum og hann ljet narra út úr sjer ýmsa dýrmæta muni fyrir lítið eða ekkert, var hjer síðan á ráfi í ráð-leysu og óreglu og gat engu sinnt, samþýddist engum og enginn vildi hafa hann, því hann var svo stoltur og var orðinn ómögulegur nema að sluksa á kneipum, leifar af Hafnarlífinu; jeg gat ekki hjálpað honum nje haldið hann, og engan mann hef jeg vitað fara eins eymdar-lega; hann vildi ekkert þiggja nema peninga, en þá hafði jeg ekki til, og endirinn varð sá, að hann sálaðist, einn og yfirgefinn, líklega með fram af sulti og annari eymd, í einhverju koti hjer nálægt, 16. apríl 1901. Stúdentar kostuðu heiðarlega jarðarför, og lagði jeg þar dálítið til, en fylgdi ekki. —

Helga mín trúlofaðist í júní 1895 Þórði Edílonssyni, sem þá fór að ganga á læknaskólann og var efnilegasti maður bæði að sjón og reynd. Sumarið eptir (jarðskjálpta-sumarið) fóru þau vestur í Dalasýslu að Stórholti, þar bjó ekkja Jóns Thorarensen, og þektu þau börn hennar,

Hildi, Jón og Lárus, sonarbörn Bjarna Thorarensens skálds, og voru þau í miklu yfirlæti hjá því góða fólki. En jeg fór þá nokkuð seinna að Hliði á Álptanesi í kykvendaleit og var þar mánaðartíma. Fór jeg þetta á hverju sumri nokkur ár, og var þá gott að koma að Görðum til sjera Þórarins, var hann mikill höfðingi og hjeraðsríkur. Þau hjónin á Hliði, Jón Þórðarson (bróðir Halldórs bókbindara) og Guðrún Magnúsdóttir voru ágætisfólk og var ætíð gott að vera hjá þeim. Stundum fór jeg og þaðan til Þorsteins bróður míns. Í þessum ferðum kom jeg stundum að Bessastöðum til Gríms Thomsens, samdi okkur þá vel, þó við stundum áður hefðum verið »upp á kant«, sem hefur verið mjer að kenna að nokkru leyti, því bæði hætti mjer við að stríða Grími, og svo voru skoðanir okkar og skaplyndi mjög svo ólíkt, en Grímur mislyndur og misyndismaður, eins og hann sagði um sjálfan sig. Grímur tók mjer ætíð vel enda var hann hinn gestrisnasti heim að sækja. Grímur hafði fengið Bessastaði hjá stjórninni í skiptum fyrir Belgsholt; hefur hann sjálfsagt narrað stjórnina ókunnuga öllu hjer eins og vant er; bjó hann þar síðan, en var enginn búmaður, enda eins og »Barbar«; öll Bessastaðastofa var af sjer gengin og ógeðsleg orðin, og hvergi inn komandi nema í þá stofu sem hann bjó í, sem áður hafði alltaf verið dagleg stofa, og »gullsmiðurinn« faðir hans hafði setið í, og svo »borðstofuna«, hún var nokkurn veginn notandi, þó allt gólfið dúaði þegar á því var gengið; allt annað í húsinu var svo fornfálegt og óræstað, að hann vildi ekki láta ókunnuga koma þar; kirkjan höfð til að þurka þvott, og allt þar eptir. Margir heldri menn heimsóktu Grím, og ætíð á afmæli hans, varð honum ærið kostnaðarsamt af þeim heimsóknum, því hann veitti

vel og stórmannlega; ýmsir útlendingar heimsóktu hann og, því hann gat talað ýms mál, frakknesku, ensku og þýzku, sem er sjaldgæft hjer, var og vel máli farinn, fjörugur í ræðum og sást þá opt ekki fyrir. En hann var ekki þjóðhollur maður í garð Íslendinga, hversu mikið gum og lof sem um hann hefur verið mokað upp í blöðunum, hvað hann væri »ramm-íslenzkur«, og mikið skáld, og rjett var það þegar Ólafur Haukur sagði hann væri »digtende Æsthetiker«. Hann hjekk alltaf aptan í stjórnargaurunum og aldrei kom hann til annara, þegar hann var hjer á ferð, en til þessara hálf-dönsku trjemanna, sem hafa verið á móti Íslendingum í öllu, sem kunnugt er, og á alþingi 1869, var hann sá einasti hinna þjóðkjörnu þingmanna sem fylgdi »konúngsfulltrúanum« og hinum »konungkjörnu« og »stjórninni« í því að vera á móti rjettmætum kröfum og skoðunum þingsins (Ný Fjelagsrit 1870, bls. 34 og 170).

Það hefur verið sagt, að álit Jóns Sigurðssonar hafi minkað á Alþingi, eptir að Grímur komst að; sje það satt, þá er það ekki mikill heiður fyrir Alþingið, og raunar rjett eptir því; víst er um það, að Grímur hefur getað hringlað með þingmennina, þar sem hann gat fengið þá til að veita Páli Melsted átján hundruð króna árlegt viðurlífsfje, sem er óheyrt og gengdarlaust brutl, meira en laun margra þeirra, sem hafa örðug embætti á hendi — enda var Páll aldrei þjóðhollur, synti þetta með kápuna á báðum öxlum eins og allt hans fólk og embættismannaklíkan hjer. Hann var og einn af útgefendum »Íslendings« og þar voru Íslendingar líka sjálfum sjer líkir með froðuskapinn, þó Benedikt Sveinsson væri einn af útgefendunum: Þeir hleyptu Grími að með ritgerð (25. Oktober 1860) um það að við skyldum ekki

rita um stjórnarástandið, heldur einungis um búskap o. s. frv. — slíkir menn eru hjer hafðir í hávegum! Jeg hlýt að minnast þess með þakklæti við Grím, að hann var sá einasti sem gaf mjer atkvæði sitt, þegar jeg sókti til þingsins um »skáldfje« — jeg hafði gert það þrisvar sinnum og var því alltaf neitað í einu hljóði. Annars var ekkert gaman að tala við Grím um skáldskap — jeg hef heldur ekki verið ýkja skemtilegur í því efni og lítið fyrir það. Grímur var ekki vel að sjer í íslenzku, eins og sjá má á kvæðum hans, en hann unni mjög klassiskum rithöfundum og hann var allvel að sjer í latínu og grísku, þótt hann færi ekki í það eins og málfræðingar, sem eru allir í grammatík og smásmygli, sem ekkert á skylt við menntun. Ekki held jeg hann hafi hirt um »Æsthetik« eptir að hann hafði ritað um »den nyfranske Poesi« og Lord Byron, og lítið bókasafn átti hann og óvalið. Þar sem í Sunnanfara er haft eptir Rektor Jóni Þorkelssyni að enginn maður á landinu hafi getað lesið gríska rithöfunda nema Grímur, þá er það svo vitlaust, sem verða má, því það gerðu bæði kennararnir og lærisveinar þeirra, og kannskje fleiri; en þetta var haft upp úr því, að Grímur fjekkst við að þýða Pindorns og Tragicus, náttúrlega með hjálp þýðinga; og ritaði um heimspeki Grikkja, ómerkilegt þvaður, sem lepja mátti upp úr ýmsum bókum, án þess menn læsu nokkurn grískan rithöfund, og var þetta gefið út í Tímariti Bókmenntafjelagsins, því ekki var sjálf ritnefndin betur að sjer í þeim efnum. En um þýðingar Gríms hefur Dr. Finnur Jónsson dæmt í Eimreiðinni rjettvíslega og hreinskilnislega. Ritgerð Gríms um gríska heimspeki, sem prentuð er í Tímariti Bókmfjel. er tómt þvaður. Þar kemur fyrir sú skoðun fornmanna, sem Aristoteles nefnir, að álar kvikni

af sjálfum sjer í leir og for (eins og menn hjeldu um dvergana, að þeir »kvikni eins og maðkar í moldu«, svo sem sagt er í Gylfaginningu); herra Rektor Olsen, sem var einn þeirra sem átti að dæma um ritgerð Gríms, ljet sækja náttúrufræðing skólans, herra fiskifræðing, Bjarna Sæmundsson, til þess að fá að vita hvort þetta væri satt!! Æfisaga Gríms er prentuð í Andvara, náttúrlega álíka óáreiðanleg og æfisaga Konráðs eptir Björn Olsen; jeg skal nú segja hjer frá nokkrum atvikum, sem líklega þykja of drengjaleg og óhæf til að nefnast í æfisögu slíks merkismanns. Sagt var (og er líkl. satt) að þegar Grímur var í Brüssel sem aðstoðarmaður ráðherra Dana, þá hafi hann átt í einvígi (jeg veit ekki út af hverju) og verið særður og legið; þetta getur vel verið satt, því Grímur var ófyrirleitinn og hafði eitthvað lært að skilmast. Önnur saga er sú, að hann var staddur hjá einhverri hefðarfrú á Englandi og fjekk kaffi, en tók sykurinn með fingrunum, eins og hjer er venjulegt, hafi frúin þá tekið sykurskálina og fleygt henni út um gluggann; en er Grímur hafði drukkið, þá fleygði hann kaffibollanum líka út um gluggann, sagðist álíta að það væri siður þar. Þegar hann var í Höfn (nokkru áður en jeg kom þangað), þá hafði okurkarl nokkur, Feveile að nafni, hótað að taka Konráð fastan fyrir skuldir (það voru þá lög); hafði Grímur frjett þetta og fór til Gyðingsins með pístólu og hótaði að drepa hann, en okrarinn heiktist þá. — Einhverju sinni var Grímur hjer á ferð og hitti Kristján Mathiesen (á Hliði), og segir við hann að hattur hans sje óhæfilegur slíkum höfðingja, hann megi til að fá betri hatt, og hann skuli sjá til þess, varð Kristján feginn mjög. Síðan fór Grímur til Hafnar og leið svo nokkur tími. Þá koma boð að Hliði til

Kristjáns, að komin sje sending til hans, og eigi hann að láta sækja hana. Sendir Kristján þá vinnumann eptir þessu og kemur maðurinn aptur með kassa eða öskju — Kristján tekur þetta upp, og sjá! Þar er þá gamall þrístrendur fjaðrahattur, eins og hermenn hafa á höfði sjer, og sumir embættismenn — þá sló Kristján á lærið og sagði »já, fari hann nú bölvaður«. — Annars gerði Grímur það þrekvirki, að þótt hann níddi niður húsið og kirkjuna, og bætti hvorki túnið nje túngarða, þá friðaði hann Bessastaðanes, svo í hans tíð varð það iðgrænt, en var áður moldarflag eitt og mýrarnabbar, var það siður að hleypa hestum af öllu Álptanesi þangað og láta þá ganga þar í heimildarleysi og átti Grímur í miklu stríði árum saman út af þessu, því Álptnesingar voru engum reglum vanir og urðu fokvondir, ef þeir fengu ekki að vaða uppi í gömlum óvana. Eptir fráfall Gríms (21. November 1896) var Bessastaðaeignin leigð bónda nokkrum sem annars var talinn með fremri bændum þar á nesinu; kom jeg þangað einusinni, en ekki langaði mig þangað aptur, svo var allt innanstokks komið í óþrifnað og sukk. Síðan keypti Skúli Thoroddsen Bessastaðina, og ljet dubba þá upp og kirkjuna með ærnum kostnaði, svo nú hafa þeir risið úr niðurlægjingunni fegri en nokkurn tíma áður, en jeg hef ekki komið þangað síðan. —

Ekki bjó Egill lengi í Görðunum, hann flutti aptur inn í bæinn 1893, hefur fundið að of langt væri til sín, því hann hafði ýmisleg störf fyrir aðra, sem leituðu hans í málaferlum, því hann var ekki ófróður í þeim efnum og ljúfur á að stoða almúgamenn, sem ekki áttu hægt með að fá hjálp annarsstaðar. Þótti hann helzt til orðhvass stundum og töluverðri mótspyrnu mætti hann

optast, en það ætla jeg opt hafi verið óverðskuldað. Eiginlega áttum við ekki vel saman, hann var svo kaupmannslegur og samdi sig mjög með kaupmönnum, dönskum og hálfdönskum, enda hafði hann lengst af, meðan hann var fyrir vestan, verið með Clausens mönnum og Sandholt í mesta yfirlæti meðan þeim gekk vel, og í Stykkishólmi bygði hann fallegt hús, en flutti síðan til Reykjavíkur og keypti »Glasgow«, þegar enska verzlunin var farin á höfuðið af óspilunarsemi þeirra Sveinbjarnar Jacobsens og Jónasar Jónassonar, sem áttu að standa fyrir verzluninni. En í rauninni var Egill þjóðlegur og íslenzkur í anda, og vildi efla atvinnu hjer eptir því sem hann gat, en allt fór einhvernveginn út um þúfur fyrir honum, svo ekki varð neitt úr neinu. Þannig fór hann að láta brjóta kalk úr Esjunni, en það gat ekki lukkast; var Smith kaupmaður með í því fyrirtæki, en flutningurinn afar örðugur, og ýmislegt annað bagaði; þeir ljetu byggja kalkofn á »batteríinu« og var kalkið unnið þar, en hann var rifinn seinna. Egill átti og fiskiskip sem hann kallaði »Esju«, og sjáfarútveg hafði hann einhvern í Görðunum, en ekkert af þessu varð langgætt. Áður hafði hann verið kaupmaður, síðan ljósmyndari, hreppstjóri og alþingismaður, og kom ætíð frjálslega fram, en eitthvað hefur hamlað öllu þessu, og er mjer það ókunnugt. Hann var öllum hinn hjálpsamasti og greiðviknasti, opt sjer til stórskaða, enda átti hann öfundarmenn, eins og gerist. Egill var tvígiptur, fyrri kona hans var María, dóttir Árna Thorlacius gamla; seinni konan var Ólína systir hennar, hún dó í »Glasgow«. Þar var Egill nokkur ár og stóð sig allvel, sem áður er á vikið. Hann var í miklu gengi hjá Framnesingum og gaf þeim bókasafn sitt, sem var allmikið; þeir

ljetu gera stóra mynd af honum og hjeldu honum stórveizlu. Hann var vel ritfær og gaf út »Reykvíking« um tíma, og var þar margt skorinort, þá tók Breiðfjörð við og var »Reykvíkingur«, meðan hann kom út, það einasta blað sem sinnti bænum hjer að nokkru ráði, því hin blöðin skeyttu sem minnst um málefni bæjarbúa þótt þau hefði fjölda kaupenda hjer og svo er enn. Síðan flutti Egill í hús nokkurt í Þingholtstræti og var þar ekki lengi, keypti síðan annað hús, Nr. 5 í Bröttugötu, og bjó þar til dauðadags. Hann andaðist 14. Janúar 1896 af krabbameini í maganum, var orðinn veikur laungu áður, en þjáningalaus, gat engri næringu komið niður; aldrei heyrðist hann kvarta eða bera sig aumlega. Egill var mesti snyrtimaður og fínn, alltaf únglegur að sjá, bezti raddmaður á ýngri árum, ljek vel á flautu og var í rauninni upplagður leikari; var ómögulegt annað en hrífast, þegar hann hermdi eptir, eða fór með eitthvað kátlegt. Hvorki hann nje Þuríður fengu neina minningu í blöðunum, af blaðamanna hálfu.

Ekki fjekkst jeg mikið við ritstörf eptir að jeg var kominn til Reykjavíkur, nema hvað jeg samdi fáeinar ritgerðir sem jeg fjekk komið inn í Tímarit Bókmfjel., með fram af því jeg var þá kennari við skólann og í ritnefndinni, og fáeinum eptir það; en mjer leiddist að setja mig undir nefndardóm, einkum þar sem önnur eins persóna og Björn Magnússon Olsen hafði þar sæti, og hætti jeg því þessu; stundum ritaði jeg í blöð, einkum í Fjallkonuna, því Valdimar var þá eflaust hinn bezti ritstjóri síðan þá Sveinbjörn Hallgrímsson og Jón Guðmundsson leið. Lítið orti jeg annað en það sem jeg var beðinn um, erfiljóð, brúðkaupskvæði eða heillaóskir. Þó samdi jeg samt Þórðar sögu Geirmundarsonar, sem er

raunar háð út af hinu mikla framfarabrutli sem var og er enn á öllum og tryllir alla, en þetta lofa og prísa blöðin til þess að smjaðra fyrir alþýðunni; enginn gat skilið söguna öðruvísi en að hún væri tómt »grín«, og má svo segja um fleira, að það fellur í ófrjóva jörð. Þá fullgerði jeg líka Gaungu-Hrólfsrímur, sem Björn ritstjóri gaf út og borgaði vel, en mjög lítið var hirt um þær, af því að þetta voru »rímur«, var sá tónn kominn í marga, eptir að Jónas hafði ritað í Fjölni um rímurnar, mjög einhliða þó rjett væri. Jeg setti og Andrasögu í söguform eftir rímunum, og gaf Sigfús Eymundsson það út; nokkrar smásögur þýddi jeg, og ætlaðist jeg til að Sigurður Kristjánsson gæfi þær út, en á síðustu tímum er svo komið að hann (og enginn) þorir að gefa neitt út eptir mig.

Þetta hjer framanritaða er ekki í rjettri tímaröð, heldur fremur sundurlaus upptalning um það sem á dagana hefur drifið, og mun jeg þá geta um ýmislegt fleira.

Árið 1889 var náttúrufræðisfjelagið stofnað, sem áður er getið, og var jeg í einu hjóði kosinn formaður þess, af því enginn var annar til, enda þurfti það að vera maður, sem ekki hafði neinar embættisannir, en jeg var laus og liðugur. Þá var og kosin »stjórn« en það fór eins og vant er að vera: allt gekk annaðhvort ver eða stjórnin var alveg ónýt og skipti sjer ekki af neinu, var jeg því einráður og var mjer einusinni brígslað um það í blaði. Jeg var þó sá einasti, sem hjelt náttúrusafninu við, og jókst það töluvert af því sem jeg útvegaði sjálfur, en aðal stofninn eða byrjunin voru ýmsir náttúrgripir frá stúdentum í Khöfn, og svo gáfu ýmsir menn hitt og þetta smávegis, flestir vildu samt fá einhverja borgun, hvað ómerkilegt sem þeir komu með, og enginn pen-

ingastyrkur fekkst hjá alþýðumönnum, þeir vilja ekkert gefa til þesskonar hluta, en vilja samt gjarnan fá að skoða þá, af tómri nýjúngagirni. Alþingi veitti lítilfjörlegan styrk, en ekki kom til mála að byggja hús handa safninu, svo það var að flækjast hingað og þangað í ýmsum stöðum, ljelegum og óhentugum og var ekkert gaman að standa í þeim flutningum. En alltaf kom nóg fólk til þess að skoða safnið, ekki einungis á sunnudögum (þá var það opið eina klukkustund eptir messu), heldur komu og opt menn endranær, ferðamenn og útlendingar, og hafði jeg opt mikið ónæði af því. Svo var jeg formaður í 4 eða 5 ár fyrir enga þóknun, þangað til jeg loksins gat nuddað fjelagsstjórninni til að veita mjer 50 krónur á ári; seinna var Alþingið látið hækka þetta upp í 100 kr. með því að taka það af fje því, sem safninu var annars veitt; en þetta var hreinn óþarfi, stjórnin gat sjálf ákveðið þóknunina og þurfti ekki að spyrja þingið að hvernig hún verði peningunum, svo Alþingi veitti í raun-inni ekkert. Þetta hef jeg tekið fram í einni skýrslu náttúrusafnsins. Jeg gaf út skýrslur á hverju ári um hagi og athafnir við safnið og fylgdu náttúrufræðislegar ritgerðir optast með, þó stuttar væru. Fundur var haldinn 9da Júní 1898; jeg hafði gefið út skýrslu um safnið, og var þar lýsing á húsnæðinu, sem þá var í »Glasgow«, var sú lýsing nokkuð kátleg, en átti vel við húsakynnin. Landlæknir var í fjelagsstjórninni, og Bjarni Sæmunds-son náttúrlega; komu þeir á fundinn, sem annars var óvenjulega fjölmennur, því að jafnaði komu engir á fund-ina nema formaður og einn eða tveir til. Þá í heyranda hljóði og frammi fyrir öllum skorar landlæknirinn á mig, að gefa ekki framvegis út aðra eins skýrslu og þessa, og var »fiskifræðingurinn« ekki lengi að gella við og

óska þess sama. Var þetta gert til að smána mig, því þeim var innan handar að nefna þetta við mig einslega. Þetta varð til þess að jeg vildi ekki lengur vera formaður fjelagsins eða fást við náttúrusafnið, og hætti jeg því við það.

Opt sendi Alþingið ávörp til konúngsins og var jeg beðinn að skrautrita þau. Var þetta víst mest af hvötum Benedikts Sveinssonar, því hann var svo mikið fyrir þetta, idealisti og hrifinn af mjer; skrautritan er eins og hver önnur list og borguð eins dýrt, en hjer er öðruvísi litið á: fyrir verk sem ytra mundi hafa verið borgað 100 krónur, hef jeg fengið 25 krónur, og þótti gjöf en ekki gjald, og hefur opt verið talið eptir. Lengi framan af fjekk jeg ekki meira fyrir þessi skrautrit, sem voru öll með teikningum og margskonar prýði, en svo fóru þau að stækka, og eitt sinn voru þau svo stór, að jeg hafði varla rúm til að rita þau; þá var einnig fundið upp á því, að láta skrautritaða þýðingu fylgja með, á dönsku, þingmenn pöntuðu þetta hjá mjer, og lofuðu 50 kr. fyrir hvert stykki eða 200 kr. alls. Jeg var búinn með fyrsta brjefið og fór það til landshöfðingjans (Bergs Thorbergs). Meðan jeg var að fást við þetta annað brjef komu til mín fjórir alþingismenn, Tryggvi Gunnarsson, Benedikt Sveinsson, Þorvarður Kjerulf, og einn til sem jeg ekki man hver var. Þá segir Tryggvi: »Þú getur nú gert þetta fyrir nokkuð minna, fyrst þú átt að skrifa svo mörg«. Jeg sagði lítið við því (jeg man ekki hvert jeg sagðist ekki hafa neina fabriku eða prentvjel) en Þorvaldur Kjerúlf tók upp 20 kr. gullpening og fjekk mjer og þar við sat með það stykki, úr því jeg var svo óforsjáll að taka við þessu orðalaust. Meðan hitt brjefið lá hjá landshöfðingja kom þar danskur embættismaður, og

spurði Thorberg hann um leið og hann ljet hann skoða brjefið, hversu mikið mundi eiga að borga fyrir þetta brjef. En embættismaðurinn sagði að utanlands mundi það vera borgað með 200 krónum, en hjer hefðu menn ekki ráð á að borga meira en 100 (eptir því hefði jeg átt að fá 800 kr.). Svo var jeg loksins búinn með öll brjefin og fór jeg þá eptir þingið til Gríms Thomsens, sem þá var forseti í neðri deild og dvaldi hjer eptir til að afgreiða ýmislegt. Grímur varð önugur við, er jeg fór fram á að fá það sem mjer hefði verið lofað; sagði að áður hefði jeg fengið 25 krónur (hann hirti ekkert um stærð brjefanna eða frágangínn) — þessi maður sem var álitinn mesti »fagurfræðingur« og »skáld«(!) — nú væri nóg að jeg fengi 35 kr. fyrir hvert, svo hann sparaði þannig á mjer 75 kr. (3 stykki á 35 eru 105 kr. og eitt á 20 kr. = alls 125 kr., vantar þá 75 upp á það, sem mjer hafði verið lofað). Hann sýndi sig meira þjóðhollan þarna, en þegar hann kom alþinginu til að veita Páli Melsted (sem var ávallt okkur eins óþjóðhollur og Grímur) átján hundruð krónur á ári fyrir sögubækur, búnar til upp úr dönskum skólaskruddum. Þegar stykkin komu fyrir konúnginn, þá var Rússakeisari hjá honum í kynnisför, og sýndi konúngurinn honum þá stykkin og sagði að svona skrifuðu Íslendingar.

Síðan man jeg ekki til að jeg hafi skrautritað fyrir þingið að ráði, en seinna skrautritaði jeg ýmislegt, stundum fyrir bæjarstjórnina, bæði á afmælishátíðum konungsins og við önnur tækifæri, og fekk jeg það betur borgað. Annars var jeg aldrei notaður til neins sem einhverja þekkingu þarf til, ekki einu sinni til að þýða úr eða á dönsku, eða lesa próförk; en þó þurfti jeg optast nær að laga eitthvað í þeim skjölum sem áttu að skraut-

ritast, bæði orð og greinarmerki, því allt var fullt af vitleysum.

Þegar Pálmi hætti að vera umsjónarmaður við forngripasafnið, þá ritaði jeg landshöfðingjanum um hvort líkindi mundu vera til að jeg fengi það, en þar var ekki nærri komandi, því Jón Jakobsson átti að fá það. Ekki var heldur við því að búast að jeg yrði kosinn í stjórn landsbókasafnsins, eða til nokkurra bóklegra starfa, því til þess voru ekki aðrir hæfir en þeir sem enga bóklega þekkingu höfðu. Raunar var jeg kominn í ritnefnd Bókmentafjel., en þá var jeg kennari við skólann og ekki búið að setja mig á dónahylluna. En svo þurfti endilega að koma Jóni Ólafssyni og Steingrími að, svo jeg hlaut að víkja. Tók jeg mjer þetta ekki mjög nærri.

Svo kom nú kvæðabókin mín út; ekki hafði jeg svo mikið sjálfur að segja, að jeg gæti sjálfur fengið kostnaðarmann; en svo stóð á að jeg var orðinn skuldugur Ditlev Thomsen kaupmanni allmikið, og tókst hann á hendur að bjóða verkið fram; Björn ritstjóri færðist undan, en Sigurður Kristjánsson bóksali tók það og átti að borga 1000 krónur á þrem árum; fór það allt til Thomsen. Ekki minntust stóru blöðin hjer á kvæðabókina með einu orði, og var hún þó öllum þeim send, með því að þá var Einar Hjörleifsson meðritstjóri Ísafoldar, og versnaði hún þá óðum; Björn hafði farið að halda með »sáluhjálparhernum«, sem hjer var þá kominn með sinn afkáraskap, og hneikslaðist jeg á þessu eins og margir fleiri; ritaði jeg þá stundum í Fjallkonuna háðgreinir um þetta, en það mislíkaði Birni, svo hann varð alveg á Einars bandi, Einar var þar að auki útflutningsagent og rauk upp með mótmæli í hvert sinn sem eitthvað var andæft útflutningunum, en það gerði jeg ekki

þá, nema hvað jeg orti smákvæði um Ameríku og »sáluhjálparherinn«, og lærðu allir krakkar hjer þetta strax og súngu það um allar götur og í sjálfu húsi Björns — en þeir urðu svo reiðir, ritstjórarnir, að þeir gengu frá vitinu og rituðu um mig skammagreinar sem ekkert vit var í, og engin vörn fyrir þá. Þessvegna var ekki von að Björn vildi gefa út kvæðin mín, hin blöðin þögðu líka, enda þótt síður sje að rita um bækur, sem blaðamönnum eru sendar, þótt minni sjeu. Þjóðólfur var allur í sjera Matthíasi, og Fjallkonan hefur ekki þorað eða viljað styggja Ísafold, enda leið ekki á löngu eptir það, að þeir sættust, fjandmennirnir, þegar »Blaðamannafjelagið« var stofnað. Ritdómur um kvæðabókina kom í Bjarka og Eimreiðinni, en fremur til að rýra allt en til að hrósa bókinni, gengið fram hjá flestu sem notandi var, en hitt tekið fram, sem *þeim* líkaði ekki, voru báðir þessir ritdómar ritaðir af óvildarhug. Sjera Friðrik Bergmann ritaði um hana í Aldamótum og var sá ritdómur laus við allar persónulegar hnútur, en ritstjórunum hjer mun hafa þótt hann allt of góður, eins og sjá mátti af Þjóðólfi. Á þrem þingum hefur einhver risið upp til þess að láta taka af mjer þenna styrk sem eg hef haft nokkur ár: Björn Bjarnarson í Gröf, Hannes Þorsteinsson ritstjóri, og Björn Bjarnason Dalasýslumaður — og veit jeg ekki til að jeg hafi nokkurn tíma snert þessa menn, en þeim hefur þótt óhæfa að jeg fengi nokkurn styrk af landssjóði.

Eptir að jeg hafði búið nokkur ár í húsinu nr. 16 á Vesturgötu, þá keypti jeg garðinn þar fyrir framan, svo ekki yrði byggt fyrir mig og öll dagsbirta burtu tekin.

Eftirmáli.

Það verður ávalt álitamál, *hvenær* gefa eigi út æfisögur látinna manna, sem þeir hafa sjálfir ritað, því venjulegast kveða þeir upp einhverja dóma um samtíð sína og samtíðarmenn, mismunandi harðorða, eftir skaplyndi söguritarans, og það er eðlilegt að þeir segi kost og löst á samtíð sinni.

Hitt mun óvenjulegra, að ekki sje hnýtt í neinn í slíkum æfisögum og þær má auðvitað prenta hvenær sem vera vill.

Það er skoðun mín, að æfisögur manna (autobiografíur) tapi gildi sínu, því lengra sem líður frá þeim tíma, sem æfisagan á við. Sje um ádeilur að ræða til þeirra sem á lífi eru, geta þeir borið hönd fyrir höfuð sjer, sjeu þeir dánir, þá finn jeg ekki mikinn mun á því, hvort þeir verða fyrir ádeilum stuttu eptir andlát sitt eða eptir 50—100 ár, sem sumir halda fram að sje hæfilegur tími til að gefa út slíkar æfiminningar. Ef setningin »Nihil de mortuis nisi bene« ætti að gilda um þetta, býst jeg við að mönnum þættu þær nokkuð bragðlitlar.

Það er dálítið öðru máli að gegna um Gröndal, en aðra menn, því hann ritaði svo mikið í lifanda lífi um menn og málefni og var ekki myrkur í máli við þá eða það, sem honum líkaði ekki og flestir þeirra manna, sem eitthvað er sveigt að í æfisögu þessari hafa orðið

fyrir barðinu á honum, meðan hann og þeir lifðu. Þeir, sem t. d. hafa lesið »skólafarganið«, munu ekki kippa sjer upp við ummæli þau er í þessari bók standa um Jón Þorkelsson rektor og B. M. Olsen, sem báðir voru mestu heiðursmenn, en höfðu auðvitað sína galla.

Gröndal var orðhvass og ljet ýmislegt »fara«, sem hann iðraðist síðar, ef hann hjelt að það hefði *særi* menn. Hann hlífði ekki sjálfum sjer, því hann dæmir sjálfan sig, ekki síður en aðra, sýnir það einlægni hans og drenglyndi.

Það er illt að sleppa miklu úr æfisögum eins og þessari, jeg hefi því, að mestu leyti, látið hana halda sjer eins og hann gekk frá henni.

Meginhluta æfisögu sinnar lauk Gröndal við árið 1894, en það sem eptir er, ritaði hann á elliárum, eptir að hann var orðinn veikur og sjer það á, því sá hlutinn er síztur. Eptir að hann skrifaði hana fyrst, hefur hann allvíða bætt inn í nýjum málsgreinum og eru þær settar milli hornklofa í þessari bók. Bjóst jeg við að hann mundi geta þar ýmsra manna, sem hann hafði miklar mætur á svo sem Þorst. Erlingssonar, Guðm. Magnússonar professors og margra fleiri sem voru honum handgengnir og komu opt til hans. En aldurinn var orðinn hár og heilsan þrotin og eru það nægar málsbætur. Gröndal ritaði dagbækur og í þeim er mikill fróðleikur, þar er getið ýmsra manna og mála, sem ekki eru í æfisögunni.

Um stafsetninguna á bók þessari er það að segja, að hún er með ýmsu móti, og hefi jeg látið hana halda sjer eins og hún er hjá honum og er þar fylgt sömu reglu eins og hann segir í eptirmála við II. útgáfu Heljarslóðarorustu: »Stafsetning á bók þessari er með ýmsu

móti, til þess að þóknast öllum, sem aldrei koma sjer saman«. —

Prof. Þorv. Thoroddsen segir í æfiminningum sínum um Gröndal, að hann hafi verið »einkennilegur maður«. Það er satt, hann var »einkennilegur« maður, ef til vill einkennilegasti Íslendingurinn hinna síðari tíma.

Jeg átti því láni að fagna, að kynnast honum vel, því jeg dvaldi fleiri ár á heimili hans, en jeg mun þykja of nákominn honum til þess að dæma um hann, þar sem jeg er tengdasonur hans. Þó get jeg ekki stilt mig um að fara nokkrum orðum um Gröndal, ekki sem skáld og rithöfund, heldur sem mann, eins og jeg þekti hann. En jeg skal vera fáorður. Mjer nægir ein setning til þess að kveða upp minn dóm, og hann er sá, að jeg hefi aldrei kynst *betri* manni á lífsleið minni. Ekki svo að skilja, að Gröndal hafi verið gallalaus, en kjarninn, innri maðurinn, var svo barnslega hreinn og góður, að jeg veit þess ekki dæmi um aðra menn. Hann hafði svo gott hjarta, að hann mátti ekkert aumt sjá, án þess að reyna að hjálpa. Það var sífeldur erill hjá honum af ýmsu almúgafólki, til þess að biðja hann um ýmiskonar hjálp. Hann elskaði almúgafólkið og það fann ylinn frá honum og leitaði hans í vandamálum sínum og það fór aldrei erindisleysu, því hann hjálpaði því ætíð eptir mætti og gæti hann það ekki sjálfur, þá fjekk hann aðra til þess. Allopt komu fátæklingar að biðja um peninga, og aldrei ljet hann þá synjandi frá sjer fara og var þó synd að segja að pyngjan væri alltaf full, því hann lifði við lítil laun og fátækt alla æfi. Hann var ágætur heimilisfaðir, en dulur í skapi og átti til að vera þunglyndur og svartsýnn. Gröndal var trúmaður »á sína vísu«, en hann lagði ekki mikið upp úr »dogmum« kirkjunnar. Jeg hygg að

hann hafi »sympatiserað« meira með hinum kaþólska sið, að minsta kosti þótti honum kaþólskar guðsþjónustur tilkomumeiri, en hinar lútersku og er það sízt að furða, þó skraut og »mystik« kaþólsku kirkjunnar hafi haft meiri áhrif á hina »æstetisk-fantastisku« sál Gröndals, en hinir viðhafnarminni lútersku helgisiðir. Annars talaði hann aldrei um trúmál, og vildi ekki um þau tala, en jeg heyrði hann tala um kaþólskar guðsþjónustur með mikilli lotningu, af því dreg jeg þetta.

Gröndal var frábærlega víðlesinn maður, sjerstaklega í fagurfræði, náttúrufræði og málfræði. Hann las latínu og grísku eins og móðurmál sitt, enda áleit hann þær tungur undirstöðu allrar mentunar. Aftur á móti var hann frábitinn stærðfræði og kunni lítið í henni. — Síðustu ár æfi sinnar var Gröndal ávalt meira og minna veikur. Hann hafði æðakölkun og hjartasjúkdóm, sem dró hann að lokum til dauða. Aldrei hefi jeg sjeð mann bera sjúkdóm sinn með meiri rósemi og stillingu. Síðustu mánuðina var hann svo veikur, að hann gat sjaldan sofið í rúmi sínu, en varð að sofa sitjandi í stól, en aldrei heyrðist æðruorð frá honum.

Á áttatíu ára afmæli hans, var haldin blysför honum til heiðurs og gengu stúdentar með blysin heim til hans. Honum þótti mjög vænt um þetta og minningarritið sem þá kom einnig út. Það sætti hann við ýmislegt annað, sem honum þótti miður.

Gröndal andaðist 2. aug. 1907 og skorti tvo mánuði til að vera 81 árs að aldri.

Þ. Edílonsson.

Nafnaskrá fæst sjerstaklega hjá útgefanda bókarinnar.

Áður út komið eftir sama höfund í samskonar útgáfu:
Gamansögur (Heljarslóðarorrusta og Þórðar saga Geirmundarsonar í Hattardal).

Nafnaskrá

við „Dægradvöl“ eftir Ben. Gröndal.

(Íslenzkir menn eru settir undir skírnarnöfnum, eins þó þeir hafi ættarnöfn).

Aagaard, sýslumaður 298.
Ahrens, Georg 140, 195.
Álaborgar-Jón, sbr. Jón assessor.
Albert Sigurðsson 79.
Andersen, Carl, 66.
Andrés Hjaltason, prestur 215.
Anna Hákonsen 202.
Anna Jakobsen 285, 286.
Anton, frú, 175.
Ari Arasen á Flugumýri 42.
Ari fróði 327.
Ari í Njarðvík 35.
Arndís Ásgeirsdóttir 211.
Arngrímur Bjarnason, prestur 62, 63, 120.
Arngrímur málari 333.
Árni apótekari 257.
Árni Böðvarsson 134
Árni Gíslason, leturgrafari 305.
Árni Gíslason, sýslumaður, Krísuvík 106, 135.
Árni Helgason, prófastur 17, 24, 26, 48, 55—57, 77, 80, 108, 194, 211.
Árni Thorlacius, kaupm. Stykkishólmi 216.
Árni Thorsteinsson 182.
Árni Þorsteinsson, prestur, Kálfatjörn 79.
Arnkell Scheving 24, 189.
Arnleif á Svalbarða 80.
Arnljótur Ólafsson, prestur, Sauðanesi 134.
Arnór Gunnarsson, kaupmaður, Keflavík 114.
Ásbjörn Jakobsen 257.—8.
Ásbjörn kastinrassi í Ásbjarnarkoti 77—78, 89.
Ásbjörn Ozurarson, landnámsmaður 7.
Ásgeir Ásgeirsson, kaupm. 288.
Ásgeir Blöndal, læknir 211.
Ásgeir Finnbogason 204, 211.
Ásgeir Sigurðsson 79.

Ásmundur Jónsson, prestur 82, 193, 201—202.
Ásmundur Sveinbjarnarson 7.
Ástríður Thordarsen 73.

Bagger, madame 194.
Baudouin prestur, Landakoti 223.
Bayer, teiknimeistari 119, 154.
Benedikt Gröndal eldri 21—23 34, 35, 44.
Benedikt Sveinsson, assessor 75, 219, 287, 348, 356.
Bergur sterki 120.
Bergur Thorberg, landshöfðingi 264, 321, 323—326, 356, 357.
Bernard 239.
Bernhöft 86.
Beyer, Páll 15.
Bjarni frá Esjubergi 195, 306—307.
Bertel Gunnlaugsen 69, 184.
Bjarni Gunnarsson 114, 116, 119.
Bjarni Jónsson, rektor 13, 42, 131, 192—194, 207, 208, 217, 262, 278.
Bjarni Magnússon 219, 236.
Bjarni Sandholt 257.
Bjarni Sigvaldason 208.
Bjarni Sivertsen, riddari 27.
Bjarni snikkari („Bligh") 29.
Bjarni Sveinsson 61.
Bjarni Sæmundsson 350, 355.
Bjarni Thorarensen 23, 40, 41, 89, 97, 98, 102, 109, 122, 130, 135, 208, 280, 327.
Bjarni Thorlacíus 136.
Bjarni Thorsteinsson, amtmaður 43, 44, 191.
Björn Bjarnarson í Gröf 359.
Björn Bjarnarson, sýslum. 359.
Björn Gunnlaugsson 21, 23. 37, 38, 45, 46, 70, 71, 98—101, 107, 109, 132, 194, 258.
Björn Halldórsson, prestur, Laufási 90, 108, 128, 129.
Björn Hjaltested 204.
Björn Jónsson, ritstj. 286, 317, 339, 341, 354, 358, 359.
Björn Kristjánsson, kaupm. 342.
Björn M. Ólsen 103, 104, 171, 272, 318—329, 350, 353, 361.
Björn Pétursson 121.
Björnson, Björnstjerne 267.
Björn Þorláksson, prestur, Höskuldsstöðum 52, 54.
Björg Þórðardóttir 206.
Björg Jónsdóttir í Doktorshúsi 308.
Birck, byggingameistari 140.
Blædel, prestur 257.
Bogi Thorarensen, sýslumaður 130, 133, 142, 150, 177.
Borgþór Jósefsson 345.
Brandes, Georg 316.
Bruun 271.
Brynjúlfur Benedictsen 215.
Brynjólfur „crassus" 113.
Brynjólfur Kúld 344—6.
Brynjólfur Pétursson 152, 158, 161—3, 170, 172.
Brynjólfur Snorrason 142, 150.
Brynjólfur Sveinsson biskup 22, 289.
Bræstrup, lögreglustj. 195, 196.
Bugge 37.
Byron 171.
Böðvar Þorvaldsson, prestur á Melstað 134.

Böving sýslumaður 252.

Carpenter 309.
Christensen, Balthazar 190.
Christiansen, landfógeti 189—91, 194, 197.
Cleasby, orðabókarhöf. 158, 173.

Dahl, hofjægermester 246—7.
Davíð Guðmundsson, prestur á Möðruvöllum 212, 213.
Djúnki 219—222, 224—227, 232, 236.

Effersö, færeyskur stúdent 298.
Edvard Siemsen 191.
Eggert Briem, prestur 245.
Eggert Laxdal, kaupm. 331.
Eggert Ólafsson 12, 34, 122.
Egill Ásbjörnsson 7.
Egill Eyvindsson 32.
Egill Hallgrímsson í Vogum 310.
Egill Jónsson, bókbindari 190, 191, 205.
Egill Pálsson 205.
Egill Sveinbjarnarson, afi höf. 35, 36.
Egill Sveinbjarnarson Egilsen, bróðir höf. 21, 37, 38, 54, 58—61, 63, 64, 137, 188, 216, 287, 304, 305, 308, 340, 342, 351—353.
Einar Einarsson 206.
Einar Hákonsen 202.
Einar Hansen, kaupm. 184.
Einar Helgason, snikkari 17.
Einar Hjörleifsson 98, 358.
Einar Jónsson 204.
Einar frá Kasthúsum 79.
Einar snikkari 140.
Einar Sæmundsson 206.
Einar Thorlacíus 136.
Einar Zoëga, veitingam. 206.
Einar Þórðarson, prentari 191, 204.
Eiríkur Jónsson, Garðsprófastur 108, 109, 132, 134, 142, 159, 244, 257, 263, 264, 280, 287.
Eiríkur Kúld 59, 60, 93, 105, 137, 214, 308, 343—345.
Eiríkur Magnússon, bókavörður 107, 272.
Elín Thorsteinsen 71, 72.
Elízabet Egilsen 329.
Engelstoft 102.
Erichsen 179.
Erslev 154.
Eschricht 154, 155, 167.
Eyjólfur í Tröð 80.
Eyvindur í Eyvindarkoti 60, 78.
Eyvindur landnámsmaður 32.

Ferdinand Johnsen 257.
Feveile, okurkarl 350.
Finnur biskup 22.
Finnur Jónsson, prófessor 102, 156, 170, 267, 280, 349.
Finnur Magnússon 146, 157, 171.
Finnur Thorsteinsson 182.
Finnur Þorsteinsson, prestur á Klippstað 134.
Fiske, Willard, próf. 309, 336.
Fistaine 173, 184.
Flensborgar-Johnsen 298.
Friðrik Bergmann, prestur 359.
Friðrik mikli 221.

Gaimard 27, 47, 50—52.

Geir Zoëga, kaupm. 205, 303—306, 308, 309.
Geir Zoëga, rektor 309, 329, 330, 340.
Geir Zoëga, snikkari 206.
Geir Vídalín 202.
George, stjúpsonur K. G. 249—251.
Gizur Hafr-Bjarnarson 7.
Gísli Brynjólfsson, doctor 73.
Gísli Brynjúlfsson 102, 106, 108, 132, 142, 150, 181, 236, 244, 257, 263—265, 295.
Gísli Ísleifsson Einars. prestur í Kálfholti 38.
Gísli í Gíslakoti 78.
Gísli, karl, vinnum. á Bessastöðum 133.
Gísli Konráðsson 183, 215.
Gísli Magnússon, kennari 123—127, 159, 173, 176, 211, 319.
Gísli Scheving 24.
Gísli Thorarensen 172, 177.
Goldschmith, M. 224.
Gosch 290.
Gram kaupmaður 137, 215, 216.
Greta Sveinbjörnsdóttir 200.
Grímur amtmaður 23, 41, 114.
Grímur Thomsen 15, 16, 23, 24, 41, 82, 108—110, 122, 123, 250, 272, 335, 338, 347—351, 357.
Gróa Oddsdóttir 79.
Grundtvig, Sveinn 253—255.
Guðbrandur Hinriksson 80.
Guðbrandur Vigfússon 103, 104, 158, 159, 280.
Guðlaug Aradóttir í Sviðholti 37, 105, 120, 258.
Guðlaug Egilsdóttir 206.
Guðlaug Sveinbjarnardóttir Egilsen 118, 188, 256—258.
Guðmundur Bjarnason, prestur á Borg 106.
Guðmundur Björnsson, landlæknir 311.
Guðmundur Einarsson frá Mælifelli 110, 111.
Guðmundur Einarsson, prestur frá Skáleyjum 74.
Guðmundur fjósarauður 210.
Guðmundur, færeyskur sýslumaður 293.
Guðmundur Jónsson, prestur, Stóruvöllum 28, 30, 46, 53, 56, 58.
Guðmundur Magnússon, prófessor 361.
Guðmundur Olsen, kaupm. 201.
Guðmundur Pétursson, Sviðholti 37.
Guðmundur Salómonsson 75.
Guðmundur Scheving 35.
Guðmundur Sivertsen 27.
Guðmundur í Sjávargötu 33.
Guðmundur Torfason 210.
Guðmundur í Traðarkoti 210.
Guðný Helgasen 206.
Guðríður Þórðardóttir á Breiðabólst. 70.
Guðrún Brynjólfsson 73.
Guðrún Egilsdóttir 45.
Guðrún Egilsen, systir höf. 188.
Guðrún Helgadóttir 198.
Guðrún Johnsen 64, 131.
Guðrún Magnúsdóttir 347.
Guðrún Oddsdóttir, föðurmóðir höf. 30, 35, 36, 60, 65.

Guðrún Sigurðardóttir 79.
Guðrún Sæmundsson 206.
Guðrún Thorsteinsen, síðar Hjaltalín 72, 206—208, 274, 275, 332, 334.
Guðrún Þorgrímsdóttir Thomsen 82.
Guðrún Zoëga 306.
„Gullsmiðurinn" eða „gullsi" = Þorgrímur Tómasson gullsmiður.
Gunnar Ólafsson frá Kvíabekk 75.
Gunnlaugur Blöndal 98, 127, 219, 246, 252.
Gunnlaugur Guttormsson 106.
Gunnlaugur Oddsen, prestur, Lambastöðum 64.
Gunnlaugur Þórðarson 152, 159, 163, 165, 172—174, 186, 219, 220, 247.

Hafr-Björn Styrkársson 7.
Hall, prófastur 284.
Hall, ráðherra 245, 282, 283.
Hallbjörn Oddsson 209.
Halldór Briem 333.
Halldór Davíðsson 116, 118.
Halldór Friðriksson 58, 75, 158, 163, 310, 321, 323, 324, 326, 328, 330, 340, 344.
Halldór Guðmundsson, skólakennari 75, 191, 260, 319, 325.
Halldór Melsted 243.
Halldór Þórðarson, bókbindari 337, 338.
Halldóra Hansen 204.
Halldóra Þorsteinsdóttir, kona Tryggva Gunnarss. 286, 287.
Hallgrímur Pétursson 335.
Hallgrímur Scheving 18, 24, 38, 89—91, 95—98, 105, 106, 110, 123, 128, 134, 140, 189, 233,
Hallgrímur Sveinsson, biskup 257, 327.
Hallr í Haukadal 21.
Hannes Árnason 153, 170, 173, 175—178, 181, 260, 311, 313.
Hannes Finnsson, biskup 33, 34.
Hannes Finsen, amtmaður í Færeyjum 299.
Hannes Hafstein 311, 339—341.
Hannes Johnsen 181, 204, 256, 305.
Hannes Scheving 24, 189, 190.
Hannes Stephensen, prestur, Ytra-Hólmi 64, 212, 214.
Hannes Þorsteinsson, ritstj. 359.
Hans Robb 287.
Hans Scheving 24, 57, 61, 133, 140, 188.
Hartel, smiður 230.
Hartvigsen 247, 248, 256, 277, 286.
Hartvigsen, V. W. 258.
Hauch 166, 184, 190.
Helga Gröndal, móðir höf. 21, 27, 28, 33, 40, 44, 60, 62, 83, 117, 119, 191.
Helga Gröndal Edílonsson, dóttir höf. 185, 306, 307, 330, 331, 334, 339, 345.
Helgi Helgason, prentari 205.
Helgi Helgason, skólastj. 287, 302, 305, 307.
Helgi Helgason, snikkari 79, 310.
Helgi Jónsson, faktor 202.
Helgi Sigurðsson, málari (prestur) 22, 75, 182, 183.

Helgi Thordarsen, biskup 40, 41, 72, 101, 136, 195, 196, 306.
Hendrichsen, lögregluþjónn 194.
Hendrik Hansen 204.
Herdís Benedictsen 215, 309, 339, 343.
Hertz, Henrik 269.
Hildur Thorarensen, kona Bjarna amtmanns 130.
Hildur Thorarensen, yngri 347.
Hilmar Finsen, landshöfðingi 280, 303, 314, 335.
Hinrik Guðmundsson á Deild 39, 80.
Hjort, prófessor 184, 282.
Hjálmar Rafn 148, 256.
Hjörleifur Þórðarson, prófastur Valþjófsstað 113.
Holm, P. 258.
Hólmfríður Þorvaldsdóttir 76,198.
Horn, skipstjóri 299.
Hróbjartur, brennivínsberserkur 210.
Hvidt, etazráð 176.

Ibsen, prófessor 168.
Indriði Einarsson 297.
Inga Jakobsen 285—286.
Ingibjörg Einarsdóttir, kona Jóns Sigurðssonar 276, 286.
Ingibjörg Hinriksdóttir 80.
Ingibjörg J. Jakobsdóttir 204.
Ingibjörg Johnsen 306.
Ingibjörg, kona Þorgr. gullsm. 23.
Ingibjörg Sigurðardóttir 79.
Ingigerður Gröndal 275, 277, 306, 322.
Ingigerður, kona Guðmundar í Sviðholti 37.
Ingigerður Zoëga 205.
Ingileif Benediktsen 309.
Ingólfur landnámsmaður 32.
Ísleifur Einarson, etazráð á Brekku 38.
Ísleifur Gíslason, prestur 287.
Ívar, einbýlismaður í „Ívarskofa“ 31.
Ívarsen, kaupm. Hafnarfirði 113.

Jakob Benediktsson, prestur, Miklabæ 121,
Jakob Finnbogason 204, 214.
Jakob Sveinsson 49, 199, 287.
Jens Sigurðsson, rektor 27.
Jensen 171.
Jóhann Bjarnason frá Knararnesi 331, 334.
Jóhanna Sivertsen 105.
Jóhannes Ólsen 210.
Jóhannes Þorkelsson á Fjalli 332.
Jóhannes Zoëga 29, 205.
Jóhannes Zoëga yngri 206.
Jóhannessen, kaupm. 202.
Jón í Akrakoti 79.
Jón Arason, biskup 236.
Jón Árnason, bókavörður 30, 86, 93, 104, 188, 191—192, 197, 212, 257, 290, 303, 305, 310, 314, 323, 342—343.
Jón Ásbjörnsson í Ásbjarnarkoti 78.
Jón Johnsen, assessor frá Árnóti 182, 187.
Jón Jónsson frá Barði, prestur 207.
Jón Benediktsson, prestur 217.
Jón Björnsson, prestur 80.
Jón Blöndal 105, 123, 127.
Jón Eiríksson 33, 34.

Jón Guðmundsson, ritstjóri 198—200, 207, 286—287, 305—306.
Jón hafnsögumaður 300.
Jón Helgason, Hvaleyri 44.
Jón Hermannsson, 57.
Jón Hjaltalín, landlæknir 49, 88—89, 195, 274.
Jón Hjaltalín, skólastjóri 330, 332, 334, 336.
Jón Jakobsson, landsbókav. 358.
Jón Jensson, yfirdómari 338.
Jón Jónsson, lektor 19—20, 26—27, 38—39, 81, 94, 106, 193,
Jón Jónsson, prentari 44.
Jón í Landakoti 79.
Jón lausamaður á Langeyri 44.
Jón Árnason á Leirá 19, 88—89, 97, 214.
Jón múrari 11.
Jón Norðfjörð 44.
Jón Norðmann 128.
Jón Ólafsson, ritstjóri 340, 358.
Jón Pétursson, 62.
Jón Pétursson, háyfirdómari 7.
Jón Sigurðsson, forseti 76, 97, 103, 147, 152, 162—165, 179—180, 197, 199, 218, 236, 241—243, 245, 254—257, 259—260, 262, 264—265, 274—277, 279—281, 286, 291, 306, 318, 328, 348.
Jón Snæbjarnarson, sýslumaður 106, 130, 187.
Jón Stefánsson, doktor 95.
Jón Steffensen, kaupm. 307.
Jón Sveinsson 19—20, 89.
Jón Sveinsson, kennari 207—208, 318.
Jón á Tandraseli, alþingismaður 216.
Jón Thorarensen, prestur 208.
Jón Thorarensen, yngri 347.
Jón Thoroddsen, sýslumaður 75, 176—177, 181, 214.
Jón Thorsteinsen, landlæknir 12, 39,—40, 48, 50, 71—72, 199.
Jón Vídalín, biskup 22, 289.
Jón Þórarinsson, skólastj. 336.
Jón Þorbjörnsson, silfursmiður 33.
Jón Þórðarson, borgari 50.
Jón Þórðarson, prestur, Auðkúlu 208.
Jón Þórðarson frá Hliði 347.
Jón Þorkelsson, rektor 103, 217, 223, 271—272, 308, 313—314, 318—327, 336, 340, 349, 361.
Jón Þorkelsson, dr. (yngri) 15—16, 22, 103, 321—322.
Jón Þorláksson, skáld 34, 128.
Jón Þorleifsson 56, 198.
Jónas Guðmundsson, prestur 128, 142, 145, 149, 177, 194.
Jónas Hallgrímsson 41, 51—53, 84, 96—97, 102, 109, 123, 137, 163—164, 203, 354.
Jónas Jónassen, landlæknir 292, 310, 355.
Jónas Jónasson, prestur, Hrafnagili 104.
Jónas Jónasson, kaupm. 352.
Jónas frá Kasthúsum 79.
Jónas Thorsteinsen 72—73, 114 115, 129, 142, 165, 182, 199, 268.
Jórunn Gunnlaugsen 69.
Jórunn, kona Páls Melsteð 38.

Jueles, kaupmaður í Hafnarfirði 63.
Júlíus Havsteen 257, 294, 332.
Jörgensen (Spesíu-Jörgensen) 143—144, 186.
Jörgensen, cand. phil. 292.
Jörundur á Hliði 80.
Jörundur hundadagakóngur 35, 202.

Kålund 255.
Katrín Þorvaldsdóttir, frú 22, 343.
Kayser 118, 190.
Klein, ráðherra 295, 297, 302.
Knudsen, P. C. 278.
Kolbeinn Þorsteinsson, prestur, Miðdal 113.
Konráð Gíslason, próf. 52, 96—98, 152, 157—165, 172, 173, 177, 179, 180, 183, 186, 240—242, 244, 249—253, 255, 260—262, 271, 283, 328, 350.
Krieger, prófessor 158, 245.
Kristiana, vinnukona á Eyvindarstöðum 80.
Kristín Ásgeirsdóttir 211.
Kristín Egilsen, systir höf. 188.
Kristín á Esjubergi 306.
Kristín Sigurðardóttir 79.
Kristín Sveinbjarnardóttir 200.
Kristín Sveinbjörnsson 198.
Kristín Þorgrímsdóttir Thomsen 82.
Kristín Ögmundsdóttir, ráðskona 16.
Kristján í Hrafnhólum („kjaptur") 28.
Kristján Jakobsen 257.
Kristján Jónsson, dómstjóri 286.
Kristján Kristjánsson, amtmaður 270.
Kristján krummi 28.
Kristján Matthiesen 45, 337, 350, 351.
Kristófer Finnbogason 204, 205.
Krøyer, Henrik 170.

Larsen, sýslumaður 213, 216.
Larsen, verzlunarfulltrúi 319.
Lárus Blöndal 127, 211, 219.
Lárus Hallgrímsson 45.
Lárus Sigurðsson 137.
Lárus Scheving 24, 39, 94, 113, 133, 140, 189.
Lárus Sveinbjörnsson 302.
Lárus Thorarensen 347.
Levaillant 95.
Lie, Jonas 267.
Liebmann 168.
Lievog, Rasmus 19.
Lind, læknir 216.
Linde 294.
Linnet, kaupm. Hafnarfirði 113.
Lund, kennari 166.
Lundby, söngstjóri 166.
Lütken 167.
Lyngbye 253, 255.

Madsen, Capt. 257, 258.
Madvig 151, 168, 175, 176, 251, 278.
Magðalena Zoëga, síðar Lichtenberg-Helgasen 206, 275—277, 285, 287, 293, 302, 305, 307.
Magðalena Þuríður Gröndal 285, 306.

Magðalena Gröndal, yngri 307.
Magnús Blöndal 219.
Magnús Eiríksson 62, 152, 162, 165, 173, 175, 180, 259, 263.
Magnús frá Felli 207.
Magnús Gíslason, amtmaður 15, 19.
Magnús Grímsson, prestur 64, 129, 131, 132, 193, 194, 207.
Magnús Hákonarson 47, 50, 161.
Magnús Jónsson frá Víðimýri 207.
Magnús Stephensen í Viðey 34—36, 40, 44, 76, 180.
Magnús Stephensen frá Ytra-Hólmi 212, 213.
Magnús Stephensen, landshöfðingi 207, 264, 265.
Magnús Thorlacíus 135.
Mantzius, leikari 269.
Margrét með augað 210.
Margrét í Eyvindarkoti 60, 78.
Margrét Narfadóttir 199.
Markús Bjarnason, skólastj. 308.
Markús Ísleifsson 287.
Markús Jónsson, prestur 82.
María Knudsen 278.
María Kristjánsdóttir 337.
María Thorlacius 188, 216, 352.
Marin í Marínarkoti 78.
Martensen, Sjálandsbiskup 149, 251.
Mathiesen, löjtenant 132.
Matthías Jochumsson, skáld 56, 200, 280, 287, 307—309, 332, 346, 359.
Matthias Söffrinsson, fógeti 15.
Matzon, múrmeistari 13.
Maurer, Konráð 159.
Melcher, Páll, erkibiskup 224.
Melsteð, amtmaður 216.
Mohr, Karl, guðfr. 178.
Moltke, stiptamtmaður 14.
Monrad, ráðherra 283, 284.
Müller, guðfræðingur 63.
Munch, prófessor 171,
Möbius, prófessor 102, 256, 259, 329.
Möller, apótekari 53.
Mörch, náttúrufr. 170.

Nannestad, frú 249.
Napóleon, prins 217, 218.
Nielsen, Actonius 203,
Nielsen, O. 257.
Nielsen, Rasmus 153, 169.

Oddgeir Stephensen 152, 178—179, 181, 240, 259—260, 265, 268, 282, 284—285, 295, 326.
Oddur í Gesthúsum 79.
Oddur Guðjónsson 204.
Oddur Hallgrímsson 45, 142, 150, 209.
Oddur Thorarensen, apótekari 122.
Ólafur Ásbjörnsson, Njarðvík 116.
Ólafur Finsen 25.
Ólafur Gunnlaugsson 68—69, 184—186, 219—221, 231—232, 236—239, 265—268, 270, 306.
Ólafur Haukur 348.
Ólafur Hjaltested 36.
Ólafur Johnsen, prestur á Stað 306.
Ólafur Ólafsson, teiknimeistari í Kóngsbergi 33—34, 116.

Ólafur Pálsson, dómkirkjuprestur 202.
Ólafur Pétursson 27.
Ólafur Sivertsen, prestur Flatey 105, 214.
Ólafur Stephensen, sekreteri, í Viðey 40—41.
Ólafur Sveinsson, gullsm. 194.
Ólafur Þórarinsson 7.
Ole Finsen, póstmeistari 287.
Ólína Bonnesen 303.
Ólína Egilsen 308, 352.
Olufsen 169.
Ottesen, mdm. 191, 217.

Pálmi Pálsson, yfirkennari 358.
Páll Bjarnason, Haukshúsum 61, 80, 119.
Páll í Marínarkoti 78.
Páll Melsted 27, 38, 51—52, 348, 357.
Páll skáldi 76.
Páll Stígsson 12, 15.
Páll Sveinsson, bókaútgefandi 243—244, 258, 273.
Páll Tómasson, prestur 13.
Páll í Urriðakoti 60—61.
Paulsen, Louise 166.
Petersen 151.
Pétur Eggerz 251.
Pétur Guðjohnsen 62, 82, 113, 122, 197, 204.
Pétur Hafstein 62, 214.
Pétur í Péturskoti 78.
Pétur Pétursson, biskup 42, 218, 254, 308, 323.
Pétur Pétursson, bæjargjaldkeri 306.
Ploug 262.
Puggaard, náttúrufræðingur 157.

Quoy, náttúrufræðingur 47.

Rafn 146—147, 150, 241, 252, 254—256, 274, 281, 293.
Rafn, frú 258.
Ragnheiður Bogadóttir 202.
Ragnheiður, kona Björns Gunnlaugssonar 37.
Ragnheiður Thordarsen 72.
Ragnheiður Thorsteinsen 72.
Ragnhildur Gunnlaugsen 68—69.
Ragnhildur Thorarensen 212.
Ram, rektor 238.
Ramus 151, 169.
Rannveig Sivertsen 207.
Rask 103.
Reichmann 150.
Reinhardt 260.
Riedenwaldt 257.
Runólfur á Skógtjörn 80.

Salómon á Gömlu-strönd 176.
Sandholt, kaupm. 352.
Scheel, mælingamaður 100.
Scheving, frú 133, 190.
Schiern, prófessor 251.
Schouw 154.
Schowelin, okrari 173.
Schram, Wilhelm 275.
Sehested, Hofjægermester 289.
Sibbern 151, 153, 168, 169.
Siemsen, kaupm. 205.
Sigfús Eymundsson 184, 201, 340, 341, 354.

Sigga kokkur 111.
Sigríður Egilsen, systir höf. 188, 212, 246.
Sigríður Einarsdóttir Magnússon 206, 207.
Sigríður Hallgrímsson 200.
Sigríður Jakobsen 285, 286.
Sigríður Johnsen 215.
Sigríður Ottesen 200.
Sigríður Sigurðardóttir 79.
Sigríður Þorvaldsdóttir 211.
Sigurður Arason 79, 309.
Sigurður Breiðfjörð 51, 76, 77, 205, 333.
Sigurður Grímsson í Bakkakoti 78.
Sigurður Guðmundsson, málari 101, 183.
Sigurður Johnsen 214.
Sigurður Jónasson, eldri 288, 289, 328.
Sigurður Jónasson 257.
Sigurður í Kasthúsum 79.
Sigurður Kristjánsson 354, 358.
Sigurður Melsteð 27, 223, 306.
Sigurður Sigurðsson, kennari 318, 319.
Sigurður Sæmundsen 287.
Sigurður Vigfússon, fornfræðingur 303—305.
Sigurgeir Jakobsson, pretur 204, 209.
Sigþrúður Steffensen 308.
Símon beykir 194.
Símon Johnsen 298, 305.
Sivert Hansen 173, 180, 181, 204, 220, 257, 276.
Skafti Jósefsson, ritstj. 251.
Skúli Gíslason 135.
Skúli Thorlacíus 152, 163, 165, 172, 173, 257.
Skúli Thoroddsen 351.
Smith, kaupmaður 68, 201, 202, 311, 352.
Snorri Jónsson, prestur 44.
Snorri Norðfjörð 73.
Snorri skólapiltur 125.
Snorri Sturluson 18.
Soffía Einarsdóttir Gunnarsson 206.
Soffía Sigurðardóttir 79.
Stapelfeldt 186.
Steenstrup, náttúrufræðingur 47, 52, 151—155, 167, 184, 289, 329.
Stefán Gunnlaugsen, landfógeti 68, 69, 172, 184, 211, 265, 311.
Stefán Jónsson, prestur, Kolfreyjustað 73, 74.
Stefán Pétursson 203, 213.
Stefán í Stefánskoti 78.
Stefán Stefánsson, sterki 212—214.
Stefán Stefánsson, skólameistari 343.
Stefán Thorarensen, sýslum. 182, 207, 212, 332.
Stefán Thordarsen, prestur 73, 127, 136, 142, 150, 195.
Stefán Thorsteinsen 72, 220, 268—270, 276.
Stefanía Guðmundsdóttir 345.
Steindór Stefánsson 121.
Steingrímur Guðmundsson, snikkari 337.
Steingrímur Johnsen 302, 303.

Steingrímur Jónsson, biskup 33, 40, 43, 48, 49, 73, 76.
Steingrímur á Svalbarða 80.
Steingrímur Sveinbjörnsson 200.
Steingrímur Thorsteinsson 56, 72, 104, 191, 207, 209, 244, 272, 279, 280, 294, 358.
Steinn Steinsson, prestur 191.
Steinunn gamla (förunautur Ingólfs landnámsmanns?) 32.
Strempel, okrari 173—175.
Styrkár Sveinbjarnarson 7.
Sveinbjörn Ásmundarson 7.
Sveinbjörn Egilsson 21—24, 26—28, 30—32, 34, 36, 37, 43—46, 48, 54, 55, 57, 58, 60—64, 67, 71—75, 78, 79, 81, 83, 86, 94, 96, 101, 102, 106, 107, 119, 121, 146, 147, 158, 173, 186—188, 191, 192, 213, 217, 261, 325.
Sveinbj. Eyjólfsson, prestur 104.
Sveinbjörn Guðmundsson, prestur, Holti undir Eyjafjöllum 129.
Sveinbjörn Hallgrímsson 13, 21, 26, 44, 45, 74, 194, 199—202, 209, 353.
Sveinbjörn Jakobsson, kaupm. 124, 285, 287, 352.
Sveinbjörn Ólafsson 7
Sveinbjörn Ólafsson frá Keflavík 287.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson 200.
Sveinn Guðmundsson 257.
Sveinn Níelsson 305.
Sveinn Skúlason, prestur 136, 165.
Svenningsen, kennari við Borgardygðaskólann 42, 43.
Sæmundur Gunnlaugsson, skrifari 68—69, 182.
Sörensen, prestur 285, 298.

Teitur Finnbogason 204.
Teitur í Litlabæ 80.
Theódór Thorsteinsen 72, 268.
Thomsen, August 310, 338.
Thomsen, Ditlev 358.
Thorgrímsen, frú 275—276, 285—286.
Thorsen, P. G. 271, 289, 293, —294, 316.
Tómas í Bakkakoti 32.
Tómas, gullsmiður í Ráðagerði 23.
Tómas Sæmundsson 43, 57.
Tómas Zoëga 206.
Torfhildur Holm 22.
Torfi Steinsson 194, 204.
Torfi Þorgrímsson, prentari 53.
Trampe greifi, stiptamtmaður 192—193, 203,
Trampes synir: Kristofer, Jörgen og Sophus. 209.
Tryggvi Gunnarsson 260, 286—288, 356.
Trína á Langeyri 44.

Valdimar Ásmundsson, ritstj. 353.
Valgarður Breiðfjörð, kaupm. 202, 353.
Valgerður Jónsdóttir, kona Þórh. bisk. 286—287.
Valtýr Guðmundsson 111.
Vatnsenda-Rósa 40.
Vaupell, Christian, grasafræðingur 154.
Wegener 254—255.
Velschow 148, 151, 169.

Vilborg Sigurðardóttir 78.
Vilhelmína Gunnlaugsen 258.
Vilhelmína Stephensen 179.
Vilhjálmur Finsen, bæjarfógeti (síðar hæstarjettardómari) 25, 69, 152, 173, 177—178, 180, 191, 197, 271, 283—286, 294.
Wilson, prófessor 276.
Winther, málari 194.
Worsaa 255.

Ziemsen, sjá Siemsen.

Þangbrandur, prestur 21.
Þóra Friðriksson 330,
Þórarinn á Brekku 54.
Þórarinn Böðvarsson 134, 286, 310, 321, 347.
Þórarinn Egilsson 32.
Þórarinn Özurarson 7.
Þórður Bjarnason í Sviðholti 37.
Þórður á Breiðabólsstöðum 79.
Þórður Edílonsson 346.
Þórður Guðmundsson, sýslum. 194.
Þórður Jónassen, yfirdómari 73, 218.
Þórður Sveinbjörnsson, háyfirdómari 197, 217.
Þórður Tómasson 257.
Þórður Zoëga 206.
Þórður Þórðarson Jónassen, prestur í Reykholti 137, 197.
Þorbjörn frá Öxnalæk 33.
Þorgeir Guðmundsson 51, 246.
Þorgrímur, kirkjusmiður 12.
Þorgrímur Tómasson, gullsmiður (Thomsen) 13, 18, 23, 42, 81—82, 101, 108, 111, 113, 347.
Þorkell vinnumaður á Eyvindarstöðum 67.
Þorlákur Blöndal 216.
Þorlákur Jónsson Reykjahlíðarbróðir, prestur 46.
Þorlákur Johnsen, kaupm. 195, 306—307, 339, 341.
Þorleifur Repp 101, 174.
Þorsteinn Bjarnason, lögreglumaður 71.
Þorsteinn Egilsen, bróðir höf. 188, 211, 287, 304, 329, 347.
Þorsteinn Erlingsson 361,
Þorsteinn Hafr-Bjarnarson 7.
Þorsteinn Jónsson frá Auðkúlu, kaupmaður 26, 28, 30, 45—46, 58, 65, 75, 140 184, 191, 200—201, 208, 218.
Þorsteinn málari 182—183.
Þórunn Halldórsdóttir, frá Hofi 287.
Þórunn Stephensen, Ytra-Hólmi 64, 212—213.
Þorvaldur Bjarnarson, prestur, Melstað 198, 257.
Þorvaldur Böðvarsson, prestur 111, 134.
Þorvaldur Pétursson, prestur 207.
Þorvaldur Stephensen, prestur 195, 199.
Þorvaldur Thóroddsen 330, 333, 335—337, 363.
Þorvarður Kjerúlf 356.
Þorvarður söngur 78.

Þuríður Ólafsdóttir, móðurmóðir höf. 33, 36.
Þuríður Sveinbjarnardóttir, systir höf. 21, 25, 36—37, 59—60, 63, 74, 105, 118, 188, 214, 308, 330, 339, 343—346.
Ögmundur Sivertsen 42, 43.
Öehlenschläger 149.
Örsted, A. S. 110, 153.
Örsted, H. S. 110, 169.
Özur Egilsson 7.

Leiðréttingar. (Helztu villur).

Bls. 11[22] „lucens“ lesist: lucus
— 12[25] „amans, religionis“ lesist: amans religionis
— 19[18] „Licovz“ lesist: Lievog
— 21[1] ἀνταϱ lesist: ἄνταϱ
— — ἔγωγα lesist: ἔγωγε
— 25[28] „sentienti“ lesist: sentiendi
— 32[6] „O. S.“ lesist: J. S. (= Jón Sigurðsson)
— 37[16] „disguest“ lesist: disgust
— 44[18] „Sáslumæfir“ lesist: Sýslumæfir
— 50[1] „at hoe“ lesist: ad hoc
— 52[25] „candatus“ lesist caudatus
— 53[18] „Dentrocolaptes“ lesist: Dendrocolaptes
— 55[4] „D'ville“ lesist: d'Anville
— 55[22] „Esophusar“ lesist: Esópusar
— 62[28] „um vjes“ lesist: umvjes
— 66[14] „Svol“ lesist: Svovl
— 68[31] „jarðabótasjóðnum“ lesist: jarðabókarsjóðnum
— 70[19] „cd.“ lesist: ed.
— 70[21] „bók. Metamorphoicen“ lesist: bók Metamorphoseon
— 71[2] „Sunderlund“ lesist: Sunderland
— 85[8] „Látið lífið“ lesist: Lát lífið
— 85[9] „Frankenan“ lesist: Frankenau
— 85[23] „íslendir“ lesist: íslenzkir
— 87[13] „Xoenophons“, lesist: Xenophons
— 92[5] „descentio“ lesist: descensio
— 93[11] „Corijambus“ lesist: chorjambus
— 161[31] „hróðran“ lesist: hróðrar
— 170[5] „Conchylolog“ lesist: concholog
— 175[7] „á illu“ lesist: í illu
— 181[18] „frumritið“ lesist: frumritað
— 189[18] „Christensen“ lesist: Christiansen
— 190[29] „Christensen“ lesist: Christiansen

Bls. 194[29] „Snæbjörn“ lesist: Sveinbjörn
— 198[23] „Bjarnason“ lesist: Bjarnarson
— 208[1] „πασσαδος“ lesist: πασσαλος
— 208[31] „defreditorum“ lesist: deperditorum
— 209[24] „ἀνδροωὸνος“ lesist: ἀνδροφόνος
— 211[17] „Kristrúnar“ lesist: Kristínar
— 214[32] „Barnhelm“ lesist: Barnheim
— 228[9] „Hugró“ lesist: Hugfró
— 229[18] „Belzanar“ lesist: Balthazar
— 231[5] „Habet“ lesist: Stabat
— 236[28] „Louwain“ lesist: Louvain
— 255[3] „Worsac“ lesist: Worsaa
— 257[27] „Bjarnason“ lesist: Bjarnarson
— 270[1] „hið“ lesist: við
— 271[29] „conceptio“ lesist: conceptið
— 273[3] „Destine“ lesist: Decline
— 274[22] „ornitologie“ lesist: ornithologie
— 276[2] „wosed“ lesist: wooed
— 290[1] „Gossh“ lesist: Gosch
— 290[4] „Gossh“ lesist: Gosch
— 292[12] „Barbieri“ lesist: Barbiere
— 303[31] „Bennesens“ lesist: Bonnesens
— 308[1] „Sigríðar“ lesist: Sigþrúðar
— 314[27] „en“ lesist: er
— 329[27] „1888“ lesist: 1884
— 330[32] „mar-“ lesist: snar-
— 332[7] „Oberts“ lesist: obersts
— 337[18] „Brumn“ lesist: Bronns
— 347[16] „misyndismaður“ lesist: misindismaður
— 349[28] „Pindorns og Tragicus“ lesist: Pindars og Theokrits
— 359[24] „Bjarnason“ lesist: Bjarnarson

NOTT... UNIVER... ...BHARN